Kjósi sjóðfélagi, sem 2. eða 3. mgr. tekur til, að greiða fremur iðgjald til A-deildar sjóðsins er honum það þó heimilt, enda hafi hann tilkynnt sjóðnum um þá ákvörðun sína fyrir 1. desember 1997. Fellur þá niður réttur hans til að greiða iðgjald til B-deildarinnar. Sjóðfélagi, sem þessi málsgrein eða 5. mgr. taka til og greiðir iðgjald til B-deildar sjóðsins eftir 1. desember 1997, getur einungis hafið greiðslu til A-deildar hans ef hann skiptir um starf, enda uppfylli hið nýja starf hans aðildarskilyrði að sjóðnum, eða ef iðgjaldagreiðslur hans hafa fallið niður af öðrum ástæðum í tólf mánuði eða lengur.

Launagreiðendur, sem fengið höfðu heimild fyrir árslok 1996 til að greiða iðgjald til sjóðsins fyrir starfsmenn sína, hafa áfram sömu heimild til að greiða iðgjald til B-deildar sjóðsins fyrir þá starfsmenn sína og aðra sjóðfélaga sem greiddu iðgjald til sjóðsins við árslok 1996. Hafi sjóðfélagi lokið iðgjaldagreiðslu fyrir árslok 1996 en áfram áunnið sér réttindi án iðgjaldagreiðslu vegna starfa hjá launagreiðanda sem um ræðir í þessari málsgrein skal hann halda sama rétti til réttindaávinnslu hjá B-deild sjóðsins. Kjósi sjóðfélagi, sem þessi málsgrein tekur til, að greiða fremur iðgjald til A-deildar sjóðsins er honum það þó heimilt að tilskildu samþykki launagreiðanda hans. Sjóðfélaginn þarf að hafa tilkynnt sjóðnum um þessa ákvörðun sína fyrir 1. desember 1997. Fellur þá niður heimild hans til að greiða iðgjald til B-deildarinnar.

Einstaklingur, sem fengið hefur heimild til áframhaldandi aðildar að Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins fyrir árslok 1996 vegna niðurlagningar á stöðu eða starfi, hefur sömu heimild til að greiða iðgjald til B-deildar sjóðsins.

5. gr.

Sjóðfélagi, sem ekki greiddi iðgjald til lífeyrissjóðsins við árslok 1996, án þess þó að formlegu ráðningarsambandi hans og launagreiðanda sem tryggir starfsmenn sína hjá sjóðnum hafi verið slitið, hefur sama rétt til aðildar að B-deild sjóðsins og þeir einstaklingar sem falla undir 2., 3. og 5. mgr. 4. gr.

Falli iðgjaldagreiðslur til B-deildar sjóðsins niður af öðrum ástæðum en segir í 1. mgr., t.d. vegna þess að viðkomandi sjóðfélagi hættir í starfi eða skiptir um starf, hefur sjóðfélagi áfram rétt til aðildar að B-deildinni, svo fremi hann hefji aftur starf sem veitir honum rétt til aðildar að deildinni innan tólf mánaða frá því að iðgjaldagreiðslur féllu niður. Ef iðgjaldagreiðslur til sjóðsins falla hins vegar niður í tólf mánuði eða lengur, eða réttindaávinnsla án iðgjaldagreiðslu fellur niður í jafnlangan tíma, á viðkomandi einstaklingur ekki framar rétt á aðild að B-deild sjóðsins.

Sjóðfélagar, sem greiddu iðgjald til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins eða áunnu sér réttindi hjá sjóðnum án iðgjaldagreiðslu á árinu 1996, þó svo að þeir hafi ekki verið í starfi sem veitti þeim rétt til aðildar að lífeyrissjóðnum í lok þess árs, eiga rétt til aðildar að B-deild sjóðsins hefji þeir störf sem um ræðir í 2. og 3. mgr. 4. gr. á árinu 1997, enda uppfylli ráðning þeirra skilyrði 2. mgr. 4. gr. um ráðningartíma og starfshlutfall. Sömu heimild til iðgjaldagreiðslu fyrir starfsmenn sína hafa þeir launagreiðendur sem falla undir 5. mgr. 4. gr.

6. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð átta mönnum. Fjármálaráðherra skipar fjóra stjórnarmenn, stjórn Bandalags starfsmanna ríkis og bæja skipar tvo stjórnarmenn, stjórn Bandalags háskólamanna skipar einn stjórnarmann og stjórn Kennarasambands Íslands skipar einn stjórnarmann. Jafnframt skulu sömu aðilar skipa jafnmarga menn til vara. Skipunartími stjórnarmanna er þrjú ár. Stjórnin kýs formann úr sínum hópi til eins árs í senn.

7. gr.

Stjórn sjóðsins fer með yfirstjórn hans. Stjórnin skal fjalla um allar meiri háttar ákvarðanir varðandi stefnumótun sjóðsins og starfsemi. Hún skal sjá um að nægjanlegt eftirlit sé haft með bókhaldi og meðferð fjármuna sjóðsins. Stjórnin skal móta fjárfestingarstefnu og ávaxta fé sjóðsins með hliðsjón af þeim kjörum sem best eru boðin á hverjum tíma með tilliti til ávöxtunar og áhættu. Stjórn sjóðsins setur honum samþykktir í samræmi við ákvæði þessara laga og ákvæði annarra laga um lífeyrissjóði eftir því sem við á. Í samþykktum sjóðsins skal m.a. kveðið á um hvernig ávaxta skuli fé hans.

Fjármálaráðherra staðfestir hvort samþykktir sjóðsins og breytingar á þeim séu í samræmi við þessi lög og önnur lög um lífeyrissjóði að fenginni umsögn bankaeftirlits Seðlabanka Íslands.

8. gr.

Fyrir lok júní ár hvert skal stjórn lífeyrissjóðsins boða til ársfundar sjóðsins. Allir sjóðfélagar eiga rétt til fundarsetu á ársfundinum.

Á ársfundi verði eftir því sem við á gerð grein fyrir skýrslu stjórnar, ársreikningum, tryggingafræðilegum úttektum, fjárfestingarstefnu og breytingum á samþykktum sjóðsins.

9. gr.

Stjórn lífeyrissjóðsins ákveður hvernig haga skuli afgreiðslu sjóðsins.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir af Ríkisendurskoðuninni án sérstakrar þóknunar.

10. gr.

Stjórn lífeyrissjóðsins skal árlega láta fara fram tryggingafræðilega athugun á fjárhag sjóðsins. Nánari reglur um framkvæmd athugunarinnar skal setja í samþykktir sjóðsins.

11. gr.

Óheimilt er að framselja eða veðsetja lífeyriskröfur samkvæmt lögum þessum, og ekki má leggja á þær löghald né gera í þeim fjárnám eða lögtak. Enginn skuldheimtumaður í dánarbúi eða þrotabúi hefur rétt til að skerða kröfurnar á nokkurn hátt, og eigi má halda lífeyrisfé eftir til greiðslu opinberra gjalda.

II. KAFLI
A-deild lífeyrissjóðsins.

12. gr.

A-deild lífeyrissjóðsins greiðir sjóðfélögum ellilífeyri og örorkulífeyri og eftirlifandi maka þeirra og börnum, og eftir atvikum sambúðaraðila, lífeyri samkvæmt ákvæðum þeim sem hér fara á eftir. Auk ákvæða þessarar greinar gilda ákvæði 13.–21. gr. sérstaklega um deildina.

13. gr.

Iðgjald til A-deildar sjóðsins skal reiknað af heildarfjárhæð greiddra launa og endurgjalds fyrir hvers konar vinnu, starf og þjónustu og skal iðgjaldastofninn vera hinn sami og gjaldstofn tryggingagjalds, sbr. III. kafla laga nr. 113/1990, um tryggingagjald. Ökutækjastyrkur, dagpeningar, fæðispeningar og þess háttar greiðslur, sem eru endurgreiðsla á útlögðum kostnaði, teljast þó ekki til iðgjaldastofns. Iðgjald launagreiðenda til deildarinnar skv. 4. mgr. telst sömuleiðis aldrei til iðgjaldastofnsins.

Sjóðfélagar greiða 4% af launum skv. 1. mgr. í iðgjald til A-deildar sjóðsins. Launagreiðanda ber að halda iðgjöldum eftir af launum sjóðfélaga og greiða þau sjóðnum innan tveggja vikna frá útborgun þeirra.

Sjóðfélagar og launagreiðendur þeirra bera eigi ábyrgð á skuldbindingum deildarinnar nema með iðgjöldum sínum.

Launagreiðendur greiða að lágmarki 6% af launum þeim er sjóðfélagar taka hjá þeim, sbr. 1. mgr. þessarar greinar, í iðgjald til A-deildar sjóðsins og skal greiða þau sjóðnum samtímis iðgjöldum sjóðfélaga. Leiði tryggingafræðileg athugun í ljós að iðgjald sjóðfélaga til sjóðsins ásamt mótframlagi atvinnurekenda dugi ekki til greiðslu á skuldbindingum sjóðsins skal stjórn sjóðsins hækka framlag launagreiðenda í samræmi við niðurstöðu athugunarinnar. Við ákvörðun á greiðslum launagreiðenda umfram 6% af launum sjóðfélaga ráði það sjónarmið að hrein eign A-deildar lífeyrissjóðsins til greiðslu lífeyris ásamt núvirði framtíðariðgjalda til A-deildarinnar séu á hverjum tíma jafnhá núvirði væntanlegs lífeyris vegna þegar greiddra iðgjalda og framtíðariðgjalda. Áætlun um framtíðariðgjöld og væntanlegan lífeyri skal miða við sjóðfélaga á þeim tíma sem tryggingafræðileg athugun tekur til.

Iðgjald launagreiðenda skv. 4. mgr. skal endurskoða árlega og skal ákvörðun um hækkun þess eða lækkun liggja fyrir eigi síðar en 1. október fyrir komandi almanaksár.

Heimilt er að setja ákvæði í samþykktir sjóðsins um að lífeyrissjóðurinn megi taka við viðbótariðgjaldi sem greitt verði umfram iðgjald skv. 2. og 4., sbr. 5. mgr., og að viðbótariðgjaldi þessu verði varið til ávinnslu réttinda hjá lífeyrissjóðnum eftir nánari reglum í samþykktum sjóðsins og í samræmi við tillögur tryggingafræðinga.

14. gr.

Samanlögð iðgjöld sjóðfélaga A-deildar hvert almanaksár skulu umreiknuð í stig sem mynda grundvöll lífeyrisréttinda hans.

Til grundvallar stigaútreikningi skal leggja samanlögð grundvallarlaun almanaksársins. Grundvallarlaun miðað við janúar 1996 skulu vera 49.084 kr., og skulu þau taka sömu hlutfallsbreytingum og vísitala neysluverðs frá 174,2 stigum.

Stig hvers árs reiknast þannig að í árslaun sjóðfélaga sem iðgjald er greitt af (þ.e. 4% iðgjald skv. 1. og 2. mgr. 13. gr. margfaldað með 25) er deilt með grundvallarlaunum ársins skv. 2. mgr.

Stig ársins skal reikna með þremur aukastöfum.

Stig verði ekki reiknuð eftir lok þess mánaðar sem sjóðfélagi nær 70 ára aldri, enda greiði sjóðfélagar ekki iðgjald til sjóðsins eftir að þeim aldri er náð.

15. gr.

Hver sjóðfélagi, sem greitt hefur iðgjald til A-deildar sjóðsins, á rétt á lífeyri frá næstu mánaðamótum eftir að hann verður 65 ára.

Upphæð ellilífeyris er hundraðshluti af grundvallarlaunum eins og þau eru á hverjum tíma og nemur hundraðshluti þessi samanlögðum stigafjölda sjóðfélaga skv. 14. gr., margfölduðum með 1,90.

Sjóðfélaga A-deildar er heimilt að hefja töku ellilífeyris áður en hann nær 65 ára aldri, en þó ekki fyrr en næstu mánaðamót eftir að hann verður 60 ára. Upphæð ellilífeyris skal þá lækka frá því sem segir í 2. mgr. um 0,5% af óskertum áunnum lífeyrisrétti fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði sem vantar á 65 ára aldur er taka lífeyris hefst.

Sjóðfélaga A-deildar er heimilt að fresta töku lífeyris eftir að hann nær 65 ára aldri. Upphæð ellilífeyris vegna réttinda sem hann ávann sér fram til 65 ára aldurs skal þá hækka frá því sem segir í 2. mgr. um 0,5% fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði sem töku lífeyris er frestað fram yfir 65 ára aldurinn, en þó ekki lengur en til 70 ára aldurs.

Haldi sjóðfélagi í A-deild sjóðsins áfram að ávinna sér réttindi eftir að hann hefur hafið töku ellilífeyris skulu viðbótarstig hans reiknuð á ný þegar hann hefur náð 70 ára aldri. Réttindi, sem sjóðfélagi ávinnur sér eftir að taka lífeyris hefst, reiknast án hækkunar skv. 4. mgr. Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. skulu stig samkvæmt þessari málsgrein margfölduð með 0,95 við útreikning ellilífeyris.

16. gr.

Sjóðfélagi, sem verður fyrir orkutapi sem telja verður að nemi 40% eða meira og hefur áunnið sér alls a.m.k. 2 stig, á rétt á örorkulífeyri úr sjóðnum í samræmi við áunnin stig fram að orkutapi.

Réttur til örorkulífeyris stofnast aðeins ef sjóðfélagi hefur orðið fyrir tekjuskerðingu af völdum orkutapsins. Aldrei skal samanlagður örorkulífeyrir og barnalífeyrir skv. 18. gr. vera hærri en sem nemur þeim tekjumissi sem sjóðfélaginn hefur sannanlega orðið fyrir sökum örorkunnar.

Hundraðshluta orkutaps og tímasetningu þess skal ákvarða að fengnum upplýsingum um heilsufarssögu og starfsorku umsækjanda aftur í tímann. Tryggingayfirlæknir skal meta hundraðshluta orkutaps og tímasetningu þess. Fyrstu fimm árin eftir orkutapið skal mat þess aðallega miðað við vanhæfni sjóðfélaga til að gegna því starfi er hann hefur gegnt og aðild hans að sjóðnum er tengd. Að því tímabili loknu skal hundraðshluti orkutaps ákvarðaður að nýju með tilliti til vanhæfni sjóðfélagans til að gegna almennum störfum.

Heimilt er, að fengnu áliti tryggingayfirlæknis, að setja það skilyrði fyrir greiðslu örorkulífeyris að sjóðfélagi fari í endurhæfingu sem bætt gæti heilsufar hans.

Þegar skilyrði 1. mgr. og þessarar málsgreinar eru uppfyllt miðast hámark örorkulífeyris við áunninn lífeyrisrétt skv. 15. gr. að viðbættum lífeyri er svarar til þess stigafjölda sem sjóðfélaginn hefði áunnið sér fram til 65 ára aldurs, reiknuðum samkvæmt ákvæðum 9. mgr., margfölduðum með 1,90, enda hafi sjóðfélagi:

a. greitt iðgjöld til sjóðsins a.m.k. þrjú af undanfarandi fjórum almanaksárum og áunnið sér eigi minna en 0,5 stig hvert þessara þriggja ára,
b. greitt iðgjöld til sjóðsins a.m.k. sex mánuði á undanfarandi tólf mánuðum,
c. ekki orðið fyrir orkutapi sem rekja megi til ofnotkunar áfengis, lyfja eða fíkniefna.

Eigi sjóðfélaginn jafnframt rétt á örorkulífeyri úr öðrum sjóði skal hann því aðeins njóta framreikningsréttinda úr þessum sjóði að hann hafi síðast greitt iðgjöld til hans.

Þó svo að lífeyrissjóðurinn hafi gert samning við aðra lífeyrissjóði um réttindaflutninga samkvæmt heimild í 20. gr. stofnast ekki réttur til framreiknings í þessum sjóði ef sjóðfélagi hefur skipt um starf og af þeim sökum hafið iðgjaldagreiðslur til þessa sjóðs á síðustu 24 mánuðum fyrir orkutap og rekja má starfsskiptin til versnandi heilsufars sem leitt hefur til orkutapsins. Eigi sjóðfélagi, sem þessi málsgrein tekur til, ekki rétt á framreiknuðum örorkulífeyri úr öðrum lífeyrissjóði skal þó framreikna réttindi hjá þessum sjóði, enda hafi örorka sjóðfélaga skv. 1. mgr. komið til að mati tryggingayfirlæknis eftir að sjóðfélagi hóf iðgjaldagreiðslur til þessa sjóðs.

Hafi sérstakar ástæður, svo sem aldur sjóðfélaga, búseta hans erlendis eða nám, orðið þess valdandi að hann hefur ekki getað uppfyllt tímaskilyrði þau sem nefnd eru í a-lið 5. mgr. er sjóðstjórn heimilt að stytta þann tíma sem þar er krafist í tvö undanfarandi almanaksár, enda verði talið fullvíst að orsök örorku verði ekki rakin til tíma fyrir orkutap.

Eigi sjóðfélagi, sem ekki hefur náð 65 ára aldri er hann verður fyrir orkutapi, rétt skv. 5. mgr. á framreikningi stiga skal sá framreikningur vera reiknaður út frá meðaltali stiga sjóðfélaga næstu þrjú almanaksárin fyrir orkutapið. Telji sjóðstjórnin þetta þriggja ára meðaltal vera sjóðfélaganum óhagstætt vegna sjúkdómsforfalla eða atvinnuleysis er henni heimilt að leggja til grundvallar meðaltal stiga fleiri ár aftur í tímann og sleppa úr meðaltalinu því almanaksári sem lakast er.

Hafi sjóðfélagi haft skerta almenna starfsorku fyrir þann tíma er hann hóf iðgjaldagreiðslur til sjóðsins og meta má þá starfsorkuskerðingu 50% eða meira skal reikna meðaltal stiga hans öll þau almanaksár sem hann hefur greitt iðgjald til sjóðsins. Skal þá í slíkum tilvikum miða framreikning við þetta meðaltal.

Nú hafa iðgjaldagreiðslur sjóðfélaga til lífeyrissjóða verið svo stopular að þær hafa fallið niður eða verið innan við 0,5 stig á ári fleiri en eitt almanaksár eftir lok þess árs er sjóðfélagi náði 25 ára aldri og sennilegt má telja að vanheilsa, áfengisneysla eða notkun lyfja og fíkniefna hafi átt þátt í stopulum greiðslum, og skal þá framreikningstími styttur í hlutfallinu milli fjölda almanaksára sem árleg stig hafa verið undir 0,5 og fjölda almanaksára frá 25 ára aldri fram til orkutaps. Sama gildir ef stopular iðgjaldagreiðslur stafa af undanskoti frá greiðsluskyldu til lífeyrissjóða.

Nemi árlegt meðaltal sem miða skal framreikning við skv. 9. eða 10. mgr. meira en sex stigum skal reikna með meðaltalinu allt að tíu árum, en síðan til 65 ára aldurs, reiknað með sex stigum á ári að viðbættum helmingi þeirra stiga sem umfram eru.

Ef rekja má sjúkdóma þá sem valda orkutapi sjóðfélaga svo langt aftur í tímann að nemi a.m.k. helmingi almanaksára frá lokum þess árs er sjóðfélagi náði 16 ára aldri til þess tíma er orkutap telst hafa orðið skulu framreiknuð stig aldrei reiknast fleiri en þau stig sem sjóðfélaginn hefur áunnið sér í lífeyrissjóðum fram að orkutapi.

Örorkulífeyrir er sami hundraðshluti af hámarksörorkulífeyri og orkutapið er metið, sbr. þó 1. mgr.

Örorkulífeyrir greiðist einungis ef orkutap og tekjumissir vegna orkutaps vara í þrjá mánuði eða lengri tíma.

Skylt er sjóðfélaga, sem sækir um örorkulífeyri úr sjóðnum eða nýtur slíks lífeyris, að láta stjórn sjóðsins í té allar þær upplýsingar um heilsufar sitt og atvinnutekjur sem nauðsynlegar eru til að dæma um rétt hans til lífeyris.

Stjórn sjóðsins skal lækka eða fella niður örorkulífeyri þeirra sjóðfélaga sem fá starfsorku sína aftur að nokkru eða öllu leyti. Sömuleiðis ber henni að hækka örorkulífeyrinn ef örorkan vex til muna frá því sem hún var metin við fyrri ákvarðanir, enda hafi sjóðfélaginn á þeim tíma er örorkan óx ekki verið í starfi er veitti honum lífeyrisréttindi í öðrum lífeyrissjóði.

Örorkulífeyrir fellur niður við 65 ára aldur. Ellilífeyrir skal þá ákveðinn þannig að auk áunninna stiga skal reikna að þeim hluta, er hundraðshluti örorku segir til um, stig sem við úrskurð örorkulífeyris voru reiknuð sjóðfélaganum fram til 65 ára aldurs. Aldrei skal þó slík viðbót við áunnin stig vera meiri en svo að heildarstigafjöldi hvert almanaksár verði hærri en almennt tíðkast í starfsgrein hlutaðeigandi sjóðfélaga.

17. gr.

Nú andast sjóðfélagi sem naut elli- eða örorkulífeyris úr sjóðnum eða greitt hafði iðgjald til hans a.m.k. sex mánuði á undanfarandi tólf mánuðum og lætur eftir sig maka og á þá hinn eftirlifandi maki rétt á lífeyri úr sjóðnum. Fullur makalífeyrir skal að lágmarki greiddur í 36 mánuði og 50% makalífeyrir í 24 mánuði til viðbótar.

Láti sjóðfélagi eftir sig eitt barn eða fleiri innan 22 ára aldurs sem hann hefur átt með eftirlifandi maka sínum skal fullur makalífeyrir greiddur fram að 22 ára aldri yngsta barnsins, enda sé það á framfæri makans. Kjörbarn þeirra veitir sama rétt og börn samkvæmt þessari grein. Hafi ættleiðingin átt sér stað eftir 60 ára aldur sjóðfélagans, eftir að hann missti starfsorku sína eða innan árs áður en hann lést, skal stjórn sjóðsins þó úrskurða um hvort greiða skuli eftirlifandi maka lífeyri samkvæmt þessari grein.

Sé maki a.m.k. 50% öryrki skal greiddur makalífeyrir meðan sú örorka varir, enda sé eftirlifandi maki yngri en 67 ára við fráfall sjóðfélagans.

Jafnframt skal greiða makalífeyri ótímabundið til eftirlifandi maka sjóðfélaga sem fæddir eru fyrir 1. janúar 1945 með þeim takmörkunum sem hér segir: Makalífeyrir skv. 6. mgr. skal lækka um 2% fyrir hvert ár sem makinn er fæddur eftir 1. janúar 1925, 2% að auki fyrir hvert ár sem makinn er fæddur eftir 1. janúar 1930, 2% að auki fyrir hvert ár sem makinn er fæddur eftir 1. janúar 1935 og 2% að auki fyrir hvert ár sem makinn er fæddur eftir 1. janúar 1940.

Nú lætur sjóðfélagi ekki eftir sig maka og er þá stjórn sjóðsins heimilt að greiða lífeyri skv. 1.–3. mgr. til aðila sem sannanlega hefur annast heimili hins látna um langt árabil fyrir andlát hans.

Upphæð óskerts makalífeyris er hundraðshluti af grundvallarlaunum eins og þau eru á hverjum tíma og nemur hundraðshluti þessi samanlögðum stigafjölda sem sjóðfélaganum er reiknaður, margfölduðum með 0,95. Þegar skilyrði 1. mgr. um iðgjaldagreiðslutíma eru uppfyllt skal auk áunninna stiga telja þau stig sem ætla má að sjóðfélaginn hefði áunnið sér fram til 65 ára aldurs, reiknuð í samræmi við ákvæði 9. mgr. 16. gr. Hafi sjóðfélaginn notið örorkulífeyris úr sjóðnum skal reikna stig frá þeim tíma er honum var veittur örorkulífeyrir og til þess tíma er makalífeyrir er veittur, allt að 65 ára aldri, í samræmi við ákvæði lokamálsgreinar 16. gr., en síðan til 65 ára aldurs í samræmi við stig þau sem lögð voru til

grundvallar örorkulífeyri. Veiti dauðsfallið eftirlifandi maka jafnframt rétt til lífeyris úr öðrum sjóði skal hann því aðeins njóta framreikningsréttinda úr þessum sjóði að hinn látni hafi síðast greitt iðgjöld til þessa sjóðs. Séu skilyrði 1. mgr. um iðgjaldagreiðslutíma ekki uppfyllt ákvarðast upphæð makalífeyris í samræmi við 2. mgr. 19. gr.

Rétthafi samkvæmt þessari grein telst sá eða sú sem við andlátið var í hjúskap með sjóðfélaga, staðfestri samvist, sbr. lög nr. 87/1996, eða óvígðri sambúð, enda hafi fjárfélagi ekki verið slitið fyrir andlát sjóðfélagans. Með óvígðri sambúð er hér átt við sambúð karls og konu sem eiga sameiginlegt lögheimili, eru samvistum, eiga barn saman eða konan er þunguð eða sambúðin hefur varað samfleytt í a.m.k. eitt ár. Réttur til makalífeyris fellur niður ef makinn gengur í hjónaband á ný eða stofnar til sambúðar sem jafna má til hjúskapar, en gengur aftur í gildi ef síðara hjónabandinu er slitið án réttar til lífeyris.

18. gr.

Nú andast sjóðfélagi sem greitt hefur iðgjöld til sjóðsins eða notið úr honum örorkulífeyris í a.m.k. sex mánuði á undanfarandi tólf mánuðum, og eiga þá börn hans og kjörbörn sem hann lætur eftir sig og yngri eru en 22 ára rétt á lífeyri úr sjóðnum til 22 ára aldurs. Veiti fráfall sjóðfélagans börnunum jafnframt rétt til lífeyris úr öðrum lífeyrissjóði skal lífeyrir úr þessum sjóði þó bundinn því skilyrði að sjóðfélaginn hafi síðast greitt iðgjöld til þessa sjóðs.

Fullur barnalífeyrir vegna fráfalls sjóðfélaga er 10.000 kr. með hverju barni fyrir hvern almanaksmánuð. Fjárhæð þessi breytist í hlutfalli við breytingu á grundvallarfjárhæð, sbr. 2. mgr. 14. gr. Fullur barnalífeyrir greiðist ef árleg stig, áætluð í samræmi við 6. mgr. 17. gr., eru a.m.k. eitt stig. Séu áætluð árleg stig færri lækkar barnalífeyrir frá sjóðnum hlutfallslega og fellur niður ef árlegur stigafjöldi er minni en 0,5.

Sé sjóðfélaga, sem uppfyllir skilyrði a- og b-liðar 5. mgr. 16. gr., úrskurðaður örorkulífeyrir úr sjóðnum vegna 100% örorku öðlast börn hans, fædd fyrir orkutap eða á næstu tólf mánuðum þar á eftir, svo og kjörbörn sem ættleidd hafa verið fyrir orkutap, sama rétt og börn látins sjóðfélaga njóta skv. 2. mgr. með þeirri undantekningu að fjárhæð fulls barnalífeyris fyrir hvern almanaksmánuð er 7.500 kr. með hverju barni. Sé örorka skv. 16. gr. metin lægri en 100% skal barnalífeyrir sjóðsins vera hlutfallslega lægri. Barnalífeyrir, sem greiddur er vegna örorku sjóðfélaga, fellur ekki niður þó að sjóðfélaginn nái ellilífeyrisaldri.

Fósturbörn og stjúpbörn, sem sjóðfélagi hefur framfært að mestu eða öllu leyti, skulu eiga rétt á barnalífeyri. Skulu lífeyrisgreiðslur sjóðsins vegna slíkra barna vera hinar sömu og vera mundu ef um börn eða kjörbörn væri að ræða.

Barnalífeyrir greiðist framfæranda barnsins til 18 ára aldurs þess, en eftir það til barnsins.

19. gr.

Tímabil er iðgjaldagreiðslur hafa sannanlega fallið niður vegna veikinda eða atvinnuleysis reiknast ekki með þegar úrskurða skal hvort skilyrði um iðgjaldagreiðslutíma eru uppfyllt.

Réttur til elli-, örorku- og makalífeyris fellur ekki niður þótt sjóðfélagi hætti iðgjaldagreiðslu. Rétturinn miðast þá einungis við áunnin geymd stig, sbr. þó 1. mgr.

20. gr.

Í samþykktum sjóðsins er heimilt að hafa ákvæði um gerð samninga við aðra lífeyrissjóði um tilhögun réttindaflutninga.

21. gr.

Lífeyrir greiðist mánaðarlega eftir á, í fyrsta sinn fyrir næsta mánuð eftir þann mánuð þegar lífeyrisréttur myndaðist og í síðasta sinn fyrir þann mánuð þegar réttur til lífeyris fellur úr gildi. Sjóðfélagi, sem hefur töku lífeyris í beinu framhaldi af starfslokum og hefur fengið fyrir fram greidd laun, skal þó fá lífeyri greiddan fyrir fram.

Nú nær lífeyrisgreiðsla ekki fjárhæð er svarar til a.m.k. eins stigs réttinda og fyrirsjáanlegt er að um sameiningu við önnur réttindi verður ekki að ræða, og er þá stjórn sjóðsins heimilt að inna greiðsluna af hendi í einu lagi samkvæmt reglum í samræmi við tillögur tryggingafræðinga.

III. KAFLI
B-deild lífeyrissjóðsins.

22. gr.

B-deild sjóðsins greiðir sjóðfélögum ellilífeyri og örorkulífeyri og eftirlifandi maka þeirra og börnum, og eftir atvikum sambúðaraðila, lífeyri samkvæmt ákvæðum þeim sem hér fara á eftir. Auk ákvæða þessarar greinar gilda ákvæði 23.–34. gr. sérstaklega um deildina.

23. gr.

Sjóðfélagar greiða 4% af föstum launum sínum fyrir dagvinnu, persónuuppbót og orlofsuppbót í iðgjald til sjóðsins. Launagreiðanda ber að halda iðgjöldum eftir af launum sjóðfélaga og greiða þau sjóðnum innan tveggja vikna frá útborgun launanna.

Sjóðfélagar bera eigi ábyrgð á skuldbindingum sjóðsins nema með iðgjöldum sínum.

Launagreiðendur greiða 6% af föstum launum fyrir dagvinnu, persónuuppbót og orlofsuppbót, er sjóðfélagi tekur hjá þeim, í iðgjöld til sjóðsins og skal greiða þau sjóðnum samtímis iðgjöldum sjóðfélaga.

Þegar sjóðfélagi hefur greitt iðgjöld til sjóðsins í 32 ár falla iðgjaldagreiðslur hans niður. Þó er sjóðfélaga, er gegnt hefur um lengri eða skemmri tíma hlutastarfi, heimilt að greiða áfram iðgjald til sjóðsins af föstum launum sínum fyrir dagvinnu allt að því marki að jafngildi iðgjaldagreiðslu af launum fyrir fullt starf í 32 ár. Launagreiðanda skal þá skylt að greiða iðgjald að sínum hluta, sbr. 3. mgr. þessarar greinar. Eftir að iðgjaldagreiðslur sjóðfélaga falla niður samkvæmt þessari málsgrein eða 4. mgr. 24. gr. greiðir launagreiðandi hans 10% af launum þeim sem tilgreind eru í 3. mgr. þessarar greinar í iðgjald til sjóðsins.

Launþegi, sem yngri er en 16 ára, greiðir eigi iðgjöld til sjóðsins, enda öðlast hann eigi réttindi sjóðfélaga fyrr en hann hefur náð nefndum aldri.

Taki sjóðfélagi ekki laun samkvæmt samningum eða öðrum launaákvörðunum sem miðast við kjarasamninga opinberra starfsmanna, Kjaradóm, kjaranefnd eða kjarasamninga sem sveitarfélög gera á grundvelli laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna skal stjórn sjóðsins ákveða þau viðmiðunarlaun sem iðgjöld eru greidd af, og skulu þau ákveðin með hliðsjón af launaákvörðunum sem gilda um ríkisstarfsmenn samkvæmt lögum nr. 94/1986, um kjarasamninga opinberra starfsmanna, og lögum nr. 120/1992, um Kjaradóm og kjaranefnd.

24. gr.

Hver sjóðfélagi, sem greitt hefur iðgjald til sjóðsins, á rétt á lífeyri frá næstu mánaðamótum eftir að hann verður 65 ára, enda hafi hann þá látið af þeim störfum sem veitt hafa honum aðild að sjóðnum.

Upphæð ellilífeyris er hundraðshluti af þeim föstu launum fyrir dagvinnu, persónuupp-

bót og orlofsuppbót samkvæmt kjarasamningum sem við starfslok fylgja stöðu þeirri fyrir fullt starf er sjóðfélagi gegndi síðast. Hundraðshluti þessi fer eftir iðgjaldagreiðslutíma og starfshlutfalli sjóðfélagans og er 2% fyrir hvert ár í fullu starfi sem iðgjöld hafa verið greidd fyrir, en hlutfallslega lægri fyrir minna starfshlutfall. Fyrir hvert fullt ársstarf eftir að iðgjaldagreiðslu lýkur og þar til sjóðfélaginn öðlast rétt til að láta af störfum og fá ellilífeyri bætist við 1% af föstum árslaunum fyrir fullt starf en 2% fyrir hvert fullt ársstarf eftir að iðgjaldagreiðslu er lokið og hann hefur öðlast rétt til að fá lífeyri.

Eftir að taka lífeyris hefst skulu breytingar á lífeyrisgreiðslum ákveðnar til samræmis við meðalbreytingar sem verða á föstum launum opinberra starfsmanna fyrir dagvinnu, sbr. 2. mgr., og skal Hagstofa Íslands reikna þær mánaðarlega.

Þegar sjóðfélagi hefur náð því að samanlagður lífaldur og iðgjaldagreiðslutími sé 95 ár, hann er orðinn 60 ára og lætur af störfum á hann rétt á lífeyri úr sjóðnum. Sjóðfélagi, sem notfærir sér þessa reglu, skal greiða iðgjald til sjóðsins þar til 95 ára markinu er náð. Lífeyrisréttur hans skal vera 2% fyrir hvert ár í fullu starfi sem iðgjöld hafa verið greidd fyrir, en hlutfallslega lægri fyrir skemmra starfstímabil og minna starfshlutfall, en þó ekki meira en 64% að náðu 95 ára markinu. Iðgjaldagreiðsluskylda fellur niður þegar 95 ára markinu er náð. Sjóðfélagi, sem nær 95 ára markinu eftir að hann nær 64 ára aldri, getur ekki nýtt sér heimild samkvæmt þessari málsgrein.

Lífeyrisréttur hjá þeim sem njóta útreiknings skv. 4. mgr. skal aukast um 2% fyrir hvert ár í fullu starfi frá því að iðgjaldagreiðsluskyldu lýkur og þar til taka lífeyris hefst, en um hlutfallslega lægri hundraðshluta fyrir skemmra starfstímabil og minna starfshlutfall.

Hafi sjóðfélagi gegnt hærra launuðu starfi eða störfum í að minnsta kosti tíu ár fyrr á sjóðfélagatíma sínum í Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins skal miða lífeyrinn við hæst launaða starfið, enda hafi hann gegnt því í að minnsta kosti tíu ár, ella skal miða það hærra launaða starf sem hann að viðbættum enn hærra launuðum störfum gegndi í að minnsta kosti tíu ár.

Heimilt er stjórn sjóðsins að greiða ellilífeyrisþegum á aldrinum 65 til 67 ára uppbót á lífeyri allt að einstaklingslífeyri almannatrygginga. Það er skilyrði fyrir slíkri uppbót, að sjóðfélaginn sé ekki lengur fullfær um að gegna starfi sínu. Til sönnunar því ber viðkomandi að leggja fram umsögn yfirmanns síns um starfshæfnina og vottorð tryggingayfirlæknis um heilsufar.

Sjóðfélagi, sem gegnir starfi sem uppfyllir aðildarskilyrði að sjóðnum skv. 4. gr., á ekki auk launa jafnframt rétt til lífeyris meðan hann gegnir því starfi. Sama á við um þá sem fá greidd óskert laun, sem starfinu fylgja, eftir að þeir láta af störfum.

Þrátt fyrir ákvæði 7. gr. laga nr. 46/1965, um eftirlaun alþingismanna, á alþingismaður ekki rétt til lífeyris meðan hann fær greitt þingfararkaup eða biðlaun.

Þrátt fyrir ákvæði 6. gr. laga nr. 47/1965, um eftirlaun ráðherra, á ráðherra ekki rétt til lífeyris meðan hann fær greidd ráðherralaun eða biðlaun.

25. gr.

Vaktavinnufólk, það er þeir sjóðfélagar sem hafa vinnutíma sem hreyfist með reglubundnum hætti, skal fá rétt til sérstaks viðbótarlífeyris (ellilífeyris, örorkulífeyris eða makalífeyris) úr Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins, enda sé þeim skylt að greiða iðgjald af vaktaálagsgreiðslum til sjóðsins.

Sama gildir um næturverði og það starfsfólk sem hefur vinnuskyldu eingöngu á nóttunni, það er á tímabilinu frá kl. 22.00–09.00, og skal þá álagsgreiðslan verða grundvöllur iðgjalda og lífeyrisréttinda.

Sjóðfélagi greiði 4% af vaktaálaginu í iðgjöld og launagreiðandi 6%.

Stjórn lífeyrissjóðsins ákveður á hverjum tíma hver skuli vera viðmiðunarmánaðarlaun þau sem lífeyririnn ákvarðast af og iðgjaldið er metið eftir.

Breyti stjórn lífeyrissjóðsins viðmiðunarmánaðarlaununum skal hún jafnframt ákveða hvort og þá hvernig skuli umreikna áunninn lífeyrisrétt fyrri ára.

Iðgjaldagreiðslur sjóðfélaga af vaktaálagi skulu ár hvert metnar þannig til lífeyrisréttinda að reiknað sé hvað iðgjaldagreiðslur ársins samsvara margra mánaða iðgjaldagreiðslu af viðmiðunarlaunum.

Fyrir jafngildi hverrar tólf mánaða iðgjaldagreiðslu ávinnst réttur til ellilífeyris og örorkulífeyris sem nemur 2% af viðmiðunarlaunum og réttur til makalífeyris sem nemur 1% af viðmiðunarlaunum.

26. gr.

Hver sjóðfélagi, sem greitt hefur iðgjöld til sjóðsins, á rétt á örorkulífeyri ef hann verður fyrir orkutapi er tryggingayfirlæknir metur 10% eða meira. Örorkumat þetta skal aðallega miðað við vanhæfni sjóðfélaga til að gegna starfi því er hann hefur gegnt og aðild hans að sjóðnum er tengd. Þrátt fyrir örorku á enginn rétt á örorkulífeyri meðan hann heldur fullum föstum launum fyrir starf það er hann gegndi, eða fær jafnhá laun fyrir annað starf sem veitir lífeyrissjóðsréttindi, og aldrei skal örorkulífeyrir vera hærri en sem nemur þeim tekjumissi sem sjóðfélaginn hefur sannanlega orðið fyrir sökum örorkunnar.

Hámark örorkulífeyris miðast við áunninn lífeyrisrétt skv. 24. gr. Hafi sjóðfélaginn greitt iðgjöld til sjóðsins undanfarin þrjú almanaksár og a.m.k. í sex mánuði á undanfarandi tólf mánuðum miðast hámark örorkulífeyris þó við áunninn lífeyrisrétt skv. 24. gr., að viðbættum einstaklingslífeyri almannatrygginga. Ef rekja má aðalorsök örorkunnar til starfs í þágu stöðu þeirrar sem öryrkinn gegndi skal þó reikna áunninn lífeyrisrétt eins og sjóðfélaginn hefði gegnt stöðu sinni til 65 ára aldurs, og skulu áunnin lífeyrisréttindi þá reiknast af launum í því starfi sem sjóðfélaginn gegndi síðast eins og þau eru á hverjum tíma.

Sé örorka sjóðfélagans á milli 10% og 50% er örorkulífeyrir hans sami hundraðshluti af hámarksörorkulífeyri eins og örorkan er metin. Sé örorkan metin 50% til 75% er örorkulífeyririnn 50% af hámarkinu að viðbættum 2% af því fyrir hvert 1% sem örorkan er metin umfram 50%. Sé örorkan metin 75% eða meiri greiðist hámarksörorkulífeyrir að frádregnum örorkulífeyri almannatrygginga. Þegar öryrki, sem metinn er undir 75%, nær 65 ára aldri fær hann greiddan ellilífeyri samkvæmt ákvæðum 24. gr. Frá sama tíma fellur niður örorkulífeyrir hans. Þó skal hann halda til 67 ára aldurs þeim hluta hans sem miðaður er við lífeyri almannatrygginga.

Skylt er öryrkja, sem sækir um örorkulífeyri úr sjóðnum eða nýtur hans, að láta stjórn sjóðsins í té allar þær upplýsingar um heilsufar sitt sem nauðsynlegar eru til að dæma um rétt hans til örorkulífeyris.

Stjórn sjóðsins er heimilt að lækka eða fella niður örorkulífeyri þeirra öryrkja sem fá starfsorku sína aftur að nokkru eða öllu leyti.

Sömuleiðis ber stjórn sjóðsins að hækka örorkulífeyrinn ef örorkan vex til muna og án sjálfskaparvíta frá því sem hún var metin við fyrri ákvarðanir, enda hafi öryrkinn á þeim tíma, sem örorkan óx, ekki verið í þjónustu annarra en þeirra aðila sem tryggja starfsfólk sitt í sjóðnum.

27. gr.

Nú andast sjóðfélagi og lætur hann eftir sig maka á lífi, og á þá hinn eftirlifandi maki rétt til lífeyris úr sjóðnum.

Upphæð makalífeyris er helmingur af áunnum ellilífeyrisrétti hins látna sjóðfélaga. Makalífeyrir hækkar síðan um 20% af launum þeim er hann miðast við ef hinn látni sjóðfé-

lagi hefur verið í fullu starfi við starfslok, en hækkunin verður hlutfallslega lægri ef sjóðfélaginn hefur verið í lægra starfshlutfalli við starfslok. Viðbótarlífeyrir þessi greiðist þó einungis ef hinn látni sjóðfélagi hefur uppfyllt eitt af þremur eftirgreindum skilyrðum:

1. Hann hafi verið í starfi er veitti honum aðild að sjóðnum við andlátið.
2. Hann hafi hafið töku lífeyris fyrir andlátið og upphaf lífeyristöku hans hafi verið í beinu framhaldi af starfi sem veitti honum aðild að sjóðnum.
3. Hann hafi greitt iðgjöld til sjóðsins sem nema iðgjaldagreiðslum af fullu starfi í 15 ár eða meira og ekki greitt iðgjald til annars sjóðs eftir að greiðslum til þessa sjóðs lauk.

Nú hefur sjóðfélagi gengið í hjónaband eftir að hann var orðinn 60 ára, eða á þeim tíma er hann naut lífeyris úr sjóðnum eða hann var lagstur banaleguna, og úrskurðar þá stjórn sjóðsins hvort eftirlifandi maki hans skuli njóta lífeyris úr sjóðnum eða eigi.

Réttur til lífeyris samkvæmt þessari grein fellur niður ef hinn eftirlifandi maki gengur í hjónaband að nýju, en kemur aftur í gildi sé hinu síðara hjónabandi slitið, enda veiti hið síðara hjónaband eigi rétt til lífeyris úr sjóðnum. Veiti síðara hjónabandið einnig rétt til lífeyris má eftirlifandi maki velja um hvort hann tekur lífeyrinn eftir fyrri eða síðari makann.

Hafi hjúskap lokið vegna skilnaðar skal útreikningur makalífeyris miðast við þann tíma er hinn látni sjóðfélagi hafði átt aðild að sjóðnum þegar hjúskap var slitið. Viðbótarlífeyrir skv. 2. mgr. greiðist ekki í því tilviki.

Þegar sjóðfélagi, sem verið hefur tvígiftur, deyr og lætur eftir sig maka og fyrrverandi maka á lífi skiptist makalífeyririnn á milli þeirra þannig að réttur fyrrverandi maka ákvarðast samkvæmt reglu 5. mgr. en réttur maka telst frá þeim degi er hinum fyrra hjúskap var slitið. Hliðstæð regla gildir séu rétthafar makalífeyris fleiri en tveir.

Hafi sjóðfélagi verið utan hjónabands við andlátið, en einstæð móðir hans, ógift systir hans eða annar ógiftur aðili hefur sannanlega annast heimili hans um árabil fyrir andlát hans, þó eigi skemur en fimm ár, og er þá stjórn sjóðsins heimilt að greiða hlutaðeigandi makalífeyri, svo sem um ekkju eða ekkil væri að ræða. Á sama hátt er sjóðstjórn heimilt að greiða sambúðarmanni og sambúðarkonu lífeyri ef sjóðfélagi lætur eftir sig barn innan 18 ára aldurs sem hann hefur átt með hinu eftirlifandi. Einnig er sjóðstjórn heimilt að greiða sambúðarkonu eða sambúðarmanni lífeyri í 24 mánuði þótt ekki sé fullnægt skilyrðum 1. málsl. um sambúðartíma, eða ef sambúðaraðili er 50% öryrki eða meira.

28. gr.

Nú frestar sjóðfélagi að taka ellilífeyri og tekur jafnframt við öðru starfi hjá stofnun er veitir aðgang að sjóðnum, lægra launuðu en því er hann gegndi áður, og skal þá reikna lífeyri eftir því starfinu sem hærra var launað.

Sama regla gildir þegar sjóðfélagi verður af heilsufarsástæðum að láta af stöðu sinni, en tekur við öðru léttara og lægra launuðu starfi er veitir aðgang að sjóðnum. Þegar svo stendur á sem í þessari málsgrein ræðir um er sjóðfélaga heimilt að kaupa sér réttindi í sjóðnum fyrir þann tíma sem úr hefur fallið. Stjórn sjóðsins getur krafist vottorðs tryggingayfirlæknis til sönnunar því að sjóðfélaginn verði að láta af stöðu sinni vegna heilsubrests.

Þegar lífeyrisgreiðslur skulu miðast við hærra launað starf en lokastarf skv. 1. eða 2. mgr. eða skv. 6. mgr. 24. gr. skal við ákvörðun um lífeyri miða við meðalhækkanir á launum opinberra starfsmanna fyrir dagvinnu skv. 3. mgr. 24. gr. frá þeim tíma er starfsmaður lætur af sínu hærra launaða starfi og þar til taka lífeyris hefst.

Hafi starfsmaður látið af hinu hærra launaða starfi fyrir árslok 1996 skal þó miða breytingar á lífeyri við breytingar á þeim launum er starfinu fylgdu fram til ársloka 1996. Eftir það skal farið eftir reglu 3. mgr.

29. gr.

Börn eða kjörbörn, sem sjóðfélagi lætur eftir sig er hann andast, og yngri eru en 18 ára, skulu fá árlegan lífeyri úr sjóðnum þar til þau eru fullra 18 ára að aldri, enda hafi hinn látni séð um framfærslu þeirra að nokkru eða að öllu leyti. Sama gildir um börn eða kjörbörn er sá maður lætur eftir sig er naut elli- eða örorkulífeyris úr sjóðnum er hann andaðist.

Ef barnið á foreldri eða kjörforeldri á lífi, er sér um framfærslu þess, er samanlagður lífeyrir þess frá almannatryggingum og úr þessum sjóði 50% hærri en barnalífeyrir almannatrygginga. Að öðrum kosti er lífeyririnn tvöfaldur barnalífeyrir almannatrygginga.

Sama rétt öðlast börn og kjörbörn þeirra sjóðfélaga er njóta elli- eða örorkulífeyris úr sjóðnum, þó svo að barnalífeyrir úr þessum sjóði til barna eða kjörbarna örorkulífeyrisþega skal vera jafnmargir hundraðshlutar af fullum barnalífeyri eins og örorkulífeyrir hans er margir hundraðshlutar af hámarksörorkulífeyri.

Fósturbörn, er sjóðfélagi hefur framfært að mestu eða öllu leyti, njóta sama réttar og börnum og kjörbörnum er veittur hér að framan.

30. gr.

Nú lætur sjóðfélagi af öðrum ástæðum en elli eða örorku af stöðu þeirri er veitti honum aðgang að sjóðnum og fellur þá niður réttur hans og skylda til að greiða framvegis iðgjöld til sjóðsins. Ellilífeyrir hans, örorkulífeyrir og lífeyrir eftirlátins maka miðast þá við starfstíma hans og laun þau er hann hafði er hann lét af stöðu þeirri er veitti aðgang að sjóðnum, en tekur sömu breytingum og lífeyrir annarra eftir að taka lífeyris hefst. Eigi sjóðfélagi réttindi hjá sjóðnum vegna þriggja ára eða lengri greiðslutíma reiknast lífeyrir þó samkvæmt reglum 3. og 4. mgr. 28. gr. Hafi hann gegnt stöðunni skemur en 32 ár skal lífeyrir barna hans ákveðinn þannig að full upphæð skv. 29. gr. skal margfölduð með hlutfallinu á milli þess ellilífeyris sem hann hefur öðlast rétt til og þess ellilífeyris sem hann hefði öðlast rétt til ef hann hefði gegnt starfinu í 32 ár.

Sé staða eða starfi sjóðfélagans lagður niður á hann rétt á að vera áfram í sjóðnum og greiða iðgjöld sem miðuð séu við þau laun er hann hafði er staða hans var lögð niður og frá þeim tíma skulu iðgjaldagreiðslur síðan breytast til samræmis við meðalbreytingar sem verða á föstum launum opinberra starfsmanna fyrir dagvinnu, sbr. 3. mgr. 24. gr.

31. gr.

Nú flyst starfsmaður, er verið hefur í Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins, í starf sem veitir aðgang að öðrum lífeyrissjóði, sem stofnaður er með lögum, og má þá endurgreiða með vöxtum öll iðgjöld sem greidd hafa verið í sjóðinn hans vegna. Það er skilyrði fyrir þessari endurgreiðslu að hún gangi til kaupa á lífeyrisréttindum fyrir viðkomandi mann í þeim sjóði er hann flyst til. Þó má aldrei endurgreiða hærri upphæð en þarf til þess að kaupa réttindi í hinum nýja sjóði er svari til þess starfstíma er sjóðfélaginn hafði öðlast.

Sjóðstjórninni er heimilt að nota sömu endurgreiðslureglu þegar sjóðfélagi flyst í annan sjóð sem viðurkenndur er af fjármálaráðuneytinu, eða kaupir sér lífeyri hjá tryggingafélagi eða stofnun sem starfar eftir reglum er fjármálaráðuneytið samþykkir, enda gildi þar sömu reglur um endurkaup og greiðslu lífeyris eins og ákveðnar eru í þessum lögum.

Á tilsvarandi hátt er sjóðstjórninni heimilt, að fengnu samþykki fjármálaráðherra, að veita viðtöku, vegna manns er gerist sjóðfélagi í þessum sjóði, fé því er kann að vera endurgreitt hans vegna úr sjóði, tryggingafélagi eða stofnun, sem að framan greinir, og veita honum réttindi í samræmi við það.

Einnig getur stjórnin, þegar sérstaklega stendur á, og með samþykki fjármálaráðherra, heimilað réttindakaup aftur í tímann þó að ekki sé um að ræða yfirfærslu á réttindum annars

staðar frá. Það skal meðal annars sett sem skilyrði fyrir slíkum réttindakaupum að mælt sé með þeim af forstöðumanni þeirrar stofnunar er starfsmaðurinn vinnur hjá, að gengið sé frá réttindakaupunum innan árs frá því starfsmaðurinn var ráðinn og að starfsmaðurinn sé eldri en 35 ára þegar hann öðlast aðgang að sjóðnum.

Heimilt er að endurgreiða iðgjald til erlendra ríkisborgara sem flytjast úr landi, enda sé slíkt ekki óheimilt samkvæmt milliríkjasamningum sem Ísland á aðild að.

32. gr.

Ríkissjóður ábyrgist greiðslu lífeyris samkvæmt lögum þessum, og greiðist hann með ½ árslífeyrisins fyrir fram á hverjum mánuði.

33. gr.

Nú verður hækkun á áður úrskurðuðum elli-, örorku- og makalífeyri vegna almennrar hækkunar á launum opinberra starfsmanna og endurgreiðir þá ríkissjóður og aðrir þeir launagreiðendur, sem tryggja starfsmenn sína í sjóðnum, þá hækkun er þannig verður á lífeyrisgreiðslum. Hafi sjóðfélagi greitt iðgjald til sjóðsins vegna starfa hjá fleiri en einum launagreiðanda skal skipting á skuldbindingum milli launagreiðenda reiknast samkvæmt þeim launum sem áunninn réttur er reiknaður eftir og í hlutfalli við réttindaávinning hjá hverjum launagreiðanda.

Hafi innan árs, áður en taka lífeyris hefst, verið gerðar breytingar á föstum launum fyrir dagvinnu hjá tilteknum sjóðfélaga, og þessar breytingar eru umfram almennar breytingar á launum opinberra starfsmanna, skal reikna skuldbindingar launagreiðenda skv. 1. mgr. út frá launum eins og þau voru fyrir þessa hækkun.

Stjórn sjóðsins er heimilt, að fengnu samþykki fjármálaráðuneytisins, að taka við skuldabréfi til greiðslu á áföllnum skuldbindingum annarra launagreiðenda en ríkissjóðs skv. 1. mgr. þessarar greinar, enda sé skuldin tryggð með fullnægjandi hætti. Skuldbindingin sem gerð er upp skal byggð á tryggingafræðilegu mati miðað við uppgjörsdag. Launagreiðandi, sem gert hefur upp skuldbindingu sína með útgáfu skuldabréfs samkvæmt þessari málsgrein, ber ekki frekari ábyrgð á skuldbindingum sjóðsins vegna þess tímabils og þeirra starfsmanna sem uppgjörið tekur til.

34. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 33. gr. skal ríkissjóður endurgreiða þá hækkun sem þar er kveðið á um vegna kennara og skólastjórnenda grunnskóla sem aðild eiga að B-deild sjóðsins. Til frádráttar endurgreiðslu ríkissjóðs samkvæmt sama ákvæði komi tekjur af viðbótariðgjaldi skv. 2. mgr. þessarar greinar.

Til viðbótar iðgjaldi launagreiðenda skv. 23. gr. skulu launagreiðendur greiða 9,5% iðgjald til B-deildar sjóðsins af föstum launum fyrir dagvinnu, persónuuppbót og orlofsuppbót kennara og skólastjórnenda grunnskóla sem eru sjóðfélagar, ávinna sér lífeyrisréttindi hjá B-deild sjóðsins og starfa við skóla sem reknir eru af sveitarfélögum samkvæmt lögum um grunnskóla.

IV. KAFLI
Gildistaka og lagaskil.

35.

Sjóðfélagar, sem hefja töku lífeyris í beinu framhaldi af starfi og þeir sem fá lífeyrisgreiðslur úr sjóðnum við gildistöku laga þessara, geta, þrátt fyrir ákvæði 3. mgr. 24. gr. laganna og 1. mgr. 34. gr. laga nr. 141/1996, valið hvort lífeyrisgreiðslur til þeirra breytist til

samræmis við breytingar sem verða á launum er á hverjum tíma eru greidd fyrir það starf sem þeir gegndu síðast, eða eftir atvikum við breytingar á launum fyrir hærra launað starf samkvæmt ákvæðum 6. mgr. 24. gr. og 1. eða 2. mgr. 28. gr. laganna, eða hvort þær skuli breytast samkvæmt ákvæðum 3. mgr. 24. gr. laganna. Setja skal nánari ákvæði í samþykktir sjóðsins um með hvaða hætti vali sjóðfélaga samkvæmt þessu verði háttað og innan hvaða tímamarka þeir skuli tilkynna sjóðnum um þessa ákvörðun.

36. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 30. gr. skal reikna lífeyri þeirra sjóðfélaga, sem greitt hafa skemur en þrjú ár til sjóðsins, þegar þeir hefja iðgjaldagreiðslu til A-deildar þannig að miðað verði við meðalhækkanir á launum opinberra starfsmanna fyrir dagvinnu frá því að starfsmaður hættir iðgjaldagreiðslu til B-deildar sjóðsins og þar til taka lífeyris hefst samkvæmt reglum 3. mgr. 28. gr. og 3. mgr. 24. gr., enda sé samanlagður iðgjaldagreiðslutími til A-deildar og B-deildar a.m.k. þrjú ár.

37. gr.

Sjóðfélagar, sem rétt eiga á að greiða iðgjald til B-deildar lífeyrissjóðsins skv. 4. gr. en kjósa fremur að greiða til A-deildar, eiga ekki rétt til töku ellilífeyris úr B-deild á meðan þeir gegna störfum sem uppfylla aðildarskilyrði 4. gr.

Að öðru leyti skal setja ákvæði í samþykktir sjóðsins til að koma í veg fyrir niðurfall réttinda eða tvítryggingu réttinda þegar sjóðfélagi flytur sig úr B-deild sjóðsins í A-deild.

38. gr.

Hafi sjóðfélagi, sem er látinn við gildistöku laga þessara, verið giftur oftar en einu sinni og látið eftir sig maka og fyrrverandi maka ákvarðast réttur til lífeyris milli fleiri en eins rétthafa makalífeyris eftir eldri lögum. Heimilt er þó að skipta rétti til makalífeyris milli fyrrverandi maka og síðari sambúðaraðila eftir gildistöku laga þessara samkvæmt ákvæðum 6. mgr. 27. gr.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Félagsmenn í stéttarfélögum, sem samkvæmt ákvæðum laga nr. 29/1963, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, og laga nr. 16/1965, um Lífeyrissjóð hjúkrunarkvenna, hefðu átt skylduaðild að þessum sjóðum, skulu eiga rétt til aðildar að A-deild sjóðsins þar til samið hefur verið um lífeyrissjóðsaðild fyrir þessa starfsmenn, þó svo að ákvæði 1. og 2. mgr. 3. gr. laganna taki ekki til þeirra, og skulu launagreiðendur þeirra þá greiða iðgjald þeirra vegna til sjóðsins samkvæmt ákvæðum 13. gr. laganna.

II.

Þrátt fyrir ákvæði 4. og 5. mgr. 13. gr. laganna skal iðgjald launagreiðenda vera 11,5% á árunum 1997–99.

III.

Eigi síðar en fimm árum eftir gildistöku laga þessara skal stjórn sjóðsins ákveða nýja hækkunarprósentu skv. 4. mgr. 15. gr. laganna í samræmi við tillögur tryggingafræðinga, þó aldrei hærri en 0,8%. Við þá tillögugerð skal viðbótarkostnaður vegna tilfærslu sjóðfélaga úr B-deild sjóðsins í A-deild skv. 4. og 5. mgr. 4. gr. laganna útreiknaður og metinn til breytingar á annars ákveðinni prósentu.

IV.

Þeir starfsmenn Ríkisspítala, sem aðild eiga að sjóðnum í árslok 1996 og eru í störfum sem flytjast til Sjúkrahúss Reykjavíkur og halda þeim áfram, skulu eiga rétt til áframhaldandi aðildar að B-deild sjóðsins með óslitinni réttindaávinnslu.

Gjört á Bessastöðum, 10. janúar 1997.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Davíð Oddsson.

Nr. 2 10. janúar 1997

LÖG

um Lífeyrissjóð hjúkrunarfræðinga.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt: Að ég, samkvæmt 2. mgr. 58. gr. laga nr. 141/1996, um lífeyrisréttindi starfsmanna ríkisins, hefi látið fella meginmál II. kafla laganna inn í lög nr. 16/1965, um Lífeyrissjóð hjúkrunarkvenna, með síðari breytingum, og gef þau út svo breytt:

1. gr.

Sjóðurinn heitir Lífeyrissjóður hjúkrunarfræðinga. Heimili hans og varnarþing er í Reykjavík. Hlutverk sjóðsins er að tryggja sjóðfélögum, eftirlifandi mökum þeirra og börnum lífeyri samkvæmt ákvæðum þessara laga.

2. gr.

Sjóðfélagar eru í lögum þessum taldir allir þeir sem skylt er að greiða iðgjöld í sjóðinn og rétt eiga á lífeyri úr honum.

3. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð fjórum mönnum og skipar fjármálaráðherra tvo þeirra og stjórn Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga tvo. Jafnframt skulu sömu aðilar skipa jafnmarga menn til vara. Skipunartími stjórnarmanna er þrjú ár. Stjórnin kýs formann úr sínum hópi til eins árs í senn.

4. gr.

Stjórn sjóðsins fer með yfirstjórn hans. Stjórnin skal fjalla um allar meiri háttar ákvarðanir varðandi stefnumótun sjóðsins og starfsemi. Hún skal annast um að nægjanlegt eftirlit sé haft með bókhaldi og meðferð fjármuna sjóðsins. Stjórnin skal móta fjárfestingarstefnu og ávaxta fé sjóðsins með hliðsjón af þeim kjörum sem best eru boðin á hverjum tíma með tilliti til ávöxtunar og áhættu. Stjórn sjóðsins setur honum samþykktir í samræmi við

ákvæði þessara laga og ákvæði annarra laga um lífeyrissjóði eftir því sem við á. Í samþykktum sjóðsins skal m.a. kveðið á um hvernig ávaxta skuli fé hans.

Fjármálaráðherra staðfestir hvort samþykktir sjóðsins og breytingar á þeim séu í samræmi við þessi lög og önnur lög um lífeyrissjóði að fenginni umsögn bankaeftirlits Seðlabanka Íslands.

5. gr.

Stjórn lífeyrissjóðsins ákveður hvernig haga skuli afgreiðslu sjóðsins.

6. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir af Ríkisendurskoðun án sérstakrar þóknunar.

7. gr.

Sjóðfélagar greiða 4% af föstum launum sínum fyrir dagvinnu, persónuuppbót og orlofsuppbót í iðgjald til sjóðsins. Launagreiðanda ber að halda iðgjöldum eftir af launum sjóðfélaga og greiða þau sjóðnum innan tveggja vikna frá útborgun launanna.

Sjóðfélagar bera eigi ábyrgð á skuldbindingum sjóðsins nema með iðgjöldum sínum.

Launagreiðendur greiða 6% af föstum launum fyrir dagvinnu, persónuuppbót og orlofsuppbót, er sjóðfélagi tekur hjá þeim, í iðgjöld til sjóðsins og skal greiða þau sjóðnum samtímis iðgjöldum sjóðfélaga.

Þegar sjóðfélagi hefur greitt iðgjöld til sjóðsins í 32 ár falla iðgjaldagreiðslur hans niður. Þó er sjóðfélaga, er gegnt hefur um lengri eða skemmri tíma hlutastarfi, heimilt að greiða áfram iðgjald til sjóðsins af föstum launum sínum fyrir dagvinnu allt að því marki að jafngildi iðgjaldagreiðslu af launum fyrir fullt starf í 32 ár. Launagreiðanda skal þá skylt að greiða iðgjald að sínum hluta, sbr. 3. mgr. Eftir að iðgjaldagreiðslur sjóðfélaga falla niður samkvæmt þessari málsgrein eða 4. mgr. 8. gr. greiðir launagreiðandi hans 10% af launum þeim sem tilgreind eru í 3. mgr. í iðgjald til sjóðsins.

8. gr.

Hver sjóðfélagi sem greitt hefur iðgjald til sjóðsins á rétt á lífeyri frá næstu mánaðamótum eftir að hann verður 65 ára, enda hafi hann þá látið af þeim störfum sem veitt hafa honum aðild að sjóðnum.

Upphæð ellilífeyris er hundraðshluti af þeim föstu launum fyrir dagvinnu, persónuuppbót og orlofsuppbót samkvæmt kjarasamningum sem við starfslok fylgja stöðu þeirri fyrir fullt starf er sjóðfélagi gegndi síðast. Hundraðshluti þessi fer eftir iðgjaldagreiðslutíma og starfshlutfalli sjóðfélagans og er 2% fyrir hvert ár í fullu starfi sem iðgjöld hafa verið greidd fyrir, en hlutfallslega lægri fyrir minna starfshlutfall. Fyrir hvert fullt ársstarf eftir að iðgjaldagreiðslu lýkur og þar til sjóðfélaginn öðlast rétt til að láta af störfum og fá ellilífeyri bætist við 1% af föstum árslaunum fyrir fullt starf en 2% fyrir hvert fullt ársstarf eftir að iðgjaldagreiðslu er lokið og hann hefur öðlast rétt til að fá lífeyri.

Eftir að taka lífeyris hefst skulu breytingar á lífeyrisgreiðslum síðan ákveðnar til samræmis við meðalbreytingar sem verða á föstum launum opinberra starfsmanna fyrir dagvinnu, sbr. 2. mgr., og skal Hagstofa Íslands reikna þær mánaðarlega.

Þegar sjóðfélagi hefur náð því að samanlagður lífaldur og iðgjaldagreiðslutími er 95 ár, hann er orðinn 60 ára og lætur af störfum, á hann rétt á lífeyri úr sjóðnum. Sjóðfélagi, sem notfærir sér þessa reglu, skal greiða iðgjald til sjóðsins þar til 95 ára markinu er náð. Lífeyrisréttur hans skal vera 2% fyrir hvert ár í fullu starfi sem iðgjöld hafa verið greidd fyrir, en

hlutfallslega lægri fyrir skemmra starfstímabil og minna starfshlutfall, en þó ekki meira en 64% að náðu 95 ára markinu. Iðgjaldagreiðsluskylda sjóðfélaga fellur niður þegar 95 ára markinu er náð. Sjóðfélagi, sem nær 95 ára markinu eftir að hann nær 64 ára aldri, getur ekki nýtt sér heimild samkvæmt þessari málsgrein.

Lífeyrisréttur hjá þeim sem njóta útreiknings skv. 4. mgr. skal aukast um 2% fyrir hvert ár í fullu starfi frá því iðgjaldagreiðsluskyldu lýkur og þar til taka lífeyris hefst, en um hlutfallslega lægri hundraðshluta fyrir skemmra starfstímabil og minna starfshlutfall.

Hafi sjóðfélagi gegnt hærra launuðu starfi eða störfum í a.m.k. tíu ár fyrr á sjóðfélagatíma sínum í Lífeyrissjóði hjúkrunarfræðinga skal miða lífeyrinn við hæst launaða starfið, enda hafi hann gegnt því í a.m.k. tíu ár, ella skal miða við það hærra launaða starf sem hann að viðbættum enn hærra launuðum störfum gegndi í a.m.k. tíu ár.

Heimilt er stjórn sjóðsins að greiða ellilífeyrisþegum á aldrinum 65 til 67 ára uppbót á lífeyri allt að einstaklingslífeyri almannatrygginga. Skilyrði fyrir slíkri uppbót er að sjóðfélaginn sé ekki lengur fullfær um að gegna starfi sínu. Til sönnunar því ber viðkomandi að leggja fram umsögn yfirmanns síns um starfshæfnina og vottorð tryggingayfirlæknis um heilsufar.

Sjóðfélagi, sem gegnir starfi sem uppfyllir aðildarskilyrði að sjóðnum skv. 17. gr., á ekki auk launa jafnframt rétt til lífeyris meðan hann gegnir því starfi.

9. gr.

Vaktavinnufólk, þ.e. þeir sjóðfélagar sem hafa vinnutíma sem breytist reglubundið, skal fá rétt til sérstaks viðbótarlífeyris (ellilífeyris, örorkulífeyris eða makalífeyris) úr Lífeyrissjóði hjúkrunarfræðinga, enda sé því skylt að greiða iðgjald af vaktaálagsgreiðslum til sjóðsins.

Sama gildir um það starfsfólk sem hefur vinnuskyldu eingöngu á nóttunni, þ.e. á tímabilinu frá kl. 22.00 til 9.00, og skal þá álagsgreiðslan verða grundvöllur iðgjalda og lífeyrisréttinda.

Sjóðfélagi greiði 4% af vaktaálaginu í iðgjöld og launagreiðandi 6%.

Stjórn lífeyrissjóðsins ákveður á hverjum tíma hver skuli vera viðmiðunarmánaðarlaun þau sem lífeyririnn ákvarðast af og iðgjaldið er metið eftir.

Breyti stjórn lífeyrissjóðsins viðmiðunarmánaðarlaununum skal hún jafnframt ákveða hvort og þá hvernig skuli umreikna áunninn lífeyrisrétt fyrri ára.

Iðgjaldagreiðslur sjóðfélaga af vaktaálagi skulu ár hvert metnar þannig til lífeyrisréttinda að reiknað sé hvað iðgjaldagreiðslur ársins samsvara margra mánaða iðgjaldagreiðslu af viðmiðunarlaunum.

Fyrir jafngildi hverrar tólf mánaða iðgjaldagreiðslu ávinnst réttur til ellilífeyris og örorkulífeyris sem nemur 2% af viðmiðunarlaunum og réttur til makalífeyris sem nemur 1% af viðmiðunarlaunum.

10. gr.

Hver sjóðfélagi sem greitt hefur iðgjöld til sjóðsins á rétt á örorkulífeyri ef hann verður fyrir orkutapi er tryggingayfirlæknir metur 10% eða meira. Örorkumat þetta skal aðallega miðað við vanhæfni sjóðfélaga til að gegna starfi því er hann hefur gegnt og aðild hans að sjóðnum er tengd. Þrátt fyrir örorku á enginn rétt á örorkulífeyri meðan hann heldur fullum föstum launum fyrir starf það er hann gegndi eða fær jafnhá laun fyrir annað starf sem veitir lífeyrissjóðsréttindi, og aldrei skal örorkulífeyrir vera hærri en sem nemur þeim tekjumissi sem sjóðfélaginn hefur sannanlega orðið fyrir sökum örorkunnar.

Hámark örorkulífeyris miðast við áunninn lífeyrisrétt skv. 8. gr. Hafi sjóðfélaginn greitt iðgjöld til sjóðsins undanfarin þrjú almanaksár og a.m.k. í sex mánuði á undanfarandi tólf mánuðum miðast hámark örorkulífeyris þó við áunninn lífeyrisrétt skv. 8. gr., að viðbættum einstaklingslífeyri almannatrygginga. Ef rekja má aðalorsök örorkunnar til starfs í þágu stöðu þeirrar sem öryrkinn gegndi skal þó reikna áunninn lífeyrisrétt eins og sjóðfélaginn hefði gegnt stöðu sinni til 65 ára aldurs.

Sé örorkan milli 10% og 50% er örorkulífeyririnn sami hundraðshluti af hámarksörorkulífeyri eins og örorkan er metin. Sé örorkan metin 50% til 75% er örorkulífeyririnn 50% af hámarkinu að viðbættum 2% af því fyrir hvert 1% sem örorkan er metin umfram 50%. Sé örorkan metin 75% eða meiri greiðist hámarksörorkulífeyrir að frádregnum örorkulífeyri almannatrygginganna. Þegar sjóðfélagi, sem er metinn undir 75% öryrki, nær 65 ára aldri fær hann greiddan ellilífeyri samkvæmt ákvæðum 8. gr. Frá sama tíma fellur niður örorkulífeyrir hans. Þó skal hann halda til 67 ára aldurs þeim hluta hans sem miðaður er við lífeyri almannatrygginga.

Skylt er sjóðfélaga, sem sækir um örorkulífeyri úr sjóðnum eða nýtur hans, að láta stjórn sjóðsins í té allar þær upplýsingar um heilsufar sitt sem nauðsynlegar eru til að dæma um rétt hans til örorkulífeyris.

Stjórn sjóðsins er heimilt að lækka eða fella niður örorkulífeyri þeirra öryrkja sem fá starfsorku sína aftur að nokkru eða öllu leyti. Sömuleiðis ber stjórn sjóðsins að hækka örorkulífeyrinn ef örorkan vex til muna og án sjálfskaparvíta frá því sem hún var metin við fyrri ákvarðanir, enda hafi öryrkinn á þeim tíma, sem örorkan óx, ekki verið í þjónustu annarra en þeirra aðila sem tryggja í sjóðnum hjúkrunarfræðinga er starfa í þeirra þjónustu.

11. gr.

Nú andast sjóðfélagi og lætur hann eftir sig maka á lífi og á þá makinn rétt til lífeyris úr sjóðnum.

Upphæð makalífeyris er helmingur af áunnum ellilífeyrisrétti hins látna sjóðfélaga. Makalífeyrir hækkar síðan um 20% af launum þeim er hann miðast við ef hinn látni sjóðfélagi hefur verið í fullu starfi við starfslok, en hækkunin verður hlutfallslega lægri ef sjóðfélaginn hefur verið í lægra starfshlutfalli við starfslok. Viðbótarlífeyrir þessi greiðist þó einungis ef hinn látni sjóðfélagi hefur uppfyllt eitt af þremur eftirgreindum skilyrðum:

1. Hann hafi verið í starfi er veitti honum aðild að sjóðnum við andlátið.
2. Hann hafi hafið töku lífeyris fyrir andlátið og upphaf lífeyristöku hans hafi verið í beinu framhaldi af starfi sem veitti honum aðild að sjóðnum.
3. Hann hafi greitt iðgjöld til sjóðsins sem nemur iðgjaldagreiðslum af fullu starfi í 15 ár eða meira og ekki greitt iðgjald til annars sjóðs eftir að greiðslum til þessa sjóðs lauk.

Nú hefur sjóðfélagi gengið í hjónaband eftir að hann var orðinn 60 ára eða á þeim tíma er hann naut lífeyris úr sjóðnum eða hann var lagstur banaleguna og úrskurðar þá stjórn sjóðsins hvort eftirlifandi maki hans skuli njóta lífeyris úr sjóðnum eða eigi.

Réttur til lífeyris samkvæmt þessari grein fellur niður ef eftirlifandi maki gengur í hjónaband að nýju, en kemur aftur í gildi sé hinu síðara hjónabandi slitið, enda veiti það hjónaband eigi rétt til lífeyris úr sjóðnum. Veiti síðara hjónabandið einnig rétt til lífeyris má eftirlifandi maki velja um hvort hann tekur lífeyrinn eftir fyrri eða síðari makann.

Hafi hjúskap lokið með skilnaði skal útreikningur makalífeyris miðast við þann tíma er hinn látni sjóðfélagi hafði átt aðild að sjóðnum þegar hjúskap var slitið. Viðbótarlífeyrir skv. 2. mgr. greiðist ekki í því tilviki.

Þegar sjóðfélagi sem verið hefur tvígiftur deyr og lætur eftir sig maka og fyrrverandi

maka á lífi skiptist makalífeyririnn á milli þeirra þannig að réttur fyrrverandi maka ákvarðast samkvæmt reglu 5. mgr. en réttur maka telst frá þeim degi er hinum fyrra hjúskap var slitið. Hliðstæð regla gildir séu rétthafar makalífeyris fleiri en tveir.

Hafi sjóðfélagi verið utan hjónabands við andlátið, en einstæð móðir hans, ógift systir hans eða annar ógiftur aðili hefur sannanlega annast heimili hans um árabil fyrir andlát hans, þó eigi skemur en fimm ár, er stjórn sjóðsins heimilt að greiða hlutaðeigandi makalífeyri, svo sem um ekkju eða ekkil væri að ræða. Á sama hátt er sjóðstjórn heimilt að greiða sambúðarmanni og sambúðarkonu lífeyri ef sjóðfélagi lætur eftir sig barn innan 18 ára aldurs sem hann hefur átt með hinu eftirlifandi. Einnig er sjóðstjórn heimilt að greiða sambúðarkonu eða sambúðarmanni lífeyri í 24 mánuði þótt ekki sé fullnægt skilyrðum 1. málsl. um sambúðartíma, eða ef sambúðaraðili er 50% öryrki eða meira.

12. gr.

Börn eða kjörbörn, sem sjóðfélagi lætur eftir sig, er hann andast, og yngri eru en 18 ára, skulu fá árlegan lífeyri úr sjóðnum þar til þau eru fullra 18 ára að aldri, enda hafi hinn látni sjóðfélagi séð um framfærslu þeirra að nokkru eða öllu leyti. Sama gildir um börn eða kjörbörn er sá sjóðfélagi lætur eftir sig er naut elli- eða örorkulífeyris úr sjóðnum er hann andaðist.

Ef barnið á foreldri eða kjörforeldri á lífi, er sér um framfærslu þess, er samanlagður lífeyrir þess frá almannatryggingum og úr þessum sjóði 50% hærri en barnalífeyrir almannatrygginga. Að öðrum kosti er lífeyririnn tvöfaldur barnalífeyrir almannatrygginga.

Sama rétt öðlast börn og kjörbörn þeirra sjóðfélaga er njóta elli- eða örorkulífeyris úr sjóðnum, þó svo að barnalífeyrir úr þessum sjóði til barna eða kjörbarna örorkulífeyrisþega skal vera jafnmargir hundraðshlutar af fullum barnalífeyri eins og örorkulífeyrir hans er margir hundraðshlutar af hámarksörorkulífeyri.

Fósturbörn, er sjóðfélagi hefur framfært að mestu eða öllu leyti, njóta sama réttar og börnum og kjörbörnum er veittur hér að framan.

13. gr.

Nú frestar sjóðfélagi að taka ellilífeyri og tekur jafnframt við öðru starfi hjá stofnun er veitir aðgang að sjóðnum, lægra launuðu en því er hann gegndi áður, og skal þá reikna lífeyri eftir því starfinu sem hærra var launað.

Sama regla gildir þegar sjóðfélagi verður af heilsufarsástæðum að láta af stöðu sinni, en tekur við öðru léttara og lægra launuðu starfi er veitir aðgang að sjóðnum. Þegar svo stendur á sem í þessari málsgrein ræðir um er viðkomandi heimilt að kaupa sér réttindi í sjóðnum fyrir þann tíma sem úr hefur fallið. Stjórn sjóðsins getur krafist vottorðs trúnaðarlæknis sjóðsins til sönnunar því að sjóðfélaginn verði að láta af stöðu sinni vegna heilsubrests.

Þegar lífeyrisgreiðslur skulu miðast við hærra launað starf en lokastarf skv. 1. eða 2. mgr., eða skv. 6. mgr. 8. gr., skal við ákvörðun um lífeyri miða við meðalhækkanir á launum opinberra starfsmanna fyrir dagvinnu skv. 3. mgr. 8. gr. frá þeim tíma er starfsmaður lætur af sínu hærra launaða starfi og þar til taka lífeyris hefst.

Hafi starfsmaður látið af hinu hærra launaða starfi fyrir árslok 1996 skal þó miða breytingar á lífeyri við breytingar á þeim launum er starfinu fylgdu fram til ársloka 1996. Eftir það skal farið eftir reglu 3. mgr.

14. gr.

Nú lætur sjóðfélagi af öðrum ástæðum en elli eða örorku af stöðu þeirri er veitti honum aðgang að sjóðnum og fellur þá niður réttur hans og skylda til að greiða framvegis iðgjöld

til sjóðsins. Ellilífeyrir hans, örorkulífeyrir og lífeyrir eftirlifandi maka miðast þá við starfstíma hans og laun þau er hann hafði er hann lét af stöðu þeirri er veitti aðgang að sjóðnum, en tekur sömu breytingum og lífeyrir annarra eftir að taka lífeyris hefst. Eigi sjóðfélagi réttindi hjá sjóðnum vegna þriggja ára eða lengri greiðslutíma reiknast lífeyrir þó samkvæmt reglum 3. og 4. mgr. 13. gr. Hafi hann gegnt stöðunni skemur en 32 ár skal lífeyrir barna hans ákveðinn þannig að full upphæð skv. 12. gr. skal margfölduð með hlutfallinu á milli þess ellilífeyris sem hann hefur öðlast rétt til og þess ellilífeyris sem hann hefði öðlast rétt til ef hann hefði gegnt starfinu í 32 ár.

Sé staða eða starfi sjóðfélagans lagður niður á hann rétt á að vera áfram í sjóðnum og greiða iðgjöld sem miðuð séu við þau laun er hann hafði er staða hans var lögð niður og frá þeim tíma skulu iðgjaldagreiðslur síðan breytast til samræmis við meðalbreytingar sem verða á föstum launum opinberra starfsmanna fyrir dagvinnu, sbr. 3. mgr. 8. gr.

15. gr.

Nú flyst sjóðfélagi, er verið hefur í þessum lífeyrissjóði, í starf sem veitir aðgang að öðrum lífeyrissjóði, sem stofnaður er með lögum, og má þá endurgreiða með vöxtum öll iðgjöld sem greidd hafa verið í sjóðinn hans vegna. Það er skilyrði fyrir þessari endurgreiðslu að hún gangi til kaupa á lífeyrisréttindum fyrir viðkomandi sjóðfélaga í þeim sjóði er hann flyst til. Þó má aldrei endurgreiða hærri upphæð en þarf til þess að kaupa réttindi í hinum nýja sjóði er svari til þess starfstíma er sjóðfélaginn hafði öðlast.

Sjóðstjórninni er heimilt að nota sömu endurgreiðslureglu þegar sjóðfélagi flyst í annan sjóð sem viðurkenndur er af fjármálaráðuneytinu, eða kaupir sér lífeyri hjá tryggingafélagi eða stofnun sem starfar eftir reglum er fjármálaráðuneytið samþykkir, enda gildi þar sömu reglur um endurkaup og greiðslu lífeyris eins og ákveðnar eru í þessum lögum.

Á tilsvarandi hátt er sjóðstjórninni heimilt, að fengnu samþykki fjármálaráðherra, að veita viðtöku, vegna sjóðfélaga er gerist sjóðfélagi í þessum sjóði, fé því er kann að vera endurgreitt hans vegna úr sjóði, tryggingafélagi eða stofnun, sem að framan greinir, og veita honum réttindi í samræmi við það.

Einnig getur stjórnin, þegar sérstaklega stendur á, og með samþykki fjármálaráðherra, heimilað réttindakaup aftur í tímann, þó að ekki sé um að ræða yfirfærslu á réttindum annars staðar frá. Það skal meðal annars sett sem skilyrði fyrir slíkum réttindakaupum að mælt sé með þeim af forstöðumanni þeirrar stofnunar er sjóðfélaginn vinnur hjá, að gengið sé frá réttindakaupunum innan árs frá því hann var ráðinn og að hann sé eldri en 30 ára þegar hann öðlast aðgang að sjóðnum.

Heimilt er að endurgreiða iðgjald til erlendra ríkisborgara sem flytjast úr landi, enda sé slíkt ekki óheimilt samkvæmt milliríkjasamningum sem Ísland á aðild að.

16. gr.

Stjórn sjóðsins skal árlega láta tryggingafræðing rannsaka fjárhag sjóðsins. Þyki honum rannsókn sín leiða í ljós að fjárhagsgrundvöllur sjóðsins sé ótryggur skal hann gera tillögur til stjórnar sjóðsins um aðgerðir til að efla hann.

17. gr.

Allir hjúkrunarfræðingar, sem aðild áttu að sjóðnum við árslok 1996 og vinna hjúkrunarstörf í þjónustu ríkis, bæjar- og sveitarfélaga eða annarra opinberra stofnana eða við heilbrigðisstofnanir sem eru viðurkenndar af heilbrigðisstjórninni, skulu eiga rétt til aðildar að sjóði þessum.

Heimild til aðildar að sjóðnum hafa einnig aðrir hjúkrunarfræðingar sem aðild áttu að

sjóðnum við árslok 1996 á meðan þeir starfa að hjúkrun, enda sé viðkomandi eigi ráðinn til skemmri tíma en eins árs, eða með a.m.k. þriggja mánaða uppsagnarfresti.

Hjúkrunarfræðingar, sem aðild áttu að sjóðnum við árslok 1996 og starfa að félagsmálum á vegum Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga, hafa jafnframt heimild til aðildar að sjóðnum, enda séu ráðningarkjör þeirra hin sömu og hjá öðrum sjóðfélögum.

Kjósi sjóðfélagi, sem 1.–3. mgr. taka til, að greiða fremur iðgjald til A-deildar Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins er honum það þó heimilt, enda hafi hann tilkynnt sjóðnum um þá ákvörðun sína fyrir 1. desember 1997. Fellur þá niður réttur hans til að greiða iðgjald til Lífeyrissjóðs hjúkrunarfræðinga. Eigi sjóðfélagi rétt til aðildar að sjóðnum skv. 2. eða 3. mgr. þarf samþykki launagreiðanda fyrir því að hefja iðgjaldagreiðslur til A-deildar Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins. Sjóðfélagi, sem greiðir iðgjald til Lífeyrissjóðs hjúkrunarfræðinga eftir 1. desember 1997, getur einungis hafið greiðslu til A-deildar Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins ef hann skiptir um starf, enda uppfylli hið nýja starf hans aðildarskilyrði að þeim sjóði, eða ef iðgjaldagreiðslur hans hafa fallið niður af öðrum ástæðum í tólf mánuði eða lengur.

Sjóðfélagi, sem ekki greiddi iðgjald til sjóðsins við árslok 1996, án þess þó að formlegu ráðningarsambandi hafi verið slitið, hefur sama rétt til aðildar að lífeyrissjóðnum og þeir einstaklingar sem falla undir 1.–3. mgr.

Falli iðgjaldagreiðslur til Lífeyrissjóðs hjúkrunarfræðinga niður af öðrum ástæðum en tilgreindar eru í 5. mgr., t.d. vegna þess að viðkomandi sjóðfélagi hættir í starfi eða skiptir um starf, hefur sjóðfélagi áfram rétt til aðildar að sjóðnum, svo fremi hann hefji aftur starf sem veitir honum rétt til sjóðsaðildar innan tólf mánaða frá því að iðgjaldagreiðslur féllu niður. Ef iðgjaldagreiðslur til sjóðsins falla hins vegar niður í tólf mánuði eða lengri tíma, eða réttindaávinnsla án iðgjaldagreiðslu fellur niður í jafnlangan tíma, á viðkomandi einstaklingur ekki framar rétt á aðild að Lífeyrissjóði hjúkrunarfræðinga.

Sjóðfélagar, sem greiddu iðgjald til Lífeyrissjóðs hjúkrunarfræðinga eða áunnu sér réttindi hjá sjóðnum án iðgjaldagreiðslu á árinu 1996, þó að þeir hafi ekki verið í starfi sem veitti þeim rétt til aðildar að lífeyrissjóðnum í lok þess árs, eiga sama rétt til aðildar að þessum sjóði og þeir sem um ræðir í 1.–3. mgr. hefji þeir þar tilgreind störf á árinu 1997.

18. gr.

Ríkissjóður og aðrir aðilar, sem tryggja hjúkrunarfræðinga í sjóði þessum, ábyrgjast hver fyrir sinn hóp greiðslur úr honum. Nú reynist einhver aðili, sem tryggt hefur hjúkrunarfræðinga í sjóðnum, ekki fær um að standa við ábyrgðarskuldbindingu sína, og er ríkissjóður þá bakábyrgur.

Lífeyrir greiðist með ½ árslífeyris fyrir fram á hverjum mánuði.

19. gr.

Óheimilt er að framselja eða veðsetja lífeyriskröfur samkvæmt lögum þessum, og ekki má leggja á þær löghald né gera í þeim fjárnám eða lögtak. Enginn skuldheimtumaður í dánarbúi eða þrotabúi hefur rétt til að skerða kröfurnar á nokkurn hátt, og eigi má halda lífeyrisfé eftir til greiðslu opinberra gjalda.

20. gr.

Nú verður hækkun á áður úrskurðuðum elli-, örorku- og makalífeyri vegna almennrar hækkunar á launum opinberra starfsmanna og endurgreiðir þá ríkissjóður og aðrir þeir launagreiðendur, sem tryggja starfsmenn sína í sjóðnum, honum þá hækkun er þannig verður á lífeyrisgreiðslum. Hafi sjóðfélagi greitt iðgjald til sjóðsins vegna starfa hjá fleiri en

einum launagreiðanda skal skipting á skuldbindingum milli launagreiðenda reiknast samkvæmt þeim launum sem áunninn réttur er reiknaður eftir og í hlutfalli við réttindaávinning hjá hverjum launagreiðanda.

Hafi innan árs áður en taka lífeyris hefst verið gerðar breytingar á föstum launum fyrir dagvinnu hjá tilteknum sjóðfélaga, og þessar breytingar eru umfram almennar breytingar á launum opinberra starfsmanna, skal reikna skuldbindingar launagreiðenda skv. 1. mgr. út frá launum eins og þau voru fyrir þessa hækkun.

21. gr.

Sjóðfélagar, sem hefja töku lífeyris í beinu framhaldi af starfi, og þeir sem fá lífeyrisgreiðslur úr sjóðnum við gildistöku laga þessara geta, þrátt fyrir ákvæði 3. mgr. 8. gr. laganna og 1. mgr. 58. gr. laga nr. 141/1996, valið hvort lífeyrisgreiðslur til þeirra breytist til samræmis við breytingar sem verða á launum er á hverjum tíma eru greidd fyrir það starf sem þeir gegndu síðast eða eftir atvikum við breytingar á launum fyrir hærra launað starf samkvæmt ákvæðum 6. mgr. 8. gr. og 1. eða 2. mgr. 13. gr. laganna, eða hvort þær skuli breytast samkvæmt ákvæðum 3. mgr. 8. gr. laganna. Setja skal nánari ákvæði í samþykktir sjóðsins um með hvaða hætti vali sjóðfélaga samkvæmt þessu verði háttað og innan hvaða tímamarka þeir skuli tilkynna sjóðnum um þessa ákvörðun.

22. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. og 4. mgr. 8. gr. á sjóðfélagi, sem náð hefur 55 ára aldri við gildistöku laga þessara, rétt á lífeyri frá næstu mánaðamótum eftir að hann verður 60 ára, enda hafi hann þá látið af þeim störfum sem veitt hafa honum aðild að sjóðnum.

Jafnframt eiga sjóðfélagar, sem eru á aldrinum frá 45 ára til 55 ára við gildistöku laga þessara, rétt á að hefja töku lífeyris á aldrinum frá 60 ára til 65 ára, þó svo að þeir uppfylli ekki aldursskilyrði 4. mgr. 8. gr., enda hafi þeir þá látið af þeim störfum sem veitt hafa aðild að sjóðnum. Réttur til töku lífeyris samkvæmt þessari málsgrein ákvarðast þannig að við 60 ára aldursmarkið bætist 0,5 mánuðir fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði sem hlutaðeigandi sjóðfélaga vantar til að hafa náð 55 ára aldri við gildistöku laga þessara.

23. gr.

Við gildistöku laga þessara skal reikna áunninn lífeyrisrétt allra sjóðfélaga eftir iðgjaldagreiðslutíma og hæsta starfshlutfalli sem viðkomandi sjóðfélagi hefur greitt iðgjald af til sjóðsins, eða áunnið sér réttindi fyrir án iðgjalda, í a.m.k. eitt ár samfellt eða samtals í þrjú ár, en þó aldrei af hærra starfshlutfalli en 100%. Hafi sjóðfélagi þannig greitt iðgjald til sjóðsins af fullu starfi samfellt í a.m.k. eitt ár, eða samtals í þrjú ár ef ekki hefur verið um samfelldan tíma að ræða, skal reikna honum 2% réttindaávinning fyrir hvert iðgjaldagreiðsluár, og hlutfallslega fyrir hluta úr ári. Hafi hæsta starfshlutfall, sem sjóðfélagi hefur greitt iðgjald af til sjóðsins, eða áunnið sér réttindi fyrir án iðgjalda, í a.m.k. eitt ár samfellt eða samtals í þrjú ár, verið lægra en 100% skal hins vegar reikna hlutfallslega lægri réttindi fyrir hvert iðgjaldagreiðsluár. Útreiknuð réttindi samkvæmt þessu skulu þó aldrei vera lægri en réttur skv. 2. mgr. 8. gr.

Hafi sjóðfélagi náð hæsta starfshlutfalli sínu samtals í eitt ár eða lengri tíma, án þess að um samfellu í iðgjaldagreiðslum í eitt ár hafi verið að ræða, er stjórn sjóðsins heimilt að leggja það til grundvallar útreikningi skv. 1. mgr., enda hafi sjúkdómsforföll, atvinnuleysi eða sambærilegar ástæður komið í veg fyrir samfelldar iðgjaldagreiðslur.

24. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 14. gr. skal reikna lífeyri þeirra sjóðfélaga sem greitt hafa skemur en þrjú ár til sjóðsins þegar þeir hefja iðgjaldagreiðslu til A-deildar Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins þannig að miðað verði við meðalhækkanir á launum opinberra starfsmanna fyrir dagvinnu frá því starfsmaður hættir iðgjaldagreiðslu til Lífeyrissjóðs hjúkrunarfræðinga og þar til taka lífeyris hefst samkvæmt reglum 3. mgr. 13. gr. og 3. mgr. 8. gr., enda sé samanlagður iðgjaldagreiðslutími til Lífeyrissjóðs hjúkrunarfræðinga og Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins a.m.k. þrjú ár.

25. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 4. mgr. 7. gr. og 4. mgr. 8. gr., um niðurfellingu iðgjaldagreiðslu sjóðfélaga eftir 32 ár eða samkvæmt 95 ára reglu, þurfa þeir hjúkrunarfræðingar, sem lokið hafa iðgjaldagreiðslu í 30 ár skv. 7. gr. laga nr. 16/1965, ekki að greiða iðgjald til sjóðsins. Lífeyrissjóðnum er þó heimilt að taka við iðgjöldum frá viðkomandi hjúkrunarfræðingum samkvæmt beiðni þeirra frá gildistöku laga þessara og þar til þeir hafa lokið iðgjaldagreiðslu skv. 4. mgr. 7. gr. eða 4. mgr. 8. gr.

26. gr.

Sjóðfélagar eiga ekki rétt til töku ellilífeyris úr Lífeyrissjóði hjúkrunarfræðinga á meðan þeir gegna hjúkrunarstörfum sem veita þeim rétt til aðildar að Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins.

Að öðru leyti skal setja ákvæði í samþykktir sjóðsins til að koma í veg fyrir niðurfall réttinda eða tvítryggingu réttinda þegar sjóðfélagi flytur sig úr Lífeyrissjóði hjúkrunarfræðinga í A-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins.

Gjört á Bessastöðum, 10. janúar 1997.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Davíð Oddsson.

Nr. 3 10. janúar 1997

AUGLÝSING

um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands.

Forseti Íslands, herra Ólafur Ragnar Grímsson, er á förum til útlanda.

Í fjarveru hans fara forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar með vald forseta Íslands, samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar.

Forsætisráðuneytinu, 10. janúar 1997.

Davíð Oddsson.

Ólafur Davíðsson.

STJÓRNARTÍÐINDI A 2 – 1997

20. janúar 1997 25 Nr. 4

AUGLÝSING

um að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum.

Forseti Íslands, herra Ólafur Ragnar Grímsson, er kominn úr för sinni til útlanda og hefur á ný tekið við stjórnarstörfum.

Forsætisráðuneytinu, 20. janúar 1997.

Davíð Oddsson.

Ólafur Davíðsson.

23. janúar 1997 Nr. 5

FORSETABRÉF

um að Alþingi skuli koma saman til framhaldsfunda.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt:

Ég hefi ákveðið, samkvæmt tillögu forsætisráðherra, að Alþingi skuli koma saman til framhaldsfunda þriðjudaginn 28. janúar 1997 kl. 13.30.

Gjört á Bessastöðum, 23. janúar 1997.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Davíð Oddsson.

Stjórnartíðindi A 2, nr. 4–5. Útgáfudagur 28. janúar 1997.

A 3
Gutenberg

STJÓRNARTÍÐINDI A 3 – 1997

Nr. 6 26 11. febrúar 1997

AUGLÝSING

um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands.

Forseti Íslands, herra Ólafur Ragnar Grímsson, fór til útlanda í dag.
Í fjarveru hans fara forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar með vald forseta Íslands, samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar.

Forsætisráðuneytinu, 11. febrúar 1997.

Davíð Oddsson.

Ólafur Davíðsson.

Nr. 7 21. febrúar 1997

AUGLÝSING

um breyting á viðauka I við tollalög nr. 55/1987, með síðari breytingum.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á 85. kafla:

a. Tollskrárnúmerið 8507.1000 skiptist upp í tvö tollskrárnúmer, 8507.1001 og 8507.1009, og orðist svo:

		A %	E %
	- Blýsýrugeymar til að gangsetja stimpilvélar:		
8507.1001	-- Með sýru	10	0
8507.1009	-- Án sýru	10	0

b. Tollskrárnúmerið 8507.2000 skiptist upp í tvö tollskrárnúmer, 8507.2001 og 8507.2009, og orðist svo:

		A %	E %
	- Aðrir blýsýrugeymar:		
8507.2001	-- Með sýru	10	0
8507.2009	-- Án sýru	10	0

Gutenberg

c. Tollskrárnúmerið 8507.8000 skiptist upp í tvö tollskrárnúmer, 8507.8001 og 8507.8009, og orðist svo:

		A %	E %
	- Aðrir geymar:		
8507.8001	-- Með vökva	10	0
8507.8009	-- Án vökva	10	0

2. gr.

Auglýsing þessi er sett samkvæmt heimild í 143. gr. tollalaga nr. 55 30. mars 1987, með síðari breytingum, til að öðlast gildi 1. mars 1997 og tekur til allra vara sem eru ótollafgreiddar við gildistöku hennar.

Fjármálaráðuneytinu, 21. febrúar 1997.

F. h. r.
Bergþór Magnússon.

Hermann Jónasson.

17. febrúar 1997 Nr. 8

AUGLÝSING

um að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum.

Forseti Íslands, herra Ólafur Ragnar Grímsson, er kominn úr för sinni til útlanda og hefur á ný tekið við stjórnarstörfum.

Forsætisráðuneytinu, 17. febrúar 1997.

Davíð Oddsson.

Ólafur Davíðsson.

STJÓRNARTÍÐINDI A 4 – 1997

Nr. 9 28 26. febrúar 1997

LÖG

um breytingu á lögum nr. 42/1983, um Landsvirkjun, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við 2. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Landsvirkjun er heimilt að hagnýta þá þekkingu og búnað sem fyrirtækið ræður yfir á sviði orkumála til verkefna erlendis með því að taka að sér verkefni fyrir fyrirtæki eða stofna og eiga hlut í erlendum fyrirtækjum sem annast rannsóknir, ráðgjöf eða aðra þjónustu á sviði orkumála eða aðra starfsemi tengda orkumálum.

2. gr.

5. gr. laganna orðast svo:

Ríkissjóður, Reykjavíkurborg og Akureyrarbær hafa lagt Landsvirkjun til eigendaframlög í formi stofnframlaga, sbr. 4. gr. og sameignarsamning aðila frá 27. febrúar 1981, og í formi sérstakra eiginfjárframlaga.

Landsvirkjun greiðir eigendum arð af eigendaframlögum skv. 1. mgr. og af eigendaframlögum sem eigendur kunna síðar að leggja fram til Landsvirkjunar.

Eigendaframlög skv. 1. mgr., svo sem þau hafa verið endurmetin miðað við 31. desember 1995, sbr. samning eignaraðila frá 28. október 1996 um breytingu á sameignarsamningi aðila, og eigendaframlög, er síðar kunna að verða lögð fram, skulu framreiknuð til verðlags hvers tíma samkvæmt byggingarvísitölu og ákveður ársfundur Landsvirkjunar, að fenginni tillögu stjórnar, arðgreiðslu sem hundraðshluta þeirrar fjárhæðar.

Arðgreiðslan skal ákveðin með hliðsjón af afkomu fyrirtækisins og yfirfærðum hagnaði frá fyrri árum.

3. gr.

8. gr. laganna orðast svo:

Stjórn Landsvirkjunar skal skipuð sjö mönnum. Ráðherra orkumála skipar þrjá stjórnarmenn, borgarstjórn Reykjavíkur kýs þrjá stjórnarmenn og bæjarstjórn Akureyrar kýs einn. Ráðherra

Gutenberg

orkumála skipar formann stjórnarinnar úr hópi þeirra stjórnarmanna sem hann skipar. Á stjórnarfundum skal atkvæði formanns vega tvöfalt.

Varamenn, jafnmargir, skulu kosnir og skipaðir á sama hátt.

Kjörtímabil stjórnarinnar skal vera eitt ár í senn, frá ársfundi Landsvirkjunar á viðkomandi ári til ársfundar á næsta ári.

Ársfundur ákveður þóknun stjórnarmanna.

Nánari ákvæði um starfshætti stjórnarinnar skulu sett í reglugerð.

4. gr.

9. gr. laganna orðast svo:

Stjórn Landsvirkjunar ræður forstjóra er veitir fyrirtækinu forstöðu. Forstjóri skal eiga sæti á stjórnarfundum.

Stjórn Landsvirkjunar fer með málefni fyrirtækisins og skal annast um að skipulag fyrirtækisins og starfsemi sé jafnan í réttu og góðu horfi. Stjórn og forstjóri fara með stjórn fyrirtækisins.

Forstjóri annast daglegan rekstur fyrirtækisins og skal í þeim efnum fara eftir þeirri stefnu og fyrirmælum sem stjórnin hefur gefið. Daglegur rekstur tekur ekki til ráðstafana sem eru óvenjulegar eða mikils háttar. Slíkar ráðstafanir getur forstjóri aðeins gert samkvæmt sérstakri heimild frá stjórn, nema ekki sé unnt að bíða ákvarðana stjórnar án verulegs óhagræðis fyrir starfsemi fyrirtækisins. Í slíkum tilvikum skal stjórn tafarlaust tilkynnt um ráðstöfunina.

Stjórn Landsvirkjunar skal annast um að nægilegt eftirlit sé haft með bókhaldi og meðferð fjármuna fyrirtækisins. Forstjóri skal sjá um að bókhald fyrirtækisins sé fært í samræmi við lög og venjur og meðferð eigna fyrirtækisins sé með tryggilegum hætti.

Einungis stjórn Landsvirkjunar getur veitt prókúruumboð.

Stjórnarmenn og fastráðnir starfsmenn Landsvirkjunar hafa réttindi og skyldur opinberra sýslunarmanna.

Nánari ákvæði um starfssvið stjórnar og forstjóra skulu sett í reglugerð.

5. gr.

10. gr. laganna orðast svo:

Halda skal í aprílmánuði ár hvert ársfund Landsvirkjunar. Á ársfundi skulu tekin fyrir þessi mál:

1 Skýrsla stjórnar um starfsemi Landsvirkjunar síðastliðið starfsár.
2 Ársreikningur Landsvirkjunar fyrir liðið reikningsár ásamt skýrslu endurskoðanda fyrirtækisins lagður fram til staðfestingar.
3 Ákvörðun um arðgreiðslur til eigenda Landsvirkjunar og um aðra meðferð hagnaðar eða taps Landsvirkjunar á reikningsárinu.
4 Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna fyrir liðið kjörtímabil.
5 Lýst kjöri stjórnar.
6 Kosning löggilts endurskoðanda eða endurskoðunarfélags.
7 Umræður um önnur mál.

Rétt til setu á ársfundi eiga einn fulltrúi hvers eignaraðila, stjórn og forstjóri Landsvirkjunar og löggiltur endurskoðandi fyrirtækisins. Ráðherra orkumála tilnefnir fulltrúa ríkissjóðs á ársfundinum. Atkvæðisréttur eignaraðila á ársfundi skal vera í samræmi við eignarhluta hvers þeirra.

Nánari ákvæði um fundarsköp og starfssvið ársfundar skal setja í reglugerð.

6. gr.

11. gr. laganna orðast svo:

Halda skal sérstakan samráðsfund Landsvirkjunar þegar að loknum ársfundi fyrirtækisins ár hvert. Fulltrúar á samráðsfundi skulu vera sem hér segir:

Fjórir menn tilnefndir af ráðherra orkumála, fjórir menn kosnir af Reykjavíkurborg og fjórir menn kosnir af Akureyrarbæ. Þá skulu hver hinna einstöku landshlutasamtaka sveitarfélaga eiga rétt á að kjósa á aðalfundi sínum fjóra menn til setu á samráðsfundinum. Í reglugerð skal nánar kveðið á um kosningu fulltrúa á samráðsfund. Varamenn skulu skipaðir eða kosnir á sama hátt og aðalmenn.

Verði um að ræða fjölgun eignaraðila skal taka skipan samráðsfundar til endurskoðunar.

Stjórn og forstjóri Landsvirkjunar skulu sitja samráðsfundinn.

Á samráðsfundinum skal kynna afkomu Landsvirkjunar og áætlanir og ræða þau atriði er þar koma fram. Skal þar sérstaklega fjalla um mál er varða öryggi í vinnslu og flutning raforku um landið, svo og atriði er varða raforkuverð. Þá skal á samráðsfundi ræða raforkumál er varða einstaka landshluta eftir því sem ástæða er til.

Nánari ákvæði um fundarsköp og starfssvið samráðsfunda skal setja í reglugerð.

7. gr.

12. gr. laganna orðast svo:

Starfsár Landsvirkjunar og reikningsár er almanaksárið.

Stjórn Landsvirkjunar og forstjóri skulu semja ársreikning fyrir hvert reikningsár og skal hann gerður samkvæmt lögum og góðri reikningsskilavenju og skal hafa að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, fjárstreymisyfirlit og skýringar.

Ársfundur Landsvirkjunar kýs löggiltan endurskoðanda eða endurskoðunarfélag til að endurskoða reikninga fyrirtækisins samkvæmt tillögu Ríkisendurskoðunar, borgarendurskoðunar Reykjavíkur og endurskoðanda Akureyrarbæjar.

Endurskoðandi skal endurskoða ársreikning Landsvirkjunar í samræmi við lög og góða endurskoðunarvenju og í því sambandi kanna bókhaldsgögn fyrirtækisins og aðra þætti er varða rekstur þess og stöðu. Endurskoðandi skal að lokinni endurskoðun árita ársreikninginn og skal áritunin fylgja ársreikningnum sem skýrsla hans.

8. gr.

Í stað 1. málsl. 2. mgr. 13. gr. laganna koma tveir nýir málsliðir sem orðast svo: Stjórn Landsvirkjunar setur gjaldskrá fyrir Landsvirkjun. Ákvæði samkeppnislaga gilda um Landsvirkjun.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Umboð núverandi stjórnar Landsvirkjunar skal haldast þar til á fyrsta ársfundi fyrirtækisins eftir gildistöku laga þessara, en fellur þá niður.

Gjört á Bessastöðum, 26. febrúar 1997.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Finnur Ingólfsson.

STJÓRNARTÍÐINDI A 5 – 1997

27. febrúar 1997 31 Nr. 10

LÖG

um breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940, o.fl. (vegna samnings Sameinuðu þjóðanna gegn ólöglegri verslun með fíkniefni og skynvilluefni og samnings um þvætti, leit, hald og upptöku ávinnings af afbrotum).

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI
Breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febrúar 1940.

1. gr.

Við 4. gr. laganna bætist nýr töluliður, svohljóðandi:

3. Fyrir brot gegn 264. gr., framið innan íslenska ríkisins enda þótt frumbrotið sem ávinningur stafar frá hafi verið framið erlendis og án tillits til hver var að því valdur.

2. gr.

Við 3. tölul. 1. mgr. 69. gr. laganna bætist: eða muni sem keyptir eru fyrir ávinninginn. Ef ekki er unnt að færa fullar sönnur á fjárhæð ávinnings er dómara heimilt að áætla fjárhæðina.

3. gr.

173. gr. b laganna fellur brott.

4. gr.

Ný 264. gr. laganna færist í XXVII. kafla og verður svohljóðandi:

Hver sem tekur við eða aflar sér eða öðrum ávinnings af broti samkvæmt lögum þessum skal sæta sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 2 árum. Sömu refsingu skal sá sæta sem geymir eða flytur slíkan ávinning, aðstoðar við afhendingu hans eða stuðlar á annan sambærilegan hátt að því að tryggja öðrum ávinning af broti. Nú er brot ítrekað eða stórfellt og getur refsing þá orðið varðhald eða fangelsi allt að 4 árum.

Refsing getur orðið fangelsi allt að 10 árum ef um ræðir ávinning af broti skv. 173. gr. a.

Ef ávinningur er smávægilegur og engin sérstök atvik auka saknæmi brotsins skal mál eigi höfðað nema almenningshagsmunir krefjist.

Sé brot framið af gáleysi varðar það sektum eða varðhaldi. Varði brotið sem ávinningur stafar frá ekki þyngri refsingu en varðhaldi má láta refsingu falla niður.

II. KAFLI
Breyting á áfengislögum, nr. 82 2. júlí 1969.

5. gr.

Við 1. mgr. 33. gr. laganna bætast tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Meðferð ávinnings af brotum á lögum þessum er refsiverð eftir því sem segir í 264. gr. almennra hegningarlaga. Tilraun og hlutdeild í brotum á lögum þessum eru refsiverðar eftir því sem segir í III. kafla almennra hegningarlaga.

Gutenberg

III. KAFLI

Breyting á lögum um ávana- og fíkniefni, nr. 65 21. maí 1974.

6. gr.

Á eftir 4. gr. laganna bætist við ný grein, 4. gr. a, svohljóðandi:

Inn- og útflutningur, sala, kaup, skipti, afhending, móttaka, framleiðsla og varsla tækja, hluta eða efna til notkunar við ólöglega ræktun, framleiðslu eða tilbúning ávana- og fíkniefna er bönnuð.

Ráðherra er heimilt að tilgreina nánar í reglugerð hvaða efni falla undir 1. mgr. og sérstaklega mikil hætta er talin stafa af samkvæmt alþjóðasamningum.

7. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 5. gr. laganna:

a. 2. mgr. verður svohljóðandi:

Meðferð ávinnings af brotum á lögum þessum er refsiverð eftir því sem segir í 264. gr. almennra hegningarlaga.

b. 7. og 8. mgr. verða svohljóðandi:

Heimilt er að gera upptækt til ríkissjóðs andvirði ólögmætrar sölu efna sem lögin taka til. Það sama gildir um ávinning af öðrum brotum á lögum þessum, fjárhæð sem svarar til slíks ávinnings og muni sem eru keyptir eru fyrir ávinninginn. Ef ekki er unnt að færa fullar sönnur á fjárhæð ávinnings er dómara heimilt að áætla fjárhæðina. Þá skal og heimilt að gera upptæka hvers konar muni sem notaðir hafa verið eða ætlaðir eru til ólögmætrar meðferðar efna sem lögin taka til.

Ítrekuð brot gegn lögum þessum skulu varða aukinni refsingu, enda sé um að ræða innflutning eða dreifingu þeirra efna sem um getur í 2.–4. gr. a.

IV. KAFLI

Breyting á tollalögum, nr. 55 30. mars 1987.

8. gr.

Við 125. gr. laganna bætist ný málsgrein, er verður 4. mgr., svohljóðandi:

Meðferð ávinnings af brotum á lögum þessum er refsiverð eftir því sem segir í 264. gr. almennra hegningarlaga.

V. KAFLI

Breyting á lögum um alþjóðlega samvinnu um fullnustu refsidóma, nr. 56 19. maí 1993.

9. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr. laganna:

a. Á eftir 2. mgr. koma tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Þegar fullnusta fer fram á beiðni um eignaupptöku samkvæmt samningi Sameinuðu þjóðanna gegn ólöglegri verslun með fíkniefni og skynvilluefni frá 20. desember 1988 gilda ákvæði I. og IV. kafla 2. hluta og I. og IV. kafla 3. hluta laga þessara eftir því sem við getur átt.

Þegar fullnusta fer fram á beiðni um eignaupptöku samkvæmt samningi um þvætti, leit, hald og upptöku ávinnings af afbrotum frá 8. nóvember 1990 gilda ákvæði I. og IV. kafla 2. hluta og I. og IV. kafla 3. hluta laga þessara eftir því sem við getur átt.

b. Í stað orðanna „1. eða 2. mgr.“ í 3. mgr. sem verður 5. mgr. kemur: 1.–4. mgr.

c. Í stað orðanna „1. eða 2. mgr.“ í 4. mgr. sem verður 6. mgr. kemur: 1.–4. mgr.

10. gr.

Í stað orðanna „4. mgr. 2. gr.“ í 2. mgr. 3. gr. laganna kemur: 6. mgr. 2. gr.

11. gr.

Í stað orðanna „4. mgr. 2. gr.“ í 26. gr. laganna kemur: 6. mgr. 2. gr.

12. gr.

Í stað orðanna „4. mgr. 2. gr.“ í 1. mgr. 39. gr. laganna kemur: 6. mgr. 2. gr.

VI. KAFLI

Breytingar á lyfjalögum, nr. 93 20 maí 1994.

13. gr.

Við 2. mgr. 43. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Meðferð ávinnings af brotum á lögum þessum er refsiverð eftir því sem segir í 264. gr. almennra hegningarlaga.

VII. KAFLI

Gildistaka.

14. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 27. febrúar 1997.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Björn Bjarnason.

10. mars 1997 Nr. 11

LÖG

um breyting á lögum nr. 66/1995, um grunnskóla, með áorðnum breytingum.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. málsl. 1. mgr. 25. gr. laganna orðast svo: Sveitarstjórnir skulu greiða upphæð er svarar til 1,3% af dagvinnulaunum kennara og skólastjóra í sveitarfélaginu í sérstakan sjóð er Samband íslenskra sveitarfélaga annast rekstur á og varðveitir.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 10. mars 1997.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Björn Bjarnason.

LÖG

um atvinnuleysistryggingar.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI
Skilyrði bótaréttar.

1. gr.

Launamenn og sjálfstætt starfandi einstaklingar, sem verða atvinnulausir, eiga rétt á bótum úr Atvinnuleysistryggingasjóði samkvæmt því sem fyrir er mælt í lögum þessum, enda séu þeir í atvinnuleit og fullfærir til vinnu.

Félagsmálaráðherra skal, að fenginni umsögn stjórnar Atvinnuleysistryggingasjóðs, setja nánari reglur um hvaða skilyrðum sjálfstætt starfandi einstaklingar skulu fullnægja til þess að njóta bóta úr sjóðnum. M.a. skulu settar reglur um hvaða skilyrðum menn verða að fullnægja til þess að teljast sjálfstætt starfandi og vera atvinnulausir.

Ráðherra er heimilt, að fenginni umsögn stjórnar Atvinnuleysistryggingasjóðs, að ákveða að aðrir hópar en launamenn og sjálfstætt starfandi einstaklingar geti notið bóta úr sjóðnum gegn greiðslu iðgjalda. Um bótarétt þessara hópa skal kveða á í reglugerð.

2. gr.

Rétt til bóta samkvæmt lögum þessum hafa þeir sem fullnægja eftirtöldum skilyrðum, sbr. þó 5. gr.:

1. Eru orðnir 16 ára að aldri en yngri en 70 ára.
2. Eru búsettir hér á landi eða hafa fengið leyfi til atvinnuleitar í EES-landi.
3. Hafa óbundna heimild til þess að ráða sig til vinnu hér á landi.
4. Hafa á síðustu tólf mánuðum unnið samtals í a.m.k. 10 vikur miðað við fullt starf í tryggingagjaldsskyldri vinnu en hlutfallslega lengri tíma ef um hlutastarf hefur verið að ræða, sbr. þó 17. gr. Norðurlandasamnings um almannatryggingar, sbr. lög nr. 46/1993. Til að finna vinnuframlag sjálfstætt starfandi skal miðað við skil á tryggingagjaldi af reiknuðu endurgjaldi síðustu tólf mánuði. Til að finna vinnuframlag sjómanna skal telja fjölda lögskráningardaga. Mánaðarvinna sjómanna telst 21,67 lögskráningardagar.
5. Hafa í upphafi bótatímabils verið skráðir sem atvinnulausir í þrjá daga samfellt.
6. Eru reiðubúnir að ráða sig til allra almennra starfa.

Við ákvörðun bóta samkvæmt framangreindu teljast ekki með þeir dagar er maður hefur verið í verkfalli eða verkbann tekur til.

3. gr.

Sá sem fullnægir skilyrðum um bótarétt en tekur að stunda nám eða verður að hverfa frá vinnu af heimilisástæðum heldur í allt að 24 mánuði þeim bótarétti sem hann hafði áunnið sér. Sama á við um þá sem sviptir eru frelsi sínu með dómi.

Á sama hátt og kveðið er á um í 1. mgr. heldur sá sem fer í fæðingarorlof áunnum bótarétti meðan á töku fæðingarorlofs stendur.

4. gr.

Ef sá sem hefur áunnið sér rétt til bóta verður að hverfa frá vinnu vegna veikinda heldur hann þeim bótarétti þegar hann verður vinnufær á ný, enda sanni hann veikindin með læknisvottorði ef hann sækir um atvinnuleysisbætur að loknum veikindum.

Bótarétt getur enginn öðlast vegna atvinnuleysis sem stafar af veikindum hans.

Svæðisvinnumiðlun getur óskað eftir að umsækjandi leggi fram vottorð um vinnufærni sína sé um skerta vinnufærni að ræða.

Svæðisvinnumiðlun er heimilt að leita álits trúnaðarlæknis Atvinnuleysistryggingasjóðs á vinnufærni umsækjanda.

5. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1.–4. gr. eiga eftirtaldir einstaklingar ekki rétt á atvinnuleysisbótum:

1. Þeir sem taka þátt í verkfalli eða verkbann tekur til.
2. Þeir sem njóta slysa- eða sjúkradagpeninga samkvæmt lögum um almannatryggingar.
3. Þeir sem sviptir eru frelsi sínu með dómi.
4. Þeir sem hafa sagt starfi sínu lausu án gildra ástæðna eða misst vinnu af ástæðum sem þeir sjálfir eiga sök á. Réttur til bóta samkvæmt þessum tölulið fellur niður í 40 bótadaga í fyrsta sinn og skerðist bótatímabil sem því nemur. Missi maður aftur rétt til bóta öðlast hann ekki bótarétt að nýju, nema hann sanni að hann hafi stundað vinnu í samfellt sex vikur eftir að hann missti bótaréttinn.
5. Þeir sem hætta námi fyrir lok námsannar. Stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs er heimilt að setja reglur um að þeir sem hætta námi fyrir lok námsannar skuli undir sérstökum kringumstæðum eiga bótarétt. Reglur þessar skulu hljóta staðfestingu ráðherra.
6. Þeir sem stunda vinnu í eigin þágu sem gefur þeim tekjur eða tekjuígildi er a.m.k. samsvarar hámarksbótum atvinnuleysistrygginga á hverjum tíma. Nú samsvara tekjurnar eða tekjuígildið ekki hámarksbótum atvinnuleysistrygginga og má þá greiða mismun atvinnuleysisbóta og teknanna eða tekjuígildisins.
7. Þeir sem reynt hafa að afla sér bóta með sviksamlegum hætti, sbr. 15. gr.

II. KAFLI
Fjárhæð bóta og bótatímabil.

6. gr.

Einstaklingur, sem öðlast bótarétt samkvæmt ákvæðum þessara laga, á rétt á bótum frá og með fyrsta skráningardegi, sbr. þó 10. gr.

Atvinnuleysisbætur skulu greiðast fyrir alla daga nema laugardaga og sunnudaga á hverju bótatímabili.

Nú fær hinn atvinnulausi tilfallandi vinnu dag og dag og skulu atvinnuleysisbætur hans þá skerðast vegna þessarar vinnu til samræmis við unninn stundafjölda og hlutfall bótaréttar hans þannig að samtals átta stunda vinna valdi skerðingu hámarksbóta í einn dag. Slík tilfallandi vinna skal ekki hafa áhrif á áunninn rétt til atvinnuleysisbóta fyrr en hún nemur samtals 173 vinnustundum á hverju tólf mánaða eða styttra tímabili.

7. gr.

Hámarksbætur atvinnuleysistrygginga skulu nema 2.433 kr. á dag. Lágmarksbætur eru ¼ hluti sömu fjárhæðar. Fjárhæð hámarksbóta kemur til endurskoðunar við afgreiðslu fjárlaga ár hvert með tilliti til þróunar launa, verðlags og efnahagsmála. Þó er félagsmálaráðherra heimilt, að fengnu samþykki ríkisstjórnar, að breyta bótafjárhæð ef verulegar breytingar verða á launaþróun og þjóðhagsforsendum frá afgreiðslu fjárlaga.

Til viðbótar fjárhæð bóta skv. 1. mgr. skal greiða þeim sem hafa framfærsluskyldu gagnvart börnum yngri en 18 ára 4% af fjárhæð dagpeninga með hverju barni. Nú annast Innheimtustofnun sveitarfélaga innheimtu meðlags vegna barns og skal þá fjárhæðin renna beint til stofnunarinnar á móti kröfum hennar á hendur hinum meðlagsskylda.

Af atvinnuleysisbótum greiðir hinn atvinnulausi 4% í lífeyrissjóð og Atvinnuleysistryggingasjóður 6%.

Elli- og örorkulífeyrir, svo og örorkustyrkur frá Tryggingastofnun ríkisins, skal koma til frádráttar atvinnuleysisbótum. Sama gildir um greiðslur úr almennum og frjálsum lífeyrissjóðum. Nú fær hinn atvinnulausi ekki fullar atvinnuleysisbætur og skal þá eingöngu skerða bæturnar hlutfallslega.

8. gr.

Hámarksbætur greiðast þeim sem hafa verið í fullu starfi síðustu tólf mánuði. Sé því skilyrði ekki fullnægt lækkar bótafjárhæð í hlutfalli við starfstímabil og starfshlutfall á síðustu tólf mánuðum þar til lágmarksbótarétti er náð, sbr. 4. tölul. 1. mgr. 2. gr. og 1. mgr. 7. gr. Bótahlutfall getur þó aldrei orðið hærra en sem nemur því starfshlutfalli sem maður er reiðubúinn að ráða sig í.

Bætur vegna barna skv. 2. mgr. 7. gr. skerðast ekki.

Nú hefur umsækjandi, sem áunnið hefur sér bótarétt, auk þess stundað skólanám á síðustu tólf mánuðum í ekki skemmri tíma en sex mánuði og lokið námi eða einsýnt þykir að hann hafi hætt námi og skal þá reikna honum 13 vikur vegna námsins til viðbótar vinnuframlagi hans. Nú á umsækjandi geymdan bótarétt, sbr. 3. og 4. gr., og fær hann þá bætur í samræmi við það, nema starfstími hans eftir að hann hóf að nýju störf gefi tilefni til annars.

Hafi umsækjandi notið atvinnuleysisbóta á síðustu tólf mánuðum skal reikna honum bótadaga á því tímabili til starfstíma í sama hlutfalli og bótaréttur hans var.

Atvinnuleysistryggingasjóður semur skrá um ákvörðun dagpeninga. Skráin skal tilgreina 76 þrep, frá 25% til 100% bóta, þannig að bætur hækki um 1% hámarksbóta við hvert þrep eftir starfstíma og starfshlutfalli.

Við ákvörðun bóta til manns, sem starfaði sem launamaður áður en hann varð atvinnulaus, er heimilt að taka tillit til starfstímabila sem hann á að baki í EES-landi, enda hafi hann fallið undir löggjöf um bætur vegna atvinnuleysis í því landi og leggi fram tilskilin vottorð um áunnin starfstímabil og tryggingatímabil þar. Ráðherra setur með reglugerð nánari reglur um hvaða skilyrðum þarf að vera fullnægt til að njóta réttar samkvæmt framangreindu.

9. gr.

Bótatímabil skal að hámarki vera fimm ár. Nú fær maður, sem er byrjaður á bótatímabili, launaða vinnu og framlengist þá bótatímabil hans sem svarar starfstímabilum. Nýtt bótatímabil getur hafist að liðnum tólf mánuðum frá því að bótatímabili lauk, enda eigi maður að baki samtals a.m.k. sex mánaða launaða vinnu eftir að bótatímabili lauk.

III. KAFLI
Bætur vegna samdráttar og gjaldþrota fyrirtækja.

10. gr.

Nú ber nauðsyn til að skerða dagvinnutíma starfsmanna vegna samdráttar í starfsemi fyrirtækis og skal þá greiða starfsmönnum þann hluta þeirra atvinnuleysisbóta sem þeir eiga rétt á sem svarar til skerðingar dagvinnutímans, enda taki ráðstafanir þessar almennt til starfsmanna fyrirtækisins eða starfsmanna í einstökum greinum starfsemi þess ef um fleiri en eina er að ræða. Fyrirsjáanlega skerðingu vinnutíma skal atvinnurekandi tilkynna fyrir fram til stjórnar Atvinnuleysistryggingasjóðs og gera ítarlega grein fyrir ástæðum samdráttar. Stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs staðreynir skrána, svo og síðari upplýsingar um það fólk sem skerðingin tekur til, og sendir til viðkomandi úthlutunarnefndar atvinnuleysisbóta sem síðan úrskurðar um bótarétt. Tilkynningu skal fylgja skrá um það starfsfólk sem ráðgert

er að skerðingin taki til ásamt upplýsingum um starfshlutfall einstakra starfsmanna hjá fyrirtækinu á síðustu tólf mánuðum áður en til skerðingar kemur.

Stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs er heimilt að synja um greiðslu atvinnuleysisbóta samkvæmt þessari grein ef hún telur að fyrirtæki hafi ekki tilgreint nægilegar ástæður samdráttar. Ekki verða greiddar bætur samkvæmt þessari grein lengur en 30 bótadaga fyrir hvern starfsmann á almanaksári. Komi til uppsagna starfsmanna falla greiðslur niður og eiga þeir ekki bótarétt að nýju fyrr en að loknum uppsagnarfresti.

11. gr.

Atvinnuleysistryggingasjóður skal tryggja launafólki fyrirtækja, sem verða gjaldþrota, rétt til greiðslu atvinnuleysisbóta þann tíma sem það er án atvinnu á uppsagnarfresti meðan það bíður eftir endanlegu uppgjöri á launakröfum sínum samkvæmt lögum um ábyrgðasjóð launa vegna gjaldþrota.

IV. KAFLI
Um missi bótaréttar.

12. gr.

Samkvæmt ákvörðun úthlutunarnefndar getur það valdið missi bótaréttar ef sá sem skráður er atvinnulaus tekur ekki þátt í gerð starfsleitaráætlunar á vegum svæðisvinnumiðlunar eða fylgir ekki slíkri áætlun, þar á meðal hafnar úrræðum svæðisvinnumiðlunar skv. e-lið 1. mgr. 10. gr. laga um vinnumarkaðsaðgerðir. Um missi bótaréttar gilda ákvæði 4. tölul. 5. gr. laga þessara.

Þeim sem ekki hefur gert starfsleitaráætlun er skylt að láta skrá sig vikulega hjá viðurkenndum skráningaraðila. Geti umsækjandi ekki látið skrá sig vegna veikinda skal hann láta skrá sig næsta dag sem honum er unnt.

Skrái hinn atvinnulausi sig ekki á tilskildum degi skal hann sæta missi bóta fyrir þá daga sem liðnir eru frá síðustu skráningu þar til hann skráir sig á ný.

Stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs getur, að fengnum tillögum svæðisráðs svæðisvinnumiðlunar, ákveðið að á afmörkuðum svæðum og í tiltekinn tíma skuli skráning skv. 2. mgr. fara fram með öðrum hætti en vikulega.

13. gr.

Það veldur missi bótaréttar að neita starfi sem býðst fyrir milligöngu svæðisvinnumiðlunar eða á annan sannanlegan hátt, enda sé vinnan heimil að lögum og laun fyrir hana og starfskjör öll í samræmi við 1. gr. laga um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda, nr. 55/1980.

Bótaréttur fellur ekki niður þótt sá sem notið hefur bóta í skemmri tíma en fjórar vikur hafni vinnu í starfsgrein sem hann hefur ekki áður stundað, enda séu góðar líkur á að hann muni fá vinnu í sinni starfsgrein.

Þegar hafnað er vinnu fjarri heimili metur úthlutunarnefnd hvort það skuli varða missi bótaréttar og skal þá gætt m.a. heimilisástæðna umsækjanda.

Bjóðist hinum atvinnulausa starf sem að starfshlutfalli er minna en bótaréttur hans segir til um skal úthlutunarnefnd meta með hliðsjón af möguleikum hans á fullu starfi, sbr. og 6. tölul. 1. mgr. 2. gr. laga þessara, hvort honum sé eftir atvikum rétt eða skylt að taka því hlutastarfi sem í boði er.

Um missi bótaréttar samkvæmt þessari grein gilda að öðru leyti ákvæði 4. tölul. 5. gr.

14. gr.

Þeim sem sæta biðtíma eftir bótum er skylt að hlíta reglum um eftirlit með því að bótaskilyrðum sé fullnægt og skylt að taka starfi sem býðst að viðlögðum missi bóta samkvæmt almennum reglum þessara laga.

15. gr.

Sá sem reynir að afla sér bóta með því að gefa rangar eða villandi upplýsingar eða leyna upplýsingum um hagi sína missir rétt til bóta.

Fyrsta brot varðar missi bóta í 2–6 mánuði en ítrekað brot í 1–2 ár.

V. KAFLI
Ákvörðun bóta og málskot.

16. gr.

Stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs skal í hverju umdæmi svæðisvinnumiðlunar skipa fimm manna úthlutunarnefnd til fjögurra ára í senn. Einn nefndarmaður skal skipaður samkvæmt tilnefningu Alþýðusambands Íslands, einn samkvæmt tilnefningu Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, einn samkvæmt tilnefningu Vinnuveitendasambands Íslands og einn samkvæmt tilnefningu Vinnumálasambandsins. Formenn nefndanna skulu skipaðir án tilnefningar. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt og aðalmenn. Nefndarmenn skulu vera búsettir í umdæmi svæðisvinnumiðlunar.

Úthlutunarnefnd ákvarðar bætur og missi bóta samkvæmt lögum þessum.

Umsækjanda og Atvinnuleysistryggingasjóði skal tilkynnt um ákvörðun úthlutunarnefndar. Þessum aðilum er heimilt að skjóta ákvörðun úthlutunarnefndar til úrskurðarnefndar atvinnuleysisbóta, sbr. 17. gr., innan þriggja mánaða frá því að aðila var tilkynnt um ákvörðunina. Málskot frestar ekki réttaráhrifum ákvörðunar.

Þóknun til úthlutunarnefnda greiðist úr Atvinnuleysistryggingasjóði samkvæmt ákvörðun sjóðstjórnar, svo og kostnaður sem af starfi nefndanna leiðir.

Stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs er heimilt að ákveða að fleiri en ein úthlutunarnefnd séu starfandi í umdæmi svæðisvinnumiðlunar ef það er talið nauðsynlegt með tilliti til fjölda atvinnulausra í umdæminu.

Úthlutunarnefnd ákveður fyrirkomulag á afgreiðslu bóta.

17. gr.

Félagsmálaráðherra skipar þriggja manna úrskurðarnefnd atvinnuleysisbóta til fjögurra ára í senn. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt.

Nefndarmenn skulu hafa víðtæka þekkingu á vinnumarkaðinum. Formaður og varamaður hans skulu fullnægja skilyrðum til þess að vera skipaðir héraðsdómarar. Úrskurðir nefndarinnar fela í sér endanlega stjórnvaldsákvörðun.

Kostnaður af störfum nefndarinnar greiðist úr Atvinnuleysistryggingasjóði samkvæmt ákvörðun ráðherra.

Atvinnuleysistryggingasjóður skal sjá til þess að úrskurðir nefndarinnar séu gefnir út árlega.

VI. KAFLI
Stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs og skrifstofuhald sjóðsins.

18. gr.

Félagsmálaráðherra skipar níu manna stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs til fjögurra ára í senn. Alþýðusamband Íslands og Vinnuveitendasamband Íslands skulu tilnefna tvo stjórn-

armenn hvor aðili og tvo til vara. Bandalag starfsmanna ríkis og bæja, Bandalag háskólamanna, Samband íslenskra sveitarfélaga og Vinnumálasambandið skulu tilnefna einn stjórnarmann hver aðili og einn til vara. Ráðherra skipar formann án tilnefningar og varaformann úr hópi aðalmanna.

Aðalmenn stjórnarinnar skulu kjósa úr sínum hópi þriggja manna framkvæmdaráð. Formaður stjórnar skal eiga sæti í því. Ráðið hefur heimild til þess að taka fullnaðarákvarðanir um mál sem ekki fela í sér stefnubreytingar fyrir sjóðinn. Öll stjórnin skal taka þátt í gerð umsagna og tillagna um breytingar á lögum og reglum um sjóðinn og meiri háttar ákvörðunum sem snerta fjárhag hans.

Þóknun stjórnarmanna greiðist úr Atvinnuleysistryggingasjóði samkvæmt ákvörðun ráðherra.

19. gr.

Vinnumálastofnun annast sjóðsvörslu, reikningshald og daglega afgreiðslu fyrir Atvinnuleysistryggingasjóð í umboði sjóðstjórnar og undir umsjá og eftirliti hennar. Félagsmálaráðherra getur ákveðið annað fyrirkomulag að fenginni umsögn sjóðstjórnar.

Kostnaður af rekstri sjóðsins greiðist af tekjum hans.

VII. KAFLI
Tekjur Atvinnuleysistryggingasjóðs.

20. gr.

Tekjur Atvinnuleysistryggingasjóðs eru:

1. Tekjur af atvinnutryggingagjaldi í samræmi við ákvæði laga um tryggingagjald.
2. Vextir af innstæðufé sjóðsins og verðbréfum.

VIII. KAFLI
Fjárreiður Atvinnuleysistryggingasjóðs.

21. gr.

Stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs tekur ákvarðanir um ávöxtun fjár sjóðsins. Skal þess gætt að sjóðurinn hafi nægilegt laust fé til að standa við skuldbindingar sínar.

22. gr.

Stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs er heimilt að veita styrki vegna úrræða fyrir atvinnulausa á vegum svæðisvinnumiðlana. Stjórninni er enn fremur heimilt að veita styrki til þess að aðstoða atvinnulausa við búferlaflutninga vegna atvinnutilboða.

Stjórnin skal setja reglur um styrki samkvæmt þessari grein sem hljóta skulu staðfestingu félagsmálaráðherra.

23. gr.

Árlega skal verja ákveðinni fjárhæð úr Atvinnuleysistryggingasjóði til að styrkja starfsmenntun í atvinnulífinu, sbr. lög þar að lútandi, og til sérstakra þróunarverkefna til að fjölga atvinnutækifærum fyrir konur samkvæmt reglum sem ráðherra setur. Fjárhæð þessara framlaga ákvarðast við afgreiðslu fjárlaga ár hvert.

24. gr.

Reikningar Atvinnuleysistryggingasjóðs skulu endurskoðaðir af Ríkisendurskoðun og birtir ár hvert í Lögbirtingablaði.

IX. KAFLI
Ýmis ákvæði.

25. gr.

Eigi má gera fjárnám í bótum samkvæmt lögum þessum sem ekki hafa verið greiddar hinum atvinnulausa. Eigi má heldur taka bætur til greiðslu opinberra gjalda annarra en staðgreiðslu opinberra gjalda. Óheimilt er að draga félagsgjöld til stéttarfélaga af bótum, nema skriflegt samþykki hins atvinnulausa liggi fyrir.

26. gr.

Skattstjórum, Tryggingastofnun ríkisins, Innheimtustofnun sveitarfélaga og hlutaðeigandi lífeyrissjóðum er skylt að láta Atvinnuleysistryggingasjóði og úthlutunarnefndum í té upplýsingar sem nauðsynlegar eru við framkvæmd laga þessara.

Með einstaklingsbundnar upplýsingar, sem Atvinnuleysistryggingasjóði eru látnar í té samkvæmt þessari grein, skal farið sem trúnaðarmál.

27. gr.

Það varðar sektum að gefa rangar upplýsingar eða leyna upplýsingum í því skyni að fá bætur greiddar eða aðstoða við slíkt athæfi. Um meðferð slíkra mála fer samkvæmt lögum um meðferð opinberra mála.

Nú hefur maður aflað sér bóta með því að gefa rangar eða villandi upplýsingar eða leyna upplýsingum um hagi sína og skal hann þá til viðbótar missi bóta skv. 15. gr. endurkrafinn um allt að tvöfaldri þeirri bótafjárhæð sem þannig var aflað.

28. gr.

Atvinnuleysistryggingasjóði er heimilt fyrir hönd þar til bærrar stofnunar í EES-landi að greiða ríkisborgara í EES-ríki, sem hingað kemur í atvinnuleit, atvinnuleysisbætur, enda endurgreiði sú stofnun sjóðnum þær fjárhæðir sem þannig eru inntar af hendi.

29. gr.

Heimilt er að birta sem reglugerðir reglur Evrópusambandsins um atvinnuleysisbætur, enda eigi ákvæði þeirra stoð í lögum þessum.

30. gr.

Félagsmálaráðherra skal að tillögu sjóðstjórnar setja nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga.

31. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1997. Jafnframt falla úr gildi lög um atvinnuleysistryggingar, nr. 93/1993, með síðari breytingum.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Á meðan kjararannsóknarnefnd starfar skal kostnaður við störf nefndarinnar greiddur úr Atvinnuleysistryggingasjóði. Reikningar yfir slíkan kostnað skulu samþykktir af forsætisráðherra.

Verði breyting á starfsemi kjararannsóknarnefndar er forsætisráðherra heimilt að samþykkja greiðslu kostnaðar af hliðstæðri starfsemi þeirri sem kjararannsóknarnefnd hefur annast þótt ákveðið verði að hún skuli unnin af öðrum aðilum.

II.

Hafi maður verið á atvinnuleysisbótum 1. júlí 1994 og samfellt síðan getur bótatímabil hans að hámarki varað til 1. júlí 1999. Nú hefst bótatímabil eftir 1. júlí 1994 og viðkomandi hefur verið samfellt á atvinnuleysisbótum fram að gildistöku laga þessara og getur þá bótatímabil að hámarki orðið fimm ár.

III.

Ákvæði 1. mgr. 12. gr. laga þessara tekur gildi 1. janúar 1998.

IV.

Stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs skal heimilt á árinu 1997 að gera tillögu til að styrkja sérstök verkefni á vegum sveitarfélaga til eflingar atvinnulífi, enda verði dregið samsvarandi úr greiðslum atvinnuleysisbóta á viðkomandi stað. Úthlutun styrkja skal vera í samræmi við reglur sem ráðherra setur að fenginni umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga. Tillögur sjóðstjórnar um styrkveitingu skulu staðfestar af ráðherra.

Gjört í Reykjavík, 13. mars 1997.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Páll Pétursson.

13. mars 1997 Nr. 13

LÖG

um vinnumarkaðsaðgerðir.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI
Almenn ákvæði.

1. gr.

Markmið þessara laga er að stuðla að jafnvægi milli framboðs og eftirspurnar eftir vinnuafli í landinu.

2. gr.

Vinnumarkaðsaðgerðir eru samkvæmt lögum þessum aðgerðir sem eru gerðar að tilhlutan hins opinbera til þess að stuðla að jafnvægi milli framboðs og eftirspurnar eftir vinnuafli í landinu og sjá atvinnulífinu fyrir hæfu starfsfólki.

II. KAFLI
Vinnumálastofnun.

3. gr.

Vinnumálastofnun, sem heyrir undir félagsmálaráðherra, fer með yfirstjórn vinnumiðlunar í landinu.

Ráðherra skipar forstjóra Vinnumálastofnunar til fimm ára í senn að fenginni umsögn stjórnar stofnunarinnar.

Forstjóri annast daglega stjórn stofnunarinnar og ræður starfsfólk hennar.

4. gr.

Verkefni Vinnumálastofnunar eru:

a. Að hafa eftirlit með svæðisvinnumiðlunum og samræma starfsemi þeirra.
b. Að veita starfsfólki svæðisvinnumiðlana faglega aðstoð og fræðslu.
c. Að afla upplýsinga frá svæðisvinnumiðlunum um atvinnuástand, atvinnuleysi og atvinnuhorfur.
d. Að vinna úr upplýsingum frá svæðisvinnumiðlunum og koma niðurstöðum, ábendingum og tillögum um vinnumarkaðsaðgerðir á framfæri við stjórn stofnunarinnar.
e. Að fylgjast með þróun erlendis í vinnumarkaðsmálum og miðla upplýsingum um hana til hlutaðeigandi aðila.
f. Að miðla í samræmi við alþjóðlegar skuldbindingar upplýsingum um vinnumarkaðsmál hér á landi til erlendra aðila.

Ráðherra getur með reglugerð falið stofnuninni fleiri verkefni en kveðið er á um í 1. mgr.

III. KAFLI
Stjórn Vinnumálastofnunar.

5. gr.

Félagsmálaráðherra skipar stjórn Vinnumálastofnunar til fjögurra ára í senn.

Alþýðusamband Íslands, Bandalag starfsmanna ríkis og bæja, Vinnuveitendasamband Íslands, Vinnumálasambandið, Samband íslenskra sveitarfélaga og stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs tilnefna einn aðalmann og einn varamann hvert í stjórnina.

Ráðherra skipar án tilnefningar tvo aðalmenn í stjórnina, formann og varaformann, svo og varamenn þeirra.

Láti stjórnarmaður af störfum áður en fjögurra ára tímabilið rennur út skal nýr aðili einungis skipaður til loka tímabilsins.

Forstjóri Vinnumálastofnunar skal sitja fundi stjórnarinnar með málfrelsi og tillögurétti.

6. gr.

Stjórn Vinnumálastofnunar skal funda eigi sjaldnar en einu sinni í mánuði.

Stjórnin skal reglulega halda samráðsfundi með fulltrúum aðila sem eiga sérhagsmuna að gæta á vinnumarkaðinum og ekki eiga fulltrúa í stjórn stofnunarinnar. Enn fremur skulu haldnir reglulegir samráðsfundir með aðilum sem hafa yfir að ráða sérþekkingu á vinnumarkaðinum.

7. gr.

Stjórn Vinnumálastofnunar skal fylgjast með þróun vinnumarkaðarins á hverjum tíma og gera tillögur til félagsmálaráðherra um vinnumarkaðsaðgerðir.

Stjórnin skal vera umsagnaraðili um lagafrumvörp og stjórnvaldsreglur sem snerta vinnumarkaðinn.

Stjórnin skal árlega, eða oftar eftir því sem tilefni er til, gefa ráðherra skýrslu um þróun vinnumarkaðarins og árangur vinnumarkaðsaðgerða. Ráðherra skal á grundvelli skýrslna stjórnarinnar gera Alþingi árlega grein fyrir þróun mála á vinnumarkaðinum.

Stjórnin hefur umsjón og eftirlit með rekstri og starfsemi Vinnumálastofnunar. Árlegar starfs- og fjárhagsáætlanir forstjóra Vinnumálastofnunar skulu lagðar fyrir stjórnina til samþykktar áður en þær eru lagðar fyrir félagsmálaráðherra.

IV. KAFLI
Svæðisvinnumiðlanir.

8. gr.

Landið er eitt vinnusvæði en svæðisvinnumiðlanir starfa á ákveðnum svæðum. Félagsmálaráðherra ákveður umdæmi þeirra og staðsetningu að fengnum tillögum stjórnar Vinnumálastofnunar. Staðarval skal miðast við að sem flestir íbúar umdæmisins eigi greiðan aðgang að þjónustu svæðisvinnumiðlunar. Svæðisráð svæðisvinnumiðlunar ákvarðar nánara fyrirkomulag skráningar atvinnulausra innan svæðis.

Vinnumálastofnun er heimilt, að fenginni umsögn svæðisráðs og stjórnar Atvinnuleysistryggingasjóðs, að semja við sveitarfélög eða aðra aðila um að annast verkefni svæðisvinnumiðlunar, sbr. 10. gr. Slíkir samningar skulu staðfestir af félagsmálaráðherra.

9. gr.

Forstjóri Vinnumálastofnunar ræður forstöðumann svæðisvinnumiðlunar að fenginni umsögn svæðisráðs.

Forstöðumaður annast daglega stjórn svæðisvinnumiðlunar í samræmi við starfsáætlun samþykkta af svæðisráði.

10. gr.

Verkefni svæðisvinnumiðlunar eru:

a. Að aðstoða atvinnuumsækjendur við atvinnuleit og atvinnurekendur við að útvega hæft starfsfólk.
b. Að taka saman og miðla upplýsingum um atvinnuástand, atvinnuleysi og atvinnuhorfur til svæðisráðs og Vinnumálastofnunar.
c. Að veita upplýsingar og ráðgjöf um starfsval og starfsmenntun.
d. Að miðla upplýsingum um laus störf og umsóknum um störf til annarra svæðisvinnumiðlana.
e. Að sjá til þess að atvinnulausir eigi kost á ráðgjöf og úrræðum, svo sem námi eða starfsþjálfun, sem miðast við þarfir og aðstæður hvers og eins og hafa það að markmiði að auka starfsgetu og starfsmöguleika hins atvinnulausa.
f. Að annast skráningu atvinnulausra, gefa út vottorð um atvinnuleysi og miðla upplýsingum og gögnum til úthlutunarnefnda.
g. Að hafa eftirlit með því að umsækjendur um atvinnuleysisbætur fullnægi skilyrðum laga um atvinnuleysistryggingar og tilkynna úthlutunarnefnd ef rökstudd ástæða er til þess að ætla að svo sé ekki.

Stjórn Vinnumálastofnunar og svæðisráð geta falið svæðisvinnumiðlunum fleiri verkefni en kveðið er á um í 1. mgr.

V. KAFLI
Svæðisráð.

11. gr.

Félagsmálaráðherra skipar á hverju svæði, að afloknum reglubundnum sveitarstjórnarkosningum, níu manna ráðgjafarnefnd svæðisvinnumiðlunar sem í lögum þessum er nefnd svæðisráð.

Svæðisráð skal skipað þremur fulltrúum tilnefndum af samtökum vinnuveitenda og þremur fulltrúum tilnefndum af samtökum launþega á svæðinu. Tveir fulltrúar skulu tilnefndir af sveitarfélögum og einn af framhaldsskólum á svæðinu. Varamenn skulu tilnefndir á sama hátt. Náist ekki samkomulag um tilnefningu úrskurðar ráðherra um hver skuli til-

nefna fulltrúa í ráðið með hliðsjón af því hversu fjölmenn viðkomandi samtök eða sveitarfélög eru á svæðinu og að fenginni umsögn viðkomandi heildarsamtaka. Ráðherra skipar formann og varaformann svæðisráðs úr hópi þeirra sem tilnefndir hafa verið sem aðalmenn.

Forstöðumaður svæðisvinnumiðlunar skal sitja fundi svæðisráðs með málfrelsi og tillögurétti.

Svæðisráði er heimilt að skipa úr sínum hópi þriggja manna framkvæmdaráð til að fara með verkefni svæðisráðs eftir nánara umboði ráðsins.

12. gr.

Svæðisráð skal funda að jafnaði einu sinni í mánuði.

13. gr.

Svæðisráð skal fylgjast með framvindu atvinnumála á svæðinu og gera tillögur um vinnumarkaðsaðgerðir. Tillögum sínum skal ráðið beina til stjórnar Vinnumálastofnunar, sveitarfélaga, atvinnuráðgjafa, félagasamtaka og fyrirtækja á svæðinu eftir því sem við á.

Svæðisráð skal aðstoða svæðisvinnumiðlun við að hrinda í framkvæmd úrræðum fyrir atvinnulausa, sbr. e-lið 1. mgr. 10. gr., m.a. með því að fá þá aðila, sem tilgreindir eru í 1. mgr., til samstarfs um slík úrræði.

Svæðisráð skal árlega, og oftar eftir því sem tilefni er til, gefa stjórn Vinnumálastofnunar skýrslu um atvinnuástand og árangur vinnumarkaðsaðgerða á svæðinu.

VI. KAFLI
Réttindi og skyldur þeirra sem leita eftir atvinnu og atvinnurekenda sem leita eftir vinnuafli.

14. gr.

Svæðisvinnumiðlun er skylt að aðstoða alla þá sem hafa óbundna heimild til þess að ráða sig til vinnu hér á landi við atvinnuleit og val á starfsnámi. Henni er enn fremur skylt að aðstoða atvinnurekendur sem leita eftir almennum upplýsingum um framboð á vinnuafli eða aðstoð við ráðningu starfsfólks. Þjónusta svæðisvinnumiðlunar skal miðast við þarfir hvers og eins.

Svæðisvinnumiðlun getur synjað þeim um þjónustu sem ítrekað hefur hafnað úrræðum svæðisvinnumiðlunar um aðstoð eða ekki sinnt skyldum sínum gagnvart henni.

15. gr.

Svæðisvinnumiðlun skal með samkomulagi við hvern einstakan atvinnuleitanda gera starfsleitaráætlun innan tíu vikna frá skráningu. Sé starfsleitaráætlun gerð skulu þar koma fram hugmyndir atvinnuleitanda og fulltrúa svæðisvinnumiðlunar um atvinnumöguleika viðkomandi og hvaða tilboð og aðstoð vinnumiðlun getur veitt, sbr. e-lið 1. mgr. 10. gr. laga þessara. Áætlunin skal miðast við persónulegar forsendur atvinnuleitandans og atvinnuhorfur í landinu. Enn fremur skulu svæðisvinnumiðlun og hinn atvinnulausi semja um hvernig háttað skuli sambandi þeirra og eftirliti fulltrúa vinnumiðlunar meðan atvinnuleysi viðkomandi varir.

Ef ágreiningur rís vegna samkomulags um starfsleitaráætlun eða um hvort starfsleitaráætlun skuli gerð getur hvor aðili fyrir sig vísað honum til úthlutunarnefndar, sbr. 16. gr. laga um atvinnuleysistryggingar.

16. gr.

Sá sem er atvinnulaus en á ekki rétt á atvinnuleysisbótum eða sætir missi bóta skal eiga rétt á aðstoð svæðisvinnumiðlunar við að kanna rétt sinn til annarrar aðstoðar frá ríki eða sveitarfélagi.

17. gr.

Þjónusta svæðisvinnumiðlana skal vera þeim sem leita eftir atvinnu og atvinnurekendum að kostnaðarlausu.

18. gr.

Allar upplýsingar, sem svæðisvinnumiðlun fær í starfi sínu, hvort sem þær snerta einkamál eða viðskiptahagsmuni, skulu vera trúnaðarmál vinnumiðlunar og þess er upplýsingar veitir að öðru leyti en því sem snertir bein tengsl við miðlun vinnu og starfsráðningar.

Stjórn Vinnumálastofnunar setur nánari reglur um meðferð upplýsinga varðandi þá sem leita eftir aðstoð svæðisvinnumiðlunar. Reglur þessar skulu staðfestar af ráðherra.

19. gr.

Atvinnuleitanda er skylt að tilkynna svæðisvinnumiðlun sem hann hefur leitað til ef hann er ráðinn til starfa. Atvinnurekanda er á sama hátt skylt að tilkynna svæðisvinnumiðlun ef einhver þeirra atvinnuleitenda, sem hún hefur vísað á, er ráðinn til starfa.

20. gr.

Ákvörðun svæðisvinnumiðlunar er unnt að skjóta til stjórnar Vinnumálastofnunar eftir að svæðisráð hefur fjallað um málið.

VII. KAFLI
Ýmis ákvæði.

21. gr.

Fyrirtækjum, einstaklingum og félagasamtökum er heimilt að annast milligöngu um ráðningar, enda sé það gert á kostnað atvinnurekenda. Mál vegna brota á þessu skulu varða sektum sem renna skulu í ríkissjóð. Um málsmeðferð fer samkvæmt lögum um meðferð opinberra mála.

22. gr.

Kostnaður af rekstri Vinnumálastofnunar og svæðisvinnumiðlana greiðist af ríkinu.

23. gr.

Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um störf Vinnumálastofnunar og stjórnar hennar og svæðisvinnumiðlana og svæðisráða.

24. gr.

Lög þessi taka gildi 1. júlí 1997. Jafnframt falla úr gildi lög um vinnumiðlun, nr. 18/1985, með síðari breytingum, og IX. kafli laga um stjórn efnahagsmála o.fl., nr. 13/1979.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Þegar eftir gildistöku laga þessara skal skipa svæðisráð, sbr. 11. gr. laga þessara, sem starfa skulu þar til skipuð hafa verið ný svæðisráð að afloknum næstu reglulegu sveitarstjórnarkosningum.

II.

Ákvæði laga þessara hagga ekki samþykktum reynslusveitarfélaga um framkvæmd vinnumiðlunar. Ákvæði þetta gildir til 31. desember 1999.

Gjört í Reykjavík, 13. mars 1997.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Páll Pétursson.

Nr. 14 20. mars 1997

LÖG

um breyting á lögum um eignarrétt og afnotarétt fasteigna, nr. 19 6. apríl 1966, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Fyrri málsliður 2. tölul. 4. mgr. 1. gr. laganna, sbr. 22. gr. laga nr. 133/1993, orðast svo: Þegar sá sem í hlut á nýtur réttar hér á landi samkvæmt reglum samnings um Evrópska efnahagssvæðið um frjálsa fólksflutninga, staðfesturétt, þjónustustarfsemi eða fjármagnsflutninga.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 20. mars 1997.

Ólafur Ragnar Grímsson
(L. S.)

Þorsteinn Pálsson.

Nr. 15 21. mars 1997

LÖG

um breytingu á lögum um brunavarnir og brunamál, nr. 41/1992, með síðari breytingu.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í stað orðsins „Félagsmálaráðherra“ í 1. gr. laganna kemur: Ráðherra.

2. gr.

Í stað orðsins „Félagsmálaráðherra“ í 3. mgr. 4. gr. laganna kemur: Ráðherra.

3. gr.

Í stað orðsins „Félagsmálaráðherra“ í 1. og 2. mgr. 8. gr. laganna, sbr. 2. gr. laga nr. 40/1994, kemur: Ráðherra.

4. gr.

Í stað orðsins „félagsmálaráðherra“ í 1. og 2. málsl. 11. gr. laganna kemur: ráðherra.

5. gr.

Í stað orðsins „Félagsmálaráðherra“ í 23. gr. laganna kemur: Ráðherra.

6. gr.

Í stað orðsins „félagsmálaráðuneytinu“ í 2. mgr. 27. gr. laganna kemur: ráðuneytinu.

7. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1997.

Gjört á Bessastöðum, 21. mars 1997.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Davíð Oddsson.

24. mars 1997 Nr. 16

AUGLÝSING

um breyting á viðauka I við tollalög nr. 55 30. mars 1987 með síðari breytingum.

1. gr.

Tollskrárnúmerið 3707.9000 skiptist upp og orðist svo:

		A %	E %
	– Annað:		
3707.9010	–– Vætiefni (Stabilizer) til ljósmyndunar	0	
	–– Annars:		
	––– Upplausnir:		
3707.9020	––––– Notaðar án þynningar með vatni	0	
	––––– Þynntar með vatni fyrir notkun:		
3707.9031	––––– Í rúmmálshlutföllum minna en 1:2 (einn hluti kemísks efnis, minna en tveir hlutar vatns)	0	
3707.9032	––––– Í rúmmálshlutföllum 1:2 og minna en 1:3		

			A %	E %
		(einn hluti kemísks efnis, minna en þrír hlutar vatns)	0	
3707.9033	-----	Í rúmmálshlutföllum 1:3 og minna en 1:4 (einn hluti kemísks efnis, minna en fjórir hlutar vatns)	0	
3707.9034	-----	Í rúmmálshlutföllum 1:4 og minna en 1:5 (einn hluti kemísks efnis, minna en fimm hlutar vatns)	0	
3707.9035	-----	Í rúmmálshlutföllum 1:5 eða meira (einn hluti kemísks efnis, fimm hlutar vatns eða meira)	0	
3707.9090	---	Annað	0	

2. gr.

Auglýsing þessi er sett samkvæmt heimild í 6. og 143. gr. tollalaga nr. 55 30. mars 1987, með síðari breytingum, til að öðlast gildi 15. apríl 1997.

Fjármálaráðuneytinu, 24. mars 1997.

F. h. r.
Jón Guðmundsson.

Bergþór Magnússon.

STJÓRNARTÍÐINDI A 6 – 1997

9. apríl 1997 49 Nr. 17

LÖG

um Flugskóla Íslands hf.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Samgönguráðherra skal heimilt að beita sér fyrir stofnun hlutafélags um rekstur flugskóla sem nefnast skal Flugskóli Íslands hf.

Í þessu skyni er ráðherra heimilt að leggja fram í reiðufé allt að 4 millj. kr. sem hlutafé í hinu nýja félagi og kveðja aðra aðila til samstarfs um stofnun þess. Auk þess skal ráðherra heimilt að leggja félaginu til þann búnað sem Flugmálastjórn hefur nýtt til flugkennslu og verði hann metinn til hlutafjár.

2. gr.

Markmið skólastarfsins skal vera að veita menntun sem gerir nemendur hæfa til að taka að sér störf í þágu atvinnuflugs í samræmi við ákvæði laga og reglugerða um skírteini atvinnuflugmanna og áritanir á þau. Samkvæmt því skal skólinn veita kennslu til undirbúnings prófa í atvinnuflugi.

Kennsla sú sem skólinn veitir skal miðast við öll stig atvinnuflugnáms og miða að því að búa nemendur undir próf loftferðaeftirlits Flugmálastjórnar til öflunar atvinnuflugréttinda í samræmi við gildandi reglur á hverjum tíma.

Flugskóli Íslands hf. skal leita samvinnu og samstarfs við aðra flugskóla um ákveðna kennsluþætti, einkum þá verklegu. Skulu nemendur eiga þess kost að semja sjálfir við aðra flugskóla um afnot flugvéla, eða leggja til eigin vélar, enda verði skilyrðum skólans að öllu leyti fullnægt.

Skólinn skal sinna endurmenntun atvinnuflugmanna eftir því sem þörf krefur.

3. gr.

Þeir einir geta hafið nám í Flugskóla Íslands hf. sem:

1. uppfylla lágmarkskröfur um aldur og menntun, eftir því sem nánar er kveðið á um í reglugerð,
2. fullnægja skilyrðum um andlegt og líkamlegt heilbrigði til að fá útgefið skírteini eða áritun atvinnuflugmanns.

Heimilt er að halda inntökupróf í Flugskóla Íslands hf. og gera tiltekinn prófárangur að skilyrði fyrir að geta hafið nám.

4. gr.

Þriggja manna stjórn, sem kosin skal á aðalfundi ár hvert, fer með yfirstjórn skólans.

Samgönguráðherra fer með eignarhlut ríkisins í félaginu.

Stjórn skólans skipuleggur skólastarfið, ákvarðar tilhögun kennslu, undirbýr námskeið og stundaskrár og ákveður námsefni. Auk þess hefur stjórnin með höndum yfirstjórn annars þess

sem varðar rekstur skólans. Hún ræður skólastjóra sem auk kennslu skal, sem framkvæmdastjóri, framfylgja ákvörðunum stjórnar. Stjórnin ræður kennara að skólanum í samráði við skólastjóra.

5. gr.

Samgönguráðherra skal beita sér fyrir gerð samnings milli ríkisins og hins nýja félags þar sem nánar skal kveðið á um það skólahald sem félagið á að sinna og hvernig greiðslum af hálfu ríkisins skuli háttað. Á fjárlögum hverju sinni skal síðan veita fé til að fullnægja skuldbindingum ríkisins samkvæmt samningnum.

Auk fjárframlaga samkvæmt samningi skólans við ríkið skal rekstur hans fjármagnaður með skólagjöldum nemenda. Stjórn skólans ákveður upphæð þeirra skólagjalda sem nemendum er gert að greiða.

Tilgangur félagsins er ekki að afla hluthöfum fjárhagslegs ávinnings, heldur skal rekstrarafgangi varið til frekari uppbyggingar skólastarfsins og skulu samþykktir félagsins innihalda ákvæði þess efnis.

6. gr.

Samgönguráðherra skal heimilt að selja hluti ríkisins í félaginu. Engum einum aðila, öðrum en ríkinu, skal þó heimilt að eiga meira en 25% hlutafjár.

7. gr.

Samgönguráðherra skal auglýsa opinberlega fund um stofnun hlutafélags um rekstur Flugskóla Íslands. Fyrir stofnfundinn skal m.a. leggja drög að samþykktum félagsins.

Að öðru leyti en greinir í lögum þessum fer um stofnun og starfsemi Flugskóla Íslands hf. eftir ákvæðum hlutafélagalaga.

8. gr.

Heimilt er samgönguráðherra að kveða nánar á um fyrirkomulag á kennslu til prófa í atvinnuflugi og um próftöku með reglugerð.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 9. apríl 1997.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Halldór Blöndal.

Nr. 18 17. apríl 1997

LÖG

um endurskoðendur.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI
Almenn ákvæði.

1. gr.

Með endurskoðanda er í lögum þessum átt við þann sem hefur þekkingu til að gefa hlutlaust og áreiðanlegt álit á reikningsskilum og öðrum fjárhagsupplýsingum til notkunar í við-

skiptum, ráðherra hefur löggilt til endurskoðunarstarfa og fullnægir að öðru leyti skilyrðum laga þessara.

Öðrum mönnum en löggiltum endurskoðendum er eigi heimilt að nota orðið endurskoðandi í starfsheiti sínu. Þá er og óheimil notkun starfsheitis eða firmanafns sem til þess er fallið að vekja þá trú að maður sé endurskoðandi, ef hann er það ekki.

II. KAFLI
Endurskoðendaréttindi.

Skilyrði.

2. gr.

Rétt til að öðlast löggildingu sem endurskoðandi hefur sá sem fullnægir eftirtöldum skilyrðum:

1. er lögráða, hefur forræði á búi sínu og er svo á sig kominn andlega að hann sé fær um að gegna störfum endurskoðanda,
2. hefur ekki orðið að sæta því að bú hans sé tekið til gjaldþrotaskipta, sbr. þó 2. mgr.
3. hefur óflekkað mannorð, svo sem áskilið er til kjörgengis við kosningar til Alþingis,
4. hefur lokið brottfararprófi frá viðskiptadeild Háskóla Íslands með endurskoðun sem kjörsvið,
5. hefur unnið að alhliða endurskoðunarstörfum undir stjórn endurskoðanda samtals í þrjú ár, þar af a.m.k. eitt ár að loknu brottfararprófi frá viðskiptadeild, sbr. 4. tölul.,
6. hefur staðist próf skv. 3. gr.

Víkja má frá skilyrði 2. tölul. 1. mgr. að fengnum meðmælum endurskoðendaráðs ef umsækjandi hefur haft forræði á fé sínu að minnsta kosti þrjú undanfarin ár.

Leggja má að jöfnu við próf það, sem um getur í 4. tölul. 1. mgr., sambærilegt próf frá öðrum háskóla ef prófnefnd skv. 1. mgr. 3. gr. telur sýnt að umsækjandi hafi næga þekkingu á þeim málefnum sem varða endurskoðendur og störf þeirra. Til að staðreyna þetta er nefndinni heimilt að leggja fyrir umsækjanda að gangast undir sérstakt próf á sínum vegum í einni eða fleiri greinum sem kenndar eru á reikningshalds- og endurskoðunarkjörsviði viðskiptadeildar Háskóla Íslands.

Heimilt er að synja manni um löggildingu ef ákvæði 2. mgr. 68. gr. almennra hegningarlaga eiga við hagi hans.

Þegar endurskoðandi tekur að sér þjálfun starfsmanns skv. 5. tölul. 1. mgr. skal hann tilkynna það Félagi löggiltra endurskoðenda. Hann skal jafnframt ábyrgjast að nemandinn hljóti tilhlýðilega starfsþjálfun.

Ráðherra er heimilt að fengnum tillögum endurskoðendaráðs að setja í reglugerð fyrirmæli um undanþágu frá skilyrðum 4., 5. og 6. tölul. 1. mgr. handa þeim sem öðlast hafa sambærilega reynslu og menntun eða eftir atvikum löggildingu í öðru ríki.

Próf og prófnefnd.

3. gr.

Sá sem öðlast vill löggildingu til endurskoðunar verður að standast próf sem þriggja manna prófnefnd annast. Ráðherra skipar nefndina til fjögurra ára í senn. Skal skipa einn nefndarmann eftir tilnefningu Félags löggiltra endurskoðenda, annan eftir tilnefningu viðskiptadeildar Háskóla Íslands og þann þriðja án tilnefningar og skal hann vera formaður nefndarinnar. Jafnmargir varamenn skulu skipaðir á sama hátt.

Prófin skulu ná til þeirra greina bóknáms og verkmenntunar sem helst varða endurskoðendur og störf þeirra. Í reglugerð, sem ráðherra setur að fengnum tillögum prófnefndar, skal

meðal annars kveðið nánar á um námsgreinar, framkvæmd prófa og lágmarksárangur til að standast þau.

Próf skulu að jafnaði haldin einu sinni ár hvert.

Ráðherra getur ákveðið gjald sem greitt skal fyrir að þreyta próf. Fjárhæð gjalds skal eigi vera hærra en sem nemur kostnaði við þóknun prófdómara og þeirra er próf semja.

Löggilding.

4. gr.

Eftir því sem þörf er á skal sá sem staðist hefur próf skv. 3. gr. leggja fram gögn til stuðnings því að hann fullnægi skilyrðum skv. 2. gr. Hann skal að auki vinna að því skriflegt heit að viðlögðum drengskap að hann muni rækja af trúmennsku og samviskusemi öll þau störf sem honum kunna að verða falin sem endurskoðanda og að hann muni viðhalda menntun sinni. Fjármálaráðherra skal að fengnum tillögum prófnefndar skv. 3. gr. setja reglugerð um endurmenntunarnámskeið fyrir endurskoðendur. Skal þar m.a. kveðið á um lágmarksendurmenntun, námskeiðsgreinar, gjaldtöku og annað er að framkvæmd námskeiða lýtur.

Ráðherra gefur út löggildingarskírteini handa endurskoðanda.

Skrár.

5. gr.

Í ráðuneytinu skal halda skrá um þá sem fengið hafa löggildingu til endurskoðunar og þau endurskoðunarfyrirtæki, sbr. 6. gr., sem tilkynnt hafa verið skv. 2. mgr. Skrá þessi skal birt árlega og vera opin almenningi.

Endurskoðendum og endurskoðunarfyrirtækjum er skylt að tilkynna ráðherra í hvaða sveitarfélögum þeir reka starfsemi.

Ráðherra skal auglýsa í Lögbirtingablaði veitingu réttinda, svo og ef þau falla niður.

Endurskoðunarfyrirtæki.

6. gr.

Endurskoðendum er heimilt að stofna félag um rekstur sinn í því formi sem þeir sjálfir kjósa, þar á meðal með takmarkaðri ábyrgð.

Starfssvið reksturs skv. 1. mgr. má aðeins vera rekstur endurskoðunarfyrirtækis.

Í sameignarfélagi skulu allir félagsmenn vera endurskoðendur.

Í hlutafélagi og einkahlutafélagi skal meiri hluti stjórnarmanna vera endurskoðendur.

Hlutir og einkahlutir mega aðeins vera í eigu:

1. endurskoðenda og/eða endurskoðunarfyrirtækja sem starfa á Evrópska efnahagssvæðinu,
2. manna sem gegna fullu starfi hjá endurskoðunarfyrirtæki,
3. manna sem gegna hlutastarfi hjá endurskoðunarfyrirtæki og gegna ekki öðru launuðu starfi sem ósamrýmanlegt er ákvæði 1. mgr. 7. gr.,
4. starfsmannafélaga hjá hlutaðeigandi endurskoðunarfyrirtæki sem eru óháð stjórn þess og eiga eingöngu hlut í því og þar sem félagsmenn eru aðeins úr hópi þeirra manna sem nefndir eru undir 2. og 3. tölul.

Þeir menn sem nefndir eru í 2. og 3. tölul. 5. mgr. og ekki eru endurskoðendur og þau félög sem nefnd eru í 4. tölul. 5. mgr. mega að hámarki samanlagt eiga 30% af hlutafénu og sameiginlega í mesta lagi ráða yfir 30% atkvæða í félaginu.

Ráðherra getur heimilað, að fenginni umsögn endurskoðendaráðs, að aðrir en þeir sem nefndir eru í þessari grein geti átt eigendahagsmuni í endurskoðunarfyrirtæki svo fremi að ástæður mæli með því.

III. KAFLI
Störf endurskoðenda.

Almenn ákvæði.

7. gr.

Störf endurskoðenda felast í endurskoðun reikningsskila og annarra fjárhagsupplýsinga ásamt ráðgjöf og þjónustu innan nærliggjandi sviða svo framarlega sem það hefur ekki áhrif á hlutlægni þeirra.

Endurskoðendur skulu rækja störf sín af kostgæfni og samviskusemi í hvívetna og halda lög og reglur sem lúta að starfi þeirra.

Endurskoðendur eru bundnir þagnarskyldu um það sem þeir fá vitneskju um í starfa sínum og leynt á að fara. Starfsmaður endurskoðanda er einnig bundinn þagnarskyldu um þau mál sem hann kann að komast að vegna starfa sinna. Sama gildir um þá sem tekið hafa að sér eftirlit með starfsemi endurskoðanda.

Starfræki endurskoðandi, eða endurskoðunarfyrirtæki, starfsstöð í fleiri en einu sveitarfélagi skal henni veitt forstaða af endurskoðanda.

Endurskoðanda er óheimilt að gefa til kynna að hann sé endurskoðandi hjá fyrirtæki eða stofnun sem hann er vanhæfur til að endurskoða, sbr. 9. gr.

Endurskoðanda er ávallt frjálst að leggja inn réttindi sín og skal þá vátryggingarskylda skv. 10. gr. falla niður. Hafi endurskoðandi lagt inn réttindi sín er honum óheimilt að taka að sér störf sem endurskoðandi, sbr. 1. mgr.

Áritun.

8. gr.

Áritun endurskoðanda á reikningsskil þýðir, nema annað komi fram af árituninni, að reikningsskilin hafi verið endurskoðuð af honum í samræmi við góða endurskoðunarvenju og að reikningsskilin gefi að hans mati glögga mynd af hag og afkomu aðila í samræmi við góða reikningsskilavenju.

Vanhæfisástæður.

9. gr.

Endurskoðanda er óheimilt að endurskoða hjá stofnunum og fyrirtækjum:

1. ef hann er að einhverju leyti ábyrgur fyrir skuldbindingum viðkomandi stofnana eða fyrirtækja,
2. ef hann er undir stjórn eða á annan hátt háður stjórnarmönnum, framkvæmdastjóra, prókúruhafa eða þeim starfsmönnum sem annast eða hafa eftirlit með bókhaldi og fjármálum,
3. ef hann er eða hefur verið maki aðila skv. 2. tölul., skyldur eða mægður aðila í beinan legg eða að öðrum lið til hliðar eða tengdur aðila með sama hætti vegna ættleiðingar,
4. ef hann sjálfur, venslamenn hans skv. 3. tölul. eða næstu yfirmenn eiga meira en óverulegra hagsmuna að gæta hjá viðkomandi stofnun eða fyrirtæki,
5. ef hann er fjárhagslega háður þeim sem endurskoða á,
6. ef að öðru leyti eru fyrir hendi þær aðstæður sem eru fallnar til þess að draga óhlutdrægni hans í efa með réttu.

Endurskoðandi má ekki eiga hlut í fyrirtæki sem hann endurskoðar. Verði ytri atvik, svo sem arfur, gjöf eða samruni fyrirtækja, til þess að endurskoðandi eignist hlut í fyrirtæki umbjóðanda ber honum eins fljótt og auðið er og í síðasta lagi innan eins árs að losa sig við þann hlut eða vísa endurskoðunarverkefninu frá sér ella.

Endurskoðandi eða endurskoðunarfyrirtæki má ekki í þrjú ár samfellt eiga stærri hluta en 20% af veltu sinni undir einum viðskiptavini sem hann eða það endurskoðar fyrir. Endurskoðendaráð getur veitt undanþágu frá þessari reglu.

Starfsábyrgðartrygging.

10. gr.

Endurskoðanda er skylt að hafa í gildi starfsábyrgðartryggingu hjá vátryggingafélagi sem hefur starfsleyfi hér á landi vegna fjárhagstjóns sem leitt getur af gáleysi í störfum hans eða starfsmanna hans. Tryggingarskyldan fellur niður ef endurskoðandi leggur inn réttindi sín, sbr. 6. mgr. 7. gr.

Ráðherra skal að fengnum tillögum Félags löggiltra endurskoðenda ákveða lágmark fjárhæðar tryggingar skv. 1. mgr. og hámark eigin áhættu vátryggingartaka. Skal þá höfð hliðsjón af góðum venjum á sviði vátrygginga og hagsmunum viðskiptamanna endurskoðenda.

Endurskoðanda er heimilt með samningi um ákveðið verk að takmarka hámark bótaskyldu sinnar vegna ækslu þess við tiltekna fjárhæð sem nemi að minnsta kosti lágmarki starfsábyrgðartryggingar skv. 2. mgr. Slík takmörkun bindur aðeins viðsemjanda endurskoðanda og getur ekki náð til annars tjóns en þess sem stafar af gáleysi.

Endurskoðandi skal árlega senda ráðuneytinu staðfestingu um að hann hafi í gildi starfsábyrgðartryggingu.

IV. KAFLI
Eftirlit.

11. gr.

Ráðherra hefur eftirlit með framkvæmd laga þessara.

Endurskoðanda er skylt að veita ráðherra eða þeim sem ráðherra tilnefnir í því skyni allar nauðsynlegar upplýsingar til að metið verði hvort hann fullnægi þeim skyldum sem mælt er fyrir um í lögum þessum. Er sá sem gegnir eftirliti bundinn þagnarskyldu um það sem hann kemst að raun um að því leyti sem það varðar ekki tilgang eftirlitsins.

Komi fram við eftirlit að endurskoðandi fullnægi ekki skilyrðum sem mælt er fyrir um í lögum þessum ber ráðherra að fella úr gildi réttindi hans. Ráðherra skal leita álits endurskoðendaráðs áður en hann tekur ákvörðun sína.

V. KAFLI
Endurskoðendaráð og samtök endurskoðenda.

12. gr.

Ráðherra skipar þrjá menn í endurskoðendaráð til fjögurra ára í senn og jafnmarga til vara.

Einn nefndarmaður skal skipaður samkvæmt tilnefningu Félags löggiltra endurskoðenda, annar eftir tilnefningu viðskiptadeildar Háskóla Íslands og skulu þeir vera endurskoðendur. Þann þriðja skipar ráðherra án tilnefningar og skal hann vera formaður ráðsins. Skal formaður fullnægja skilyrðum til að vera skipaður í embætti héraðsdómara. Eins skal farið að um skipun varamanna.

Í hverju máli skal fullskipað endurskoðendaráð úrskurða.

Kostnaður af störfum endurskoðendaráðs greiðist úr ríkissjóði.

Endurskoðendaráð skal árlega gera skýrslu um störf sín og skal hún opin almenningi. Í henni skal rekja efnislega alla úrskurði sem fordæmisgildi hafa.

13. gr.

Endurskoðendaráð getur tekið mál til meðferðar eftir kvörtun eða að eigin frumkvæði.

Nú telur endurskoðendaráð sýnt að endurskoðandi hafi í störfum sínum brotið svo mjög eða ítrekað gegn lögum eða þeim reglum sem um getur í 2. mgr. 15. gr. að ekki verði við unað að hann hafi áfram réttindi til að vera endurskoðandi, og getur þá endurskoðendaráð í rökstuddu áliti lagt til við ráðherra að réttindi endurskoðandans verði felld niður um tiltekinn tíma eða ótímabundið ef sakir eru miklar.

Endurskoðendaráð getur í rökstuddu áliti vísað máli til opinberrar rannsóknar af sjálfsdáðum eða að kröfu endurskoðanda ef hann vill eigi hlíta því að mál verði afgreidd af endurskoðendaráði.

Endurskoðendaráð getur veitt endurskoðanda áminningu eða gert honum að greiða sekt, sbr. 2. mgr. 17. gr. Ef endurskoðandi vill ekki una úrskurði endurskoðendaráðs eða ákvörðun ráðherra um réttindasviptingu getur hann borið sakarefnið undir dómstóla.

Ráðherra ber að taka afstöðu til tillögu endurskoðendaráðs skv. 2. mgr. innan tveggja mánaða frá því að hún berst honum.

Málsmeðferð fyrir endurskoðendaráði.

14. gr.

Meðferð mála fyrir endurskoðendaráði fer eftir stjórnsýslulögum. Endurskoðendaráð setur sér nánari reglur um meðferð einstakra málaflokka.

Ákvarðanir endurskoðendaráðs sæta ekki stjórnsýslukæru.

Mál skal lagt fyrir endurskoðendaráð með skriflegu erindi og skulu því fylgja nauðsynleg gögn.

Endurskoðendaráði er heimilt ef sérstaklega stendur á að skylda málsaðila til að greiða gagnaðila sínum málskostnað vegna rekstrar máls fyrir ráðinu.

Úrskurði endurskoðendaráðs, þar með talið um sektargreiðslu skv. 2. mgr. 17. gr., eða sátt sem kemst á fyrir endurskoðendaráði má fullnægja með aðför eins og dómsúrskurði eða dómsátt.

Félag löggiltra endurskoðenda.

15. gr.

Félag löggiltra endurskoðenda kemur fram fyrir hönd endurskoðenda gagnvart stjórnvöldum um þau málefni sem stétt þeirra varða.

Félag löggiltra endurskoðenda setur siðareglur fyrir endurskoðendur. Að fenginni staðfestingu ráðherra á reglunum í heild eða að hluta gilda þær um alla endurskoðendur.

Félag löggiltra endurskoðenda heldur skrá um þá starfsmenn sem eru í starfsþjálfun, sbr. 5. mgr. 2. gr.

VI. KAFLI
Ágreiningur um störf endurskoðenda.

16. gr.

Ef endurskoðanda greinir á við umbjóðanda sinn um rétt til endurgjalds fyrir störf sín eða fjárhæð þess getur annar þeirra eða þeir báðir lagt málið fyrir endurskoðendaráð til úrskurðar.

Hafi dómsmál ekki verið höfðað um ágreiningsefni skv. 1. mgr. áður en það er lagt fyrir endurskoðendaráð verður það ekki borið undir dómstóla á meðan málið er þar rekið.

17. gr.

Nú telur einhver sem hefur hagsmuna að gæta að endurskoðandi hafi gert á sinn hlut með háttsemi sem stríðir gegn lögum eða reglum skv. 2. mgr. 15. gr., og getur hann þá lagt fyrir endurskoðendaráð kvörtun á hendur endurskoðandanum. Endurskoðendaráð vísar kvörtun frá sér ef lengri tími en eitt ár er liðinn frá því að viðkomandi átti kost á að koma henni á framfæri eða ef kærandi hefur ekki hagsmuna að gæta eða kæra er metin tilefnislaus.

Í máli skv. 1. mgr. getur endurskoðendaráð veitt endurskoðanda áminningu. Ef sakir eru miklar eða endurskoðandi hefur ítrekað sætt áminningu getur endurskoðendaráð gert honum að greiða sekt í ríkissjóð allt að 1 millj. kr. eða brugðist svo við sem um ræðir í 2. mgr. 13. gr.

VII. KAFLI
Brottfall réttinda.

18. gr.

Hafi réttindi endurskoðanda verið felld niður tímabundið samkvæmt einhverju því sem greinir í lögum þessum eða endurskoðandi hefur lagt inn réttindi sín skal veita honum þau á ný eftir umsókn hans án endurgjalds eða prófs ef hann fullnægir orðið öllum skilyrðum til að njóta þeirra.

Hafi réttindi endurskoðanda verið felld niður ótímabundið samkvæmt því sem í 13. gr. segir getur hann að fimm árum liðnum sótt um heimild til að gangast undir próf skv. 3. gr. Slíka heimild veitir ráðherra að fenginni umsögn endurskoðendaráðs.

19. gr.

Hafi löggilding endurskoðanda verið felld úr gildi ber honum að skila löggildingarskírteini sínu. Ef hann síðar fullnægir skilyrðum laga þessara til þess að fá löggildingu sem endurskoðandi gilda ákvæði 18. gr.

VIII. KAFLI
Viðurlög.

20. gr.

Brot gegn lögum þessum og reglum, sem settar verða samkvæmt þeim, varða sektum til ríkissjóðs, sviptingu réttinda eða varðhaldi, nema þyngri hegning liggi við samkvæmt öðrum lögum.

IX. KAFLI
Gildistaka o.fl.

21. gr.

Hafi endurskoðandi verið sviptur réttindum eða lagt þau inn fyrir 1. júlí 1997 eða svo hefur annars orðið ástatt fyrir honum að hann hafi fyrirgert réttindum sínum um sinn gilda ákvæði þessara laga um það hvort, hvernig og hvenær hann geti öðlast réttindin á ný. Lög þessi raska eigi réttindum sem maður hefur öðlast á grundvelli eldri laga, enda þótt hann fullnægi ekki þeim skilyrðum sem sett eru í 2. gr.

22. gr.

Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

23. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1997. Falla þá úr gildi lög um löggilta endurskoðendur, nr. 67 31. maí 1976, með síðari breytingum.

Ákvæði til bráðabirgða.

Ákvæði 4. gr. um endurnýjun löggildingar og viðhald menntunar skulu einnig gilda um þá endurskoðendur sem öðlast hafa löggildingu fyrir gildistöku laga þessara.

Gjört á Bessastöðum, 17. apríl 1997.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Friðrik Sophusson.

SÓTTVARNALÖG.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI
Skilgreiningar.

1. gr.

Almennar sóttvarnir eru þær ráðstafanir sem lög þessi kveða á um að ávallt skuli beita vegna smitsjúkdóma.

Opinberar sóttvarnir eru þær ráðstafanir sem skal beita vegna hættulegra smitsjúkdóma:

1. þegar hætta er á að farsóttir berist til eða frá Íslandi,
2. þegar hætta er á útbreiðslu farsótta innan lands,
3. þegar smitaður einstaklingur skapar hættu á útbreiðslu smits með framferði sínu.

2. gr.

Lög þessi fjalla um smitsjúkdóma sem valdið geta farsóttum og ógnað almannaheill, svo og aðrar alvarlegar næmar sóttir. Með smitsjúkdómum er átt við sjúkdóma eða smitun sem smitefni, örverur og eiturefni (toxín) þeirra eða sníkjudýr valda.

3. gr.

Ráðherra ákveður með reglugerð, að fengnum tillögum sóttvarnaráðs, hvaða smitsjúkdómar eru skráningarskyldir og hvaða sjúkdómar eru tilkynningarskyldir, sbr. 1. og 2. mgr. 9. gr. Af skráningarskyldum smitsjúkdómum eru þeir sjúkdómar tilkynningarskyldir sem ógnað geta almannaheill.

Með skráningarskyldu er átt við skyldu til að senda sóttvarnalækni ópersónugreindar upplýsingar, en með tilkynningarskyldu er átt við skyldu til að senda honum persónugreindar upplýsingar um sjúkdómstilvik.

Sóttvarnalæknir er ábyrgur fyrir því að haldin sé smitsjúkdómaskrá. Skráin tekur til smitsjúkdóma og ónæmisaðgerða, sbr. 2. tölul. 5. gr., og er til stuðnings sóttvarnastarfi og faraldsfræðirannsóknum. Gæta skal fyllsta trúnaðar um allar einkaupplýsingar sem fram koma í smitsjúkdómaskrá og gilda um skrána sömu reglur og um aðrar sjúkraskrár.

II. KAFLI
Yfirstjórn sóttvarna.

4. gr.

Embætti landlæknis ber ábyrgð á framkvæmd sóttvarna undir yfirstjórn heilbrigðisráðherra.

Til embættis landlæknis skal ráða lækni, sóttvarnalækni, til að sinna sóttvörnum. Læknir þessi skal hafa þekkingu á smitsjúkdómum og faraldsfræði þeirra.

Sóttvarnalæknir skal í starfi sínu hafa samvinnu við héraðslækna, aðra starfsmenn og stofnanir heilbrigðisþjónustunnar, heilbrigðisnefndir og yfirdýralækni eftir því sem við á.

Héraðslæknar eru ábyrgir fyrir sóttvörnum, hver í sínu héraði, undir stjórn sóttvarnalæknis.

Héraðslæknar og sóttvarnalæknir skulu hafa samstarf um framkvæmd nauðsynlegra sóttvarna og njóta aðstoðar lögregluyfirvalda ef með þarf.

5. gr.

Verksvið sóttvarnalæknis er aðallega eftirfarandi:

1. Að skipuleggja og samræma sóttvarnir og ónæmisaðgerðir um land allt, m.a. með útgáfu leiðbeininga um viðbrögð við farsóttum.
2. Að halda smitsjúkdómaskrá til að fylgjast með útbreiðslu smitsjúkdóma með öflun nákvæmra upplýsinga um greiningu þeirra frá rannsóknastofum, sjúkrahúsum og læknum.
3. Að koma upplýsingum um útbreiðslu smitsjúkdóma, innan lands sem utan, með reglubundnum hætti og eftir þörfum til lækna og annarra heilbrigðisstarfsmanna.
4. Að vera læknum og öðrum, sem við sóttvarnir fást, til ráðgjafar.
5. Að hafa umsjón með forvörnum gegn smitsjúkdómum, m.a. upplýsingum og fræðslu til almennings um þessi efni.

6. gr.

Ráðherra skal skipa sjö manna ráð, sóttvarnaráð, til fjögurra ára í senn. Þar skulu eiga sæti sérfræðingar á sviði smitsjúkdómalækninga, bakteríufræði, veirufræði, kynsjúkdóma og faraldsfræði/heilbrigðisfræði, heilsugæslulæknir og hjúkrunarfræðingur með sérþekkingu á sviði sóttvarna. Ráðherra skipar formann úr hópi ráðsmanna. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti.

Þegar fjallað er um mál í sóttvarnaráði, sem tengjast starfssviði Hollustuverndar ríkisins eða embættis yfirdýralæknis, skulu fulltrúar þeirra stofnana sitja fundi ráðsins, eftir því sem við á, með málfrelsi og tillögurétti.

Sóttvarnaráð mótar stefnu í sóttvörnum og skal vera heilbrigðisyfirvöldum til ráðgjafar um aðgerðir til varnar útbreiðslu smitsjúkdóma.

Ráðið skal hafa aðsetur hjá embætti landlæknis og skal sóttvarnalæknir vera ritari þess.

III. KAFLI
Almennar sóttvarnaráðstafanir.

1. Skyldur einstaklinga.

7. gr.

Það er almenn skylda að gjalda sem mesta varúð við smitsjúkdómum og gera sér allt far um að sýkja hvorki sjálfan sig né aðra, að svo miklu leyti sem framkvæmanlegt er.

Hver sá sem hefur ástæðu til að halda að hann hafi smitast af smitsjúkdómi sem ógnað geti öðrum mönnum er skyldur að leita læknis án tafar. Leiði læknisrannsókn í ljós að um slíkan sjúkdóm sé að ræða er viðkomandi skyldur að fylgja fyrirmælum læknis um meðferð og ráðstafanir til að fyrirbyggja smitun.

Ef læknir telur mikilvægt að rekja smit til að hefta frekari útbreiðslu þess ber sjúklingi skylda til að veita nauðsynlegar upplýsingar um það af hverjum hann gæti hafa smitast, svo og hverja hann kann að hafa smitað. Komi læknirinn því ekki við ber honum að vísa sjúklingi til stofnunar sem aðstöðu hefur til að rekja smit. Skylt er hlutaðeigendum að hlýða fyrirmælum læknis um nauðsynlegar rannsóknir til varnar útbreiðslu smits frá sjúklingi.

2. Skyldur lækna og annarra heilbrigðisstarfsmanna.

8. gr.

Læknar og aðrir heilbrigðisstarfsmenn skulu í starfi sínu hafa vakandi auga með smitsjúkdómum og útbreiðslu þeirra.

9. gr.

Læknir, sem kemst að því í starfi sínu að einstaklingur hefur smitast af smitsjúkdómi sem samkvæmt lögum þessum er tilkynningarskyldur eða hefur rökstuddan grun um að svo sé, skal þegar í stað tilkynna það viðkomandi héraðslækni eða sóttvarnalækni.

Orðin „til að eignast 55% af hlutafé í félaginu“ í 1. tölul. 3. gr. laganna falla brott.

3. gr.

Orðin „þó ekki sá meirihluti, sem áskilinn er í 2. gr. að framan“ í 2. mgr. 5. gr. laganna falla brott.

4. gr.

Við 13. gr. laganna bætist ný málsgrein er hljóðar svo:

Iðnaðarráðherra er eftir hlutafjárhækkun í félaginu á árinu 1997 heimilt þegar á því ári að selja eignarhlut ríkisins í félaginu, þó þannig að 12% heildarhlutafjár verði ekki seld fyrr en reynt hefur á kauprétt núverandi samstarfsaðila ríkisins að verksmiðjunni.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 27. maí 1997.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Finnur Ingólfsson.

Nr. 65 26. maí 1997

LÖG

um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við 1. mgr. 64. gr. laganna bætast tveir nýir málsliðir er orðast svo: Hafi þau samnýtt persónuafslátt þannig að annar makinn hefur nýtt persónuafslátt hins á staðgreiðsluárinu, skal telja þannig nýttan persónuafslátt þeim fyrrnefnda til góða, en skerða persónuafslátt hins síðarnefnda sem því nemur. Gera skal sérstaka grein fyrir þessari nýtingu með framtali að staðgreiðsluári liðnu.

2. gr.

Í stað hlutfallstölunnar „30,41%“ í 1. tölul. 1. mgr. 67. gr. laganna kemur: 26,41%.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 68. gr. laganna:

a. Í stað fjárhæðarinnar „294.528“ í 1. mgr. A-liðar kemur: 286.944.
b. Í stað fjárhæðarinnar „689“ í 4. mgr. B-liðar kemur: 671.

4. gr.

Í stað A- og B-liða 69. gr. laganna kemur nýr stafliður er orðast svo:

A. Barnabætur.

Með hverju barni innan 16 ára aldurs á tekjuárinu, sem heimilisfast er hér á landi og er á framfæri þeirra sem skattskyldir eru skv. 1. gr., skal ríkissjóður greiða barnabætur til framfæranda barnsins. Framfærandi telst sá aðili sem hefur barnið hjá sér og annast framfærslu þess í lok tekjuársins. Sá er greiðir meðlag með barni telst ekki framfærandi í þessu sambandi. Hjón, sem skattlögð eru skv. 63. gr., teljast bæði framfærendur og skiptast barnabætur milli þeirra til helminga. Hið sama gildir um sambúðarfólk sem uppfyllir í lok tekjuársins skilyrði 3. mgr. 63. gr. enda þótt það óski ekki að vera skattlagt samkvæmt þeirri grein.

Fyrir barn sem öðlast heimilisfesti hér á landi á tekjuárinu skal einungis greiða barnabætur í hlutfalli við dvalartíma þess hér á landi á því ári. Þannig skal fjárhæð barnabóta skv. 3. mgr. og skerðingarmörk vegna tekna, sbr. 4. mgr., ákvarðast í hlutfalli við dvalartímann.

Óskertar barnabætur skulu árlega nema 102.436 kr. með fyrsta barni en 121.932 kr. með hverju barni umfram eitt. Fyrir börn yngri en sjö ára skulu barnabætur vera 30.176 kr. hærri en framangreindar fjárhæðir. Óskertar barnabætur með börnum einstæðra foreldra skulu

vera 170.614 kr. með fyrsta barni. Með börnum umfram eitt skulu barnabæturnar vera 175.014 kr., en þó 30.176 kr. hærri sé barnið yngra en 7 ára. Búi framfærandi barns í óvígðri sambúð skal hann ekki teljast einstætt foreldri í þessu sambandi.

Barnabætur skv. 3. mgr. skerðast í jöfnu hlutfalli við tekjuskattsstofn umfram 1.141.042 kr. hjá hjónum og umfram 570.521 kr. hjá einstæðu foreldri. Með tekjuskattsstofni í þessu sambandi er átt við tekjur skv. II. kafla laganna, þó ekki tekjur skv. 3. tölul. C-liðar 7. gr., að teknu tilliti til frádráttar skv. 1., 3. og 5. tölul. A-liðar 1. mgr. og 2. mgr. 30. gr. og frádráttar skv. 31. gr. Skerðingarhlutfallið skal vera 5% með einu barni, 9% með tveimur börnum og 11% með þremur börnum eða fleiri.

Barnabætur vegna hvers barns á framfæri hjóna skerðast um 1,5% af því sem eignarskattsstofn hvors hjóna fer fram úr 4.174.466 kr. uns þær falla niður. Á sama hátt skerðast barnabætur vegna hvers barns á framfæri einstæðra foreldra um 3% af því sem eignarskattsstofn foreldris fer fram úr 6.262.219 kr. uns þær falla niður.

Fjárhæð barnabóta skal skerða um þær barnabætur eða hliðstæðar bætur sem framfærandi hefur fengið erlendis frá á sama tekjuári vegna barnsins.

Komi í ljós að maður hefur ranglega notið barnabóta eða að barnabætur hafa verið ákvarðaðar of hátt skal skattstjóri leiðrétta þær. Um slíka leiðréttingu gilda ákvæði 95. og 96. gr. eftir því sem við getur átt.

Barnabætur skulu ákveðnar við álagningu, sbr. X. kafla. Nánari reglur, m.a. um fyrirframgreiðslu og útborgun barnabóta, innheimtu ofgreiddra barnabóta og skuldajöfnun barnabóta á móti opinberum gjöldum til ríkissjóðs, opinberum gjöldum til sveitarfélaga og vangreiddum meðlögum til Innheimtustofnunar sveitarfélaga, þar á meðal um forgangsröð, skulu settar í reglugerð.

5. gr.

Við lögin bætast ný ákvæði til bráðabirgða er orðast svo:

a. (I.)

Þrátt fyrir ákvæði 1. tölul. 1. mgr. 67. gr. laganna skal tekjuskattur reiknast með eftirfarandi hætti við álagningu tekjuskatts árin 1998 og 1999 vegna tekna áranna 1997 og 1998:

a. Við álagningu tekjuskatts á árinu 1998 vegna tekna ársins 1997 skal tekjuskattur reiknast 29,31% af tekjuskattsstofni.
b. Við álagningu tekjuskatts á árinu 1999 vegna tekna ársins 1998 skal tekjuskattur reiknast 27,41% af tekjuskattsstofni.

b. (II.)

Þrátt fyrir ákvæði A- og B-liða 68. gr. laganna skal:

a. Við staðgreiðslu tekjuskatts árið 1998 og við álagningu tekjuskatts og eignarskatts árið 1999 vegna tekna og eigna árið 1998 persónuafsláttur vera 280.320 kr. og sjómannaafsláttur vera 656 kr.
b. Við staðgreiðslu tekjuskatts árið 1999 og við álagningu tekjuskatts og eignarskatts árið 2000 vegna tekna og eigna árið 1999 persónuafsláttur vera 279.948 kr. og sjómannaafsláttur vera 655 kr.

c. (III.)

Sérstakur tekjuskattur manna.

Á tekjuskattsstofn manna vegna tekna á árunum 1998, 1999 og 2000 skal á árunum 1999, 2000 og 2001 leggja sérstakan tekjuskatt eins og nánar greinir í ákvæði þessu.

Á tekjuskattsstofn einstaklinga umfram 3.120.000 kr. eða tekjuskattsstofn hjóna umfram 6.240.000 kr. skal reikna sérstakan 7% tekjuskatt.

Ef hjón hafa bæði tekjuskattsstofn umfram 3.120.000 kr. reiknast þeim sinn hlutinn hvoru hins sérstaka tekjuskatts. Sé tekjuskattsstofn annars hjóna lægri en 3.120.000 kr. reiknast hinu hjóna allur sérstaki tekjuskatturinn.

Sérstakur tekjuskattur samkvæmt ákvæði þessu skal ekki innheimtur með staðgreiðslu opinberra gjalda.

d. (IV.)

Fyrirframgreiðsla manna á sérstökum tekjuskatti.

Fyrirframgreiðsla upp í væntanlega álagningu sérstaks tekjuskatts ársins 1999 skal fara fram með fimm jöfnum mánaðarlegum greiðslum mánuðina ágúst til desember 1998. Fyrirframgreiðslan skal vera 7% af tekjuskattsstofni samkvæmt skattframtali ársins 1998 vegna tekna á árinu 1997 umfram 3.120.000 kr. hjá einstaklingi og umfram 6.240.000 kr. hjá hjónum. Fyrirframgreiðsla upp í væntanlega álagningu sérstaks tekjuskatts ársins 2000 skal fara fram með fimm jöfnum mánaðarlegum greiðslum mánuðina ágúst til desember 1999. Fyrirframgreiðslan skal vera 7% af tekjuskattsstofni samkvæmt skattframtali ársins 1999 vegna tekna á árinu 1998 umfram 3.120.000 kr. hjá einstaklingi og umfram 6.240.000 kr. hjá hjónum. Fyrirframgreiðsla upp í væntanlega álagningu sérstaks tekjuskatts ársins 2001 skal fara fram með fimm jöfnum mánaðarlegum greiðslum mánuðina ágúst til desember árið 2000. Fyrirframgreiðslan skal vera 7% af tekjuskattsstofni samkvæmt skattframtali ársins 2000 vegna tekna á árinu 1999 umfram 3.120.000 kr. hjá einstaklingi og umfram 6.240.000 kr. hjá hjónum.

Gjalddagar fyrirframgreiðslu skv. 1. mgr. skulu vera fyrsti dagur mánaðanna ágúst til og með desember. Um framkvæmd fyrirframgreiðslunnar skal kveða nánar á í reglugerð.

Heimilt er gjaldanda að sækja um lækkun á fyrirframgreiðslu sem honum hefur verið gert að greiða skv. 1. mgr. Umsókn um slíka lækkun skal senda skattstjóra er úrskurðar um lækkun greiðsluskyldunnar.

Skattstjóri skal að jafnaði ekki taka til greina umsókn gjaldanda nema hann geti sýnt fram á að veruleg tekjulækkun hafi orðið hjá honum á milli ára. Ríkisskattstjóri setur nánari reglur um þetta atriði.

Nú kemur í ljós við álagningu á sérstökum tekjuskatti að fyrirframgreiðsla samkvæmt þessu ákvæði hefur verið of há og skal við mismuninn bæta 2,5% álagi.

e. (V.)

Um sérstakan tekjuskatt samkvæmt bráðabirgðaákvæði III og IV skulu ákvæði VIII.–XIII. kafla laganna gilda eftir því sem við getur átt.

f. (VI.)

Hækka skal fjárhæðir sem um ræðir í 17., 30., 41., 2. mgr. 67. gr., 69., 78., 83. og 84. gr. laganna, svo og ákvæðum til bráðabirgða III og IV í lögum þessum, sem hér segir:

a. 1. janúar 1998 skulu umræddar fjárhæðir hækka um 2,5% og kemur breytingin til framkvæmda við álagningu tekjuskatts og eignarskatts á árinu 1999 vegna tekna á árinu 1998 og eigna í lok þess árs.
b. 1. janúar 1999 skulu umræddar fjárhæðir hækka um 2,5% og kemur breytingin til framkvæmda við álagningu tekjuskatts og eignarskatts á árinu 2000 vegna tekna á árinu 1999 og eigna í lok þess árs.
c. 1. janúar 2000 skulu umræddar fjárhæðir hækka um 2,5% og kemur breytingin til framkvæmda við álagningu tekjuskatts og eignarskatts á árinu 2001 vegna tekna á árinu 2000 og eigna í lok þess árs.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda eins og kveðið er á um í þessari grein.

Ákvæði 2. gr. kemur til framkvæmda við álagningu tekjuskatts á árinu 2000 vegna tekna ársins 1999 og við staðgreiðslu á því ári.

Ákvæði 3. gr. kemur til framkvæmda við álagningu tekjuskatts á árinu 2001 vegna tekna ársins 2000 og við staðgreiðslu opinberra gjalda á því ári.

Ákvæði 4. gr. kemur til framkvæmda við ákvörðun barnabóta á árinu 1998. Skulu barnabætur skv. A-lið 69. gr., eins og það ákvæði hljóðaði fyrir gildistöku þessara laga, greiddar vegna barna sem fædd eru á þriðja ársfjórðungi ársins 1997 eða fyrr eða öðluðust heimilisfesti hér á landi fyrir 1. október 1997 og skal lokagreiðsla barnabóta þannig ákvarðaðra vera eigi síðar en 30. október 1997. Aldursmörk skulu og miðuð við umræddan ársfjórðung.

Ákvæði til bráðabirgða í 5. gr. koma til framkvæmda eins og þar greinir.

Gjört á Bessastöðum, 26. maí 1997.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Friðrik Sophusson.

26. maí 1997 Nr. 66

LÖG

um breyting á lögum um tryggingagjald, nr. 113/1990, og lögum nr. 156/1996, um breyting á þeim lögum.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við 1. mgr. 3. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Þó skulu tekjur af atvinnutryggingagjaldi vegna reiknaðs endurgjalds þeirra sem falla undir gildissvið laga um Tryggingasjóð sjálfstætt starfandi einstaklinga renna í hlutaðeigandi deild þess sjóðs.

2. gr.

Ákvæði til bráðabirgða í lögum nr. 156/1996 fellur brott.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1997.

Gjört á Bessastöðum, 26. maí 1997.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Friðrik Sophusson.

LÖG

um breyting á lögum nr. 21/1992, um Lánasjóð íslenskra námsmanna.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 4. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:
Menntamálaráðherra skipar stjórn sjóðsins þannig: Einn samkvæmt tilnefningu stúdentaráðs Háskóla Íslands, einn samkvæmt tilnefningu Sambands íslenskra námsmanna erlendis, einn samkvæmt tilnefningu Bandalags íslenskra sérskólanema, einn samkvæmt tilnefningu Iðnnemasambands Íslands, einn samkvæmt tilnefningu fjármálaráðherra og þrjá án tilnefningar og skal einn þeirra vera formaður stjórnar og annar varaformaður.

b. 4. mgr. orðast svo:
Menntamálaráðherra skipar framkvæmdastjóra til fimm ára í senn að fengnum tillögum sjóðstjórnar. Framkvæmdastjóri ræður annað starfsfólk.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 5. gr. laganna:

a. 5. tölul. 1. mgr. orðast svo: að skera úr vafamálum er varða einstaka lánþega og öðrum málum með bókuðum samþykktum. Úrskurðum stjórnar má vísa til málskotsnefndar, sbr. 6. gr.

b. Við bætist ný málsgrein sem verður 2. mgr. og orðast svo:
Stjórn sjóðsins er heimilt að skipa undirnefndir úr hópi stjórnarmanna til að fjalla um einstök mál og gera tillögur fyrir stjórn sjóðsins.

3. gr.

Á eftir 5. gr. laganna kemur ný grein, svohljóðandi:

Menntamálaráðherra skipar málskotsnefnd þriggja manna og jafnmarga til vara, sbr. 5. gr., til fjögurra ára í senn og skulu nefndarmenn vera lögfræðingar. Formaður nefndarinnar og varamaður hans skulu fullnægja skilyrðum til að hljóta skipun í embætti héraðsdómara.

Nefndin sker úr um hvort úrskurðir stjórnar Lánasjóðs íslenskra námsmanna séu í samræmi við ákvæði laga og reglugerða. Nefndin getur staðfest, breytt eða fellt úr gildi ákvarðanir stjórnar sjóðsins. Úrskurður nefndarinnar skal vera rökstuddur og er endanlegur. Afl atkvæða ræður niðurstöðu nefndarinnar. Ráðherra setur nefndinni starfsreglur.

Um málsmeðferð að öðru leyti fer eftir stjórnsýslulögum.

4. gr.

Við 6. gr. laganna bætist ný málsgrein sem verður 2. mgr. og orðast svo:

Námsmaður fær greiddan vaxtastyrk sem ætlaður er til að bæta honum fjármagnskostnað vegna framfærslu í samræmi við rétt hans til námsláns á hverjum tíma. Styrkurinn greiðist við útborgun námsláns og miðast við meðaltal vaxta- og lántökukostnaðar banka og sparisjóða eins og hann er á hverjum tíma samkvæmt nánari reglum sem stjórn sjóðsins setur.

5. gr.

1. mgr. 7. gr. laganna orðast svo:

Lán úr sjóðnum skulu verðtryggð. Verðtryggingin er miðuð við breytingar á vísitölu neysluverðs, sbr. lög nr. 12/1995. Verðtryggingin reiknast frá fyrsta degi næsta mánaðar eftir að lán er veitt eða einstakir hlutar þess greiddir út, til fyrsta dags þess mánaðar er greiðsla fer fram.

6. gr.

2.–4. mgr. 8. gr. laganna orðast svo:

Fastagreiðslan er 52.698 kr. miðað við vísitölu neysluverðs 177,8 nema eftirstöðvar láns ásamt verðbótum og vöxtum séu lægri. Þessi upphæð breytist á hverju ári í hlutfalli við vísitölu neysluverðs 1. janúar hvers árs.

Viðbótargreiðslan miðast við ákveðinn hundraðshluta af útsvarsstofni ársins á undan endurgreiðsluári. Hundraðshluti þessi er 4,75% við afborganir af skuldabréfinu. Frá viðbótargreiðslunni samkvæmt þessari málsgrein dregst fastagreiðslan skv. 2. mgr.

Fjárhæðin skv. 3. mgr. skal margfölduð samkvæmt hlutfallslegri breytingu á vísitölu neysluverðs frá 1. júlí á tekjuöflunarári til 1. júlí á endurgreiðsluári.

7. gr.

3. mgr. 10. gr. laganna orðast svo:

Sé lánþegi á endurgreiðslutímanum ekki skattskyldur á Íslandi af öllum tekjum sínum og eignum skal honum gefinn kostur á að senda sjóðnum staðfestar upplýsingar um tekjur sínar og yrði hámark árlegrar endurgreiðslu ákveðið í samræmi við það. Geri hann það ekki eða telja verður upplýsingar hans ósennilegar og ekki unnt að sannreyna útsvarsstofn samkvæmt því skal stjórn sjóðsins áætla honum útsvarsstofn til útreiknings árlegrar viðbótargreiðslu. Komi í ljós að áætlun þessi sé röng eiga ákvæði 2. mgr. við.

8. gr.

Við 12. gr. laganna bætist ný málsgrein sem verður 2. mgr. og orðast svo:

Þá er stjórn sjóðsins heimilt að veita lán með sömu kjörum og almenn námslán vegna annarra áfalla en greinir í 1. mgr., svo sem ef námsmanni stendur ekki tímabundið til boða fullt nám samkvæmt skipulagi skóla eða veikindi valda því að námsmanni tekst ekki að standast prófkröfur.

9. gr.

Við 13. gr. laganna bætast tvær nýjar málsgreinar sem orðast svo:

Ríkisborgari ríkis á Evrópska efnahagssvæðinu, sem starfað hefur sem launþegi á Evrópska efnahagssvæðinu í a.m.k. fimm ár, sbr. lög nr. 47/1993, á rétt á aðstoð til starfstengds náms hafi hann komið hingað til lands vegna starfs síns og átt hér lögheimili í eitt ár. Sama gildir um maka hans og börn þeirra sem eru yngri en 21 árs eða eru á framfæri þeirra hér á landi.

Skilyrði til lánveitingar frá sjóðnum er að viðkomandi hafi átt lögheimili á Íslandi í eitt ár áður en nám hefst. Íslenskur ríkisborgari heldur þó að jafnaði lánsrétti sínum í tvö ár eftir að hann flytur lögheimili sitt til annars lands.

10. gr.

3. tölul. 1. mgr. 15. gr. laganna orðast svo: Lánsfé. Sjóðnum er þó ekki heimilt að taka lán með útgáfu og sölu á skuldabréfum og öðrum endurgreiðanlegum skuldaviðurkenningum til almennings.

11. gr.

2. mgr. 16. gr. laganna orðast svo:

Sjóðstjórn setur reglur um önnur atriði er greinir í lögum þessum og reglugerð skv. 1. mgr. Reglurnar skulu samþykktar af ráðherra og birtar í Stjórnartíðindum.

12. gr.

18. gr. laganna orðast svo:

Ef skuldari samkvæmt lögum þessum er jafnframt að endurgreiða námslán samkvæmt lögum nr. 72/1982 eða eldri lögum skal hann fyrst endurgreiða að fullu lán sem tekin eru samkvæmt þessum lögum. Þá gildir endurgreiðsluhlutfallið 4,75% einnig gagnvart þeim sem tóku lán frá árinu 1992 með endurgreiðsluhlutfallið 5–7%. Greiðslur af eldri námsskuldum frestast þar til lán samkvæmt þessum lögum eru að fullu greidd.

13. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. ágúst 1997.

Gjört á Bessastöðum, 26. maí 1997.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Björn Bjarnason.

Nr. 68 26. maí 1997

LÖG

um Lánasjóð landbúnaðarins.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Lánasjóður landbúnaðarins er stofnun í eigu ríkisins og heyrir undir landbúnaðarráðherra. Sjóðurinn telst lánastofnun í skilningi laga nr. 123/1993, um lánastofnanir aðrar en viðskiptabanka og sparisjóði, og gilda þau lög um starfsemi hans nema annað sé boðið í lögum þessum. Honum verður ekki gert að starfa í formi hlutafélags.

2. gr.

Hlutverk Lánasjóðs landbúnaðarins er að tryggja landbúnaðinum aðgang að lánsfé til fjárfestinga á hagstæðum kjörum og stuðla þannig að æskilegri þróun atvinnuvegarins. Sjóðurinn veitir lán til bænda og þjónustufyrirtækja landbúnaðarins, svo sem nánar er kveðið á um í lögum þessum. Í því skyni er sjóðnum heimilt að afla sér fjár með útgáfu og sölu á skuldabréfum og öðrum endurgreiðanlegum skuldaviðurkenningum til almennings.

3. gr.

Landbúnaðarráðherra skipar fimm menn í stjórn Lánasjóðs landbúnaðarins til fjögurra ára í senn. Bændasamtök Íslands skulu tilnefna tvo menn í stjórnina en þrír skulu skipaðir af landbúnaðarráðherra án tilnefningar. Landbúnaðarráðherra skipar formann og varaformann. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Ráðherra ákveður þóknun stjórnar.

4. gr.

Verkefni stjórnar Lánasjóðs landbúnaðarins eru meðal annars þessi:

a. að ráða framkvæmdastjóra,
b. að setja almennar reglur um lánveitingar og lánakjör,
c. að ákveða rekstrar- og starfsáætlun sjóðsins,
d. að undirrita ársreikninga sem staðfestir skulu af ráðherra,
e. að taka ákvörðun um lántöku samkvæmt heimild í lánsfjárlögum ár hvert,
f. að semja við aðrar stofnanir um einstaka rekstrarþætti í starfsemi sjóðsins þyki það hagkvæmt.

5. gr.

Verkefni framkvæmdastjóra Lánasjóðs landbúnaðarins eru meðal annars þessi:

a. að stjórna og bera ábyrgð á daglegum rekstri,
b. að gera tillögur til stjórnar um starfsskipulag,
c. að gera tillögur um rekstur og starfsáætlun,
d. að gera tillögur um lánareglur,
e. að gera tillögur að lántökum sjóðsins,
f. að gera tillögu um framlag á afskriftareikning,
g. að ráða starfsmenn,
h. að taka ákvörðun um einstakar lánveitingar á grundvelli almennra reglna sem stjórnin setur, sbr. b-lið 4. gr.

6. gr.

Tekjur Lánasjóðs landbúnaðarins eru vaxtatekjur, þjónustugjöld og tekjur af búnaðargjaldi.

7. gr.

Sjóðurinn veitir lán til eftirtalinna verkefna:

a. til jarðakaupa,
b. til ræktunar, útihúsa og hvers konar annarra bygginga er varða landbúnað, þar með talið lax- og silungseldi,
c. til vatns- og varmaveitna,
d. til bústofns- og vélakaupa,
e. til verkefna er leiða til hagræðingar og framleiðniaukningar,
f. til annarrar atvinnustarfsemi í sveitum,
g. til vinnslustöðva landbúnaðarafurða.

8. gr.

Um ákvörðun útlána skal hafa hliðsjón af því hverjar rekstrarforsendur viðkomandi búgreina eru og hversu há veðlán hvíla á eigninni og skal eigi veita lán ef ástæða er til að ætla að búrekstur á jörðinni geti ekki staðið undir auknum lánum.

Upphæð lána má vera allt að 60% kostnaðarverðs eins og meðalkostnaður sambærilegra framkvæmda er talinn ár hvert. Lán er heimilt að veita í áföngum.

9. gr.

Lán má veita gegn þessum tryggingum:

a. veði í fasteign, enda hvíli eigi veðskuldir á henni til annarra en Lánasjóðs landbúnaðarins eða annarra opinberra sjóða á undan veðrétti þeim sem sjóðurinn fær,

b. veði í þeim húsum sem lánað er til, ásamt tilheyrandi lóð og lóðarréttindum, ef þau eru byggð fyrir sjálfstæðan rekstur,
c. veði í þeim vélum sem keyptar eru,
d. ábyrgð sveitarsjóðs vegna eigin framkvæmda.

10. gr.

Lán til nýrra bygginga, jarðakaupa og ræktunar mega vera til allt að 25 ára, svo og til þeirra framkvæmda sem varanlegar teljast, en lán til vélakaupa, bústofnskaupa og annars þess sem hefur skemmri endingu til allt að 12 ára. Skal nánar kveðið á um í lánareglum hve langur lánstími má vera í hverjum lánaflokki.

Heimilt er að lán til jarðakaupa og húsbygginga séu afborgunarlaus fyrstu tvö árin.

11. gr.

Lánasjóður landbúnaðarins skal leitast við að varðveita raungildi eigin fjár síns. Arð af eigin fé skal einungis heimilt að nota til að lækka vexti á útlánum sjóðsins, sbr. ákvæði í 4. gr., nema raungildi eigin fjár hafi rýrnað.

Ríkissjóður ábyrgist allar skuldbindingar Lánasjóðs landbúnaðarins og greiðir þær ef eignir og tekjur sjóðsins hrökkva ekki til.

12. gr.

Bankaeftirlit Seðlabanka Íslands skal hafa eftirlit með að starfsemi Lánasjóðs landbúnaðarins sé í samræmi við ákvæði laga þessara og reglna settra samkvæmt þeim. Um eftirlitið gilda ákvæði VI. kafla laga nr. 123/1993 eftir því sem við getur átt.

13. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda 1. janúar 1998. 1. janúar 1998 falla úr gildi lög nr. 45/1971, um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum, með síðari breytingum.

Lánasjóður landbúnaðarins tekur frá og með 1. janúar 1998 við öllum eignum, réttindum, skuldum og skuldbindingum Stofnlánadeildar landbúnaðarins. Ekki skal gefin út innköllun til lánardrottna Stofnlánadeildar landbúnaðarins við yfirtökuna. Allir starfsmenn Stofnlánadeildar landbúnaðarins skulu eiga rétt á sambærilegu starfi hjá Lánasjóði landbúnaðarins við stofnun hans.

1. júní 1997 breytast lög nr. 45/1971 þannig að í stað hlutfallstölunnar „1%“ í 3. og 4. tölul. 1. mgr. 4. gr. þeirra laga kemur: 0,4%.

Gjört á Bessastöðum, 26. maí 1997.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Guðmundur Bjarnason.

LÖG

um breytingu á lögum um skipan prestakalla og prófastsdæma og um starfsmenn þjóðkirkju Íslands, nr. 62 17. maí 1990.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

4. tölul. V. liðar 1. gr. laganna orðast svo:

4. *Skálholtsprestakall:*
Skálholts-, Bræðratungu-, Haukadals- og Torfastaðasóknir.
Prestssetur: Skálholt.

2. gr.

2. mgr. 42. gr. laganna fellur brott.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á ákvæði til bráðabirgða í lögunum:

a. 5. tölul. orðast svo: Nú losnar embætti sóknarprests í Bergþórshvolsprestakalli og er þá heimilt að setja prest til að gegna því embætti allt til 1. janúar 1999.
b. Við bætist nýr töluliður, svohljóðandi: Heimilt er í Grafarvogsprestakalli í Reykjavíkurprófastsdæmi eystra að ráða sóknarpresti annan prest til aðstoðar fram til 1. janúar 1999.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júní 1997.

Gjört á Bessastöðum, 27. maí 1997.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Björn Bjarnason.

27. maí 1997 Nr. 70

LÖG

um veitingu ríkisborgararéttar.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Akbachev, Mikhail, þjálfari á Akureyri, f. 2. júní 1962 í Sovétríkjunum. Fær réttinn 11. júlí 1997.
2. Akbacheva, Ekaterina Borisovna, sjúkraliði á Akureyri, f. 23. september 1967 í Sovétríkjunum. Fær réttinn 11. júlí 1997.
3. Alguno, Grace Cañada, starfsstúlka í Reykjavík, f. 11. október 1963 á Filippseyjum.
4. Anbari, Aziza Ascour, húsmóðir í Reykjavík, f. 8. ágúst 1968 í Marokkó.
5. Andersen, Torbjørn, læknir á Seltjarnarnesi, f. 5. júlí 1967 í Noregi.

6. Andrea Andrésdóttir, barn í Dóminíkanska lýðveldinu, f. 29. september 1996 í Reykjavík.
7. Baumruk, Petr, þjálfari í Hafnarfirði, f. 25. júlí 1962 í Tékklandi. Fær réttinn 3. ágúst 1997.
8. Baumruková, Jaroslava, röntgentæknir í Hafnarfirði, f. 20. júlí 1962 í Tékklandi. Fær réttinn 3. ágúst 1997.
9. Benhaj, Mohammed, starfsmaður í Reykjavík, f. 18. mars 1960 í Marokkó.
10. Björnsson, Lydia Amimo, starfsstúlka í Hveragerði, f. 29. desember 1967 í Kenýa.
11. Borgwardt, Günter, verkamaður í Garði, f. 7. ágúst 1938 í Þýskalandi.
12. Boutazert, Farid, lagerstjóri í Reykjavík, f. 16. janúar 1965 í Alsír.
13. Brault, Octavia Finnbogadóttir, húsmóðir í Reykjavík, f. 24. mars 1970 í Bandaríkjunum.
14. Brem, Regula, bóndi að Stóra-Kroppi, f. 15. febrúar 1950 í Sviss.
15. Burk, Patricia Ann, bakari í Reykjavík, f. 18. júní 1953 í Bandaríkjunum.
16. But, Olga, starfsstúlka í Reykjavík, f. 20. janúar 1965 í Póllandi. Fær réttinn 31. ágúst 1997.
17. Cajes, Maria Florinda Perez, fiskverkakona í Ólafsvík, f. 30. maí 1963 á Filippseyjum. Fær réttinn 16. september 1997.
18. Calderon, Jennifer Soon, verkakona í Reykjavík, f. 19. október 1972 á Filippseyjum. Fær réttinn 5. júní 1997.
19. Capaul, Jean-Marc, forritari í Reykjavík, f. 19. apríl 1964 í Sviss.
20. Costello, Mary, húsmóðir á Akureyri, f. 26. janúar 1923 á Írlandi.
21. Daniel, Marsha Lorraine, kennari í Reykjavík, f. 17. ágúst 1966 í Bandaríkjunum.
22. Davenport, Mignon Hazelie, starfsstúlka í Reykjavík, f. 7. febrúar 1949 í Malasíu.
23. Dicdican, Julita A., fiskverkakona í Njarðvík, f. 14. febrúar 1961 á Filippseyjum. Fær réttinn 3. september 1997.
24. Dimitrova, Tatiana Kirilova, sérfræðingur í Reykjavík, f. 12. júlí 1969 í Búlgaríu.
25. Dungog, Rosario, fiskverkakona í Ólafsvík, f. 28. apríl 1962 á Filippseyjum. Fær réttinn 16. september 1997.
26. Esztergál, Judit, íþróttakennari í Reykjavík, f. 9. mars 1967 í Ungverjalandi. Fær réttinn 9. september 1997.
27. Fatalla, Emmanuel S., starfsmaður í Reykjavík, f. 8. október 1975 á Filippseyjum.
28. Fatalla, Ronald Surban, verkamaður í Reykjavík, f. 22. febrúar 1978 á Filippseyjum. Fær réttinn 13. júní 1997.
29. Foley, Dolores Mary, húsmóðir á Selfossi, f. 17. ágúst 1970 á Írlandi.
30. Gorska, Anna Izabela, beitingakona á Breiðdalsvík, f. 22. desember 1971 í Póllandi.
31. Guðjónsson, Anna, fiskverkakona á Grundarfirði, f. 27. maí 1969 í Póllandi.
32. Hani, Ali, atvinnulaus í Reykjavík, f. 4. maí 1958 í Marokkó.
33. Harber, Frances, húsmóðir í Reykjavík, f. 2. ágúst 1967 í Suður-Afríku.
34. Haxhiajdini, Arsim, verkamaður í Reykjavík, f. 14. mars 1967 í Júgóslavíu. Fær réttinn 8. júní 1997.
35. Healy, Thor Patriksson, nemi í Reykjavík, f. 7. janúar 1982 í Bandaríkjunum. Fær réttinn 16. maí 1997.
36. Helgi Sveinn Heimisson, nemi á Egilsstöðum, f. 16. desember 1979 á Egilsstöðum.
37. Herman, Sigrún Toby, námsráðgjafi í Reykjavík, f. 19. febrúar 1949 í Keflavík.
38. Ho, Lydia V., starfsstúlka í Reykjavík, f. 26. mars 1950 á Filippseyjum. Fær réttinn 6. ágúst 1997.
39. Ignatiev, Nikolai Michailovich, verkfræðingur í Reykjavík, f. 20. maí 1953 í Sovétríkjunum.

40. Ignatieva, Evguenia Nikolaevna, nemi í Reykjavík, f. 26. maí 1978 í Sovétríkjunum.
41. Ignatieva, Lilia Dmitrievna, húsmóðir í Reykjavík, f. 19. febrúar 1953 í Sovétríkjunum.
42. Ignatieva, Olga Nikolaevna, nemi í Reykjavík, f. 12. nóvember 1976 í Sovétríkjunum.
43. Jessen, Peter Winkel, byggingatæknir í Reykjavík, f. 15. október 1948 í Danmörku.
44. Jónsson, Manuel Viggó Coronil, nemi í Reykjavík, f. 22. ágúst 1977 á Spáni.
45. Kamilla Rún Gísladóttir, barn á Grundarfirði, f. 20. ágúst 1990 í Reykjavík.
46. Karaolanis, Antonios, framreiðslumaður í Reykjavík, f. 20. maí 1964 í Grikklandi.
47. Klimaszewska, Henryka, fiskverkakona í Keflavík, f. 11. mars 1971 í Póllandi. Fær réttinn 18. maí 1997.
48. Kolbrún Linda Sigurðardóttir, barn í Bessastaðahreppi, f. 13. júlí 1991 í Reykjavík.
49. Kro, Anna Valdís, nemi að Lómatjörn, f. 12. desember 1978 á Akureyri.
50. Kro, Ingunn Agnes, nemi að Lómatjörn, f. 27. mars 1982 á Akureyri.
51. Kumari, Shobha, verslunarmaður í Reykjavík, f. 17. ágúst 1967 á Indlandi. Fær réttinn 2. júní 1997.
52. Lamai, Suphan, verkakona í Hafnarfirði, f. 31. október 1965 í Tælandi.
53. Lilliendahl, Iskra Savova, starfsmaður í Reykjavík, f. 27. ágúst 1953 í Búlgaríu. Fær réttinn 24. september 1997.
54. Mamelin, Annick Micheline, fiskverkakona í Keflavík, f. 9. apríl 1959 í Frakklandi.
55. Mamelin, René, verkamaður í Keflavík, f. 20. ágúst 1946 í Frakklandi.
56. Mamood, Tishk Taha Karim, tæknifræðingur í Reykjavík, f. 6. nóvember 1961 í Írak. Fær réttinn 4. ágúst 1997.
57. Mankowska, Bozena Marja, fiskvinnslukona á Akureyri, f. 25. mars 1953 í Póllandi.
58. Mansour, Mousaad Badr Abdel Salam, blómaskreytingamaður í Reykjavík, f. 1. maí 1960 í Egyptalandi. Fær réttinn 17. september 1997.
59. Mellk, Karen, aðstoðarframkvæmdastjóri í Hveragerði, f. 31. ágúst 1951 í Bandaríkjunum.
60. Micic, Biljana, verkakona í Kópavogi, f. 11. desember 1962 í Júgóslavíu.
61. Mikulás, Stanislav, fimleikaþjálfari í Keflavík, f. 29. desember 1952 í Slóvakíu. Fær réttinn 19. ágúst 1997.
62. Ming, Chen, fimleikaþjálfari, sendiráði Íslands í Peking, f. 18. júlí 1964 í Kína.
63. Mlindwa Stefánsson, Rhoda Robert, verkakona í Reykjavík, f. 20. mars 1965 í Tansaníu.
64. Mouritzen, Thorleif Andor, fiskverkamaður á Dalvík, f. 13. nóvember 1934 í Færeyjum.
65. Oliver, Shaun David, sjómaður á Hellissandi, f. 26. október 1970 í Zimbabwe.
66. Orongan, Ornesa Neis, verkakona í Kópavogi, f. 21. mars 1959 á Filippseyjum.
67. Ólafsson, Natalia, húsmóðir í Reykjavík, f. 3. nóvember 1971 í Rússlandi.
68. Pálsson, Beata, húsmóðir í Reykjavík, f. 28. apríl 1960 í Póllandi. Fær réttinn 28. júní 1997.
69. Petkov, Borislav Timchev, hagfræðingur í Reykjavík, f. 13. desember 1962 í Búlgaríu.
70. Pilkington, Brian Charles, teiknari í Reykjavík, f. 20. júlí 1950 í Englandi.
71. Podhajska, Anna Agnieszka, tónlistarkona á Akureyri, f. 11. september 1953 í Póllandi. Fær réttinn 8. september 1997.
72. Podhajski, Marek Andrzej, tónlistarmaður á Akureyri, f. 7. apríl 1938 í Póllandi. Fær réttinn 8. september 1997.
73. Popiolkiewicz, Ewa Katarzyna, fiskverkakona í Hnífsdal, f. 28. ágúst 1965 í Póllandi.
74. Popiolkiewicz, Mariusz Jan, fiskverkamaður í Hnífsdal, f. 23. maí 1962 í Póllandi.
75. Potapcik, Denis, nemi í Reykjavík, f. 21. mars 1979 í Litáen. Fær réttinn 16. júní 1997.

76. Potapcik, Tatjana, starfsmaður í Reykjavík, f. 27. janúar 1952 í Sovétríkjunum. Fær réttinn 16. júní 1997.
77. Profic, Beata Anna, sjúkraþjálfari á Eyrarbakka, f. 10. mars 1967 í Póllandi.
78. Raksil, Saengthian, verkakona á Stöðvarfirði, f. 1. janúar 1963 í Tælandi.
79. Ramos Pinto, Marilene, verkakona í Reykjavík, f. 16. maí 1956 í Brasilíu.
80. Robertson, James Norbert, verkamaður í Garði, f. 14. apríl 1954 í Bandaríkjunum.
81. Robertson, Robert Stephen, kennari í Reykjavík, f. 12. ágúst 1968 í Bandaríkjunum. Fær réttinn 30. maí 1997.
82. Sawangjaitham, Kanachana, ræstingakona í Reykjavík, f. 25. janúar 1974 í Tælandi. Fær réttinn 12. júní 1997.
83. Sawangjaitham, Narumon, matreiðslukona í Bessastaðahreppi, f. 14. júní 1960 í Tælandi.
84. Soodchit, Soysuda, húsmóðir í Reykjavík, f. 16. febrúar 1966 í Tælandi. Fær réttinn 10. september 1997.
85. Stachorska, Joanna Izabela, nemi í Reykjavík, f. 11. september 1975 í Póllandi.
86. Steinmann, Erika, verkakona á Egilsstöðum, f. 28. maí 1948 í Sviss.
87. Troufan, Alexei Ivanovits, handknattleiksþjálfari í Mosfellsbæ, f. 15. ágúst 1959 í Sovétríkjunum. Fær réttinn 24. ágúst 1997.
88. Troufan, Elena Grigorjevna, verslunarmaður í Mosfellsbæ, f. 30. mars 1960 í Sovétríkjunum. Fær réttinn 24. ágúst 1997.
89. Troufan, Maxim, nemi í Mosfellsbæ, f. 8. febrúar 1979 í Sovétríkjunum. Fær réttinn 24. ágúst 1997.
90. Varadaraj, William, verkamaður á Selfossi, f. 7. apríl 1964 á Indlandi.
91. Vistra, Dina Catubig, starfsstúlka í Hveragerði, f. 28. desember 1964 á Filippseyjum.
92. Walker, Kristín Sybil, starfsstúlka á Akureyri, f. 25. janúar 1944 í Englandi.
93. Williams, Jerry Dwayne, nemi á Höfn, f. 18. september 1981 í Bandaríkjunum.
94. Wunsch, Bettina, húsmóðir á Hellu, f. 24. maí 1971 í Þýskalandi. Fær réttinn 6. ágúst 1997.
95. Yan, Jianhua, verslunarmaður í Reykjavík, f. 9. mars 1953 í Kína. Fær réttinn 19. júlí 1997.
96. Ye, Qing, nemi í Reykjavík, f. 24. maí 1968 í Kína.
97. Zanoria, Priscilla Rondina, fiskvinnslukona í Ólafsvík, f. 22. janúar 1967 á Filippseyjum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 27. maí 1997.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Björn Bjarnason.

STJÓRNARTÍÐINDI A 11 – 1997

28. maí 1997 177 Nr. 71

LÖGRÆÐISLÖG.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI
Lögræði.

Lögræði.

1. gr.

1. Lögráða verða menn 18 ára. Lögráða maður er sjálfráða og fjárráða.
2. Nú stofnar maður, sem ólögráða er fyrir æsku sakir, til hjúskapar, og er hann þá lögráða upp frá því.

Sjálfræði.

2. gr.

Sjálfráða maður ræður einn öðru en fé sínu, nema lög mæli á annan veg.

Fjárræði.

3. gr.

Fjárráða maður ræður einn fé sínu, nema lög mæli á annan veg.

II. KAFLI
Svipting lögræðis.

Skilyrði lögræðissviptingar o.fl.

4. gr.

Svipta má mann lögræði með úrskurði dómara ef þörf krefur, sjálfræði einu sér, fjárræði einu sér eða hvoru tveggja:

a. Ef hann er ekki fær um að ráða persónulegum högum sínum eða fé vegna andlegs vanþroska, ellisljóleika eða geðsjúkdóms eða vegna annars konar alvarlegs heilsubrests.
b. Ef hann sökum ofdrykkju eða ofnotkunar ávana- og fíkniefna er ekki fær um að ráða persónulegum högum sínum eða fé.
c. Ef hann vegna líkamlegs vanþroska, heilsubrests eða annarra vanheilinda á óhægt með að ráða persónulegum högum sínum eða fé og æskir sjálfur lögræðissviptingar af þeim sökum.
d. Ef nauðsyn ber til að vista hann án samþykkis hans í sjúkrahúsi sökum fyrirmæla í heilbrigðislöggjöfinni.

Takmörkuð lögræðissvipting.

5. gr.

1. Svipta má mann lögræði sínu tímabundið ef ótímabundin svipting þykir ekki nauðsynleg. Tímabundin lögræðissvipting skal þó ekki ákveðin skemur en sex mánuði í senn. Tíma-

bundin lögræðissvipting fellur sjálfkrafa niður að sviptingartímanum loknum, nema áður hafi verið gerð krafa fyrir dómi um framlengingu hennar eða um ótímabundna sviptingu. Ef svo hagar til framlengist hin tímabundna svipting þar til úrskurður dómara liggur fyrir.

2. Svipta má mann fjárræði varðandi tilteknar eignir hans hvort sem fjárræðissvipting er tímabundin eða ótímabundin. Þessi heimild er bundin við:

a. Fasteignir, loftför, skráningarskyld skip og skráningarskyld ökutæki.
b. Viðskiptabréf.
c. Fjármuni á innlánsreikningum hjá bönkum og sparisjóðum, svo og inneignir í verðbréfasjóðum.

3. Ákvæði laga þessara um sjálfræðissviptingu og réttaráhrif hennar eiga einnig við um tímabundna sjálfræðissviptingu skv. 1. mgr. Ákvæði laganna um fjárræðissviptingu og réttaráhrif hennar eiga einnig við um tímabundna fjárræðissviptingu skv. 1. mgr. og enn fremur um fjárræðissviptingu skv. 2. mgr. að því er varðar þær eignir sem sviptingin tekur til, nema annað sé tekið fram.

Lögræðissvipting til bráðabirgða.

6. gr.

1. Svipta má mann lögræði til bráðabirgða ef skilyrði 4. gr. þykja vera fyrir hendi og brýn þörf er á lögræðissviptingu þegar í stað, enda hafi þá verið borin fram krafa um lögræðissviptingu fyrir sama dómstóli samkvæmt öðrum ákvæðum þessa kafla.

2. Í málum til sviptingar lögræðis til bráðabirgða gilda ákvæði þessa kafla. Ákvæði 3. mgr. 10. gr. um skyldu dómara til að gefa varnaraðila kost á að bera fram ósk um hver verði skipaður verjandi hans, ákvæði 4. mgr. sömu greinar og ákvæði 1., 2. og 4. mgr. 11. gr. gilda þó einungis að því leyti sem beiting þeirra kemur ekki í veg fyrir að lögræðissviptingu verði við komið þegar í stað.

3. Ákvörðun um lögræðissviptingu til bráðabirgða skal tekin með úrskurði sem skjóta má til Hæstaréttar, sbr. 16. gr.

4. Lögræðissvipting til bráðabirgða gildir þar til úrskurður dómara í lögræðissviptingarmáli öðlast gildi, málinu lýkur á annan hátt eða þar til úrskurður um bráðabirgðasviptingu er felldur úr gildi með nýjum úrskurði.

5. Ákvæði laga þessara um réttaráhrif lögræðissviptingar eiga einnig við um lögræðissviptingu til bráðabirgða.

Aðilar lögræðissviptingarmáls.

7. gr.

1. Varnaraðili er sá sem krafist er að verði sviptur lögræði sínu.

2. Sóknaraðili er sá sem ber fram kröfu um lögræðissviptingu manns. Sóknaraðili lögræðissviptingarmáls getur verið:

a. Maki varnaraðila, ættingjar hans í beinan legg og systkini.
b. Lögráðamaður eða ráðsmaður varnaraðila.
c. Sá sem næstur er erfingi varnaraðila að lögum eða samkvæmt erfðaskrá sem ekki er afturtæk.
d. Félagsmálastofnun eða samsvarandi fulltrúi sveitarstjórnar á dvalarstað varnaraðila þegar talið er réttmætt að gera kröfuna vegna tilmæla aðila sjálfs, vandamanna, læknis hans eða vina, eða vegna vitneskju um hag aðila er fengist hefur á annan hátt.
e. Dómsmálaráðherra þegar gæsla almannahags gerir þess þörf.

3. Enn fremur getur maður sjálfur óskað eftir því að hann verði sviptur lögræði.

Form og efni kröfu um lögræðissviptingu.

8. gr.

1. Krafa um lögræðissviptingu skal vera skrifleg. Þar skulu eftirfarandi atriði koma fram:

a. Nafn sóknaraðila, kennitala hans og lögheimili.
b. Nafn varnaraðila, kennitala hans og lögheimili, enn fremur dvalarstaður ef annar er en lögheimili.
c. Hvort krafist er sviptingar sjálfræðis, fjárræðis eða hvors tveggja.
d. Ef krafist er tímabundinnar lögræðissviptingar skal tilgreina til hve langs tíma sviptingar er krafist.
e. Ef krafist er sviptingar fjárræðis varðandi tilteknar eignir skal tilgreina nákvæmlega til hvaða eigna krafa tekur.
f. Nöfn og heimilisföng maka varnaraðila eða sambúðarmaka, lögráða barna hans og foreldra og upplýsingar um hvort þessum aðilum sé kunnugt um kröfuna.
g. Nöfn heimilislæknis varnaraðila og sérfræðinga þeirra er hann kann að hafa leitað til, ef um þá er vitað, nema vottorð þessara aðila fylgi kröfu um lögræðissviptingu.
h. Ástæður þær er krafa um lögræðissviptingu byggist á.
i. Á hvaða lagagrunni aðild sóknaraðila er byggð.

2. Kröfu skal, ef unnt er, fylgja læknisvottorð eða önnur gögn sem hún styðst við.

Varnarþing.

9. gr.

Krafa um sviptingu lögræðis og niðurfellingu lögræðissviptingar skal borin upp við héraðsdómara í þinghá þar sem varnaraðili á lögheimili. Ef varnaraðili hefur fastan dvalarstað í annarri þinghá en þar sem lögheimili hans er skal þó bera fram kröfu í þeirri þinghá. Ef hvorki er kunnugt um lögheimili varnaraðila né fastan dvalarstað skal bera kröfu fram við héraðsdóm Reykjavíkur.

Málsmeðferð.

10. gr.

1. Mál til sviptingar lögræðis sæta almennri meðferð einkamála með þeim frávikum sem greinir í lögum þessum.

2. Dómari tekur kröfu um lögræðissviptingu fyrir svo fljótt sem unnt er.

3. Dómari skipar varnaraðila verjanda samkvæmt ákvæðum laga um meðferð opinberra mála eftir að hafa gefið honum kost á að bera fram ósk um hver skipaður verði, nema slíkt sé augsýnilega tilgangslaust. Óskylt er þó að skipa verjanda ef varnaraðili hefur sjálfur ráðið sér lögmann til þess að gæta réttar síns. Dómari getur einnig skipað sóknaraðila talsmann, óski hann eftir því.

4. Dómari skal eftir að rannsókn máls er lokið gefa aðilum kost á að flytja málið munnlega áður en það er tekið til úrskurðar.

5. Þinghöld í máli til sviptingar lögræðis skulu fara fram fyrir luktum dyrum.

6. Dómara ber að hraða meðferð máls til sviptingar lögræðis svo sem kostur er.

7. Sóknaraðili getur afturkallað kröfu sína á hvaða stigi máls sem er.

Rannsókn máls.

11. gr.

1. Dómara ber að tryggja að mál sé nægjanlega upplýst áður en hann kveður upp úrskurð um sviptingu lögræðis.

2. Dómari getur sjálfur aflað sönnunargagna, svo sem læknisvottorðs ef slíkt vottorð hefur ekki fylgt kröfu um lögræðissviptingu, og annarra gagna sem hann telur þörf á. Dómari skal kalla varnaraðila fyrir dóm, kynna honum kröfuna og gefa honum kost á að tjá sig um hana, nema ástandi hans sé svo háttað samkvæmt vottorði læknis að það sé tilgangslaust. Dómari kveður sóknaraðila og vitni fyrir dóm, ef þess er þörf.

3. Ef varnaraðili sinnir ekki kvaðningu dómara um að koma fyrir dóm getur dómari leitað liðsinnis lögreglu við að sækja hann. Lögreglu er skylt að verða við slíkum fyrirmælum dómara.

4. Ef ekki er unnt að kveðja varnaraðila fyrir dóm skal dómari fara á þann stað þar sem varnaraðili dvelst og kynna sér ástand hans af eigin raun. Ekki er þó þörf á þessu ef ótvírætt má telja af læknisvottorði eða öðrum gögnum að það sé þýðingarlaust fyrir úrslit málsins.

5. Ef dómari telur þess þörf getur hann ákveðið að varnaraðila sé óheimilt að vera viðstaddur skýrslugjöf sóknaraðila og vitnisburð vitna að nokkru eða öllu leyti. Áður en úrskurður um lögræðissviptingu er upp kveðinn skal varnaraðila þó ávallt kynnt hvað fram hefur komið við skýrslugjöfina eða vitnisburðinn sem máli skiptir, nema slíkt sé auðsjáanlega tilgangslaust eða stríði gegn þeim hagsmunum sem leiddu til ákvörðunar dómara samkvæmt þessari málsgrein.

6. Skylt er öllum þeim, sem vegna starfa sinna geta veitt upplýsingar um varnaraðila sem dómari telur að skipt geti máli fyrir úrslit málsins, að veita honum þær og láta honum í té þau gögn um varnaraðila sem dómari krefst. Sama á við um aðra þá sem vegna tengsla sinna við varnaraðila geta veitt sambærilegar upplýsingar.

Úrlausn máls.

12. gr.

1. Svipting lögræðis skal ekki ganga lengra en dómari telur þörf á hverju sinni.

2. Áður en liðnir eru þrír sólarhringar frá því að mál var tekið til úrskurðar kveður dómari upp úrskurð í því.

Réttaráhrif úrskurðar um lögræðissviptingu.

13. gr.

1. Réttaráhrif úrskurðar um sjálfræðissviptingu miðast við uppkvaðningu úrskurðar.

2. Réttaráhrif úrskurðar um fjárræðissviptingu gagnvart hinum svipta sjálfum og þeim sem vissu eða máttu vita um sviptinguna miðast við uppkvaðningu úrskurðar.

3. Um réttaráhrif úrskurðar um fjárræðissviptingu gagnvart grandlausum aðilum fer samkvæmt ákvæðum 2. og 3. mgr. 76. gr.

Birting úrskurðar, skráning o.fl.

14. gr.

1. Eigi má án leyfis dómara birta almenningi á nokkurn hátt annað af því sem fram hefur komið í máli til sviptingar lögræðis en úrskurðinn. Brot gegn ákvæði þessu varðar sektum.

2. Verjandi varnaraðila skal kynna honum niðurstöðu úrskurðar dómara í lögræðissviptingarmáli svo fljótt sem við verður komið. Þetta er þó ekki nauðsynlegt ef það er bersýnilega þýðingarlaust vegna ástands varnaraðila.

3. Dómari skal svo fljótt sem við verður komið senda staðfest endurrit úrskurðar um sviptingu lögræðis með ábyrgðarbréfi, eða á annan jafntryggan hátt, til dómsmálaráðuneytisins. Jafnframt skal dómari senda staðfest endurrit úrskurðarins til yfirlögráðanda í því umdæmi þar sem hinn lögræðissvipti á lögheimili eða þar sem hann hefur fastan dvalarstað,

ef dvalarstaður er annar en þar sem hann á lögheimili, með sama hætti ásamt þeim upplýsingum sem nauðsynlegar eru til að yfirlögráðandi geti sinnt skyldum sínum skv. 4. mgr. Ef hvorki er kunnugt um lögheimili né fastan dvalarstað hins lögræðissvipta skal senda staðfest endurrit úrskurðarins til yfirlögráðandans í Reykjavík. Dómari skal enn fremur sjá til þess að niðurstaða úrskurðar um fjárræðissviptingu, sem ekki er bundin við tilteknar eignir, verði birt í Lögbirtingablaði. Skal sú birting fara fram svo fljótt sem við verður komið.

4. Yfirlögráðandi skal þegar í stað, er honum hefur borist úrskurður dómara um fjárræðissviptingu, grípa til eftirfarandi ráðstafana:

a. Ef hinn fjárræðissvipti er skráður eigandi fasteignar, loftfars, skráningarskylds skips eða skráningarskylds ökutækis skal úrskurðinum þinglýst á viðkomandi eign. Ekki skal greiða þinglýsingargjald vegna þessa.
b. Ef hinn fjárræðissvipti er eigandi viðskiptabréfs skal athugasemd um sviptingu fjárræðis rituð á bréfið. Það sama gildir um viðskiptabréf sem lögráðamaður kann að kaupa síðar fyrir skjólstæðing sinn.
c. Ef hinn fjárræðissvipti rekur atvinnu sem geta ber eða getið er á firmaskrá skal skrá þar athugasemd um úrskurðinn.
d. Ef hinn fjárræðissvipti á fjármuni á innlánsreikningum hjá bönkum eða sparisjóðum skal hlutaðeigandi innlánsstofnun tilkynnt um sviptingu fjárræðis með ábyrgðarbréfi eða á annan sannanlegan hátt. Sama á við um inneignir í verðbréfasjóðum. Ef hinn fjárræðissvipti á hlut í félagi skal tilkynna um sviptinguna til stjórnar félagsins með sama hætti.

5. Ef fjárræðissvipting er einungis bundin við tilgreindar eignir nær skylda sú sem kveðið er á um í 4. mgr. einungis til þeirra eigna.

6. Dómsmálaráðuneytið heldur skrá um lögræðissvipta menn.

Niðurfelling lögræðissviptingar.

15. gr.

1. Nú telur sá sem átt getur aðild að lögræðissviptingarmáli skv. 7. gr. að ástæður sviptingar séu ekki lengur fyrir hendi, og getur hann þá borið fram kröfu við héraðsdómara um að lögræðissvipting verði felld niður með úrskurði að nokkru eða öllu leyti.

2. Komi krafa frá hinum lögræðissvipta sjálfum er dómara óskylt að taka hana til meðferðar nema sex mánuðir hið skemmsta séu liðnir frá sviptingu. Sé um tímabundna sviptingu að ræða sem ákveðin var í tólf mánuði eða skemur er dómara óskylt að taka kröfu til meðferðar nema helmingur tímans sé liðinn hið skemmsta.

3. Krafa um niðurfellingu lögræðissviptingar skal vera skrifleg og rökstudd og studd gögnum um breyttar aðstæður hins lögræðissvipta ef unnt er.

4. Um meðferð máls til niðurfellingar lögræðissviptingar gilda ákvæði 8. gr., eftir því sem við á, 9. gr., 1.–6. mgr. 10. gr., 11. gr., 12. gr., 1. og 2. mgr. 14. gr., 1., 3. og 4. mgr. 16. gr. og 17. gr.

5. Ef úrskurður dómara í máli til niðurfellingar lögræðissviptingar breytir eða fellir úr gildi úrskurð um lögræðissviptingu fer um birtingu hans og skráningu eftir sömu reglum og fram koma í 3.–6. mgr. 14. gr.

Málskot.

16. gr.

1. Úrskurðir samkvæmt lögum þessum sæta kæru til Hæstaréttar. Um málskotið fer samkvæmt almennum reglum um meðferð einkamála með þeim frávikum sem greinir í lögum þessum.

2. Málskot frestar ekki réttaráhrifum úrskurða um lögræðissviptingu, nema dómari mæli svo fyrir í úrskurði.

3. Hraða ber meðferð máls fyrir Hæstarétti svo sem kostur er.

4. Staðfest endurrit af dómi Hæstaréttar skal senda dómsmálaráðuneyti og héraðsdómara málsins. Ef úrskurði er breytt í Hæstarétti skal héraðsdómari og aðrir þeir sem greindir eru í 3.–6. mgr. 14. gr. laga þessara gera þær ráðstafanir sem þar er mælt fyrir um.

Málskostnaður.

17. gr.

1. Þóknun skipaðs verjanda, skipaðs talsmanns sóknaraðila og annan málskostnað, þar með talinn kostnað við öflun læknisvottorða og annarra sérfræðiskýrslna, skal greiða úr ríkissjóði.

2. Ef málskot til Hæstaréttar hefur verið bersýnilega tilefnislaust má gera kæranda að endurgreiða ríkissjóði kærumálskostnaðinn.

III. KAFLI
Nauðungarvistun.

Nauðungarvistun.

18. gr.

Með nauðungarvistun í lögum þessum er bæði átt við það þegar sjálfráða maður er færður nauðugur í sjúkrahús og haldið þar og þegar manni, sem dvalið hefur í sjúkrahúsi af fúsum og frjálsum vilja, er haldið þar nauðugum.

Skilyrði nauðungarvistunar o.fl.

19. gr.

1. Sjálfráða maður verður ekki vistaður nauðugur í sjúkrahúsi.

2. Þó getur læknir ákveðið að sjálfráða maður skuli færður og vistaður nauðugur í sjúkrahúsi ef hann er haldinn alvarlegum geðsjúkdómi eða verulegar líkur eru taldar á að svo sé eða ástand hans er þannig að jafna megi til alvarlegs geðsjúkdóms. Sama gildir ef maður á við alvarlega áfengisfíkn að stríða eða ofnautn ávana- og fíkniefna. Ákvæði 18. gr. stjórnsýslulaga gilda ekki við meðferð mála samkvæmt þessari málsgrein. Ef vakthafandi sjúkrahúslæknir ákveður nauðungarvistun manns samkvæmt þessari málsgrein skal bera ákvörðun hans undir yfirlækni svo fljótt sem verða má. Frelsisskerðing samkvæmt þessari málsgrein má ekki standa lengur en 48 klukkustundir nema til komi samþykki dómsmálaráðuneytisins skv. 3. mgr.

3. Með samþykki dómsmálaráðuneytisins má vista sjálfráða mann gegn vilja sínum í sjúkrahúsi til meðferðar í allt að 21 sólarhring frá dagsetningu samþykkis ráðuneytisins ef fyrir hendi eru ástæður þær sem greinir í 2. mgr. og nauðungarvistun er óhjákvæmileg að mati læknis.

4. Lögreglu er skylt að verða við beiðni læknis um aðstoð við að flytja mann nauðugan í sjúkrahús skv. 2. og 3. mgr. og skal læknir þá fylgja honum ef nauðsyn þykir bera til.

5. Heilbrigðisráðherra ákveður með reglugerð hvaða sjúkrahús hafa heimild til að taka við mönnum sem vistaðir eru skv. 2. og 3. mgr.

Hverjir beiðst geta nauðungarvistunar.

20. gr.

Beiðni um nauðungarvistun manns í sjúkrahúsi skv. 3. mgr. 19. gr. geta þeir aðilar lagt fram sem taldir eru í a-, b- og d-liðum 2. mgr. 7. gr.

Form, efni og fylgigögn með beiðni um nauðungarvistun.

21. gr.

1. Beiðni um nauðungarvistun skv. 3. mgr. 19. gr. skal vera skrifleg og beint til dómsmálaráðuneytisins. Beiðni skal að jafnaði rituð á eyðublað sem dómsmálaráðuneytið lætur í té.

2. Í beiðni skulu eftirfarandi atriði koma fram:

a. Nafn beiðanda, kennitala og lögheimili.
b. Nafn þess sem beiðst er að vistaður verði, kennitala og lögheimili, svo og dvalarstaður ef hann er annar en lögheimili.
c. Tengsl beiðanda og þess sem beiðst er að vistaður verði.
d. Ástæður fyrir beiðni.
e. Upplýsingar um í hvaða sjúkrahúsi og eftir atvikum á hvaða deild vista á hlutaðeigandi.

3. Með beiðni skal fylgja læknisvottorð sem eigi má vera eldra en þriggja daga þegar það berst ráðuneytinu, nema alveg sérstaklega standi á. Í vottorðinu, sem að jafnaði skal ritað á eyðublað sem ráðuneytið lætur í té, skulu eftirfarandi atriði koma fram:

a. Nafn þess sem beiðst er að vistaður verði, kennitala og lögheimili. Auk þess dvalarstaður hans ef annar er en lögheimili.
b. Hvar og hvenær skoðun fer fram.
c. Lýsing læknis á andlegu og líkamlegu ástandi hlutaðeigandi.
d. Sjúkdómsgreining læknis, ef unnt er.
e. Afstaða þess, sem beiðst er að vistaður verði, til beiðni um nauðungarvistun hans, eftir því sem við verður komið.
f. Yfirlýsing læknis um að nauðungarvistun sé að hans mati óhjákvæmileg.
g. Dagsetning vottorðs, undirskrift læknis og nafnstimpill.

4. Kostnaður af læknisvottorði greiðist úr ríkissjóði.

Málsmeðferð í dómsmálaráðuneytinu.

22. gr.

1. Dómsmálaráðuneytið skal þegar er því berst beiðni um nauðungarvistun taka málið til afgreiðslu. Skal ráðuneytið afla þeirra gagna er það telur nauðsyn bera til ef eigi er talið unnt að afgreiða mál á grundvelli beiðni og meðfylgjandi læknisvottorðs.

2. Ákvæði 13., 14. og 18. gr. stjórnsýslulaga gilda ekki við meðferð mála um nauðungarvistun.

3. Þegar nauðsynleg gögn og upplýsingar liggja fyrir skal dómsmálaráðuneytið án tafar ákveða hvort nauðungarvistun skuli heimiluð eða ekki.

Trúnaðarlæknir dómsmálaráðuneytisins.

23. gr.

1. Á vegum dómsmálaráðuneytisins skal starfa trúnaðarlæknir sem ráðuneytið getur leitað umsagnar hjá ef þörf krefur áður en heimild er veitt til nauðungarvistunar.

2. Trúnaðarlæknir ráðuneytisins hefur jafnan heimild til að kanna ástand manns sem dvelst í sjúkrahúsi gegn vilja sínum og kynna sér sjúkraskrá hans.

Ákvörðun dómsmálaráðuneytisins.

24. gr.

Ákvörðun dómsmálaráðuneytisins um hvort nauðungarvistun skuli heimiluð eða ekki skal vera skrifleg og rökstudd og skal hún tilkynnt þeim er beiðni bar fram. Ef beiðni er

samþykkt skal ákvörðun jafnframt send yfirlækni á hlutaðeigandi sjúkrahúsi þegar í stað með tryggilegum hætti, ásamt ljósriti af læknisvottorði því er fylgdi beiðni.

Kynning á réttarstöðu nauðungarvistaðs manns.

25. gr.

1. Vakthafandi sjúkrahúslæknir skal tilkynna nauðungarvistuðum manni án tafar eftirtalin atriði, nema slíkt sé bersýnilega þýðingarlaust vegna ástands hans:

a. Um ástæður nauðungarvistunar.
b. Um rétt til að njóta aðstoðar og stuðnings ráðgjafa skv. 27. gr.
c. Um ákvörðun dómsmálaráðuneytisins skv. 3. mgr. 19. gr., ef því er að skipta.
d. Um rétt til að bera ákvörðun um nauðungarvistun eða þvingaða lyfjagjöf eða meðferð undir dómstóla skv. 30. gr.

2. Yfirlæknir hefur eftirlit með og ber ábyrgð á að ákvæðum 1. mgr. sé framfylgt.

3. Heilbrigðisráðherra getur sett nánari reglur um kynningu á réttarstöðu nauðungarvistaðs manns samkvæmt þessari grein.

Skráning í sjúkraskrá.

26. gr.

1. Vakthafandi sjúkrahúslæknir skal, eftir því sem við á, skrá eftirfarandi atriði í sjúkraskrá nauðungarvistaðs manns svo fljótt sem verða má:

a. Hvenær nauðungarvistun hefst skv. 2. mgr. 19. gr.
b. Samþykki dómsmálaráðuneytis skv. 3. mgr. 19. gr.
c. Ákvarðanir um þvingaða lyfjagjöf og aðra þvingaða meðferð skv. 28. gr. og rökstuðning fyrir nauðsyn hennar.
d. Hvenær vakthafandi sjúkrahúslæknir tilkynnti yfirlækni um ákvarðanir sínar skv. 2. mgr. 19. gr. og 3. mgr. 28. gr.
e. Hvenær nauðungarvistuðum manni var kynntur réttur hans til að bera ákvörðun um nauðungarvistun eða þvingaða lyfjagjöf eða meðferð undir dómstóla skv. 30. gr., réttur til að ráðfæra sig við ráðgjafa skv. 27. gr. og ákvörðun ráðuneytis skv. 3. mgr. 19. gr. Ef slík kynning fer ekki fram þegar í stað skulu ástæður þess skráðar í sjúkraskrá.
f. Hvenær staðfesting hafi borist frá dómstóli um að fram sé komin krafa um að hlutaðeigandi skuli sviptur sjálfræði sínu, sbr. 2. mgr. 29. gr.

2. Yfirlæknir hefur eftirlit með og ber ábyrgð á að ákvæði 1. mgr. sé framfylgt.

3. Heilbrigðisráðherra getur sett nánari reglur um skráningar samkvæmt þessari grein.

Ráðgjafi nauðungarvistaðs manns.

27. gr.

1. Nauðungarvistaður maður á rétt á að njóta ráðgjafar og stuðnings sérstaks ráðgjafa vegna sjúkrahúsdvalarinnar og meðferðar þar.

2. Vakthafandi læknir skal, ef nauðungarvistaður maður óskar þess, hafa samband við ráðgjafann svo fljótt sem verða má og tilkynna honum um nauðungarvistunina. Nauðungarvistaður maður á rétt á að ræða við ráðgjafann einslega um hvaðeina sem nauðungarvistunina varðar og hafa samband við hann reglulega, nema ástandi hins nauðungarvistaða sé þannig háttað að það hafi enga þýðingu. Ráðgjafinn hefur heimild til að kynna sér sjúkraskrá hins nauðungarvistaða.

3. Ráðgjafa er skylt að gæta þagmælsku um atriði er hann fær vitneskju um í starfi sínu eða vegna starfs síns og leynt skulu fara skv. 18. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Brot á þagnarskyldu varðar refsingu skv. XIV. kafla almennra hegningarlaga.

4. Þóknun ráðgjafa, sem sérstaklega skal ráðinn til þess að veita nauðungarvistuðum mönnum aðstoð, skal greiðast úr ríkissjóði.

5. Dómsmálaráðherra setur nánari reglur um ráðningu ráðgjafa samkvæmt þessari grein, réttindi hans og skyldur og þóknun honum til handa.

Meðferð nauðungarvistaðs manns í sjúkrahúsi.

28. gr.

1. Maður, sem nauðungarvistaður er í sjúkrahúsi án þess að samþykki dómsmálaráðuneytis liggi fyrir, skal hvorki sæta þvingaðri lyfjagjöf né annarri þvingaðri meðferð nema skilyrðum 3. mgr. þessarar greinar sé fullnægt. Í slíkum tilvikum gildir ákvæði 3. mgr. einnig að öðru leyti.

2. Maður, sem nauðungarvistaður er til meðferðar í sjúkrahúsi með samþykki dómsmálaráðuneytis, skal einungis sæta þvingaðri lyfjagjöf samkvæmt ákvörðun yfirlæknis. Sama á við um aðra þvingaða meðferð.

3. Vakthafandi læknir getur þó tekið ákvörðun um að nauðungarvistaður maður skuli sæta þvingaðri lyfjagjöf eða annarri þvingaðri meðferð ef hann er sjálfum sér eða öðrum hættulegur eða ef lífi hans eða heilsu er annars stefnt í voða. Ákvörðun um þvingaða lyfjagjöf eða aðra þvingaða meðferð í þessum tilvikum skal tilkynnt yfirlækni svo fljótt sem verða má og skal hann taka ákvörðun um frekari meðferð.

4. Heilbrigðisráðherra getur sett nánari reglur um þvingaða lyfjagjöf og aðra þvingaða meðferð samkvæmt þessari grein.

Lok nauðungarvistunar.

29. gr.

1. Nauðungarvistun manns í sjúkrahúsi má aldrei haldast lengur en yfirlæknir telur hennar þörf og eigi lengur en 48 klst., sbr. 2. mgr. 19. gr., nema samþykki dómsmálaráðuneytis komi til. Nauðungarvistun, sem samþykkt hefur verið af dómsmálaráðuneytinu, má aldrei haldast lengur en yfirlæknir telur hennar þörf og eigi lengur en 21 sólarhring frá dagsetningu ákvörðunar ráðuneytisins, sbr. 3. mgr. 19. gr. laga þessara.

2. Þó má framlengja nauðungarvistun manns ef krafa hefur verið gerð fyrir dómi um að hann verði sviptur sjálfræði sínu. Þegar krafa hefur verið gerð um að maður, sem vistaður er nauðugur í sjúkrahúsi, verði sviptur sjálfræði skal dómari án tafar senda yfirlækni á sjúkrahúsi þar sem hinn vistaði dvelst staðfestingu á að slík krafa sé fram komin og hvenær hún hafi borist dóminum. Skal þetta gert með símskeyti eða öðrum tryggilegum hætti.

Réttur sjálfráða manns til að bera ákvörðun um nauðungarvistun og þvingaða meðferð í sjúkrahúsi undir dómstóla.

30. gr.

1. Heimilt er þeim sem vistaður hefur verið nauðugur í sjúkrahúsi skv. 2. eða 3. mgr. 19. gr. að bera ákvörðun um nauðungarvistunina undir dómstóla.

2. Heimilt er þeim sem gert hefur verið að sæta þvingaðri lyfjagjöf eða meðferð skv. 28. gr. að bera þá ákvörðun undir dómstóla.

3. Krafa skv. 1. eða 2. mgr. skal vera skrifleg og beint til viðkomandi dómstóls. Í kröfunni skal koma fram hvort óskað er skipunar ákveðins talsmanns og ef svo er hver það eigi að vera. Ráðgjafi skal aðstoða við kröfugerð samkvæmt þessari grein ef þess er óskað og sjá um að dómstóli berist krafan þegar í stað.

Málsmeðferð fyrir dómi.

31. gr.

1. Dómari skal taka kröfu skv. 30. gr. fyrir án tafar. Dómari skipar þeim er kröfu ber fram talsmann samkvæmt ákvæðum laga um meðferð opinberra mála um verjendur og skal gefa honum kost á að bera fram ósk um hver skipaður verði hafi sú ósk ekki þegar komið fram.

2. Ef krafist er niðurfellingar nauðungarvistunar skv. 2. mgr. 19. gr. eða ákvörðunar um þvingaða lyfjagjöf eða meðferð skv. 28. gr. skal dómari tilkynna yfirlækni viðkomandi deildar um kröfuna. Skal yfirlæknirinn þegar í stað láta dómara í té athugasemdir sínar þar sem gerð er grein fyrir ástæðum vistunar, þvingaðrar lyfjagjafar eða meðferðar, eftir því sem við á.

3. Ef krafist er niðurfellingar nauðungarvistunar, sem samþykkt hefur verið af dómsmálaráðuneyti, skal dómarinn kynna ráðuneytinu kröfuna, sem skal láta dómaranum í té gögn þau sem vistunin er reist á, ásamt athugasemdum sínum ef því er að skipta.

4. Að öðru leyti fer um mál þessi skv. II. kafla laganna, eftir því sem við á.

5. Svo fljótt sem við verður komið kveður dómari upp úrskurð um hvort ákvörðun um nauðungarvistun eða þvingaða lyfjagjöf eða meðferð skuli standa eða hún felld úr gildi.

6. Þegar óskað er eftir samþykki dómsmálaráðuneytis til nauðungarvistunar manns, sem dvelur nauðugur í sjúkrahúsi samkvæmt ákvörðun læknis, og sú ákvörðun hefur verið borin undir dómstól, skal ráðuneytið án tafar tilkynna viðkomandi dómstóli um kröfuna og um lyktir málsins er það hefur hlotið afgreiðslu í ráðuneytinu. Meðferð máls fyrir dómi frestar ekki málsmeðferð í dómsmálaráðuneytinu.

Réttur nauðungarvistaðs manns til bóta.

32. gr.

1. Dæma skal bætur úr ríkissjóði vegna nauðungarvistunar sjálfráða manns ef lögmæt skilyrði hefur brostið til slíkrar aðgerðar, hún hefur staðið lengur en efni stóðu til eða að henni staðið á óþarflega hættulegan, særandi eða móðgandi hátt.

2. Bæta skal fjártjón og miska ef því er að skipta.

3. Að öðru leyti gilda almennar reglur skaðabótaréttar.

IV. KAFLI
Ráðsmenn.

Skilyrði skipunar ráðsmanns.

33. gr.

Fjárráða maður, sem á óhægt með að sjá um fjármál sín vegna veikinda eða fötlunar, getur óskað eftir því að honum verði skipaður ráðsmaður, enda geri hann sér grein fyrir þýðingu þeirrar ráðstöfunar.

Form og efni umsóknar um skipun ráðsmanns.

34. gr.

1. Umsókn um skipun ráðsmanns skal að jafnaði rituð á eyðublað sem yfirlögráðandi lætur í té.

2. Í umsókn skulu eftirfarandi atriði koma fram:

a. Nafn umsækjanda, kennitala, lögheimili, svo og dvalarstaður ef hann er annar en lögheimili.

b. Ef umsækjandi er í hjúskap eða sambúð skal nafns maka eða sambúðarmaka getið, svo og afstöðu hans til umsóknarinnar.

c. Ástæður þess að skipunar ráðsmanns er óskað.
d. Nákvæm upptalning þeirra eigna sem ráðsmanni er ætlað að sjá um.
e. Ef óskað er eftir því að tiltekinn maður verði skipaður ráðsmaður skal þess getið.

3. Umsókn skal fylgja læknisvottorð þar sem grein er gerð fyrir heilsufari umsækjandans, svo og mati læknis á því hvort hann geri sér grein fyrir þýðingu ráðstöfunar skv. 33. gr.

Eignir sem afhentar verða ráðsmanni til umsjónar.

35. gr.

Heimilt er að fela ráðsmanni umsjón eftirtalinna eigna samkvæmt ákvæðum þessa kafla:
a. Fasteigna, loftfara, skráningarskyldra skipa og skráningarskyldra ökutækja.
b. Viðskiptabréfa.
c. Fjármuna á innlánsreikningum hjá bönkum eða sparisjóðum, svo og inneigna í verðbréfasjóðum.

Stjórnsýsluumdæmi.

36. gr.

Umsókn skal bera upp við yfirlögráðanda í því umdæmi þar sem umsækjandi á lögheimili eða þar sem hann dvelur.

Málsmeðferð.

37. gr.

1. Yfirlögráðandi skal taka umsókn til afgreiðslu án ástæðulausra tafa.

2. Yfirlögráðandi skal veita umsækjanda nauðsynlega aðstoð og leiðbeina honum, þar á meðal um lagalega þýðingu skipunar ráðsmanns og um útfyllingu umsóknar.

3. Yfirlögráðandi skal sjá til þess að mál sé nægjanlega upplýst áður en ákvörðun verður tekin í því. Hann getur lagt fyrir aðila að afla nánar tilgreindra gagna eða aflað þeirra sjálfur. Hann skal m.a. kynna sér af eigin raun hvort umsækjandi uppfyllir skilyrði 33. gr.

4. Hafi umsækjandi ekki óskað eftir því að tiltekinn maður verði skipaður ráðsmaður skal ráðsmaður valinn í samráði við umsækjanda.

5. Ef umsækjandi er í hjúskap skal maka hans veitt færi á að tjá sig um málið, þar á meðal um val á ráðsmanni. Það sama gildir um sambúðarmaka.

6. Umsækjandi getur afturkallað umsókn sína á hvaða stigi málsmeðferðar sem er. Eftir að ráðsmaður hefur verið skipaður fer um lausn hans frá störfum skv. 47. og 48. gr.

Hæfi ráðsmanna.

38. gr.

1. Um almennt og sérstakt hæfi ráðsmanna fer eftir 53. og 54. gr.

2. Enginn verður skipaður ráðsmaður nema hann hafi veitt til þess samþykki sitt.

Ákvörðun um skipun ráðsmanns o.fl.

39. gr.

1. Að uppfylltum skilyrðum 33. gr. skipar yfirlögráðandi umsækjanda ráðsmann. Heimilt er að skipa hjónum sama ráðsmann. Það sama gildir um sambúðarmaka.

2. Ráðsmanni skal ekki falin umsjón annarra eigna en nauðsynlegt er miðað við þarfir umsækjandans.

3. Þegar sérstaklega stendur á er heimilt að skipa sama umsækjanda fleiri en einn ráðsmann, enda fari þeir ekki með umsjón sömu eigna.

4. Ákvörðun um skipun ráðsmanns skal vera skrifleg og skulu eftirtalin atriði m.a. koma fram:

a. Nafn þess sem fær sér skipaðan ráðsmann, kennitala hans og lögheimili, svo og dvalarstaður ef annar er en lögheimili.
b. Nafn, kennitala og lögheimili þess sem skipaður er ráðsmaður.
c. Ástæður skipunar ráðsmannsins.
d. Nákvæm tilgreining á þeim eignum sem faldar eru ráðsmanni til umsjónar.
e. Þóknun ráðsmanns og greiðslufyrirkomulag hennar.

5. Yfirlögráðandi skal gefa út skipunarbréf til ráðsmanns þar sem getið skal m.a. þeirra atriða sem fram koma í a-, b- og d-liðum 4. mgr.

6. Skipun ráðsmanns er ótímabundin.

Tilkynning um skipun ráðsmanns og skráning ráðsmanna.

40. gr.

1. Yfirlögráðandi skal senda ráðsmanni skipunarbréf hans þegar í stað með ábyrgðarbréfi eða öðrum jafntryggum hætti. Enn fremur skal hann á sama hátt senda skjólstæðingi ráðsmanns og dómsmálaráðuneyti staðfest endurrit skipunarbréfsins.

2. Eftir að ráðsmaður hefur verið skipaður skal yfirlögráðandi þegar í stað grípa til eftirfarandi ráðstafana:

a. Hafi ráðsmanni verið falin umsjón fasteignar, loftfars, skráningarskylds skips eða skráningarskylds ökutækis skal skipun hans þinglýst á viðkomandi eign. Ekki skal greiða þinglýsingargjald vegna þessa.
b. Hafi ráðsmanni verið falin umsjón viðskiptabréfs skal skipunarinnar getið með sérstakri áritun á bréfið. Það sama gildir um viðskiptabréf sem ráðsmaður kann að kaupa síðar fyrir skjólstæðing sinn.
c. Hafi ráðsmanni verið falin umsjón fjármuna á innlánsreikningum hjá bönkum eða sparisjóðum skal hlutaðeigandi innlánsstofnun tilkynnt um það með ábyrgðarbréfi eða með öðrum jafntryggum hætti. Sama á við um inneignir í verðbréfasjóðum.

3. Dómsmálaráðuneytið heldur skrá yfir ráðsmenn og skjólstæðinga þeirra.

Réttaráhrif skipunar ráðsmanns.

41. gr.

1. Þegar tilkynning er komin til manns um að honum hafi verið skipaður ráðsmaður glatar hann rétti til að fara með, ráðstafa og takast á herðar skuldbindingar vegna þeirra eigna sem ráðsmanni hafa verið faldar til umsjónar. Þetta tekur þó ekki til heimildar hans til ráðstöfunar eigna með erfðaskrá.

2. Réttaráhrif skipunar ráðsmanns gagnvart grandlausum aðilum eru háð því að ráðstafanir þær hafi farið fram sem greindar eru í 2. mgr. 40. gr.

3. Löggerningar skjólstæðings ráðsmanns um eign, sem fara í bága við 1. mgr., binda hann ekki, nema löggerningur hafi annaðhvort verið staðfestur af ráðsmanni, og eftir atvikum yfirlögráðanda, eða honum verið fullnægt svo skuldbindandi sé fyrir skjólstæðinginn.

4. Um löggerninga skjólstæðings ráðsmanns og meðferð ráðsmanns á fjármunum hans gilda, auk ákvæða þessa kafla, reglur 1. og 3. mgr. 67. gr., 1. mgr. 68. gr., 1., 2. og 4. mgr. 77. gr. og 78. gr.

Heimildir ráðsmanns.

42. gr.

1. Ráðsmaður fer með sömu heimildir fyrir þeim eignum sem honum hefur verið falin umsjón með og skjólstæðingur hans hafði fyrir skipun hans, nema annað leiði af lögum. Lögmæt ráðstöfun ráðsmanns á þessum eignum bindur skjólstæðing hans.

2. Ráðsmaður getur ekki bundið skjólstæðing sinn við ábyrgð eða tryggingu fyrir þriðja mann, nema með skriflegu samþykki yfirlögráðanda.

3. Ráðsmaður getur hvorki selt né veðsett fasteign, loftfar, skráningarskylt skip eða skráningarskylt ökutæki í eigu skjólstæðings síns, nema með skriflegu samþykki yfirlögráðanda. Það sama gildir um útleigu slíkra eigna til lengri tíma en þriggja ára, nema kveðið sé á um rétt til uppsagnar með hæfilegum fyrirvara.

Starfsskyldur ráðsmanns og skaðabótaskylda.

43. gr.

1. Um starfsskyldur ráðsmanns og skaðabótaskyldu gilda ákvæði 1.–3. mgr. 60. gr. og 61. gr.

2. Dómsmálaráðherra getur sett nánari reglur um störf og starfsskyldur ráðsmanna og eftirlit yfirlögráðenda með þeim.

Þóknun ráðsmanns.

44. gr.

1. Við skipun ráðsmanns ákveður yfirlögráðandi þóknun hans með tilliti til eðlis og umfangs starfans.

2. Þóknun ráðsmanns skal greidd af skjólstæðingi hans.

3. Ráðsmaður og skjólstæðingur hans geta hvor um sig krafist endurskoðunar á fjárhæð þóknunar ráðsmannsins.

Skýrslugjöf ráðsmanns.

45. gr.

1. Ráðsmaður skal fyrir 1. mars ár hvert gefa yfirlögráðanda skýrslu, á eyðublaði sem hann leggur til, um helstu ákvarðanir sem teknar hafa verið á fyrra ári um fjárhald og eignaumsýslu skjólstæðings síns.

2. Ef fjárhald, sem falið hefur verið ráðsmanni, er umfangsmikið eða sérstakar ástæður gefa tilefni til getur yfirlögráðandi mælt svo fyrir að fjárhaldið skuli endurskoðað af löggiltum endurskoðanda. Kostnaður af endurskoðuninni greiðist af skjólstæðingi ráðsmanns.

3. Ráðsmaður skal gera yfirlögráðanda grein fyrir ráðstöfunum sínum hvenær sem hann krefst þess.

4. Þegar ráðsmaður fær lausn frá störfum skal hann gefa yfirlögráðanda skýrslu, á eyðublaði sem hann leggur til, um fjárhald og eignaumsýslu skjólstæðings síns.

Breyting á störfum ráðsmanns.

46. gr.

1. Skjólstæðingur ráðsmanns getur óskað þess við yfirlögráðanda að breyting verði gerð á því hvaða eignir eru faldar ráðsmanni til umsjónar.

2. Meðferð slíkra mála fer eftir sömu reglum og gilda um skipun ráðsmanns eftir því sem við getur átt.

Lausn ráðsmanns frá störfum.

47. gr.

1. Yfirlögráðandi skal leysa ráðsmann frá störfum óski hann þess. Ráðsmaður skal þó jafnan gegna áfram starfa sínum þar til skipaður hefur verið nýr ráðsmaður, sé þess þörf.

2. Yfirlögráðandi skal að eigin frumkvæði veita ráðsmanni lausn frá störfum ef skilyrði 33. gr. eru ekki lengur fyrir hendi, sbr. þó 48. gr. Það sama á við hafi ráðsmaður vanrækt starfa sinn eða gerst brotlegur í starfi eða uppfylli ekki lengur skilyrði 1. mgr. 54. gr.

3. Skjólstæðingur ráðsmanns getur hvenær sem er óskað þess að ráðsmanni verði veitt lausn frá störfum og honum fengin umsjón eigna sinna á ný. Yfirlögráðandi skal verða við þeirri ósk nema ákvæði 48. gr. eigi við.

4. Við gjaldþrot ráðsmanns eða gjaldþrot eða andlát skjólstæðings hans fellur sjálfkrafa niður skipun ráðsmanns. Verði skjólstæðingur ráðsmanns sviptur fjárræði fellur skipun ráðsmanns niður við skipun lögráðamanns.

Frestun á meðferð máls o.fl.

48. gr.

1. Þegar maður, sem fengið hefur sér skipaðan ráðsmann, óskar eftir breytingu eða niðurfellingu á þeirri skipan, og yfirlögráðandi hefur ástæðu til að ætla að högum hans sé svo farið sem segir í 4. gr. laganna, getur yfirlögráðandi frestað að taka málið til meðferðar í sjö daga. Að þeim tíma liðnum skal yfirlögráðandi taka málið til meðferðar, nema áður hafi verið gerð krafa fyrir dómi um að hlutaðeigandi verði sviptur fjárræði. Skal málinu þá frestað þar til úrskurður liggur fyrir.

2. Breytist heilsufar skjólstæðings ráðsmanns svo að hann uppfyllir ekki lengur skilyrði 33. gr. skal ráðsmaður vekja athygli yfirlögráðanda á því. Skal þá yfirlögráðandi taka ákvörðun um hvort ráðsmanni skuli þá þegar veitt lausn frá störfum eða hvort beðið skuli úrskurðar í fjárræðissviptingarmáli.

Tilkynning um lausn ráðsmanns frá störfum o.fl.

49. gr.

1. Hafi verið tekin ákvörðun um breytingu á störfum ráðsmanns eða honum veitt lausn frá störfum skal ráðsmanni og skjólstæðingi hans tilkynnt um það með ábyrgðarbréfi eða með öðrum sannanlegum hætti. Hafi ráðsmanni verið veitt lausn frá störfum skal dómsmálaráðuneyti tilkynnt um það með sama hætti.

2. Hafi orðið breyting á stöðu eða störfum ráðsmanns skv. 46.–48. gr. laganna skal yfirlögráðandi sjá til þess svo fljótt sem við verður komið að það sé tilkynnt og skráð með þeim hætti sem segir í 2. mgr. 40. gr.

3. Réttaráhrif breytinga á stöðu eða störfum ráðsmanns gagnvart grandlausum aðilum eru háð því að ráðstafanir þær hafi farið fram sem greindar eru í 2. mgr.

Gjöld.

50. gr.

1. Fyrir skipun ráðsmanns og breytingar á störfum hans skal greiða 5.000 kr. er renni í ríkissjóð. Sama gjald skal greiða þegar ráðsmanni er veitt lausn frá störfum að ósk skjólstæðings hans.

2. Gjöld skv. 1. mgr. skulu greidd af skjólstæðingi ráðsmanns.

V. KAFLI
Lögráðamenn.

Lögráðamenn þeirra sem ólögráða eru fyrir æsku sakir.

51. gr.

1. Foreldrar barns, sem ólögráða er fyrir æsku sakir, og þeir sem barni koma í foreldra stað ráða persónulegum högum þess. Nefnast þau lögráð forsjá og fer um hana samkvæmt ákvæðum barnalaga og lögum um vernd barna og ungmenna.

2. Foreldrar barns, sem fara með forsjá þess, eða aðrir þeir sem falin hefur verið forsjá barns samkvæmt barnalögum fara með fjárhald þess.

3. Ef fjárhaldsmenn barns eru tveir fara þeir sameiginlega með fjárhald þess. Annar fjárhaldsmanna getur veitt hinum umboð til þess að fara einn með fjárhaldið. Umboð má veita til tiltekins tíma eða takmarka við sérstakt erindi. Umboð má afturkalla hvenær sem er.

4. Nú eru fjárhaldsmenn barns tveir og getur annar þeirra þó tekið við fjármunum þeim sem fjárhaldsmaður hefur lögum samkvæmt heimild til að veita viðtöku þannig að fullt gildi hafi gagnvart þriðja manni, nema hinn fjárhaldsmaðurinn hafi tilkynnt þriðja manni að slíkt sé óheimilt. Ef annar fjárhaldsmanna barns er tímabundið hindraður í að gegna fjárhaldinu eru nauðsynlegar ákvarðanir hins um fjárhaldið gildar. Ágreining fjárhaldsmanna barns um fjárhaldið má bera undir yfirlögráðanda.

5. Yfirlögráðandi skal skipa þeim sem ófjárráða er fyrir ásku sakir fjárhaldsmann ef fjárhaldsmanns skv. 2. mgr. nýtur eigi við eða hann æskir lausnar frá starfi af ástæðum sem yfirlögráðandi metur gildar, svo og ef fjármálum barns þykir ekki nægilega borgið í höndum hans.

6. Yfirlögráðandi getur skipað þeim sem ófjárráða er fyrir ásku sakir sérstakan fjárhaldsmann til þess að reka tiltekið erindi fyrir hann, ef þess gerist þörf. Skal það jafnan gert er fastur fjárhaldsmaður hefur eigin hagsmuna að gæta við þann erindrekstur.

7. Yfirlögráðandi skal gefa barni, sem náð hefur tólf ára aldri, kost á að tjá sig um mál áður en fjárhaldsmaður skv. 5. mgr. eða sérstakur fjárhaldsmaður skv. 6. mgr. er skipaður nema slíkt sé talið barni til tjóns eða þýðingarlaust fyrir niðurstöðu máls. Enn fremur er rétt að gefa yngra barni kost á að tjá sig um mál ef það þykir hafa aldur og þroska til þess.

8. Nú hefur foreldri ákveðið hver vera skuli að því látnu fjárhaldsmaður barns er það hefur forsjá fyrir og skal þá skipa hann fjárhaldsmann, nema annað þyki hentara vegna hagsmuna barnsins eða mælt sé fyrir um fjárhaldið í lögum.

Lögráðamenn lögræðissviptra manna o.fl.

52. gr.

1. Nú er maður með dómsúrskurði sviptur sjálfræði eða fjárræði, eða hvoru tveggja, og hverfa þá lögráðin til yfirlögráðanda í því umdæmi sem hinn lögræðissvipti á lögheimili í. Ef hinn lögræðissvipti hefur fastan dvalarstað í öðru umdæmi hverfa lögráðin þó til yfirlögráðanda í því umdæmi. Ef hvorki er kunnugt um lögheimili né fastan dvalarstað hins lögræðissvipta hverfa lögráðin til yfirlögráðandans í Reykjavík.

2. Yfirlögráðandi skal skipa hinum lögræðissvipta lögráðamann svo fljótt sem verða má eftir að honum berst staðfest endurrit úrskurðar um lögræðissviptinguna.

3. Ákvæði laga þessara um lögráðmenn eiga einnig við um lögráðmenn þeirra sem sætt hafa takmarkaðri lögræðissviptingu skv. 5. gr., nema annað sé tekið fram.

Sérstakir lögráðamenn.

53. gr.

Skipa má ólögráða manni sérstakan lögráðamann til þess að reka tiltekið erindi fyrir hann er þess gerist þörf. Skal það jafnan gert er fastur lögráðamaður hefur eigin hagsmuna að gæta við þann erindrekstur.

Hæfi lögráðamanna.

54. gr.

1. Skipaður lögráðamaður skal vera lögráða og fjár síns ráðandi, ráðvandur og ráðdeildarsamur og að öðru leyti vel til starfans fallinn.

2. Enginn verður skipaður lögráðamaður nema hann hafi veitt til þess samþykki sitt.

Málsmeðferð.

55. gr.

1. Yfirlögráðandi skal gefa hinum lögræðissvipta kost á að bera fram ósk um hver skipaður verði lögráðamaður hans nema slíkt sé augsýnilega tilgangslaust.

2. Óski hinn lögræðissvipti eftir því að tiltekinn maður verði skipaður lögráðamaður hans skal skipa hann lögráðamann, nema hagsmunir hins lögræðissvipta krefjist annars.

3. Ef hinn lögræðissvipti er í hjúskap skal maka hans veitt færi á að tjá sig um val á lögráðamanni. Sama á við um sambúðarmaka.

Ákvörðun um skipun lögráðamanns.

56. gr.

1. Ákvörðun um skipun lögráðamanns skal vera skrifleg og skulu eftirtalin atriði koma þar fram.

a. Nafn hins ólögráða, kennitala hans og lögheimili, svo og dvalarstaður ef annar er en lögheimili.
b. Nafn, kennitala og lögheimili þess sem skipaður er lögráðamaður.
c. Hvar og hvenær viðkomandi var sviptur lögræði, sjálfræði eða fjárræði og hvort um sé að ræða tímabundna sviptingu. Ef svipting er tímabundin skal koma fram hvenær hún fellur úr gildi. Ef um fjárræðissviptingu er að ræða, sem einungis nær til tiltekinna eigna, skulu þær nákvæmlega tilgreindar.
d. Þóknun lögráðamanns og fyrirkomulag á greiðslu hennar.

2. Yfirlögráðandi skal, að tekinni ákvörðun skv. 1. mgr., gefa út skipunarbréf til lögráðamanns þar sem getið skal þeirra atriða sem fram koma í a-, b- og c-liðum 1. mgr.

3. Skipun lögráðamanna er ótímabundin, nema um tímabundna sviptingu sé að ræða.

Tilkynning um skipun lögráðamanns og skráning lögráðamanna.

57. gr.

1. Yfirlögráðandi skal senda lögráðamanni skipunarbréf hans þegar í stað með ábyrgðarbréfi eða öðrum jafntryggum hætti. Enn fremur skal hann á sama hátt senda skjólstæðingi lögráðamanns og dómsmálaráðuneyti staðfest endurrit skipunarbréfsins.

2. Dómsmálaráðuneytið heldur skrá yfir skipaða lögráðamenn.

Heimildir lögráðamanns o.fl.

58. gr.

1. Lögráðamaður sjálfræðissvipts manns hefur heimild til að taka nauðsynlegar ákvarðanir um þá persónuhagi hins sjálfræðissvipta sem hann er ófær um að taka sjálfur. Lögmæt ákvörðun lögráðamanns bindur sjálfræðissviptan mann svo sem sjálfráða hefði hann gert.

2. Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. getur lögráðamaður sjálfræðissvipts manns ekki ákveðið að hann skuli vistaður á stofnun gegn vilja sínum nema lífi eða heilsu hins svipta sé hætta búin að mati læknis. Lögráðamaður getur þá ákveðið að hinn sjálfræðissvipti verði vistaður á stofnun sem rekin er samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu eða lögum um málefni fatlaðra. Lögráðmaður skal tilkynna yfirlögráðanda um ákvörðun sína. Um flutning manns á stofnun samkvæmt þessari málsgrein og meðferð hans þar gilda ákvæði 4. mgr. 19. gr., 25., 26., 27. og 28. gr., eftir því sem við á.

3. Lögráðamaður ófjárráða manns ræður yfir fé hans, nema lög mæli um á annan veg. Hafi maður einungis verið sviptur fjárræði varðandi tilteknar eignir ræður lögráðamaður aðeins fyrir þeim eignum hans. Lögmæt ráðstöfun lögráðamanns bindur ófjárráða mann svo sem fjárráða hefði hann gert.

Réttur sjálfræðissvipts manns til að bera ákvörðun um vistun á stofnun undir dómstóla.

59. gr.

1. Heimilt er sjálfræðissviptum manni að bera ákvörðun lögráðamanns síns um vistun hans á stofnun, sbr. 2. mgr. 58. gr., undir dómstóla.

2. Dómari skal kalla lögráðamann fyrir dóm, kynna honum kröfuna og gefa honum kost á að tjá sig um hana.

3. Um meðferð mála skv. 1. mgr. fyrir dómi gilda að öðru leyti ákvæði 31. gr. laganna, eftir því sem við á.

Starfsskyldur lögráðamanns.

60. gr.

1. Lögráðamaður skal hafa samráð við hinn ólögráða um framkvæmd starfa síns, eftir því sem við verður komið, nema um minni háttar ákvarðanir sé að ræða.

2. Lögráðamaður skal haga störfum sínum í þágu hins ólögráða eins og best hentar hag hans hverju sinni.

3. Lögráðamanni er skylt að fara að fyrirmælum yfirlögráðanda og dómsmálaráðuneytis.

4. Dómsmálaráðherra getur sett nánari reglur um störf og starfsskyldur lögráðamanna og eftirlit yfirlögráðenda með þeim.

Skaðabótaskylda lögráðamanns.

61. gr.

Lögráðamaður skal bæta ólögráða manni tjón af lögráðamannsstörfum sínum ef hann veldur því af ásetningi eða gáleysi.

Þóknun og útlagður kostnaður skipaðs lögráðamanns.

62. gr.

1. Skipaður lögráðamaður skal ávallt eiga rétt á endurgreiðslu á nauðsynlegum útlögðum kostnaði vegna starfans. Yfirlögráðandi getur ákveðið að lögráðamaður skuli fá sanngjarna þóknun fyrir störf sín. Útlagðan kostnað og þóknun skal að jafnaði greiða af eignum hins ólögráða. Yfirlögráðandi getur þó ákveðið að fé þetta skuli greitt úr ríkissjóði ef eignir hins ólögráða eru litlar eða aðrar sérstakar ástæður mæla með því.

2. Dómsmálaráðherra setur nánari reglur um þóknun lögráðamanna.

Skýrslugjöf lögráðamanns.

63. gr.

1. Lögráðamaður manns, sem ófjárráða er fyrir ræsku sakir, skal fyrir 1. mars ár hvert gefa yfirlögráðanda skýrslu, á eyðublaði sem hann leggur til, um helstu ákvarðanir sem teknar hafa verið á fyrra ári um fjárhald hins ófjárráða ef verðmæti eigna hans er 500.000 kr. eða þar yfir. Ef þeim sem ófjárráða er fyrir ræsku sakir hefur verið skipaður fjárhaldsmaður fer þó um skýrslugjöf skv. 3. mgr.

2. Lögráðamaður fjárræðissvipts manns skal, þegar eftir að hann hefur verið skipaður, taka saman skýrslu um eignir og skuldir hins svipta og senda hana yfirlögráðanda. Þetta á þó ekki við ef maður hefur einungis verið sviptur fjárræði sínu varðandi tilteknar eignir.

3. Lögráðamaður fjárræðissvipts manns skal fyrir 1. mars ár hvert gefa yfirlögráðanda skýrslu, á eyðublaði sem hann leggur til, um helstu ákvarðanir sem teknar hafa verið á fyrra ári um fjárhald og eignaumsýslu hins fjárræðissvipta.

4. Nú áskotnast ófjárráða manni verðmæti í gjöf, vinning í happdrætti eða á annan hátt, sem nemur 500.000 kr. eða meira, og skal þá lögráðamaður þegar tilkynna yfirlögráðanda um það. Þetta á þó ekki við um fjárræðissviptan mann ef hann hefur aðeins verið sviptur fjárræði sínu varðandi tilteknar eignir.

5. Ef fjárhald lögráðamanns er umfangsmikið eða sérstakar ástæður gefa tilefni til getur yfirlögráðandi mælt svo fyrir við lögráðamann að fjárhaldið skuli endurskoðað af löggiltum endurskoðanda. Ef sérstaklega stendur á getur yfirlögráðandi ákveðið að kostnaður af slíkri endurskoðun skuli greiddur úr ríkissjóði.

6. Lögráðamaður skal gera yfirlögráðanda grein fyrir ráðstöfunum sínum varðandi fjárhaldið hvenær sem hann krefst þess.

7. Þegar skipaður lögráðamaður fær lausn frá störfum skal hann gefa yfirlögráðanda skýrslu, á eyðublaði sem hann leggur til, um fjárhald og eignaumsýslu skjólstæðings síns.

8. Dómsmálaráðherra getur sett nánari reglur um skýrslugjöf samkvæmt þessari grein.

Lausn skipaðs lögráðamanns frá störfum.

64. gr.

1. Yfirlögráðandi skal leysa skipaðan lögráðamann frá störfum óski hann þess. Lögráðamaður skal þó jafnan gegna áfram starfi sínu þar til skipaður hefur verið nýr lögráðamaður.

2. Yfirlögráðandi skal að eigin frumkvæði veita skipuðum lögráðamanni lausn frá störfum hafi hann vanrækt starfa sinn eða gerst brotlegur í starfi eða uppfylli ekki lengur skilyrði laga um almennt hæfi sem lögráðamaður.

3. Við andlát skjólstæðings skipaðs lögráðamanns fellur sjálfkrafa niður skipun lögráðamanns.

Tilkynning um lausn lögráðamanns frá störfum og skráning.

65. gr.

Um tilkynningu um lausn lögráðamanns frá störfum og skráningu um lausn hans fer skv. 57. gr.

VI. KAFLI
Meðferð á fjármunum ófjárráða manna.

Gildissvið.

66. gr.

Ákvæði þessa kafla eiga við um meðferð á fjármunum þeirra sem ófjárráða eru fyrir ásku sakir og þeirra sem sviptir hafa verið fjárræði, nema annað sé tekið fram í lögum þessum.

Varðveisla og ávöxtun eigna ófjárráða manns.

67. gr.

1. Eignir ófjárráða manns skulu varðveittar tryggilega og þær ávaxtaðar eins og best er á hverjum tíma.

2. Eignir ófjárráða manns, sem eru að verðmæti yfir 500.000 kr., skulu varðveittar og ávaxtaðar að höfðu samráði lögráðamanns við yfirlögráðanda.

3. Lögráðamaður skal ávallt halda peningum og viðskiptabréfum ófjárráða manns aðgreindum frá eigin fjármunum.

4. Yfirlögráðandi getur, ef hann telur ástæðu til, tekið í sínar vörslur fjármuni í eigu hins ófjárráða. Lögráðamaður hefur ekki ráðstöfunarrétt á því fé hins ófjárráða sem yfirlögráðandi hefur tekið í sínar vörslur.

5. Samþykki yfirlögráðanda þarf til þess að gengið sé á eignir ófjárráða manns til greiðslu kostnaðar af framfærslu hans, námi eða öðru. Þegar um er að ræða fjárræðissviptingu varðandi tilteknar eignir á þetta þó aðeins við um þær eignir sem sviptingin tekur til.

6. Dómsmálaráðherra er heimilt að setja nánari reglur um varðveislu og ávöxtun fjármuna ófjárráða manna.

Tekjur og arður af eignum o.fl.

68. gr.

1. Lögráðamaður skal sjá til þess að tekjur og arður af eignum ófjárráða manns nýtist í þágu hins ófjárráða.

2. Lögráðamaður getur, ef hann telur ástæðu til og slíka ráðstöfun í samræmi við hagsmuni hins ófjárráða, afhent honum hæfilegt fé til eigin nota af tekjum hans eða arði. Lögráðamaður getur á sama hátt með leyfi yfirlögráðanda, sbr. 5. mgr. 67. gr., afhent hinum ófjárráða fjármuni af höfuðstól hans til eigin nota ef tekjur hans hrökkva ekki til.

Kaup og sala á eignum o.fl.

69. gr.

1. Samþykki yfirlögráðanda þarf til þess að binda ófjárráða mann við kaup eða sölu fasteignar, loftfars, skráningarskylds skips eða skráningarskylds ökutækis, svo og atvinnufyrirtækis hans. Sama gildir ef ófjárráða manni eru afhentar slíkar eignir án þess að endurgjald komi fyrir. Eignir samkvæmt þessari málsgrein skulu eigi látnar af hendi, nema hinum ófjárráða sé auðsjáanlega hagur að því.

2. Samþykki yfirlögráðanda þarf til þess að leigusamningur um fasteign ófjárráða manns sé gildur ef leigusamningur er til lengri tíma en þriggja ára, nema kveðið sé á um rétt til uppsagnar með hæfilegum fyrirvara.

3. Samþykki yfirlögráðanda þarf einnig til allra ráðstafana varðandi fjárhald ófjárráða manns sem eru mikils háttar eða óvenjulegar, miðað við efni hins ófjárráða, svo sem kaup eða sölu á lausafé, ef um tiltölulega mikið verðmæti er að tefla, og til ráðningar forstjóra fyrir atvinnufyrirtæki ófjárráða manns.

4. Dómsmálaráðherra getur sett nánari reglur um form og efni beiðna lögráðamanna um samþykki yfirlögráðenda samkvæmt þessari grein og um þau gögn sem beiðni skulu fylgja.

Veðsetningar og önnur eignarhöft.

70. gr.

1. Samþykki yfirlögráðanda þarf til lagningar veðbanda eða annarra eignarhafta á fasteign, loftfar, skráningarskylt skip, skráningarskylt ökutæki eða atvinnufyrirtæki í eigu ófjárráða manns. Sama gildir um lagningu veðbanda eða annarra eignarhafta á viðskiptabréf og bankainnstæður og lausafé, ef um tiltölulega mikið verðmæti er að ræða. Samþykki yfirlögráðanda skal því aðeins veitt að hinum ófjárráða sé hagur að ráðstöfuninni.

2. Yfirlögráðanda er einungis heimilt að veita samþykki til ráðstafana skv. 1. mgr. til tryggingar skuldum hins ófjárráða. Ef sérstaklega stendur á getur yfirlögráðandi þó samþykkt veðsetningu til tryggingar skuldum lögráðamanns.

3. Dómsmálaráðherra getur sett nánari reglur um form og efni beiðna lögráðamanna um samþykki yfirlögráðenda samkvæmt þessari grein og um þau gögn sem beiðni skulu fylgja.

Ábyrgð fyrir þriðja mann.

71. gr.

1. Óheimilt er að binda ófjárráða mann við ábyrgð eða tryggingu fyrir þriðja mann.

2. Yfirlögráðandi getur þó veitt undanþágu frá 1. mgr. þegar sérstaklega stendur á vegna hagsmuna hins ófjárráða.

Lán fjármuna.

72. gr.

1. Óheimilt er að lána fé ófjárráða manna nema með samþykki yfirlögráðanda. Lán skal aðeins veita gegn tryggu veði í fasteign. Lánsfjárhæðin má ekki fara fram úr ⅔ hlutum af fasteignamati eignarinnar. Yfirlögráðandi veitir því aðeins samþykki sitt að hinum ófjárráða sé hagur að ráðstöfuninni.

2. Í veðskuldabréfum fyrir láni af fé ófjárráða manna skal taka fram að lánið sé allt þegar afturkræft ef vanskil verða á greiðslu vaxta eða afborgana og má þá krefjast nauðungarsölu veðsins án undangengins dóms, sáttar eða aðfarar.

3. Ef maður hefur einungis verið sviptur fjárræði sínu varðandi tilteknar eignir eiga ákvæði þessarar greinar aðeins við þær eignir.

Tilkynningarskylda til yfirlögráðanda.

73. gr.

1. Skylt er öllum þeim sem inna af hendi fjárgreiðslu til lögráðamanns ófjárráða manns, sem er eign hins ófjárráða, að tilkynna yfirlögráðanda ef greiðslan er að fjárhæð 500.000 kr. eða þar yfir.

2. Tilkynningu skv. 1. mgr. skal beina til yfirlögráðanda í því umdæmi sem hinn ófjárráða maður á lögheimili í.

VII. KAFLI
Löggerningar ólögráða manna.

Gildissvið.

74. gr.

Ákvæði þessa kafla eiga við bæði þegar maður er ólögráða fyrir æsku sakir og þegar maður hefur verið sviptur lögræði, nema annað leiði af lögum þessum. Hafi maður verið sviptur fjárræði einungis að því er varðar tilteknar eignir eiga ákvæði þessa kafla aðeins við um þær eignir.

Ráðstöfunarréttur ófjárráða manns.

75. gr.

1. Ófjárráða maður ræður ekki fé sínu nema lög mæli á annan veg.

2. Ófjárráða maður ræður sjálfur sjálfsaflafé sínu sem hann hefur þegar unnið fyrir. Maður, sem sviptur hefur verið fjárræði, ræður þó aðeins því sjálfsaflafé sem hann hefur unnið sér inn eftir að úrskurður gekk um sviptingu fjárræðis.

3. Ófjárráða maður ræður sjálfur gjafafé sínu, þar með töldum dánargjöfum, nema gefandi hafi mælt fyrir á annan veg eða lög kveði sérstaklega öðruvísi á um. Ef maður hefur verið sviptur fjárræði ræður hann þó aðeins því gjafafé sem hann hefur fengið eftir að úrskurður gekk um sviptingu fjárræðis.

4. Ófjárráða maður ræður einnig með sama hætti því fé sem lögráðamaður hans hefur látið hann hafa til ráðstöfunar.

5. Ef um tiltölulega mikið sjálfsaflafé eða gjafafé er að tefla eða fari hinn ófjárráða ráðlauslega með féð getur yfirlögráðandi, án tillits til fyrirmæla gefanda, ef því er að skipta, tekið eða heimilað lögráðamanni að taka féð að nokkru eða öllu leyti til varðveislu og ræður hinn ófjárráða maður þá ekki því fé meðan sú ráðstöfun helst.

6. Forráð ófjárráða manns yfir sjálfsaflafé og gjafafé taka einnig til arðs af því fé, svo og verðmætis er í stað þess kemur.

7. Ákvæði þessarar greinar heimila hvorki ófjárráða manni að stofna til skulda né veðsetja þá fjármuni sem þau taka til.

Löggerningar ólögráða manns.

76. gr.

1. Löggerningar ólögráða manns, sem hann hafði ekki heimild til að gera, binda hann ekki.

2. Nú hefur maður verið sviptur fjárræði, án þess að fjárræðissvipting sé bundin við tilteknar eignir, og binda hann þá ekki löggerningar sem fara í bága við fjárræðissviptinguna og hann gerir eftir birtingu úrskurðar í Lögbirtingablaði. Ef ráðstafanir skv. 4. mgr. 14. gr. eru gerðar áður en úrskurður er birtur miðast réttaráhrif sviptingarinnar, varðandi eignir sem þar eru greindar, við þær ráðstafanir.

3. Réttaráhrif úrskurðar um fjárræðissviptingu, sem einungis tekur til tiltekinna eigna, gagnvart grandlausum aðilum, miðast við að þær ráðstafanir hafi verið gerðar sem mælt er fyrir um í 4. mgr. 14. gr.

Riftun samnings ólögráða manns.

77. gr.

1. Nú hefur ólögráða maður sjálfur gert samning sem hann skorti heimild til að gera og getur þá hinn aðili samningsins rift honum, nema samningurinn hafi annaðhvort verið staðfestur af lögráðamanni eða honum hafi verið fullnægt svo skuldbindandi sé fyrir hinn ólögráða mann.

2. Nú veit maður að hann semur við ólögráða mann og hefur ekki ástæðu til að ætla að samþykki lögráðamanns sé fyrir hendi og getur hann þá ekki rift samningnum fyrr en liðinn er tilskilinn frestur til að afla staðfestingar lögráðamanns ef um slíkan frest hefur verið samið, en ella hæfilegur tími til þeirrar málaleitunar. Sama gildir ef afla þarf samþykkis yfirlögráðanda.

3. Ef maður hefur gert vinnusamning við ósjálfráða mann og svo er ástatt sem segir í upphafi undanfarandi málsgreinar getur hann ekki rift samningnum meðan hinn ósjálfráða maður efnir hann af sinni hálfu.

4. Ákvörðun um riftun samnings skal bæði tilkynna hinum ólögráða manni sjálfum og lögráðamanni hans.

Skilaskylda samningsaðila við ógildingu samnings vegna lögræðisskorts o.fl.

78. gr.

1. Nú veldur lögræðisskortur ógildingu samnings og skal þá hvor aðili skila aftur þeim verðmætum sem hann hefur veitt viðtöku. Ef ekki er unnt að skila hlut aftur skal aðili greiða verð hans eftir því sem hér segir:

a. Samningsaðili hins ólögráða manns skal greiða fullt verð hlutarins. Honum ber þó eigi að bæta hlut sem hann átti að skila aftur samkvæmt samningi aðila ef rýrnun eða eyðilegging hlutarins stafar af eiginleikum hans sem fyrir hendi voru þegar hann var afhentur. Hafi aðili fengið hlutinn eða verðmætið að gjöf eða til geymslu frá hinum ólögráða manni má færa niður bætur úr hendi hans eftir því sem sanngjarnt þykir.
b. Hinn ólögráða maður skal greiða fégjald að því leyti sem verðmætin hafa orðið honum að notum.

2. Nú hefur hinn ólögráða maður haft svik í frammi eða á annan hátt brotið af sér við gerð samnings eða afhendingu umsaminna verðmæta eða hann hefur á saknæman hátt valdið því að hlutur hefur farið forgörðum er honum bar samkvæmt samningnum eða vegna riftunar hans að skila aftur og skal hann þá bæta samningsaðila sínum tjón hans. Dómstólar geta þó fært bótafjárhæð niður með hæfilegu tilliti til þess hve mikil sökin var og tjónið, til efnahags hins ólögráða manns og annarra atvika.

3. Nú sannast í opinberu máli að hinn ólögráða maður hefur gerst sekur um refsivert athæfi í sambandi við gerð samnings eða framkvæmd og skal hann þá bæta tjón eftir almennum reglum.

Fullnusta í eignum sem fjárræðissvipting skv. 2. mgr. 5. gr. tekur til.

79. gr.

Nú stofnar maður, sem sviptur hefur verið fjárræði að því er varðar tilteknar eignir skv. 2. mgr. 5. gr. laga þessara, til skulda eða tekur á sig ábyrgð fyrir þriðja mann, eftir að ráðstafanir skv. 4. mgr. 14. gr. hafa verið gerðar, og verður þá ekki leitað fullnustu í þeim eignum hans sem sviptingin tekur til.

VIII. KAFLI
Yfirlögráð.

Yfirlögráðendur.

80. gr.

Sýslumenn eru yfirlögráðendur hver í sínu umdæmi.

Hlutverk yfirlögráðenda.

81. gr.

1. Yfirlögráðendur skipa lögráðamenn og ráðsmenn.

2. Yfirlögráðendur hafa eftirlit með störfum skipaðra lögráðamanna og ráðsmanna samkvæmt ákvæðum laga þessara. Sama gildir um eftirlit með fjárhaldi lögráðamanna þeirra sem ófjárráða eru fyrir æsku sakir.

3. Yfirlögráðendur sinna enn fremur þeim störfum er þeim eru falin í lögum þessum eða öðrum lögum.

Gerðabækur yfirlögráðenda.

82. gr.

1. Yfirlögráðendur halda gerðabækur sem hafa að geyma ákvarðanir þeirra samkvæmt lögum þessum

2. Dómsmálaráðherra getur sett nánari reglur um færslur yfirlögráðenda í gerðabækur.

Málskot.

83. gr.

Stjórnvaldsákvörðun yfirlögráðanda samkvæmt lögum þessum má skjóta til dómsmálaráðherra innan 30 daga frá birtingu hennar.

IX. KAFLI
Ýmis ákvæði.

Verðbreytingar.

84. gr.

Fjárhæðir þær sem getið er í 1. mgr. 50. gr., 1. og 4. mgr. 63. gr., 2. mgr. 67. gr. og 1. mgr. 73. gr. eru grunnfjárhæðir og er heimilt að láta þær taka árlega sömu hlutfallslegu breytingum og vísitala neysluverðs, í fyrsta skipti 1. janúar 1999. Dómsmálaráðherra skal þá tilkynna um breytingarnar með auglýsingu í Lögbirtingablaði.

Gildistaka.

85. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1998.

Brottfallin lög.

86. gr.

Við gildistöku laga þessara falla úr gildi lögræðislög, nr. 68/1984, með áorðnum breytingum.

Lagaskil.

87. gr.

1. Kröfu um nauðungarvistun, lögræðissviptingu eða niðurfellingu lögræðissviptingar, sem sett var fram í gildistíð laga nr. 68/1984 og ekki hefur verið leyst úr við gildistöku laga þessara, skal leysa úr samkvæmt ákvæðum laga nr. 68/1984, nema sá er kröfu setti fram óski eftir því að úr máli skuli leyst samkvæmt ákvæðum þessara laga.

2. Skyldur lögráðamanna, sem skipaðir hafa verið samkvæmt ákvæðum laga nr. 68/1984 eða eldri laga, eru þær sem greinir í lögum þessum.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þeir sem öðlast hafa sjálfræði samkvæmt ákvæðum laga nr. 68/1984 við gildistöku laga þessara halda sjálfræði sínu. Þeir sem ósjálfráða eru fyrir æsku sakir við gildistöku laganna öðlast sjálfræði samkvæmt ákvæði 1. gr.

Gjört á Bessastöðum, 28. maí 1997.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Þorsteinn Pálsson.

26. maí 1997 Nr. 72

LÖG

um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða, nr. 38/1990, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við 3. málsl. 5. mgr. 12. gr. laganna, sbr. 9. gr. laga nr. 87/1994, bætist: á þeim tegundum sem ekki hefur verið samið um veiðistjórn á.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 26. maí 1997.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Þorsteinn Pálsson.

SKIPULAGS- OG BYGGINGARLÖG.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI
Almenn ákvæði.

1. gr.
Markmið.

Markmið laga þessara er:

að þróun byggðar og landnotkunar á landinu öllu verði í samræmi við skipulagsáætlanir sem hafi efnahagslegar, félagslegar og menningarlegar þarfir landsmanna, heilbrigði þeirra og öryggi að leiðarljósi,

að stuðla að skynsamlegri og hagkvæmri nýtingu lands og landgæða, tryggja varðveislu náttúru og menningarverðmæta og koma í veg fyrir umhverfisspjöll og ofnýtingu, með sjálfbæra þróun að leiðarljósi,

að tryggja réttaröryggi í meðferð skipulags- og byggingarmála þannig að réttur einstaklinga og lögaðila verði ekki fyrir borð borinn þótt hagur heildarinnar sé hafður að leiðarljósi,

að tryggja faglegan undirbúning mannvirkjagerðar og virkt eftirlit með því að kröfum um öryggi, endingu, útlit og hagkvæmni bygginga og annarra mannvirkja sé fullnægt.

2. gr.
Skilgreiningar.

Aðalskipulag: Skipulagsáætlun fyrir tiltekið sveitarfélag þar sem fram kemur stefna sveitarstjórnar um landnotkun, samgöngu- og þjónustukerfi, umhverfismál og þróun byggðar í sveitarfélaginu á minnst 12 ára tímabili.

Byggingarleyfi: Leyfi sveitarstjórnar til að byggja, breyta eða rífa hús eða önnur mannvirki eða breyta notkun þeirra. Leyfið felur í sér samþykkt aðaluppdrátta og framkvæmdaáforma og heimild til að hefja framkvæmdir að uppfylltum skilyrðum, sbr. 44. gr.

Deiliskipulag: Skipulagsáætlun fyrir afmarkaða reiti innan sveitarfélags sem byggð er á aðalskipulagi og kveður nánar á um útfærslu þess. Ákvæði um deiliskipulag eiga jafnt við um þéttbýli og dreifbýli.

Framkvæmdaleyfi: Leyfi til framkvæmda í samræmi við skipulag og sem ekki eru háðar ákvæðum IV. kafla laga þessara um mannvirki.

Hverfisvernd: Ákvæði í svæðis-, aðal- eða deiliskipulagi um verndun sérkenna eldri byggðar eða annarra menningarsögulegra minja.

Landnotkun: Ráðstöfun lands til mismunandi nota, svo sem undir íbúðir, iðnað, verslun, útivist og landbúnað.

Landnýting: Samheiti yfir mælikvarða á það hversu mikil nýting lands er, svo sem nýtingarhlutfall, þéttleika byggðar og ítölu.

Nýtingarhlutfall: Hlutfall milli brúttógólffletar á lóð eða reit og flatarmáls lóðar eða reits.

Skipulagsáætlun: Áætlun sem gerir grein fyrir markmiðum viðkomandi stjórnvalda og ákvörðunum um framtíðarnotkun lands og fyrirkomulag byggðar og lýsir forsendum þeirra ákvarðana. Skipulagsáætlanir skiptast í þrjá flokka: Svæðisskipulag, aðalskipulag og deiliskipulag. Skipulagsáætlun er sett fram í greinargerð og á uppdrætti.

Skipulagskvaðir: Kvaðir sem lagðar eru á einstakar lóðir í skipulagi, svo sem um fjölda bílastæða, umferðarrétt eða legu lagna.

Skipulagsskilmálar: Ákvæði í skipulagsáætlun um nánari útfærslu skipulags um samsetningu byggðar, byggingarlínur, hæð húsa o.fl.

Svæðisskipulag: Skipulagsáætlun sem tekur yfir fleiri en eitt sveitarfélag. Hlutverk svæðisskipulags er að samræma stefnu um landnotkun, samgöngu- og þjónustukerfi, umhverfismál og þróun byggðar á svæðinu á minnst 12 ára tímabili.

Þéttbýli: Þyrping húsa þar sem búa a.m.k. 50 manns og fjarlægð milli húsa fer að jafnaði ekki yfir 200 metra.

Þéttleiki byggðar: Landnýting innan þéttbýlis miðað við brúttóflatarmál lands sem m.a. er lýst með hlutfalli milli samanlagðs gólffletar á tilteknu svæði og flatarmáls svæðisins eða reikningsstærðum eins og íbúar/ha eða íbúðir/ha.

II. KAFLI
Stjórnvöld skipulags- og byggingarmála.

3. gr.
Stjórn skipulags- og byggingarmála.

Umhverfisráðherra fer með yfirstjórn skipulags- og byggingarmála samkvæmt lögum þessum. Ráðherra til aðstoðar er Skipulagsstofnun, sbr. 4. gr.

Sveitarstjórnir annast gerð svæðis-, aðal- og deiliskipulagsáætlana. Þær fjalla um leyfisumsóknir, veita byggingarleyfi og framkvæmdaleyfi og annast byggingareftirlit með atbeina kjörinna nefnda og sérhæfðra starfsmanna.

4. gr.
Skipulagsstofnun.

Ríkið starfrækir Skipulagsstofnun. Hlutverk stofnunarinnar er:

a. að hafa eftirlit með framkvæmd laga þessara og reglugerða sem settar eru samkvæmt þeim,
b. að veita ráðgjöf um skipulags- og byggingarmál,
c. að fylgjast með stöðu skipulagsmála í sveitarfélögum,
d. að aðstoða sveitarfélög og leiðbeina þeim við gerð skipulagsáætlana,
e. að láta í té umsagnir um ágreiningsmál á sviði skipulags- og byggingarmála,
f. að sjá um að upplýsingar um áætlanir um landnotkun á landsvísu séu fyrir hendi og stuðla að innbyrðis samræmi þeirra,
g. að annast og stuðla að rannsóknum á sviði skipulags- og byggingarmála í samvinnu við hlutaðeigandi stofnanir og hagsmunaaðila, svo og að annast eða stuðla að útgáfu upplýsinga um þau mál,
h. að fylgjast með og veita upplýsingar um ferlimál fatlaðra,
i. að framfylgja ákvæðum laga um mat á umhverfisáhrifum.

5. gr.
Skipulagsstjóri ríkisins.

Skipulagsstjóri ríkisins fer með daglega stjórn Skipulagsstofnunar. Hann skal hafa háskólamenntun á sviði skipulags- og byggingarmála. Ráðherra skipar skipulagsstjóra til fimm ára í senn.

Skipulagsstjóri ber ábyrgð á stjórn, rekstri og starfsskipulagi Skipulagsstofnunar gagnvart ráðherra og gerir rekstraráætlanir fyrir hana. Skipulagsstjóri ræður aðra starfsmenn stofnunarinnar.

6. gr.

Byggingar- og skipulagsnefndir.

Í hverju sveitarfélagi skal starfa byggingarnefnd, kjörin af sveitarstjórn. Sveitarstjórn getur ákveðið að nefndin fjalli einnig um skipulagsmál sveitarfélagsins og nefnist þá skipulags- og byggingarnefnd en að öðrum kosti skal einnig starfa sérstök skipulagsnefnd.

Byggingarnefndir fara með byggingarmál undir yfirstjórn sveitarstjórna.

Skipulagsnefndir fara með skipulagsmál undir yfirstjórn sveitarstjórna.

Sveitarstjórn ákveður fjölda nefndarmanna. Um byggingar- og skipulagsnefndir og störf þeirra gilda einnig ákvæði sveitarstjórnarlaga eftir því sem við á.

Byggingarstjóri er framkvæmdastjóri byggingarframkvæmda. Hann ræður iðnmeistara í upphafi verks með samþykki eiganda eða samþykkir ráðningu þeirra. Samsvarandi gildir um uppsögn iðnmeistara. Byggingarstjóri ber ábyrgð á því að byggt sé í samræmi við samþykkta uppdrætti, lög og reglugerðir. Hann skal hafa fullnægjandi ábyrgðartryggingu er gildi a.m.k. í fimm ár frá lokum þeirra framkvæmda sem hann stýrði. Að öðru leyti fer um umboð byggingarstjóra, verksvið hans og ábyrgð gagnvart eiganda byggingarframkvæmda eftir samningi þeirra á milli. Í byggingarreglugerð skulu vera nánari ákvæði um slíkan samning. Áður en byggingarframkvæmdir hefjast skal byggingarstjóri staðfesta ábyrgð sína fyrir byggingarfulltrúa.

Byggingarstjóri gerir byggingarfulltrúa viðvart um lok úttektarskyldra verkþátta. Við lok framkvæmda skal byggingarstjóri staðfesta að byggt hafi verið í samræmi við samþykkta uppdrætti, lög og reglugerðir.

Hætti byggingarstjóri sem framkvæmdastjóri mannvirkis áður en verki er lokið skal það tilkynnt byggingarfulltrúa. Byggingarframkvæmdir skulu þá stöðvaðar uns nýr byggingarstjóri er ráðinn. Gera skal úttekt á þeim verkhluta sem lokið er og skulu fráfarandi og aðkomandi byggingarstjórar undirrita hana, ef þess er kostur, ásamt byggingarfulltrúa.

Ábyrgð nýs byggingarstjóra gagnvart byggingarnefnd takmarkast við þá verkþætti sem unnið er að eftir að hann hefur störf.

52. gr.

Iðnmeistarar.

Iðnmeistari ber ábyrgð gagnvart byggingarstjóra og eiganda byggingarframkvæmda á að þeir verkþættir, sem hann tekur að sér að hafa umsjón með, séu unnir í samræmi við viðurkennda verkhætti, samþykkta uppdrætti og lög og reglugerðir. Skal hann áður en hann kemur til verksins staðfesta ábyrgð sína fyrir byggingarfulltrúa.

Þeir iðnmeistarar einir geta borið ábyrgð á einstökum verkþáttum við byggingarframkvæmdir sem hlotið hafa til þess leyfi ráðherra. Iðnmeistarar, sem hafa fullgilt meistarabréf og hafa lokið prófi frá meistaraskóla, geta hlotið slíka löggildingu, enda séu þeir starfandi sem meistarar í iðn sinni. Áður en leyfi er veitt skal leita umsagnar Samtaka iðnaðarins. Nánar skal kveðið á um menntun, starfsreynslu, réttindi og skyldur iðnmeistara í byggingarreglugerð.

Hætti iðnmeistari umsjón með framkvæmdum áður en verki er lokið skal byggingarstjóri sjá um að nýr iðnmeistari taki við störfum án tafar og tilkynna það byggingarfulltrúa.

Framkvæmdir við þá verkþætti sem fráfarandi iðnmeistari bar ábyrgð á og hafði umsjón með skulu stöðvaðar þar til nýr iðnmeistari hefur undirritað ábyrgðaryfirlýsingu. Skal gera úttekt á þeim verkþáttum er fráfarandi iðnmeistari hafði umsjón með og skal úttekt undirrituð bæði af fráfarandi iðnmeistara og hinum nýja, ef þess er kostur. Nýr iðnmeistari ber ábyrgð á þeim verkþáttum sem unnir eru eftir að hann tók við starfi.

Ráðherra sendir árlega lista yfir löggilta iðnmeistara til byggingarfulltrúa.

V. KAFLI
Leyfisgjöld.

53. gr.
Byggingarleyfisgjöld.

Sveitarstjórnir skulu ákveða gjöld fyrir leyfi til að reisa, stækka eða breyta byggingarmannvirki. Jafnframt skal ákveða gjöld fyrir útmælingu, eftirlit, úttektir og vottorð sem byggingarfulltrúi lætur í té. Gjöld þessi mega ekki nema hærri upphæð en sem nemur kostnaði við útgáfu leyfa, útmælingu, eftirlit og vottorð sem byggingarfulltrúi lætur í té.

54. gr.
Bílastæðagjald.

Ef ekki er unnt að koma fyrir á lóð nýbyggingar þeim fjölda bílastæða sem kröfur eru gerðar um getur sveitarstjórn ákveðið að innheimta bílastæðagjald af hlutaðeigandi lóð. Gjaldið má nema allt að áætluðum kostnaði við gerð þeirra bílastæða sem á vantar. Sveitarstjórn getur sett sérstaka gjaldskrá um bílastæðagjöld í sveitarfélaginu sem ráðherra staðfestir.

Bílastæðagjöld skulu renna í sérstakan sjóð og skal honum varið til uppbyggingar almenningsbílastæða í nágrenni viðkomandi lóðar.

55. gr.
Greiðsla gjalda.

Sveitarstjórn ákveður gjalddaga byggingarleyfis- og bílastæðagjalda og hvernig þau skuli innheimt. Eigi má gefa út byggingarleyfi fyrr en gjöld þessi hafa verið greidd samkvæmt settum reglum eða samið hefur verið um greiðslu þeirra.

Vanskil á greiðslu gjalda skv. 1. mgr. veitir byggingarfulltrúa heimild til að neita að gefa út vottorð um viðkomandi mannvirki.

Gjöldum skv. 53. og 54. gr. fylgir lögveð í viðkomandi fasteign eða lóð og má innheimta gjaldfallin gjöld með fjárnámi.

VI. KAFLI
Þvingunarúrræði og viðurlög.

56. gr.
Framkvæmdir sem brjóta í bága við skipulag eða eru án leyfis.

Ef byggingarframkvæmd, sem fellur undir IV. kafla laga þessara, er hafin án þess að leyfi sé fengið fyrir henni, hún byggð á annan hátt en leyfi stendur til eða ef bygging er tekin til annarra nota en sveitarstjórn hefur heimilað getur byggingarfulltrúi stöðvað slíkar framkvæmdir tafarlaust. Hann skal leita staðfestingar byggingarnefndar svo fljótt sem verða má.

Ef byggingarframkvæmd, sem fellur undir IV. kafla laga þessara, er hafin án þess að leyfi sé fengið fyrir henni og hún brýtur í bága við skipulag eða framkvæmd er hafin með byggingarleyfi sem brýtur í bága við skipulag ber byggingarfulltrúa að stöðva framkvæmdir tafarlaust og síðan skal hin ólöglega bygging, eða byggingarhluti, fjarlægð, jarðrask afmáð eða starfsemi hætt.

Hafi mannvirki, sem fellur undir IV. kafla laga þessara, verið reist án samþykkis sveitarstjórnar og hún látið hjá líða að fjarlægja það innan sex mánaða frá því að henni var kunnugt um málið skal Skipulagsstofnun láta fjarlægja mannvirkið á kostnað sveitarfélags.

Óheimilt er að breyta skipulagi svæðis þar sem framkvæmt hefur verið í ósamræmi við skipulag fyrr en hin ólöglega bygging, eða byggingarhluti, hefur verið fjarlægð, jarðrask afmáð eða starfsemi hætt.

Byggingarnefnd getur ávallt mælt fyrir um að fjarlægja skuli ólöglega byggingu eða byggingarhluta, jarðrask skuli afmáð eða starfsemi hætt.

Ef þörf krefur er lögreglu skylt að aðstoða byggingarfulltrúa og byggingarnefnd við þær aðgerðir er greinir í 1.–6. mgr.

Reynist brunaöryggi ábótavant við lokaúttekt mannvirkis skal byggingarfulltrúi og eftir atvikum heilbrigðisfulltrúi vegna almenns öryggis og hollustu koma í veg fyrir að húsið verið tekið í notkun fyrr en úr hefur verið bætt.

Sveitarsjóður eða eftir atvikum ríkissjóður á endurkröfu á byggingaraðila á öllum kostnaði sem hann hefur haft af ólöglegri mannvirkjagerð og á lögveð fyrir kröfu sinni í öllu efni sem notað hefur verið við byggingarframkvæmdina.

57. gr.

Aðgerðir til að knýja fram úrbætur.

Sinni aðili ekki fyrirmælum byggingarfulltrúa eða byggingarnefndar innan þess frests sem sveitarstjórn setur getur hún ákveðið dagsektir þar til úr verður bætt. Hámark dagsekta skal ákveðið í byggingarreglugerð. Dagsektir renna í sveitarsjóð.

Byggingarnefnd getur látið vinna verk, sem hún hefur lagt fyrir að unnið skyldi, á kostnað þess sem vanrækt hefur að vinna verkið.

Dagsektir og kostnað skv. 1. og 2. mgr. má innheimta með fjárnámi.

58. gr.

Úrræði gagnvart brotum hönnuða.

Ef hönnuður, sem fengið hefur löggildingu skv. 48. eða 49. gr., leggur fram hönnunargögn þar sem brotið er í bága við ákvæði laga þessara, reglugerðar settrar samkvæmt þeim eða skipulagsáætlunar getur byggingarnefnd veitt honum áminningu. Séu brot alvarleg eða ítrekuð getur nefndin óskað eftir því að ráðherra svipti hlutaðeigandi hönnuð löggildingu.

Ráðherra getur veitt hönnuði áminningu og við ítrekað brot svipt hann löggildingu um tiltekinn tíma eða fyrir fullt og allt. Áður en ráðherra tekur ákvörðun um sviptingu löggildingar skal hann leita umsagnar Skipulagsstofnunar og viðkomandi fagfélags og gefa hönnuði kost á að tjá sig um málið.

59. gr.

Úrræði gagnvart brotum byggingarstjóra og iðnmeistara.

Ef byggingarstjóri eða iðnmeistari, sem ábyrgð ber á byggingarframkvæmdum, brýtur ákvæði laga, reglugerða eða samþykkta um skipulags- og byggingarmálefni getur byggingarnefnd veitt honum áminningu. Séu brot alvarleg eða ítrekuð getur nefndin óskað eftir því við ráðherra að hann verði sviptur viðurkenningu.

Ráðherra getur veitt iðnmeistara áminningu og við ítrekað brot svipt hann viðurkenningu sinni um tiltekinn tíma eða fyrir fullt og allt. Áður en ráðherra tekur ákvörðun um sviptingu viðurkenningar skal hann leita umsagnar byggingarnefndar viðkomandi sveitarfélags og gefa iðnmeistara kost á að tjá sig.

60. gr.

Refsiábyrgð.

Brot gegn lögum þessum og reglugerðum settum samkvæmt þeim varða sektum eða varðhaldi nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

Með mál samkvæmt þessari grein skal farið að hætti opinberra mála, sbr. lög nr. 19/1991.

VII. KAFLI
Yfirstjórn skipulags- og byggingarmála á varnarsvæðum og gildistökuákvæði.

61. gr.

Um yfirstjórn skipulags- og byggingarmála á varnarsvæðum.

Utanríkisráðherra fer með yfirstjórn skipulags- og byggingarmála á auglýstum varnarsvæðum í samræmi við ákvæði laga nr. 106/1954, sbr. og lög nr. 110/1951.

Ákvæði skipulags- og byggingarlaga og reglugerða settra samkvæmt þeim eiga við um skipulags- og byggingarmál á varnarsvæðum eftir því sem við getur átt, þar á meðal um gjaldheimtu. Utanríkisráðherra skipar skipulags- og byggingarnefnd sem fer með þessi mál og getur hann falið nefndinni að sinna öðrum skyldum verkefnum á varnarsvæðunum.

Nefndin skal í starfi sínu hafa náið samráð við Skipulagsstofnun og sveitarfélög sem hlut geta átt að máli, svo sem á Suðurnesjum. Utanríkisráðherra setur nánari ákvæði um framkvæmd þessarar greinar í reglugerð að höfðu samráði við umhverfisráðherra.

62. gr.

Gildistaka.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1998. Jafnframt falla úr gildi skipulagslög, nr. 19/1964, með síðari breytingum, og byggingarlög, nr. 54/1978, með síðari breytingum. Í stað orðanna „á skipulögðum svæðum“ í 25. gr. laga nr. 93/1996, um náttúruvernd, kemur: samkvæmt gildandi skipulagi.

Ákvæði til bráðabirgða.

1. Skipulagsreglugerð skv. 10. gr. og byggingarreglugerð skv. 37. gr. skulu öðlast gildi um leið og lögin.
2. Að liðnum tíu árum frá gildistöku laga þessara skulu öll sveitarfélög hafa gert aðalskipulag. Ráðherra getur að fenginni umsögn Skipulagsstofnunar veitt undanþágu frá þessu ákvæði þar sem aðstæður knýja ekki á um gerð aðalskipulags. Ráðherra getur einnig að tillögu Skipulagsstofnunar sett sveitarstjórn styttri frest en tíu ár ef aðstæður knýja á um gerð aðalskipulags.
3. Sveitarstjórn getur án þess að fyrir liggi staðfest aðalskipulag eða samþykkt deiliskipulag og að fengnum meðmælum Skipulagsstofnunar leyft einstakar framkvæmdir sem um kann að verða sótt og er unnt að binda slíkt leyfi tilteknum skilyrðum. Heimilt er að vísa niðurstöðu Skipulagsstofnunar varðandi slíkt erindi til úrskurðarnefndar, sbr. 8. gr.

4. Ef verulegar framkvæmdir eru fyrirhugaðar án þess að fyrir liggi staðfest aðalskipulag getur Skipulagsstofnun sett sveitarstjórn frest til að ganga frá tillögu að aðalskipulagi. Gangi sveitarstjórn ekki frá aðalskipulagstillögu innan þess frests leggur stofnunin til við ráðherra að byggingarframkvæmdir og önnur mannvirkjagerð í sveitarfélaginu verði stöðvuð þar til fyrir liggur aðalskipulag.
5. Ákvæði laga þessara skulu ekki hafa áhrif á eldri rétt hönnuða til þess að leggja teikningar fyrir byggingarnefnd, né heldur viðurkenningu byggingaryfirvalda til handa iðnmeisturum og byggingarstjórum sem viðurkenndir eru til þess að standa fyrir framkvæmdum hver á sínu sviði við gildistöku laganna.
6. Starfandi byggingarfulltrúar við gildistöku laga þessara halda fullum rétti sínum til starfa þrátt fyrir ákvæði 7. gr.
7. Hafi þeir aðilar, sem taldir eru upp í 48. og 49. gr., þegar við gildistöku laga þessara lokið hluta reynslutíma sem nauðsynlegur er samkvæmt núgildandi lögum til að öðlast löggildingu skulu þeir eiga kost á að ljúka honum eftir eldri reglum.

Gjört á Bessastöðum, 28. maí 1997.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Guðmundur Bjarnason.

Nr. 74 28. maí 1997

LÖG

um réttindi sjúklinga.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI
Inngangur.

Markmið.

1. gr.

Markmið laga þessara er að tryggja sjúklingum tiltekin réttindi í samræmi við almenn mannréttindi og mannhelgi og styrkja þannig réttarstöðu þeirra gagnvart heilbrigðisþjónustunni og styðja trúnaðarsambandið sem ríkja ber milli sjúklinga og heilbrigðisstarfsmanna.

Óheimilt er að mismuna sjúklingum á grundvelli kynferðis, trúarbragða, skoðana, þjóðernisuppruna, kynþáttar, litarháttar, efnahags, ætternis og stöðu að öðru leyti.

Skilgreiningar.

2. gr.

Sjúklingur: Notandi heilbrigðisþjónustu.

Heilbrigðisstarfsmaður: Einstaklingur sem starfar í heilbrigðisþjónustu og hlotið hefur löggildingu heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra til slíkra starfa.

Meðferð: Rannsókn, aðgerð eða önnur þjónusta sem læknir eða annar heilbrigðisstarfsmaður veitir til að greina, lækna, endurhæfa, hjúkra eða annast sjúkling.

Vísindarannsókn: Rannsókn sem gerð er til að auka við þekkingu sem m.a. gerir kleift að bæta heilsu og lækna sjúkdóma. Mat vísindasiðanefndar eða siðanefndar skv. 29. gr. á

rannsókninni verður að hafa leitt í ljós að vísindaleg og siðfræðileg sjónarmið mæli ekki gegn framkvæmd hennar.

Gæði heilbrigðisþjónustu.

3. gr.

Sjúklingur á rétt á fullkomnustu heilbrigðisþjónustu sem á hverjum tíma er völ á að veita.

Sjúklingur á rétt á þjónustu sem miðast við ástand hans og horfur á hverjum tíma og bestu þekkingu sem völ er á. Heilbrigðisstarfsmaður skal leitast við að koma á traustu sambandi milli sín og sjúklings.

Sjúklingur á rétt á samfelldri þjónustu og að samstarf ríki milli allra heilbrigðisstarfsmanna og stofnana sem hana veita.

Aðgangur að upplýsingum um réttindi sjúklinga.

4. gr.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið skal sjá til þess að til séu upplýsingar um réttindi sjúklinga, sjúklingafélög og almannatryggingar. Heilbrigðisstofnanir og sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmenn skulu hafa þessar upplýsingar aðgengilegar sjúklingum í húsakynnum sínum og á starfsstofum. Jafnframt skal leitast við að veita almenningi upplýsingar um orsakir og afleiðingar sjúkdóma hjá börnum og fullorðnum.

II. KAFLI
Upplýsingar og samþykki.

Upplýsingar um heilsufar og meðferð.

5. gr.

Sjúklingur á rétt á upplýsingum um:

a. heilsufar, þar á meðal læknisfræðilegar upplýsingar um ástand og batahorfur,
b. fyrirhugaða meðferð ásamt upplýsingum um framgang hennar, áhættu og gagnsemi,
c. önnur hugsanleg úrræði en fyrirhugaða meðferð og afleiðingar þess ef ekkert verður aðhafst,
d. möguleika á að leita álits annars læknis eða annarra heilbrigðisstarfsmanna eftir því sem við á um meðferð, ástand og batahorfur.

Þess skal getið í sjúkraskrá sjúklings að upplýsingar samkvæmt þessari grein hafi verið gefnar.

Upplýsingar samkvæmt þessari grein skulu gefnar jafnóðum og tilefni skapast og á þann hátt og við þau skilyrði að sjúklingur geti skilið þær.

Eigi í hlut sjúklingur sem ekki talar íslensku eða notar táknmál skal honum tryggð túlkun á upplýsingum samkvæmt þessari grein.

Undanþágur frá meginreglunni um upplýsingar um heilsufar og meðferð.

6. gr.

Upplýsingar skv. 5. gr. skal ekki gefa fari sjúklingur fram á að það sé látið ógert. Sjúklingur getur tilnefnt annan einstakling til að taka við upplýsingunum í sinn stað.

Þess skal getið í sjúkraskrá ef sjúklingur neitar að fá upplýsingar um heilsufar og batahorfur eða tilnefnir annan í sinn stað. Jafnframt skal skrá þar hverjum voru gefnar upplýsingarnar, sbr. 1. mgr. þessarar greinar og 7. og 25. gr.

Eigi í hlut sjúklingur sem ekki getur tileinkað sér upplýsingar skv. 5. gr. skulu þær veittar nánum vandamanni eða lögráðamanni hafi sjúklingur verið sviptur lögræði.

7. gr.

Virða skal rétt sjúklings til að ákveða sjálfur hvort hann þiggur meðferð.

Ákvæði lögræðislaga gilda um samþykki fyrir meðferð sjúklinga sem vegna greindarskorts, eða af öðrum ástæðum sem þau lög tilgreina, eru ófærir um að taka ákvörðun um meðferð. Í þessum tilvikum skal þó hafa sjúkling með í ráðum eftir því sem kostur er.

Enga meðferð má framkvæma án samþykkis sjúklings, sbr. 1. og 2. mgr., sbr. þó 9. gr. Samþykkið skal eftir því sem kostur er vera skriflegt, þar sem fram kemur hvaða upplýsingar voru gefnar sjúklingi og að hann hafi skilið upplýsingarnar.

Meðferð hafnað.

8. gr.

Nú hafnar sjúklingur meðferð og skal læknir þá upplýsa hann um hugsanlegar afleiðingar þeirrar ákvörðunar.

Sjúklingur getur stöðvað meðferð hvenær sem er, nema á annan hátt sé mælt í öðrum lögum. Hafni sjúklingur meðferð skal læknir hans eða sá heilbrigðisstarfsmaður sem stjórnar meðferðinni upplýsa sjúkling um hugsanlegar afleiðingar þeirrar ákvörðunar. Um höfnun á meðferð sjúkra barna gilda ákvæði 26. gr.

Í sjúkraskrá skal skrá ákvörðun sjúklings um að hafna meðferð eða stöðva og staðfest að hann hafi fengið upplýsingar um hugsanlegar afleiðingar ákvörðunarinnar.

Undanþága frá meginreglu um samþykki fyrir meðferð.

9. gr.

Nú er sjúklingur meðvitundarlaus eða ástand hans að öðru leyti þannig að hann er ófær um að gefa til kynna vilja sinn varðandi meðferð sem telst bráðnauðsynleg. Í því tilviki skal taka samþykki hans sem gefið nema fyrir liggi örugg vitneskja um að hann hefði hafnað meðferðinni.

Samþykki fyrir vísindarannsóknum.

10. gr.

Sjúklingur skal fyrir fram samþykkja með formlegum hætti þátttöku í vísindarannsókn. Áður en slíkt samþykki er veitt skal gefa honum ítarlegar upplýsingar um vísindarannsóknina, áhættu sem henni kann að fylgja og hugsanlegan ávinning og í hverju þátttakan er fólgin. Sjúklingi skal gerð grein fyrir því að hann geti hafnað þátttöku í vísindarannsókn og hann geti hvenær sem er hætt þátttöku eftir að hún er hafin. Um aðgang að upplýsingum úr sjúkraskrám, þar með töldum lífsýnum, vegna vísindarannsókna gilda ákvæði 15. gr.

Óheimilt er að framkvæma á sjúklingi vísindarannsókn sem uppfyllir ekki skilyrði 4. mgr. 2. gr.

Þátttaka í þjálfun og kennslu nemenda.

11. gr.

Skýra ber sjúklingi frá því ef fyrirhugað er að nemendur á heilbrigðissviði verði viðstaddir meðferð á honum vegna þjálfunar og kennslu þeirra. Sjúklingur getur neitað að taka þátt í slíkri þjálfun og kennslu.

III. KAFLI
Trúnaðar- og þagnarskylda.

Þagnarskylda starfsmanns í heilbrigðisþjónustu.

12. gr.

Starfsmaður í heilbrigðisþjónustu skal gæta fyllstu þagmælsku um allt það sem hann kemst að í starfi sínu um heilsufar sjúklings, ástand, sjúkdómsgreiningu, horfur og meðferð ásamt öðrum persónulegum upplýsingum. Þagnarskyldan helst þó að sjúklingur andist og þó að starfsmaður láti af störfum. Mæli ríkar ástæður með því getur starfsmaður látið í té upplýsingar með hliðsjón af vilja hins látna og hagsmunum hlutaðeigandi. Sé starfsmaður í vafa getur hann borið málið undir landlækni.

Undanþágur frá þagnarskyldu.

13. gr.

Þagnarskylda skv. 12. gr. nær ekki til atvika sem starfsmanni í heilbrigðisþjónustu ber að tilkynna um samkvæmt öðrum lagaákvæðum, t.d. ákvæðum barnaverndarlaga. Í þeim tilvikum ber starfsmanni skylda til að koma upplýsingum um atvikið á framfæri við þar til bær yfirvöld.

Samþykki sjúklings eða forráðamanns leysir starfsmann undan þagnarskyldu.

Um vitnaskyldu starfsmanna í heilbrigðisþjónustu gilda ákvæði læknalaga.

IV. KAFLI
Meðferð upplýsinga í sjúkraskrá.

Aðgangur að sjúkraskrá.

14. gr.

Sjúkraskrá skal varðveita á heilbrigðisstofnun þar sem hún er færð eða hjá lækni eða öðrum heilbrigðisstarfsmanni sem hana færir á eigin starfsstofu.

Skylt er lækni og öðrum sem færa sjúkraskrá að sýna hana sjúklingi eða umboðsmanni hans, í heild eða að hluta, og afhenda þeim afrit skrárinnar sé þess óskað. Sama gildir gagnvart opinberum aðilum sem lögum samkvæmt athuga kæru sjúklings eða umboðsmanns vegna meðferðar. Heimilt er að taka gjald fyrir afrit af sjúkraská samkvæmt ákvæðum 12. gr. upplýsingalaga.

Upplýsingar í sjúkraskrá, sem hafðar eru eftir öðrum en sjúklingi sjálfum eða heilbrigðisstarfsmönnum, skal ekki sýna honum nema með samþykki þess sem upplýsingarnar gaf. Ef sá sem þannig hefur veitt upplýsingar um sjúkling er látinn eða horfinn eða neitar á óréttmætum grundvelli að veita samþykki sitt getur landlæknir ákveðið að sjúklingi eða umboðsmanni hans skuli veittur aðgangur að umræddum upplýsingum, í heild eða að hluta.

Telji læknir að það þjóni ekki hagsmunum sjúklings að afhenda framangreindum aðilum afrit sjúkraskrár skal án tafar framsenda landlækni afrit sjúkraskrárinnar til frekari afgreiðslu.

Landlæknir skal innan átta vikna ákveða hvort viðkomandi fái afrit sjúkraskrárinnar. Synjun landlæknis má skjóta til úrskurðar heilbrigðisráðherra.

Ráðherra setur nánari reglur um afhendingu og varðveislu sjúkraskráa, að fengum tillögum landlæknis og Læknafélags Íslands.

15. gr.

Þess skal gætt við aðgang að sjúkraskrám að þær hafa að geyma viðkvæmar persónuupplýsingar og að upplýsingar í þeim eru trúnaðarmál, sbr. 12. gr.

Sjúkraskrár skulu geymdar á tryggum stað og þess gætt að einungis þeir starfsmenn sem nauðsynlega þurfa hafi aðgang að þeim.

Tölvunefnd er heimilt samkvæmt lögum um skráningu og meðferð persónuupplýsinga að veita aðgang að upplýsingum úr sjúkraskrám, þar með töldum lífsýnum, vegna vísindarannsókna, enda uppfylli rannsókn skilyrði vísindarannsóknar, sbr. 4. mgr. 2. gr. laga þessara. Unnt er að binda slíkt leyfi þeim skilyrðum sem metin eru nauðsynleg hverju sinni.

Í hvert sinn sem sjúkraskrá er skoðuð vegna vísindarannsóknar skal það skráð í hana og ákvæða 1. og 2. mgr. gætt.

Athugasemdir við upplýsingar í sjúkraskrá.

16. gr.

Nú telur sjúklingur eða umboðsmaður hans að upplýsingar í sjúkraskrá séu rangar eða villandi og skulu þá athugasemdir hans lagðar í skrána.

V. KAFLI
Meðferð.

Virðing fyrir mannhelgi sjúklings.

17. gr.

Heilbrigðisstarfsmenn og aðrir sem starfs síns vegna hafa samskipti við sjúkling skulu koma fram við hann af virðingu.

Að meðferð sjúklings skulu ekki koma aðrir en þeir sem nauðsynlega þurfa. Heilbrigðisstarfsmaður skal gæta þess að framkvæma nauðsynlega meðferð með þeim hætti að utanaðkomandi aðilar sjái ekki til og að upplýsingar um meðferð einstaklinga séu ekki aðgengilegar öðrum en viðkomandi heilbrigðisstarfsmönnum.

Bið eftir meðferð.

18. gr.

Þurfi sjúklingur að bíða eftir meðferð skal læknir, sem hann leitar til, gefa skýringar á biðinni ásamt upplýsingum um áætlaðan biðtíma.

Skylt er að gera sjúklingi grein fyrir því ef unnt er að fá þá meðferð sem hann þarfnast fyrr annars staðar.

Forgangsröðun.

19. gr.

Ef nauðsynlegt reynist að forgangsraða sjúklingum vegna meðferðar skal fyrst og fremst byggt á læknisfræðilegum sjónarmiðum og eftir atvikum öðrum faglegum forsendum.

Val á heilbrigðisstarfsmanni.

20. gr.

Þrátt fyrir skiptingu landsins í heilsugæsluumdæmi samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu á sjúklingur rétt á að leita til þess læknis sem honum hentar best. Þá á hann rétt á að fá álit annars læknis á greiningu, meðferð, ástandi og batahorfum. Sama gildir um aðra heilbrigðisstarfsmenn.

Ábyrgð sjúklings á eigin heilsu.

21. gr.

Sjúklingur ber ábyrgð á heilsu sinni eftir því sem það er á hans færi og ástand hans leyfir. Honum ber eftir atvikum að vera virkur þátttakandi í meðferð sem hann hefur samþykkt.

Reglur um innlögn og útskrift.

22. gr.

Við komu sjúklings á heilbrigðisstofnun skulu heilbrigðisstarfsmenn sem annast hann kynna sig og starfssvið sitt. Jafnframt skal kynna fyrir honum reglur og venjur sem gilda á stofnuninni og máli skipta.

Sjúklingi skal gerð grein fyrir hvaða læknir beri meginábyrgð á meðferð hans á heilbrigðisstofnun.

Áður en að útskrift sjúklings kemur skulu aðstæður hans kannaðar og honum tryggð fullnægjandi heimaþjónusta eða önnur úrræði eftir því sem unnt er.

Við útskrift af heilbrigðisstofnun skal sjúklingur fá, eftir því sem þörf krefur, leiðbeiningar um þýðingarmikil atriði er varða eftirmeðferð, svo sem lyfjagjöf, mataræði, þjálfun og hreyfingu. Ef þess er óskað skulu leiðbeiningarnar gefnar skriflega.

Læknabréf og vottorð vegna veikinda, slysa, sjúkrahúslegu og þess háttar skulu afgreidd án ástæðulauss dráttar.

Linun þjáninga og nærvera fjölskyldu og vina.

23. gr.

Lina skal þjáningar sjúklings eins og þekking á hverjum tíma frekast leyfir.

Sjúklingur á rétt á að njóta stuðnings fjölskyldu sinnar, ættmenna og vina meðan á meðferð og dvöl stendur. Sjúklingur og nánustu vandamenn hans eiga rétt á að njóta andlegs, félagslegs og trúarlegs stuðnings.

Meðferð dauðvona sjúklings.

24. gr.

Dauðvona sjúklingur á rétt á að deyja með reisn. Gefi dauðvona sjúklingur ótvírætt til kynna að hann óski ekki eftir meðferð sem lengir líf hans eða tilraunum til endurlífgunar skal læknir virða þá ákvörðun.

Sé dauðvona sjúklingur of veikur andlega eða líkamlega til þess að geta tekið þátt í ákvörðun um meðferð skal læknir leitast við að hafa samráð við vandamenn sjúklings og samstarfsfólk sitt áður en hann ákveður framhald eða lok meðferðar.

VI. KAFLI

Sérreglur um sjúk börn.

Upplýsingar um heilsufar og meðferð sjúkra barna.

25. gr.

Ef sjúklingur er yngri en 16 ára skulu upplýsingar skv. 5. gr., svo og aðrar upplýsingar samkvæmt lögum þessum, veittar foreldrum.

Sjúkum börnum skulu veittar upplýsingar að teknu tilliti til aldurs þeirra og þroska. Þau eiga þó sama rétt og aðrir á að hafna því að fá upplýsingar, sbr. 6. gr.

Samþykki vegna meðferðar sjúkra barna.

26. gr.

Foreldrar sem fara með forsjá barns skulu veita samþykki fyrir nauðsynlegri meðferð barns yngra en 16 ára. Eftir því sem kostur er skulu sjúk börn höfð með í ráðum og alltaf ef þau eru 12 ára eða eldri.

Neiti foreldrar sem fara með forsjá barns að samþykkja nauðsynlega meðferð, sbr. 1. mgr., skal læknir eða annar heilbrigðisstarfsmaður snúa sér til barnaverndaryfirvalda, sbr. ákvæði barnaverndarlaga.

Ef ekki vinnst tími til að leita liðsinnis barnaverndaryfirvalda, sbr. 2. mgr., vegna lífsnauðsynlegrar bráðameðferðar á sjúku barni er skylt að hafa heilbrigði þess að leiðarljósi og grípa tafarlaust til nauðsynlegrar meðferðar.

Ýmsar reglur um sjúk börn.

27. gr.

Skylt er að gera allt sem unnt er til að sjúkt barn fái að þroskast og njóta lífsgæða þrátt fyrir veikindi og meðferð eftir því sem ástand þess leyfir.

Hlífa ber börnum við ónauðsynlegum rannsóknum og aðgerðum.

Sjúk börn, sem dveljast á heilbrigðisstofnun, eiga rétt á að hafa foreldra eða aðra nána vandamenn hjá sér og skal sköpuð aðstaða fyrir þá eftir því sem kostur er.

Systkini og vinir mega eftir því sem kostur er heimsækja sjúkt barn sem dvelst á heilbrigðisstofnun.

Sjúk börn á skólaskyldualdri skulu fá kennslu sem hæfir aldri þeirra og ástandi.

Umhverfi og aðbúnaður sjúkra barna á heilbrigðisstofnunum skal hæfa aldri þeirra, þroska og ástandi.

VII. KAFLI
Réttur til að kvarta.
Athugasemdir og kvartanir vegna meðferðar.

28. gr.

Athugasemdum sjúklings vegna þjónustu á heilbrigðisstofnun skal beint til yfirstjórnar viðkomandi stofnunar.

Vilji sjúklingur kvarta yfir meðferð getur hann beint kvörtun sinni til landlæknis eða nefndar um ágreiningsmál skv. 5. mgr. 3. gr. laga um heilbrigðisþjónustu, nr. 97/1990.

Starfsmönnum heilbrigðisstofnunar er skylt að leiðbeina sjúklingi eða vandamanni sem vill koma á framfæri athugasemd eða bera fram kvörtun. Enn fremur er stjórn heilbrigðisstofnunar skylt að taka til athugunar ábendingar starfsmanna sem telja að réttur sjúklinga sé brotinn.

Sjúklingur skal fá skrifleg svör við athugasemdum sínum og kvörtunum eins fljótt og auðið er.

VIII. KAFLI
Gildistökuákvæði o.fl.
Heimild ráðherra til að setja reglugerð.

29. gr.

Ráðherra skal setja reglugerð um vísindarannsóknir á heilbrigðissviði. Þar skulu m.a. vera ákvæði um vísindasiðanefnd og siðanefndir skv. 4. mgr. 2. gr. Þá er ráðherra heimilt að setja reglugerð um framkvæmd laga þessara.

Gildistaka.

30. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1997.

Gjört á Bessastöðum, 28. maí 1997.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Ingibjörg Pálmadóttir.

LÖG

um samningsveð.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI
Almenn ákvæði.

1. gr.

Skilgreiningar.

1. Með *veðrétti* er í lögum þessum átt við forgangsrétt til þess að leita fullnustu fyrir kröfu (veðkröfu) í tilteknu fjárverðmæti eða fjárverðmætum (veðinu).

2. Með *sjálfsvörsluveði* er í lögum þessum átt við veðrétt þar sem veðsali heldur umráðum hins veðsetta þrátt fyrir veðsetninguna.

3. Með *handveði* er í lögum þessum átt við veðrétt þar sem veðsali er sviptur umráðum hins veðsetta.

2. gr.

Gildissvið.

1. Víkja má frá ákvæðum laga þessara með samningi nema annað sé tekið fram eða megi leiða af atvikum.

2. Með samningi verður veðréttur einungis stofnaður þannig að gildi hafi að lögum að slík veðstofnun sé heimiluð í lögum þessum eða öðrum lögum.

3. Ákvæði laga þessara víkja fyrir sérákvæðum um samningsveðsetningar í öðrum lögum.

3. gr.

Heimild til veðsetningar. Sérgreining hins veðsetta.

1. Veðréttur verður eigi stofnaður í einu lagi þannig að gildi hafi að lögum í öllu því sem veðsali á eða eignast kann.

2. Þegar réttindi eru háð þeim takmörkunum að þau eru ekki framseljanleg, eða einungis framseljanleg með vissum skilyrðum, gilda sömu takmarkanir hvað varðar heimild til þess að veðsetja réttindin.

3. Umfram það sem lög þessi eða önnur lög leyfa er eigi heimilt að setja að sjálfsvörsluveði safn af munum sem eru samkynja eða ætlaðir til samkynja notkunar og eru einkenndir einu almennu nafni.

4. Eigi er heimilt að veðsetja réttindi til nýtingar í atvinnurekstri, sem skráð eru opinberri skráningu á tiltekið fjárverðmæti og stjórnvöld úthluta lögum samkvæmt, t.d. aflahlutdeild fiskiskips og greiðslumark bújarðar. Hafi fjárverðmæti það, sem réttindin eru skráð á, verið veðsett er eiganda þess óheimilt að skilja réttindin frá fjárverðmætinu nema með þinglýstu samþykki þeirra sem veðréttindi eiga í viðkomandi fjárverðmæti.

4. gr.

Tilgreining veðkröfunnar.

1. Þegar samningsveð öðlast réttarvernd við þinglýsingu er það skilyrði réttarverndar að fjárhæð veðkröfu eða hámark þeirrar kröfu, sem veðið skal tryggja, sé tilgreint í skjali því sem stofnar til veðréttarins.

2. Fjárhæð veðkröfu skv. 1. mgr. skal tilgreind í íslenskum krónum, erlendri mynt eða reiknieiningu sem hefur skráð gengi í íslenskum bönkum og sparisjóðum eða reiknieiningu sem tekur mið af skráðu gengi erlendra gjaldmiðla.

3. Heimilt er í veðbréfi að binda fjárhæðir við hækkun samkvæmt vísitölu eða gengi, enda sé það tilgreint í bréfinu sjálfu og þar komi fram tegund og grunntala verðtryggingar.

5. gr.

Sérreglur um kröfur varðandi kostnað, vexti o.fl.

Eftirtaldar kröfur eru tryggðar með aðalkröfunni nema annað leiði af samningi þeim sem til veðréttarins stofnaði:

a. kostnaður sem veðhafi hefur af innheimtu veðkröfu,
b. vextir af skuld sem fallið hafa í gjalddaga á einu ári áður en beiðni um nauðungarsölu veðsettrar eignar var sett fram,
c. krafa sem er þannig til komin að veðhafi hefur samkvæmt heimild í veðbréfi greitt iðgjöld brunatryggingar eða annarrar skaðatryggingar af hinni veðsettu eign og um er að ræða iðgjald sem fallið hefur í gjalddaga á því tímamarki sem um ræðir í b-lið hér að framan.

6. gr.

Um töku arðs af veði.

1. Þegar um sjálfsvörsluveð er að ræða á veðsali rétt til þess að hirða arð af veðinu.

2. Sá sem á veðrétt í viðskiptabréfum, innlausnarbréfum eða almennum fjárkröfum getur krafið um og móttekið vexti, arð og afborganir sem falla til á gildistíma veðsetningarinnar. Fjárhæðum þeim, sem veðhafi þannig veitir viðtöku, getur hann ráðstafað til fullnustu gjaldfallinna vaxta af veðkröfunni og gjaldfallinna hluta höfuðstóls kröfunnar. Það sem umfram er getur eigandi (veðsali) krafist að fá greitt hjá veðhafa. Ef innleysa þarf veðsett skjal eða kröfu má veðhafi veita viðtöku og halda hjá sér innlausnarfjárhæðinni, að því marki sem slíkt er nauðsynlegt, þar með talið til tryggingar ógjaldföllnum hlutum veðkröfunnar. Ef hlutafé í hlutafélagi er hækkað með útgáfu jöfnunarhlutabréfa nær veðréttur í hlutabréfum einnig til hins hækkaða hlutafjár nema um annað sé samið í veðbréfi.

7. gr.

Afnotaréttur, viðhalds- og vátryggingarskylda.

1. Þegar um sjálfsvörsluveð er að ræða hefur veðsali heimild til þess að hagnýta sér veðið með venjubundnum hætti nema um annað hafi verið samið, aðfararreglur leiði til annarrar niðurstöðu eða takmarkanir séu á því gerðar í öðrum lögum.

2. Sjálfsvörsluveðhafi er skyldur til þess að annast um veðið og halda því við á þann hátt að tryggingarréttindi veðhafa skerðist ekki.

3. Ef handveðsett lausafé er afhent veðhafa er hann skyldur til þess að annast um veðið og hafa eftirlit með því á þann hátt sem nauðsyn krefur hverju sinni. Hann hefur ekki heimild til þess að hagnýta sér veðið í eigin þágu nema um slík afnot hafi verið samið sérstaklega eða slík afnot séu heimil á öðrum grundvelli.

4. Þegar um er að ræða samningsveð í fasteignum, skipum og loftförum, rekstrartækjum eða vörubirgðum er veðsali skyldur til að vátryggja veðið vegna brunatjóns og annars skaða á þann hátt sem lög áskilja eða venja er til.

8. gr.

Áhætta og ábyrgð vegna tjóns á hinu veðsetta.

1. Ef veðið eyðileggst eða skemmist af tilviljun ber eigandinn sitt tjón og veðtrygging veðhafa skerðist að sama skapi.

2. Eigandi og veðhafi eru skaðabótaskyldir hvor gagnvart öðrum samkvæmt almennum skaðabótareglum eða á sérstökum grundvelli.

9. gr.

Um eindögun veðkröfu.

1. Þótt eigi sé kominn gjalddagi kröfu getur veðhafi krafist eindögunar kröfu sinnar í eftirgreindum tilvikum:

a. þegar skylda til greiðslu vaxta og afborgana hefur verið vanefnd verulega,
b. þegar ákveðin hefur verið nauðungarsala á hinu veðsetta,
c. þegar bú skuldara eða eiganda veðs er tekið til gjaldþrotaskipta,
d. þegar eigandi eða veðsali misnotar í verulegum atriðum umráðarétt sinn yfir veðinu eða vanefnir með öðrum hætti verulega skyldur sínar skv. 7. gr. laga þessara,
e. þegar veðið eyðileggst eða skemmist af tilviljun og það leiðir til þess að veðtryggingin skerðist verulega,
f. þegar veðið er selt, enda hafi veðhafi áskilið sér heimild til eindögunar í veðbréfi.

2. Áður en eindögunar verður krafist skv. d-lið 1. mgr. skal veðhafi með hæfilegum fresti gera eiganda eða veðsala viðvart og gefa þeim kost á að efna skyldur sínar réttilega nema því aðeins að frestur geti leitt til tjóns.

3. Ef ákvæði í veðsamningi heimilar eindögun veðskuldar í öðrum tilvikum en þeim sem greind eru í 1. mgr. er heimilt að víkja slíku ákvæði til hliðar í heild eða að hluta eða breyta því ef það yrði talið ósanngjarnt eða andstætt góðri viðskiptavenju að bera það fyrir sig.

10. gr.

Framsal og veðsetning á veðrétti.

1. Gagnvart eiganda (veðsala) getur veðhafi framselt veðrétt sinn og sett hann að veði, framveðsett, nema um annað hafi verið samið eða slíkar takmarkanir megi leiða af atvikum.

2. Ef krafa sú, sem tryggja skal, verður ekki framseld gildir hið sama um veðréttinn til tryggingar kröfunni.

3. Framsalshafi eða framveðhafi öðlast ekki meiri rétt gagnvart veðsala en veðhafi sjálfur átti nema annað leiði af traustfangsreglum.

11. gr.

Framsal á veðinu.

1. Veðréttur er því eigi til fyrirstöðu að hinu veðsetta (veðandlaginu) sé afsalað nema annað leiði af samningi eða ákvæðum laga. Sérstakt afsal á hlutum veðandlagsins eða á fylgifé þess er aðeins heimilt með samþykki veðhafa nema slíkt afsal skerði ekki tryggingarréttindi veðhafa.

2. Ákvæði 1. mgr. eiga einnig við um aðrar ráðstafanir með löggerningi en afsal.

12. gr.

Sameiginlegt veð.

1. Þegar tvö eða fleiri sjálfstæð fjárverðmæti í eigu sama eiganda eða fleiri eigenda standa til fullnustu sömu veðkröfu á veðhafi rétt til þess að leita fullnustu í því veðandlagi eða þeim veðandlögum, sem hann sjálfur kýs, til fullnustu allrar kröfunnar nema um annað hafi verið samið eða takmarkanir séu á því gerðar í lögum.

2. Ef veðhafi hefur fengið fullnustu í einu veðandlaginu fyrir stærri hluta veðkröfunnar en þeim sem samkvæmt réttarsambandinu milli aðila skyldi falla á það veðandlag eiga aðrir veðhafar í því veðandlagi, og eftir atvikum eigandinn sjálfur, rétt til þess að ganga inn í veðréttinn í öðrum veðandlögum fyrir því sem umfram er.

13. gr.

Um sambandið milli fleiri veðrétta.

Þegar tveir eða fleiri eiga veðrétt í sama fjárverðmæti gengur eldri réttur fyrir yngri rétti nema annað leiði af samningi eða reglum er áskilja tilteknar tryggingaráðstafanir til verndar rétti.

14. gr.

Útlausn.

1. Þegar veðhafi hefur sett fram beiðni um nauðungarsölu geta aðrir veðhafar krafist þess að fá að leysa til sín veðrétt hans gegn greiðslu veðkröfunnar allrar í reiðufé.

2. Ef fleiri veðhafar en einn vilja neyta útlausnarréttar gengur sá fyrir sem fremstur er í forgangsröð. Síðari veðhafi getur ekki krafist þess að fá að leysa til sín veðrétt fyrri veðhafa ef fyrri veðhafi vill beita útlausnarrétti gagnvart síðari veðhafa.

II. KAFLI
Um samningsveð í fasteignum.

15. gr.

Það sem veðsett verður.

1. Eignarréttur yfir fasteign, sérstök réttindi yfir fasteign og eignarhlutdeild í fasteign verða veðsett eftir reglum þessa kafla.

2. Nú er skipting fasteignar háð samþykki tiltekins stjórnvalds og verður afmarkaður hluti fasteignarinnar þá ekki veðsettur sérstaklega fyrr en viðkomandi stjórnvald hefur veitt samþykki til skiptingar eignarinnar.

16. gr.

Afmörkun veðréttar í fasteign.

1. Ef annað leiðir ekki af samningi nær veðréttur í fasteign til:

a. lands eða lóðar,
b. húsa og annarra bygginga og mannvirkja sem reist hafa verið eða verða á landi eða lóð,
c. lausafjár sem við kaup og sölu telst venjulegt fylgifé þeirrar fasteignar sem veðsetningin nær til og
d. sameignarréttinda, afnotaréttinda, félagsréttinda og annarra réttinda sem heyra til hinni veðsettu eign.

2. Um veðsetningu rekstrartækja ásamt fasteign í atvinnurekstri gilda ákvæði III. kafla laga þessara.

17. gr.

Afmörkun veðréttar í varanlegum afnotarétti lands og húsa o.fl. sem á landi eru.

1. Veðsetning á varanlegum afnotarétti til lands og húsa o.fl., sem á landinu eru, nær til allra þeirra réttinda sem veðsali nýtur samkvæmt afnotasamningi.

2. Reglur b- og c-liða 1. mgr. 16. gr. og 2. mgr. 16. gr. eiga hér einnig við.

18. gr.

Veðsetning aðgreindra eignarhluta.

Veðréttur í eignarhluta í fjöleignarhúsi nær til:

a. þeirrar einingar sem veðsali á eignarrétt að, þ.e. séreignar hans, og
b. tilheyrandi hlutdeildar í sameign, þar með talin eignarlóð eða leigulóðarréttindi.

19. gr.
Réttarvernd.

Veðréttur samkvæmt kafla þessum öðlast réttarvernd við þinglýsingu í fasteignabók í samræmi við ákvæði þinglýsingalaga. Hið veðsetta verður áfram í umráðum veðsala nema um annað hafi verið samið.

20. gr.
Yfirtaka veðskuldar.

1. Nú tekur kaupandi fasteignar í samningi við seljanda að sér greiðslu veðskuldar sem hvílir á hinni seldu eign. Verður kaupandi þá við þinglýsingu afsals skuldbundinn gagnvart veðhafa og seljandi þá jafnframt laus undan skuldbindingu sinni ef ákvæði er þess efnis í veðbréfinu að skuldin gjaldfalli ekki þrátt fyrir eigendaskipti að veðinu. Þó er veðhafa heimilt að krefja fyrri eiganda um allar greiðslur samkvæmt veðbréfinu meðan veðhafi hefur ekki fengið tilkynningu um skuldskeytinguna og þinglýsingu afsals kaupanda ásamt nauðsynlegum gögnum þessu til sönnunar. Seljandi á rétt til þess að veðhafi áriti veðbréfið um skuldskeytinguna.

2. Í öðrum tilvikum en þeim sem greinir í 1. mgr. verða skuldaraskipti því aðeins skuldbindandi fyrir veðhafa að hann samþykki skuldaraskiptin í samningi við hinn nýja eiganda veðsins.

III. KAFLI
Um samningsveð í lausafé.
A. Almenn ákvæði.

21. gr.
Meginregla um réttarvernd.

Um stofnun og réttarvernd samningsveðs í lausafé fer eftir ákvæðum laga þessara og eftir því sem ákveðið er í öðrum lögum.

22. gr.
Handveð.

1. Heimilt er að stofna til handveðréttar í lausafé.

2. Handveðréttur öðlast réttarvernd við afhendingu veðsins til veðhafa eða aðila sem tekið hefur að sér að hafa umráð veðsins fyrir veðhafa þannig að eigandinn sé sviptur möguleikanum á því að hafa veðið undir höndum. Það jafngildir afhendingu í þessu sambandi þegar afhentur hefur verið lykill að húsnæði þar sem veðið er geymt eða gerðar hafa verið aðrar sambærilegar ráðstafanir sem leiða til þess að eigandinn glatar möguleikanum til þess að geta ráðið yfir veðinu.

3. Ef veðið er í umráðum annars en eiganda á gildistíma veðsetningarinnar öðlast handveðréttur einnig réttarvernd þegar umráðamaður hefur fengið tilkynningu um veðsetninguna og um það að eigandinn ráði ekki yfir veðinu. Ef umráðamaður neitar að hafa umráð hins veðsetta fyrir veðhafa öðlast veðrétturinn ekki réttarvernd við tilkynninguna.

4. Veðsetning á handveðrétti öðlast réttarvernd við það að hið veðsetta lausafé er afhent framveðhafa. Reglur 2. og 3. mgr. eiga hér einnig við.

23. gr.
Sjálfsvörsluveð í lausafé.

1. Heimilt er að stofna til sjálfsvörsluveðréttar í einstökum lausafjármunum.

2. Um stofnun sjálfsvörsluveðréttar í lausafé skal gera bréflegan gerning. Um réttarvernd slíks veðréttar gilda ákvæði þinglýsingalaga um réttarvernd sjálfsvörsluveðs í lausafé.

3. Reglur 20. gr. um yfirtöku veðskuldar eiga við með sama hætti þegar skráningarskyldu lausafé er afsalað.

B. Veð í rekstrartækjum, rekstrarveð.

24. gr.

Afmörkun veðréttarins.

1. Þegar rekstraraðili veðsetur fasteign sem er varanlega útbúin með þarfir tiltekins atvinnurekstrar í huga nær veðréttur í fasteigninni, ef um það hefur verið samið, einnig til rekstrartækja sem heyra rekstrinum til. Veðsetningin gerist samtímis veðsetningu þeirrar eða þeirra fasteigna þar sem reksturinn fer fram.

2. Með rekstrartækjum er átt við vélar, tæki, áhöld, innréttingar, innbú og annan útbúnað.

3. Veðréttur í rekstrartækjum, sem á hvílir söluveð, nær til þess réttar sem veðsali á hverju sinni í viðkomandi hlut.

4. Veðréttur í rekstrartækjum samkvæmt þessari grein nær hvorki til skráningarskylds lausafjár né heldur þeirra verðmæta sem verða veðsett samkvæmt ákvæðum 28., 29., 30., 31. og 32. gr.

5. Veðrétturinn nær til rekstrartækjanna í heild eins og þau eru á hverjum tíma. Ef rekstur veðsala skiptist í fleiri einingar sem rekstrarlega séð eru aðskildar og þar sem atvinnureksturinn fer fram í fleiri fasteignum en einni er heimilt að veðsetja rekstrartæki hverrar einingar sérstaklega.

6. Eftir að fasteign hefur verið veðsett með rekstrartækjum verður ekki stofnað til veðréttar í rekstrartækjunum einum meðan rekstrarveðsamningur er í gildi.

25. gr.

Rekstraraðili.

Með rekstraraðila er átt við:

a. sérhvern þann aðila sem hefur með höndum einhvers konar atvinnurekstur, svo sem hlutafélag, samvinnufélag, sameignarfélag, samlagsfélag eða firma einstaks manns,
b. aðra aðila sem hafa atvinnurekstur með höndum þótt eigi sé reksturinn í hagnaðarskyni, svo sem sjúkrahús, barnaheimili, skóla, söfn, íþrótta- og afþreyingarstofnanir, félagsmála- og mannúðarstofnanir og aðrar álíka stofnanir.

26. gr.

Réttarvernd.

Rekstrarveð öðlast réttarvernd þegar réttinum er þinglýst ásamt veðrétti í viðkomandi fasteign eða fasteignum.

27. gr.

Framsal veðsettra rekstrartækja.

1. Veðsali getur skipt út eða framselt veðsett rekstrartæki svo lengi sem slíkt er í samræmi við eðli rekstrarins eða skerðir ekki að mun tryggingu veðhafa.

2. Eftir að veðhafi hefur komið fram greiðsluáskorun til undirbúnings fullnustugerð til innheimtu veðkröfu hefur veðsali ekki lengur rétt til þess að skipta út eða framselja rekstrartækin nema fyrir liggi samþykki veðhafa.

3. Þegar rekstrartæki hafa verið seld í samræmi við ákvæði 1. og 2. mgr. þessarar greinar og seljandinn hefur ekki lengur umráð þeirra fellur veðrétturinn í tækjunum brott.

4. Ef eigandi veðsettra rekstrartækja hefur umfram þá heimild, sem greinir í 1. og 2. mgr., framselt öðrum hið veðsetta öðlast veðhafinn veðrétt, sams konar og hann átti í veðandlaginu, í kröfu fyrri eiganda á hendur þeim sem við hinu veðsetta tók um endurgjald af hans hálfu fyrir það sem af hendi var látið. Sá sem við hinu veðsetta tók bakar sér gagnvart veðhafa ábyrgð á kröfu þessari ef hann hefur greitt hana veðsala áður en veðréttur í henni var niður fallinn, enda hafi hann vitað eða mátt vita að veðsali hafi farið út fyrir heimild skv. 1. mgr. með ráðstöfun sinni.

5. Um fjárnám í fasteign og rekstrartækjum skv. 24. gr. laga þessara gilda ákvæði 42. gr. laga um aðför, nr. 90/1989.

C. Veð í færanlegum vélbúnaði í verktakastarfsemi.

28. gr.

1. Rekstraraðila, sem stundar verktakastarfsemi, er heimilt að setja að sjálfsvörsluveði einu nafni færanlegan vélbúnað sem heyrir atvinnurekstri hans til og ekki er skráningarskyldur sem ökutæki samkvæmt umferðarlögum. Skal í veðbréfi greina tegund vélbúnaðar, árgerð og tölu eftir því sem kostur er.

2. Veðréttur í vélbúnaði skv. 1. mgr. öðlast réttarvernd með þinglýsingu á blað eiganda í lausafjárbók í samræmi við ákvæði þinglýsingalaga.

3. Ákvæði 3. og 5. mgr. 24. gr., 25. gr., 26. gr. og ákvæði 1.–4. mgr. 27. gr. um framsal eiga hér við, eftir því sem við getur átt.

D. Veð í rekstrartækjum landbúnaðar, búfé og afurðum.

29. gr.

Rekstrartæki.

1. Við veðsetningu jarðar er heimilt að semja svo um að jörðinni skuli fylgja rekstrartæki þau sem notuð eru við atvinnurekstur í landbúnaði. Veðsetning rekstrartækjanna gerist þá samtímis veðsetningu jarðarinnar.

2. Með rekstrartækjum samkvæmt framansögðu er átt við áhöld, vélar og tæki, önnur en ökutæki sem skráningarskyld eru samkvæmt umferðarlögum.

3. Veðréttur í rekstrartækjum landbúnaðar öðlast réttarvernd þegar réttinum er þinglýst ásamt veðrétti í viðkomandi jörð.

4. Ákvæði 3., 5. og 6. mgr. 24. gr. og 1.–5. mgr. 27. gr. eiga hér við með sama hætti þegar veðsett eru rekstrartæki landbúnaðar.

30. gr.

Bústofn, rekstrarvörur, afurðir og uppskera.

1. Þeim sem stunda atvinnurekstur í landbúnaði er heimilt að setja að sjálfsvörsluveði einu nafni tiltekna flokka bústofns síns. Með bústofni í þessu sambandi er t.d. átt við sauðfé, hross og nautgripi; alifugla, svín og loðdýr; seiði, eldisfisk og hafbeitarfisk.

2. Framleiðendum landbúnaðarvara og öðrum, sem eignast vörur þessar til vinnslu eða endursölu til annarra en neytenda, er heimilt að setja að sjálfsvörsluveði einu nafni rekstrarvörur, afurðir og uppskeru sem veðsali á eða eignast kann.

3. Við veðsetningu skv. 1. og 2. mgr. skiptir verkunar- eða framleiðslustig ekki máli.

4. Veðréttur í afurðum og bústofni öðlast réttarvernd með þinglýsingu á blað veðsala í lausafjárbók í samræmi við ákvæði þinglýsingalaga.

5. Um framsal á bústofni, rekstrarvörum, afurðum og uppskeru, sem veðsett hefur verið samkvæmt ákvæðum 1. og 2. mgr., gilda einnig, eftir því sem við geta átt, ákvæði 1.–4. mgr. 27. gr. laga þessara.

E. Veð í búnaði skipa, afla, sjávarafurðum og rekstrarvörum sjávarútvegs.

31. gr.

Búnaður skipa.

1. Þeim er veðsetur skip er rétt að semja svo um að skipinu skuli fylgja, auk venjulegs fylgifjár, annað lausafé sem ætlað er til nota á skipinu, svo sem olíubirgðir þær sem í skipinu eru hverju sinni, veiðarfæri, skipsbúnaður og önnur áhöld.

2. Veðsetningin gerist samtímis veðsetningu viðkomandi skips. Veðrétturinn öðlast réttarvernd með skráningu á blað veðsala í skipabók í samræmi við ákvæði þinglýsingalaga.

3. Ákvæði 3., 5. og 6. mgr. 24. gr. og 1.–4. mgr. 27. gr. eiga hér við, eftir því sem við getur átt.

32. gr.

Afli, afurðir og rekstrarvörur.

1. Útgerðarmönnum, framleiðendum sjávarafurða og þeim sem eignast vörur þessar til vinnslu eða endursölu til annarra en neytenda er heimilt að setja að sjálfsvörsluveði einu nafni afla, tilgreindar tegundir afurða og rekstrarvörur sem veðsali á eða eignast kann eða hefur til sölumeðferðar.

2. Við veðsetningu skv. 1. mgr. skiptir verkunar- eða framleiðslustig ekki máli.

3. Veðréttur í afla, rekstrarvörum og afurðum öðlast réttarvernd með þinglýsingu á blað réttsala í lausafjárbók í samræmi við ákvæði þinglýsingalaga.

4. Við veðsetningu skv. 1. mgr. gilda um framsal ákvæði 1.–4. mgr. 27. gr. laga þessara.

F. Veð í vörubirgðum.

33. gr.

Afmörkun veðréttarins.

1. Rekstraraðilum er heimilt að setja að sjálfsvörsluveði vörubirgðir atvinnurekstrar síns.

2. Með vörubirgðum er átt við það sem rekstraraðilinn á eða eignast kann af:

a. hráefni, vörum í vinnslu, fullunnum vörum og verslunarvörum,
b. rekstrarvörum og öðrum vörum sem notaðar eru í atvinnurekstrinum,
c. búnað utan um framleiðsluvörur rekstrarins.

3. Veðrétturinn má ná til vörubirgða veðsala í heild eða til nánar tilgreinds hluta birgðanna sem rekstrarlega séð er aðskilinn frá öðrum hlutum þeirra og telja má sjálfstæða heild. Nær veðrétturinn þá til vörubirgðanna eða hluta þeirra eins og þær eru á hverjum tíma.

4. Veðréttur í vörubirgðum nær ekki til þeirra verðmæta sem ákvæði 28.–32. gr. taka til.

34. gr.

Réttarvernd.

1. Veðréttur í vörubirgðum skv. 33. gr. öðlast réttarvernd með þinglýsingu á blað veðsala í lausafjárbók í samræmi við ákvæði þinglýsingalaga.

2. Um veðrétt í vörubirgðum gilda ákvæði 1.–4. mgr. 27. gr.

G. Söluveð.

35. gr.

Hverjar kröfur unnt er að tryggja.

Í tengslum við sölu lausafjár er heimilt að semja um veðrétt í hinu selda (söluveð) til tryggingar:

a. kröfu seljanda til endurgjaldsins ásamt vöxtum og kostnaði eða
b. láni sem þriðji maður hefur veitt kaupanda til greiðslu kröfu þeirrar sem nefnd er í a-lið, í heild eða að hluta, enda hafi lánveitandi greitt lánsfjárhæðina beint til seljanda.

36. gr.

Hver verðmæti verða ekki sett að söluveði.

Söluveð verður ekki stofnað í hlutum sem ætlaðir eru til endursölu þótt kaupverðið hafi ekki verið greitt. Þetta tekur þó ekki til þeirra tilvika þar sem heimilt er að selja hlut eftir að á honum hafa verið gerðar endurbætur eða þar sem um er að ræða fylgifé eða hluta aðalhlutarins.

37. gr.

Bann við framsali og veðsetningu.

Hlut, sem á hvílir söluveð, má hvorki selja né veðsetja án samþykkis þess veðhafa sem söluveð á, sbr. þó 36. gr.

38. gr.

Réttarvernd og fullnusta.

1. Það er skilyrði fyrir réttarvernd samnings um söluveð að samningurinn sé gerður skriflega og í síðasta lagi samtímis afhendingu söluhlutarins til kaupanda.

2. Í samningi verður að greina sérstaklega þau verðmæti sem veðrétturinn skal ná til og það kaupverð eða þá lánsfjárhæð sem tryggja skal. Ef fleiri hlutir en einn eru keyptir með söluveði í einu lagi nær veðrétturinn til allra hlutanna til tryggingar allri þeirri fjárhæð sem kaupandinn skuldar.

3. Ef samið er um söluveð bæði til tryggingar kröfu seljanda og til tryggingar láni sem þriðji maður hefur veitt skal líta svo á að veðréttir þessir séu jafnstæðir nema annað leiði af samningi.

4. Þegar vanskil verða á greiðslu krafna þeirra sem greinir í 35. gr. getur veðhafi leitað fullnustu kröfu sinnar með því að krefjast nauðungarsölu, enda hafi hann áskilið sér þá heimild í söluveðssamningi. Rifti veðhafi söluveðssamningi samkvæmt heimild í veðsamningnum eða á grundvelli almennra reglna getur hann krafist afhendingar hins veðsetta úr hendi veðsala.

39. gr.

Viðskeyting.

Söluveð fellur brott ef söluhlutur er skeyttur við fasteign eða annan aðalhlut á þann hátt að aðskilnaður mundi leiða til óhóflega mikils kostnaðar eða ósanngjarnrar verðmætisrýrnunar.

40. gr.

Umbætur.

Söluveð fellur brott ef endurbætur eða tilkostnaður hafa í verulegum atriðum breytt eðli söluhlutarins eða verðmæti eftir að hann var afhentur kaupanda.

41. gr.

Fyrning.

Krafa sú, sem tryggð er með söluveði, fyrnist á fjórum árum frá þeim degi er hún varð gjaldkræf. Söluveð til tryggingar slíkri kröfu fellur úr gildi um leið og krafan fyrnist.

42. gr.

Um rétt sem jafna má til söluveðs.

Ef seljandi eða sá sem veitt hefur lán til kaupa á hlut hefur áskilið sér eignarrétt í hinu selda þar til kaupverðið eða lánið er að fullu greitt eða hann hefur áskilið sér rétt til þess að taka hlutinn við greiðslufall skal með slíkan samning farið sem þar sé um söluveðssamning að ræða.

IV. KAFLI
Samningsveð í viðskiptabréfum, innlausnarbréfum og almennum fjárkröfum.

A. Viðskiptabréf.

43. gr.

Viðskiptabréf má setja að handveði eða sjálfsvörsluveði. Ef viðskiptabréf er sett að handveði gilda um réttarvernd veðsetningarinnar, eftir því sem við geta átt, ákvæði 2.–4. mgr. 22. gr. Til þess að sjálfsvörsluveðréttur í viðskiptabréfi öðlist réttarvernd verður að árita bréfið sjálft um veðsetninguna.

B. Innlausnarbréf.

44. gr.

1. Heimilt er að veðsetja kröfur eða réttindi samkvæmt innlausnarbréfi þótt eigi sé það viðskiptabréf.

2. Veðréttur skv. 1. mgr. öðlast réttarvernd í samræmi við reglur um handveð, sbr. ákvæði 2.–4. mgr. 22. gr. Veðsetning veðréttar öðlast réttarvernd með sama hætti.

C. Almennar fjárkröfur.

45. gr.

Hverjar almennar fjárkröfur verða veðsettar.

1. Almenna fjárkröfu, sem maður á á hendur nafngreindum skuldara, er heimilt að veðsetja. Hið sama á við um almenna fjárkröfu sem tiltekinn aðili kemur til með að eignast á hendur nafngreindum skuldara í sérstöku réttarsambandi.

2. Með almennri fjárkröfu er átt við fjárkröfu sem hvorki er viðskiptabréfskrafa né krafa samkvæmt innlausnarbréfi.

46. gr.

Réttarvernd.

1. Veðréttur í almennum kröfum öðlast réttarvernd við það að skuldarinn fær tilkynningu um veðsetninguna, annaðhvort frá veðsala eða veðhafa.

2. Veðsetning slíks veðréttar öðlast réttarvernd með sama hætti.

D. Vörureikningsveð.

47. gr.

1. Rekstraraðila er heimilt að veðsetja þær almennu kröfur sem hann á eða fær í rekstri sínum eða aðgreindum hluta rekstrarins. Er þá eigi nauðsynlegt að skuldari sé nafngreindur.

2. Skuldari samkvæmt vörureikningi leysist undan greiðsluskyldu sinni með greiðslu til kröfuhafa ef hann hefur ekki fengið tilkynningu um annan viðtakanda greiðslu.

3. Samningur sá, sem nefndur er í 1. mgr., öðlast réttarvernd gagnvart þriðja manni við þinglýsingu á blað rekstraraðila í lausafjárbók.

4. Ákvæði 25. gr. eiga við um samninga samkvæmt þessari grein. Ákvæði 4. gr. eiga hér ekki við.

V. KAFLI
Um gildistöku, brottfallin lög o.fl.

48. gr.

1. Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1998 og eiga við um þá veðsamninga sem til er stofnað eftir gildistöku laganna.

2. Fyrir brot gegn ákvæðum 2. málsl. 4. mgr. 3. gr. laga þessara skal refsa skv. 2. tölul. 1. mgr. 250. gr. almennra hegningarlaga nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lagaákvæðum.

3. Við gildistöku laga þessara falla úr gildi lög um veð, nr. 18 4. nóvember 1887, lög um forgangsrétt veðhafa fyrir vöxtum, nr. 23 13. september 1901, og lög um veðtryggingu iðnrekstrarlána, nr. 47 26. maí 1972.

4. Framkvæmd laga þessara heyrir undir dómsmálaráðherra.

Gjört á Bessastöðum, 28. maí 1997.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Þorsteinn Pálsson.

28. maí 1997 Nr. 76

LÖG

um breytingu lagaákvæða um aðgang að sjúkraskrám o.fl.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI
Breyting á læknalögum, nr. 53/1988, sbr. lög nr. 50/1990 og lög nr. 50/1996.

1. gr.

16. gr. laganna orðast svo:

Um skyldu læknis og annarra sem færa sjúkraskrá til þess að afhenda sjúklingi eða umboðsmanni hans afrit skrárinnar, í heild eða að hluta, fer eftir ákvæðum laga um réttindi sjúklinga.

II. KAFLI
Breyting á lögum um skáningu og meðferð persónuupplýsinga, nr. 121/1989.

2. gr.

Við 1. mgr. 1. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Jafnframt taka lögin til skýrslna sálfræðinga og félagsráðgjafa hvort sem þær teljast skrár í skilningi 2. mgr. eða ekki.

3. gr.

10. gr. laganna orðast svo:

Um skyldu læknis og annarra sem færa sjúkraskrá til þess að afhenda sjúklingi eða umboðsmanni hans afrit skrárinnar, í heild eða að hluta, fer eftir ákvæðum laga um réttindi sjúklinga.

III. KAFLI
Breyting á upplýsingalögum, nr. 50/1996.

4. gr.

2.–4. málsl. 2. mgr. 8. gr. laganna falla brott.

5. gr.

4. mgr. 9. gr. laganna orðast svo:

Um aðgang sjúklings að upplýsingum úr sjúkraskrá fer eftir ákvæðum laga um réttindi sjúklinga.

IV. KAFLI
Gildistaka.
6. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1997.

Gjört á Bessastöðum, 28. maí 1997.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Ingibjörg Pálmadóttir.

Nr. 77 26. maí 1997

LÖG

um breytingu á lögum nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, sbr. lög nr. 124/1995.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr. 20. gr. laganna, sbr. 6. gr. laga nr. 124/1995:

a. Í stað orðanna „og hrossakjöts" í fyrri málslið kemur: hrossakjöts og nautgripakjöts.
b. Í stað hlutfallstölunnar „5%" í síðari málslið kemur: 3%.
c. Við bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Af nautgripakjöti skal gjaldið vera 600 kr. á alla slátraða gripi sem flokkast í UN og K gæðaflokka. Auk þess verði 1.100 kr. lagðar á hvern sláturgrip í framangreindum gæðaflokkum á tímabilinu frá 1. september til 31. desember ár hvert.

2. gr.

Í stað hlutfallstölunnar „3%" í fyrri málslið 1. mgr. 21. gr. laganna, sbr. 7. gr. laga nr. 124/1995, kemur: 1,8%.

3. gr.

Ákvæði til bráðabirgða III með lögum nr. 124/1995, um breytingu á lögum um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, nr. 99 8. september 1993, með síðari breytingum, fellur brott.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 26. maí 1997.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Guðmundur Bjarnason.

LÖG

um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI
Heiti og undirstaða.

1. gr.

Íslenska þjóðkirkjan er sjálfstætt trúfélag á evangelísk-lúterskum grunni.
Ríkisvaldinu ber að styðja og vernda þjóðkirkjuna.
Skírn í nafni heilagrar þrenningar og skráning í þjóðskrá veitir aðild að þjóðkirkjunni.

II. KAFLI
Réttarstaða.

2. gr.

Þjóðkirkjan nýtur sjálfræðis gagnvart ríkisvaldinu innan lögmæltra marka.
Þjóðkirkjan, einstakar sóknir og stofnanir hennar njóta sjálfstæðrar eignhelgi og koma fram sem sjálfstæðir aðilar gagnvart almannavaldinu eftir því sem við getur átt.

3. gr.

Íslenska ríkið greiðir þjóðkirkjunni árlegt framlag sem miðist við að það nægi til rekstrs hennar ásamt öðrum tekjustofnum hennar, lögbundnum sem ólögbundnum.
Launagreiðslum til starfandi presta þjóðkirkjunnar og annarra starfsmanna hennar skal hagað samkvæmt því sem greinir í 60. gr.

4. gr.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið hefur með höndum tengsl við þjóðkirkjuna af hálfu ríkisvaldsins að því er varðar fjárlagagerð. Dóms- og kirkjumálaráðuneytið hefur jafnframt yfirumsjón með því að ríkisvaldið veiti þjóðkirkjunni þann stuðning sem því ber að veita henni lögum samkvæmt og hefur umsjón með því að þjóðkirkjan og stofnanir hennar fari að lögum.
Um stöðu þjóðkirkjunnar sem opinbers trúfélags fer eftir I. kafla laga um trúfélög, nr. 18/1975, eftir því sem við getur átt.

III. KAFLI
Stjórn og starfsskipan.
1. Almennt.

5. gr.

Þjóðkirkjan ræður starfi sínu innan lögmæltra marka.

2. Biskup Íslands.
Almennt.

6. gr.

Ísland er eitt biskupsdæmi.
Biskup Íslands fer með yfirstjórn þjóðkirkjunnar ásamt öðrum kirkjulegum stjórnvöldum eftir því sem nánar er mælt fyrir um í lögum þessum. Hann hefur aðsetur í Reykjavík.

Biskupskosning.

7. gr.

Kjörgengur til biskupsembættis er hver guðfræðikandídat sem fullnægir skilyrðum til þess að gegna prestsembætti í þjóðkirkjunni.

8. gr.

Kirkjuþing setur reglur um kosningu biskups Íslands.

Skipun biskups Íslands.

9. gr.

Forseti Íslands skipar biskup Íslands.

Starfssvið biskups Íslands o.fl.

10. gr.

Biskup Íslands hefur tilsjón með kristnihaldi, kenningu kirkjunnar og starfi hennar í landinu. Hann er forseti kirkjuráðs. Hann fylgir eftir reglum er kirkjuþing setur, samþykktum kirkjuþings og markaðri stefnu þess og prestastefnu og hefur ákvörðunarvald um einstök mál, nema þau heyri undir önnur stjórnvöld þjóðkirkjunnar samkvæmt lögum þessum.

Biskup vígir kirkjur. Biskup vígir presta og djákna og setur þeim vígslubréf.

Heimilt er biskupi að vígja til prestsembættis og djáknaþjónustu einstaklinga sem hafa verið kallaðir til þjónustu af evangelísk-lúterskum fríkirkjusöfnuðum í landinu.

Um kirkjuaga og lausn ágreiningsmála á kirkjulegum vettvangi.

11. gr.

Biskup Íslands hefur yfirumsjón með kirkjuaga innan þjóðkirkjunnar og beitir sér fyrir lausn ágreiningsefna sem rísa kunna á kirkjulegum vettvangi. Vegna agabrota getur hann gripið til þeirra úrræða sem lög og kirkjuhefð leyfa.

Úrskurðarnefnd.

12. gr.

Nú rís ágreiningur á kirkjulegum vettvangi eða starfsmaður þjóðkirkjunnar er borinn sökum um siðferðis- eða agabrot og getur þá hver sá sem hagsmuna á að gæta borið málið undir úrskurðarnefnd sem biskup Íslands skipar til fjögurra ára í senn.

Úrskurðarnefnd skal skipuð þremur mönnum og jafnmörgum til vara. Skal einn tilnefndur af leikmönnum á kirkjuþingi og einn af prestastefnu. Formaður skal skipaður án tilnefningar og sé hann löglærður.

Varði mál meint agabrot starfsmanna þjóðkirkjunnar eða embættisfærslu prests sérstaklega getur nefndin lagt til að hlutaðeigandi verði vikið úr starfi meðan um mál hans er fjallað og skal þá annar settur til að gegna starfi hans á meðan.

Í úrskurði vegna agabrota getur nefndin gripið til eftirfarandi úrræða:

a. lagt til að starfsmanni verði veitt áminning, eftir atvikum með skilyrðum eða leiðbeiningum eða nánari fyrirmælum um rétta starfshegðun,
b. mælt fyrir um að hann skuli fluttur til í starfi,
c. mælt fyrir um að hann skuli ekki gegna núverandi starfi eða sambærilegu starfi eða köllun á kirkjulegum vettvangi um ákveðið tímabil eða til frambúðar eða
d. lagt til endanlega brottvikningu hans úr hvaða starfi sem er á kirkjulegum vettvangi sem valdsvið nefndarinnar nær til.

Kirkjuþing setur nánari ákvæði um úrskurðarnefnd í starfsreglur skv. 59. gr.

Áfrýjunarnefnd.

13. gr.

Niðurstöðu úrskurðarnefndar skv. 12. gr. má skjóta til áfrýjunarnefndar sem ráðherra skipar til fjögurra ára í senn. Hafa málsaðilar og kirkjuráð heimild til áfrýjunar. Áfrýjunarfrestur er þrjár vikur. Um úrræði þau sem áfrýjunarnefnd getur gripið til með úrskurði gildir hið sama og frá var greint um úrskurðarnefnd í 12. gr. Um réttaráhrif kærðs úrskurðar gilda ákvæði 29. gr. stjórnsýslulaga, nr. 37/1993.

Áfrýjunarnefnd er skipuð þremur löglærðum mönnum sem fullnægi almennum skilyrðum til þess að vera skipaðir hæstaréttardómarar og sé einn þeirra formaður. Skulu þeir allir skipaðir samkvæmt tilnefningu Hæstaréttar. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Við meðferð einstakra mála skal nefndin skipuð tveimur sérfróðum mönnum til viðbótar sem nefndin kveður sjálf til starfans.

Úrskurðir áfrýjunarnefndar, sem skulu vera rökstuddir og að jafnaði kveðnir upp innan sex vikna frá því að mál barst nefndinni, eru endanlegir og bindandi innan valdsviðs þjóðkirkjunnar.

Kirkjuþing setur nánari ákvæði um málsmeðferð fyrir úrskurðarnefnd og áfrýjunarnefnd í starfsreglur skv. 59. gr.

Kirkjulegir framkvæmdarvaldshafar skv. 23. gr. skulu framfylgja úrskurðum skv. 12. og 13. gr., undir yfirumsjón kirkjuráðs, og fylgjast jafnframt með því að farið sé eftir úrskurðum er snerta starfsemi eða framferði einstakra starfsmanna.

Um hæfi nefndarmanna skv. 12. og 13. gr. gilda ákvæði II. kafla stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, svo og almenn ákvæði þeirra laga um málsmeðferð fyrir úrskurðarnefnd skv. 12. gr. og áfrýjunarnefnd skv. 13. gr. að því marki sem starfsreglur, er settar verða skv. 59. gr., mæla eigi fyrir á annan veg.

Kenningarnefnd.

14. gr.

Biskup Íslands skipar ráðgjafarnefnd um kenningarleg málefni samkvæmt nánari ákvæðum í starfsreglum, sbr. 59. gr.

Um staðgengil biskups Íslands.

15. gr.

Í forföllum biskups Íslands kveður hann þann vígslubiskup sem eldri er að biskupsvígslu til þess að gegna embætti sínu um stundarsakir. Hið sama gildir sé biskup Íslands vanhæfur til meðferðar einstaks máls sem undir hann ber að lögum.

Nú fellur biskup Íslands frá eða lætur af embætti og skal þá sá vígslubiskup, sem eldri er að biskupsvígslu, gegna embætti hans þar til biskupskjör hefur farið fram og nýr biskup Íslands hefur fengið skipun í embætti sitt.

3. Vígslubiskupar.

Almennt.

16. gr.

Vígslubiskupar skulu vera tveir með aðsetur á hinum fornu biskupsstólum, í Skálholti í Biskupstungum og á Hólum í Hjaltadal. Þeir hafi tilsjón með kristnihaldi í umdæmum sínum og séu biskupi til aðstoðar um kirkjuleg málefni og annist þau biskupsverk er biskup Íslands felur þeim. Nánari ákvæði um starfssvið vígslubiskupa skal setja í starfsreglur, sbr. 59. gr.

Forseti Íslands skipar vígslubiskupa.

Kosning vígslubiskupa.

17. gr.

Um kosningu og kjörgengi vígslubiskupa gilda sömu reglur og um biskupskjör eftir því sem við getur átt, sbr. 7. og 8. gr. Kirkjuþing setur nánari reglur um kosningu vígslubiskups í hvoru vígslubiskupsumdæmi fyrir sig.

Vígslubiskupsumdæmi o.fl.

18. gr.

Umdæmi vígslubiskups í Skálholti nær yfir Múla-, Austfjarða-, Skaftafells-, Rangárvalla-, Árness-, Kjalarness-, Reykjavíkur-, Borgarfjarðar-, Snæfellsness- og Dala-, Barðastrandar- og Ísafjarðarprófastsdæmi.

Umdæmi vígslubiskups á Hólum nær yfir Húnavatns-, Skagafjarðar-, Eyjafjarðar- og Þingeyjarprófastsdæmi.

Kirkjuþing getur ákveðið aðra skipan vígslubiskupsumdæma. Öðlast hin nýja skipan þá fyrst gildi er tvö kirkjuþing hafa samþykkt slíka tillögu óbreytta.

Biskupafundur.

19. gr.

Biskup Íslands skal kalla vígslubiskupa til fundar svo oft sem þurfa þykir og nánar skal kveðið á um í starfsreglum, sbr. 59. gr. Biskupafundur skal m.a. búa þau mál er varða kenninguna, helgisiði og helgihald í hendur prestastefnu og gera tillögur um skipan sókna, prestakalla og prófastsdæma til kirkjuþings, sbr. 50. gr.

4. Kirkjuþing.

Almennt.

20. gr.

Kirkjuþing hefur æðsta vald í málefnum þjóðkirkjunnar innan lögmæltra marka.

Málefni, er varða kenningu kirkjunnar og agavald, heyra þó undir biskup Íslands, sbr. 10., 11., 19. og 28. gr.

Samþykktir um kenningarleg málefni, guðsþjónustuhald, helgisiði, skírn, fermingu og altarissakramenti verða að sæta umfjöllun prestastefnu áður en þær hljóta endanlega afgreiðslu á kirkjuþingi.

Kirkjuþing kýs stjórn preststssetrasjóðs.

Skipan kirkjuþings.

21. gr.

Á kirkjuþingi á sæti 21 fulltrúi kjörinn til fjögurra ára í senn. Eru níu þeirra prestar og tólf leikmenn úr hópi sóknarnefndafólks.

Kjördæmi kirkjuþings eru:

1. Reykjavíkurprófastsdæmi vestra.
2. Reykjavíkurprófastsdæmi eystra.
3. Kjalarnessprófastsdæmi.
4. Borgarfjarðar-, Snæfellsness- og Dalaprófastsdæmi.
5. Barðastrandar- og Ísafjarðarprófastsdæmi.
6. Húnavatns- og Skagafjarðarprófastsdæmi.
7. Eyjafjarðar- og Þingeyjarprófastsdæmi.
8. Múla- og Austfjarðaprófastsdæmi.
9. Skaftafells-, Rangárvalla- og Árnessprófastsdæmi.

Í hverju kjördæmi er kjörinn einn prestur og einn leikmaður, nema í 1., 2. og 3. kjördæmi þar sem kjörnir skulu tveir leikmenn úr hverju kjördæmi.

Rétt til setu á kirkjuþingi eiga biskup Íslands og vígslubiskupar, kirkjuráðsmenn, kirkjumálaráðherra eða fulltrúi hans og fulltrúi guðfræðideildar Háskóla Íslands. Hafa þeir allir málfrelsi og tillögurétt en atkvæðisrétt hafa þeir ekki.

Kirkjuþing kýs þingforseta úr röðum leikmanna.

Kirkjuþing skal halda ár hvert. Óski þriðjungur kirkjuþingsmanna eftir er skylt að kalla kirkjuþing saman innan viku frá því að krafa um slíkt var sett fram.

Kirkjuþing setur nánari ákvæði um kjör til kirkjuþings og þingsköp í starfsreglur, sbr. 59. gr.

Fastanefndir kirkjunnar.

22. gr.

Kirkjuþing kýs við upphaf hvers kjörtímabils fastanefndir kirkjunnar samkvæmt nánari reglum skv. 59. gr.

Kirkjuleg stjórnvöld.

23. gr.

Stjórnvöld þjóðkirkjunnar og stofnana hennar fara með stjórnsýslu í öllum efnum, þar með talda ráðningu og lausn starfsmanna, og bera ábyrgð gagnvart kirkjuþingi.

Kirkjuþing skal sjá til þess að reikningshald kirkjulegra embætta, stofnana og sjóða hljóti fullnægjandi endurskoðun.

Kirkjuþing getur haft frumkvæði að frumvörpum til laga um kirkjuleg málefni og beint þeim tilmælum til ráðherra að þau verði flutt á Alþingi.

Ráðherra leitar umsagnar og tillagna kirkjuþings um lagafrumvörp um kirkjuleg málefni er hann hyggst flytja á Alþingi.

5. Kirkjuráð.

Almennt.

24. gr.

Kirkjuráð fer með framkvæmdarvald í málefnum þjóðkirkjunnar.

Skipan kirkjuráðs.

25. gr.

Kirkjuráð er, auk biskups Íslands, skipað fjórum mönnum, tveimur guðfræðingum og tveimur leikmönnum sem kirkjuþing kýs og skulu varamenn kosnir með sama hætti. Kosið skal í kirkjuráð á fyrsta kirkjuþingi að aflokinni kosningu. Kirkjuráðsmenn sitja þar til nýtt kirkjuráð hefur verið kjörið.

Starfssvið kirkjuráðs.

26. gr.

Kirkjuráð fer með framkvæmd sameiginlegra málefna þjóðkirkjunnar, þar á meðal verkefna sem lög og stjórnvaldsreglur ætla því og erinda sem vísað er til þess m.a. af hálfu kirkjuþings, prestastefnu, samtökum leikmanna, Alþingis og ráðherra.

Ákvörðunum kirkjulegra stjórnvalda, sem heyra undir lögsögu kirkjuráðs, má skjóta til kirkjuráðs til endanlegrar úrlausnar. Undanskildar eru ákvarðanir úrskurðar- og áfrýjunarnefnda skv. 12. og 13. gr., svo og ákvarðanir biskups skv. 11. gr. og um kenningu kirkjunnar, sbr. 10., 19., 20. og 28. gr. Varði málskot ákvörðun biskups Íslands er hann hefur áður

tekið víkur hann sæti í kirkjuráði meðan það mál er til meðferðar þar og tekur þá sá vígslubiskup, sem eldri er að biskupsvígslu, sæti hans.

Ákvörðunum kirkjuráðs á framkvæmdasviði kirkjulegrar stjórnsýslu verður eigi áfrýjað til kirkjuþings en fjalla má um málefnið á kirkjuþingi að frumkvæði einstakra kirkjuþingsmanna.

Um málsmeðferð í kirkjuráði, svo og meðal annarra kirkjulegra stjórnvalda, skal fylgt ákvæðum stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, eftir því sem við getur átt, leiði annað eigi af ákvæðum laga eða starfsreglna sem kirkjuþing setur skv. 59. gr. Hið sama á almennt við um sérstakt hæfi kirkjulegra stjórnvalda til meðferðar einstakra mála.

27. gr.

Kirkjuráð í samráði við forseta kirkjuþings undirbýr fundi kirkjuþings og fylgir eftir samþykktum þess.

Kirkjuráð undirbýr af hálfu þjóðkirkjunnar tillögur til fjárveitinga til hennar á fjárlögum.

Kirkjuráð hefur yfirumsjón með ráðstöfun fjár sem veitt er af opinberri hálfu til kirkjulegrar starfsemi.

Kirkjuráð hefur forræði og forsjá um Skálholtsstað, svo sem greinir í lögum nr. 32/1963, og hefur þau afskipti af málefnum Skálholtsskóla er greinir í lögum nr. 22/1993.

6. Prestastefna.

28. gr.

Biskup Íslands boðar til almennrar prestastefnu og er forseti hennar.

Á prestastefnu eiga setu og atkvæðisrétt vígslubiskupar og allir starfandi þjóðkirkjuprestar skv. 33. gr., svo og fastir kennarar guðfræðideildar Háskóla Íslands með guðfræðimenntun og guðfræðingar sem gegna föstum störfum á vegum þjóðkirkjunnar. Aðrir prestar og guðfræðingar eiga rétt til fundarsetu með málfrelsi og tillögurétti enda séu þeir innan safnaða er starfa á játningargrundvelli evangelísk-lúterskrar kirkju.

Á prestastefnu skal fjalla um málefni prestastéttarinnar, svo og önnur kirkjuleg málefni. Prestastefna hefur tillögu- og umsagnarrétt um mál er varða kenningu kirkjunnar og helgisiði og annars heyra undir biskup og kirkjuþing, sbr. 10., 11. og 20. gr.

7. Prófastar.

Almennt.

29. gr.

Biskup Íslands útnefnir prófasta úr hópi presta. Nánari reglur um skipan þeirra og störf skal setja í starfsreglur, sbr. 59. gr.

Prófastar eru fulltrúar biskups Íslands í prófastsdæmum og trúnaðarmenn hans og hafa í umboði hans almenna tilsjón með kirkjulegu starfi þar.

Biskup getur útnefnt prófasta til að hafa umsjón með tilteknum þáttum kirkjulegrar þjónustu.

Héraðsfundir og héraðsnefndir.

30. gr.

Héraðsfundi skal halda í hverju prófastsdæmi ár hvert. Héraðsfundur er vettvangur prófastsdæmis til þess að ræða um sameiginleg málefni þjóðkirkjunnar í prófastsdæminu og önnur þau málefni sem lög leggja til hans eða stjórnvöld kirkjumála vísa þangað til umfjöllunar, umsagnar eða úrlausnar eða safnaðarfundir, sóknarnefndir, sóknarprestar og starfsmenn sókna óska eftir að þar verði rædd.

31. gr.

Héraðsnefnd prófastsdæmis skal starfa á milli héraðsfunda og er hún framkvæmdanefnd héraðsfundar. Prófastur er formaður héraðsnefndar en héraðsfundur kýs aðra nefndarmenn til tveggja ára í senn. Héraðsnefnd fer með stjórn héraðssjóðs.

32. gr.

Nánari reglur um héraðsfundi og héraðsnefndir skal setja í starfsreglur, sbr. 59. gr.

8. Prestar.

Almennt.

33. gr.

Þjónandi prestur þjóðkirkjunnar er hver sá sem á grundvelli köllunar og vígslu gegnir föstu prestsstarfi í þjóðkirkjunni. Hann lýtur tilsjón kirkjulegra stjórnvalda í kirkjulegum efnum þótt hann gegni launuðu starfi á vegum aðila sem ekki heyra undir þjóðkirkjuna.

34. gr.

Í hverju prestakalli skal vera einn sóknarprestur. Sóknarprestur er hirðir safnaðar og gegnir prests- og predikunarembætti samkvæmt vígslubréfi og eftir því sem reglur og venjur segja til um.

35. gr.

Í fjölmennum prestaköllum er heimilt að skipa fleiri presta en einn. Séu prestar fleiri en einn í prestakalli skulu þeir undir forustu sóknarprests skipta með sér störfum í samræmi við almennar starfsreglur þar að lútandi, sbr. 59. gr.

36. gr.

Biskupi Íslands er heimilt að ákveða að í prófastsdæmum starfi héraðsprestar. Ráðningartími héraðspresta skal vera allt að þremur árum í senn.

Embættisgengi presta o.fl.

37. gr.

Ráðherra skipar í embætti sóknarpresta. Biskup Íslands skipar í önnur prestsembætti, sbr. 35., 36., 44. og 45. gr.

38. gr.

Almenn skilyrði til skipunar eða setningar í prestsembætti eru þessi:

1. 25 ára aldur. Biskup Íslands getur þó veitt undanþágu frá því ákvæði.
2. Embættispróf frá guðfræðideild Háskóla Íslands eða frá viðurkenndri guðfræðideild eða guðfræðiskóla, og skal biskup Íslands leita umsagnar guðfræðideildar Háskóla Íslands um hið síðarnefnda.
3. Að kandídat hafi ekki gerst sekur um athæfi sem ætla má að rýri álit hans og sé ósamboðið manni í prestsstarfi.

Áður en kandídat hlýtur vígslu skal hann hafa hlotið starfsþjálfun samkvæmt nánari ákvæðum í starfsreglum, sbr. 59. gr.

Að öðru leyti verður kandídat að fullnægja almennum skilyrðum 6. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Val á presti.

39. gr.

Þegar prestakall eða prestsstaða losnar eða nýtt prestakall er stofnað auglýsir biskup Íslands embættið með fjögurra vikna umsóknarfresti hið skemmsta.

Nánari reglur um val á sóknarpresti og presti skv. 35. gr., m.a. um skilyrði til almennra kosninga, skal setja í starfsreglur skv. 59. gr.

40. gr.

Ráðherra veitir þeim embætti sóknarprests sem hlotið hefur bindandi val en ákvarðar að öðrum kosti veitingu, að fenginni tillögu biskups. Biskup Íslands veitir þeim embætti prests skv. 35. gr. sem hlotið hefur bindandi val en ákvarðar að öðrum kosti veitingu.

Embætti sóknarprests og prests skv. 35. gr. skal veitt til fimm ára í senn, sbr. 23. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Komi fram tillaga í söfnuðinum um að embættið skuli auglýst laust til umsóknar skal hún afgreidd á safnaðarfundi og er hún því aðeins gild að hún komi fram a.m.k. átta mánuðum fyrir lok fimm ára skipunartímans. Skylt er að leita álits úrskurðarnefndar skv. 12. gr. með atbeina biskups Íslands áður en kjörmenn eða aðrir sambærilegir aðilar afgreiða tillögu þar að lútandi. Kjósi meiri hluti kjörmanna að embættið verði auglýst skal sú samþykkt send biskupi Íslands er leggur hana fyrir ráðherra til ákvörðunar.

41. gr.

Hafi enginn sótt um prestakall eða embætti er ráðherra heimilt að setja prest í embættið í allt að eitt ár samkvæmt tillögu biskups. Prestakallið eða embættið skal auglýst að nýju að setningartímanum liðnum.

Almennt um skyldur presta.

42. gr.

Skylt er sóknarpresti að taka við kalli sínu jafnskjótt og föng eru á eftir að hann hefur hlotið skipun eða ráðningu. Biskup Íslands getur þó veitt presti, er situr jörð, frest til næstu fardaga til að taka við embættinu.

Nú er prestssetur í prestakalli, og er þá presti skylt að hafa þar aðsetur og lögheimili nema biskup heimili annað um stundarsakir, að fenginni umsögn prófasts og viðkomandi sóknarnefnda.

43. gr.

Nánari ákvæði um starfsskyldur presta skulu settar í starfsreglur, sbr. 59. gr.

Sérþjónustuprestar.

Almennt.

44. gr.

Þar sem almennri prestþjónustu verður ekki við komið, svo sem á sjúkrastofnunum, við fangelsi og meðal heyrnarlausra, skal kalla til presta sem að jafnaði hafa sérmenntun til starfans.

Biskupi Íslands er heimilt að samþykkja að ráðnir séu prestar á vegum stofnana og félagasamtaka. Teljast þeir prestar vera þjónandi prestar þjóðkirkjunnar, sbr. 33. gr.

Biskup Íslands setur sérþjónustuprestum ráðningarbréf, í samvinnu við þær stofnanir sem þeir eru ráðnir til, auk vígslubréfs.

Prestar er starfa erlendis.

45. gr.

Biskupi Íslands er heimilt að samþykkja að prestar séu ráðnir til starfa meðal Íslendinga erlendis.

Nánari ákvæði.

46. gr.

Nánari ákvæði um sérþjónustupresta skal setja í almennar starfsreglur, sbr. 59. gr.

9. Djáknar.

47. gr.

Þjónandi djákni þjóðkirkjunnar er hver sá sem á grundvelli köllunar og vígslu gegnir fastri djáknaþjónustu í þjóðkirkjunni.

Djáknar eru ráðnir af sóknarnefnd í samráði við sóknarprest til þess að gegna sérstaklega tilgreindum störfum á sviði líknar- og fræðslumála innan safnaðar.

Heimilt er í samráði við viðkomandi sóknarnefnd og sóknarprest og/eða sjúkrahúsprest að ráða djákna til starfa á sjúkrastofnun.

Til að hljóta ráðningu og vígslu sem djákni þarf hlutaðeigandi að hafa lokið viðeigandi prófi frá guðfræðideild Háskóla Íslands og hlotið tilskilda starfsþjálfun á vegum þjóðkirkjunnar. Hafi umsækjandi um djáknastarf lokið prófi frá erlendum djáknaskóla skal biskup Íslands leita umsagnar guðfræðideildar Háskóla Íslands.

Um þjónustu djákna fer nánar eftir ákvæðum í starfsreglum, sbr. 59. gr.

10. Sóknir og prestaköll.

Almennt.

48. gr.

Sóknin er grunneining þjóðkirkjunnar og starfsvettvangur hennar á hverjum stað. Ein eða fleiri sóknir mynda prestakall.

49. gr.

Kirkjusókn er félag þess fólks innan þjóðkirkjunnar sem býr innan sóknarmarka.

Kirkjusókn er sjálfstæð fjárhagsleg og félagsleg eining en tengist öðrum sóknum innan sama prestakalls, ef um það er að ræða, með samstarfi eða á annan hátt sem héraðsfundur kann að mæla fyrir um eða einstakar sóknarnefndir stofna til. Þá tengjast kirkjusóknir öðrum sóknum innan prófastsdæmis með sameiginlegum héraðsfundi.

Sóknarmenn eru allir þeir sem lögheimili eiga í sókn, miðað við 1. desember næstliðinn, hafa hlotið skírn og eru skráðir í þjóðkirkjuna.

Sóknarmenn eiga rétt á kirkjulegri þjónustu í sókn sinni og bera sameiginlega skyldur eftir því sem nánar er kveðið á um í lögum eða með lögmæltum ákvörðunum.

Skipan sókna, prestakalla og prófastsdæma.

50. gr.

Kirkjuþing setur starfsreglur skv. 59. gr. um skipan sókna, prestakalla og prófastsdæma. Í umræddum starfsreglum skulu m.a. vera reglur varðandi skiptingu kirkjusóknar og sameiningu sókna og um sóknarmörk, svo og um niðurlagningu kirkju eða tilfærslu.

51. gr.

Þingvallaprestakalli gegni prestur er ráðherra skipar til fimm ára í senn að fengnum tillögum biskups og Þingvallanefndar.

Safnaðarfundir.

52. gr.

Aðalsafnaðarfund skal að jafnaði halda fyrir maílok ár hvert. Þar skulu rædd málefni sóknarinnar, þar á meðal þau mál sem lögmælt er að undir fundinn séu borin, svo og þau mál sem héraðsfundur, sóknarprestur, prófastur, biskup Íslands eða kirkjumálaráðherra skýtur þangað. Aðalsafnaðarfundur er vettvangur starfsskila og reikningsskila af hendi sóknarnefndar og einstakra nefnda innan sóknarinnar.

Aðalsafnaðarfundur fer með ákvörðunarvald innan sóknarinnar í málum þeim sem undir fundinn heyra samkvæmt lögum eða lögmæltum ákvörðunum.

Aðra safnaðarfundi skal halda ef meiri hluti sóknarnefndar óskar þess eða einn fjórði hluti sóknarmanna sem atkvæðisrétt eiga á safnaðarfundum.

Sóknarmenn njóta kosningarréttar og kjörgengis á safnaðarfundum þegar þeir eru fullra sextán ára.

Skipun, störf og starfshættir sóknarnefnda.

Almennt.

53. gr.

Í hverri kirkjusókn er sóknarnefnd sem annast rekstur og framkvæmdir á vegum sóknarinnar og styður kirkjulegt starf í sókninni ásamt sóknarpresti og starfsmönnum sóknarinnar.

Sóknarnefnd skal kosin til fjögurra ára í senn.

Sóknarnefndarmenn eru þrír í sóknum þar sem sóknarmenn eru færri en 300, en ella fimm, þó svo að þegar sóknarmenn eru 1.000 hið fæsta mega sóknarnefndarmenn vera sjö og níu ef sóknarmenn eru 4.000 eða fleiri, allt miðað við 1. desember næstliðinn. Fjölga skal sóknarnefndarmönnum, ef því er að skipta, á næsta aðalsafnaðarfundi þegar kjör sóknarnefndarmanna á fram að fara, eftir að þeir verða 1.000 eða 4.000 hið fæsta. Nú fækkar sóknarmönnum niður fyrir greind mörk og ákveður aðalsafnaðarfundur þá hvort fækka skuli sóknarnefndarmönnum.

Kjósa skal a.m.k. jafnmarga varamenn og aðalmenn eru og taka þeir sæti í forföllum aðalmanna eftir þeirri röð sem þeir voru kosnir í. Heimilt skal sóknarnefnd að kveðja varamenn sér til liðsinnis þegar hún telur ástæðu til.

Hlutverk og starfshættir.

54. gr.

Sóknarnefnd er ásamt sóknarpresti í fyrirsvari fyrir sóknina gagnvart stjórnvöldum og einstökum mönnum og stofnunum. Hún hefur umsjón með kirkju safnaðarins og safnaðarheimili. Kirkjuþing setur ákvæði um afnot af kirkju og safnaðarheimili í starfsreglur, sbr. 59. gr.

Sóknarnefnd skal gæta réttinda kirkju og gera prófasti viðvart ef út af bregður.

55. gr.

Um stöðu, starf og starfshætti sóknarnefnda skal setja nánari ákvæði í starfsreglur, sbr. 59. gr.

Safnaðarfulltrúar.

56. gr.

Sóknarnefnd kýs safnaðarfulltrúa og varamann hans úr sínum hópi til fjögurra ára í senn.

Starfsmenn kirkjusókna.

57. gr.

Kirkjuþing skal setja ákvæði um stöðu og störf starfsmanna sókna, þar á meðal organista, í starfsreglur, sbr. 59. gr.

Leikmannastefna.

58. gr.

Biskup Íslands boðar til almennrar leikmannastefnu til að fjalla um málefni leikmanna, safnaða, hlutverk og störf sóknarnefnda, svo og um önnur mál er lúta að þjónustu kirkjunnar við söfnuði landsins og kristileg félagasamtök. Nánari reglur um leikmannastefnu skal setja í starfsreglur, sbr. 59. gr.

IV. KAFLI
Starfsreglur.

59. gr.

Um aðra starfsmenn þjóðkirkjunnar en þá sem fyrr hafa verið taldir fer eftir almennum reglum um starfshætti hennar er kirkjuþing setur og hafi að geyma nánari fyrirmæli um stjórnun og starfshætti kirkjunnar á grundvelli laga þessara. Í reglum þessum skal m.a. kveðið á um hlutverk starfsmanna þjóðkirkjunnar eftir því sem við getur átt.

Kirkjuþing setur jafnframt nánari reglur um tiltekna þætti kirkjustarfsins sem eigi er fjallað um í hinum almennu reglum sem getið er um í 1. mgr. Þá staðfestir kirkjuþing stofnskrár og nánari reglur um stjórn og starfsemi stofnana er starfa á vegum þjóðkirkjunnar en kirkjuráð staðfestir endurskoðaða reikninga þeirra stofnana og birtir þá síðan í skýrslu sinni til kirkjuþings.

Kirkjuráð gefur út reglur þær og stofnskrár er um ræðir í 1. og 2. mgr. ásamt breytingum sem kunna að verða gerðar á þeim. Skulu reglur og stofnskrár, sem og breytingar á þeim, birtast á prenti í síðasta lagi innan fjögurra vikna frá því að kirkjuþing samþykkti þær. Ber kirkjuráði að hafa eftirlit með því að eintök þeirra séu aðgengileg fyrir almenning frá þeim tíma, auk þess sem kirkjuráð annast dreifingu þeirra og kynningu með tilhlýðilegum hætti.

Hafi eigi verið á annan veg mælt í reglum þeim sem hér um ræðir öðlast þær, sem og breytingar, bindandi gildi á þrítugasta degi frá útgáfudegi þeirra. Eftir þann tíma ber öllum starfsmönnum þjóðkirkjunnar, sem og öðrum þeim sem reglunum er ætlað að binda, að fara eftir þeim.

V. KAFLI
Launagreiðslur og réttarstaða starfsmanna.

60. gr.

Ríkið standi skil á launum biskups Íslands, vígslubiskupa, 138 starfandi presta og prófasta þjóðkirkjunnar og 18 starfsmanna biskupsstofu.

Fjölgi skráðum meðlimum þjóðkirkjunnar um 5.000 miðað við þjóðskrá í árslok 1996 skal ríkið greiða laun eins prests til viðbótar því sem greinir í 1. mgr. Sama á við um frekari fjölgun. Fækki skráðum meðlimum þjóðkirkjunnar um 5.000 miðað við þjóðskrá í árslok 1996 lækkar tala starfandi presta í 1. mgr. um einn. Sama á við um frekari fækkun.

Fjölgi prestum um tíu, sbr. það sem greinir í 2. mgr., skal ríkið greiða laun eins starfsmanns á biskupsstofu til viðbótar því sem greinir í 1. mgr. Sama á við um frekari fjölgun. Fækki prestum um tíu, sbr. það sem greinir í 2. mgr., lækkar tala starfsmanna á biskupsstofu í 1. mgr. um einn. Sama á við um frekari fækkun.

Um greiðslu launa til framangreindra starfsmanna þjóðkirkjunnar fer eftir lögum um Kjaradóm og kjaranefnd, nr. 120/1992, með áorðnum breytingum, eða lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna, nr. 94/1986, með áorðnum breytingum, eftir því sem við getur átt.

Launagreiðslur annarra starfsmanna þjóðkirkjunnar eru ríkinu óviðkomandi.

61. gr.

Þeir starfsmenn þjóðkirkjunnar, sem þiggja laun úr ríkissjóði, sbr. 60. gr., njóta réttinda og bera skyldur sem opinberir starfsmenn eftir því sem nánar er mælt fyrir um í lögum nr. 70/1996, svo og öðrum lögum er kveða á um réttarstöðu opinberra starfsmanna, sbr. þó 12. og 13. gr.

Nánari ákvæði um réttarstöðu starfsmanna þjóðkirkjunnar skulu sett í starfsreglur, sbr. 59. gr.

VI. KAFLI
Jarðeignir kirkna.

62. gr.

Kirkjujarðir og aðrar kirkjueignir sem þeim fylgja, að frátöldum prestssetrum og því sem þeim fylgir, eru eign íslenska ríkisins. Andvirði seldra jarða rennur í ríkissjóð.

Greiðslur til Kristnisjóðs vegna seldra kirkjujarða falla niður. Þó skal ríkissjóður greiða árlega, næstu átta ár, upphæð er svarar til fastra árslauna eins sóknarprests.

VII. KAFLI
Gildistaka og brottfall laga.

63. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1998.

64. gr.

Við gildistöku laga þessara falla eftirtalin lagaákvæði brott svo sem hér segir:

a. 1. mgr. 3. gr., 7. gr., 1. mgr. 8. gr., 9.–19. gr., 1. málsl. 1. mgr. 27. gr. og 35.–45. gr. laga nr. 62/1990, um skipan prestakalla og prófastsdæma og um starfsmenn þjóðkirkju Íslands.
b. 1.–2. gr., 11. gr., 14.–15. gr., 1. mgr. 16. gr., 19. gr., 22. gr., 29. gr. og 36. gr. laga nr. 25/1985, um kirkjusóknir, safnaðarfundi, sóknarnefndir, héraðsfundi o.fl.
c. 1.–5. gr., 1. mgr. 12. gr., 13. gr. og II. kafli laga nr. 48/1982, um kirkjuþing og kirkjuráð íslensku þjóðkirkjunnar.
d. 1. gr. og 2. mgr. 6. gr. laga nr. 96/1980, um biskupskosningu.
e. 1. gr. laga nr. 44/1987, um veitingu prestakalla.
f. B-liður 19. gr. og b- og c-liður 20. gr. laga nr. 35/1970, um Kristnisjóð o.fl.
g. Í stað orðanna „Kirkjuráð“ og „kirkjuráðs“ í 1. mgr. 3. gr. laga nr. 137/1993, um prestssetur, kemur: Kirkjuþing, og: kirkjuþings.

Eftirtalin lög falla úr gildi 31. desember 1998:

a. Lög nr. 96/1980, um biskupskosningu.
b. Lög nr. 48/1982, um kirkjuþing og kirkjuráð íslensku þjóðkirkjunnar.
c. Lög nr. 25/1985, um kirkjusóknir, safnaðarfundi, sóknarnefndir, héraðsfundi o.fl.
d. Lög nr. 44/1987, um veitingu prestakalla.
e. Lög nr. 62/1990, um skipan prestakalla og prófastsdæma og um starfsmenn þjóðkirkju Íslands.

Gjört á Bessastöðum, 26. maí 1997.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Björn Bjarnason.

LÖG

um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Tilgangur laga þessara er að stuðla að viðgangi og hagkvæmri nýtingu nytjastofna innan íslenskrar fiskveiðilandhelgi og tryggja með því trausta atvinnu og byggð í landinu.

2. gr.

Til nytjastofna samkvæmt lögum þessum teljast sjávardýr, svo og sjávargróður, sem nytjuð eru og kunna að verða nytjuð í íslenskri fiskveiðilandhelgi og sérlög gilda ekki um.

Til fiskveiðilandhelgi Íslands telst hafsvæðið frá fjöruborði að ytri mörkum efnahagslögsögu Íslands eins og hún er skilgreind í lögum nr. 41 1. júní 1979, um landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunn.

3. gr.

Erlendum skipum eru bannaðar allar veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með ákvæði þessu eru ekki skert þau réttindi sem veitt hafa verið eða kunna að verða veitt öðrum ríkjum samkvæmt milliríkjasamningum.

4. gr.

Aðeins þeim íslensku skipum, sem leyfi hafa til veiða í atvinnuskyni í fiskveiðilandhelgi Íslands samkvæmt ákvæðum laga nr. 38 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, er heimilt að stunda veiðar í fiskveiðilandhelginni.

5. gr.

Íslenskum skipum eru bannaðar veiðar með botnvörpu, flotvörpu og dragnót í fiskveiðilandhelgi Íslands nema á þeim veiðisvæðum og veiðitímum sem tilgreind eru í þessari grein, enda undanþiggi ráðherra ekki tiltekin svæði slíkum veiðum. Þegar rætt er um viðmiðunarlínu er átt við línu sem dregin er umhverfis landið á milli eftirtalinna staða:

1. Horn (grp. 1) ..... 66°27'4 N – 22°24'3 V
2. Selsker (viti) ..... 66°07'5 N – 21°30'0 V
3. Ásbúðarrif (grp. 2) ..... 66°08'1 N – 20°11'0 V
4. Siglunes (grp. 3) ..... 66°11'9 N – 18°49'8 V
5. Flatey (Skjálfanda) (grp. 4) ..... 66°10'3 N – 17°50'3 V
6. Mánáreyjar (Lágey) (grp. 5) ..... 66°17'8 N – 17°06'8 V
7. Rauðinúpur (grp. 6) ..... 66°30'7 N – 16°32'4 V
8. Rifstangi (grp. 7) ..... 66°32'3 N – 16°11'8 V
9. Hraunhafnartangi (grp. 8) ..... 66°32'2 N – 16°01'5 V
10. Langanes (grp. 9) ..... 66°22'7 N – 14°31'9 V
11. Skálatáarsker ..... 65°59'7 N – 14°36'4 V
12. Almenningsfles ..... 65°33'1 N – 13°40'5 V
13. Glettinganes (grp. 10) ..... 65°30'5 N – 13°36'3 V
14. Norðfjarðarhorn (grp. 11) ..... 65°10'0 N – 13°30'8 V
15. Gerpir (grp. 12) ..... 65°04'7 N – 13°29'6 V
16. Hólmur (Seley) (grp. 13) ..... 64°58'9 N – 13°30'6 V

17. Skrúður (Þursi) (grp. 15) ..... 64°54'1 N – 13°36'8 V
18. Papey (viti) ..... 64°35'5 N – 14°10'5 V
19. Hvítingar (grp. 18) ..... 64°23'9 N – 14°28'0 V
20. Stokksnes (grp. 19) ..... 64°14'1 N – 14°58'4 V
21. Hrollaugseyjar (grp. 20) ..... 64°01'7 N – 15°58'7 V
22. Ingólfshöfði (grp. 22) ..... 63°47'8 N – 16°38'5 V
23. Hvalsíki (grp. 23) ..... 63°44'1 N – 17°33'5 V
24. Meðallandssandur I (grp. 24) ..... 63°32'4 N – 17°55'6 V
25. Meðallandssandur II (grp. 25) ..... 63°30'6 N – 17°59'9 V
26. Mýrnatangi (grp. 26) ..... 63°27'4 N – 18°11'8 V
27. Kötlutangi (grp. 27) ..... 63°23'4 N – 18°42'8 V
28. Lundadrangur (grp. 28) ..... 63°23'5 N – 19°07'5 V
29. Bakkafjara (skúr við sæstreng) ..... 63°32'3 N – 20°10'9 V
30. Knarrarós (viti) ..... 63°49'4 N – 20°58'6 V
31. Hafnarnes ..... 63°50'6 N – 21°23'5 V
32. Selvogur (viti) ..... 63°49'3 N – 21°39'1 V
33. Krýsuvíkurberg (viti) ..... 63°49'8 N – 22°04'2 V
34. Reykjanes (aukaviti) ..... 63°48'0 N – 22°41'9 V
35. Önglabrjótsnef ..... 63°49'0 N – 22°44'3 V
36. Stafnes (viti) ..... 63°58'3 N – 22°45'5 V
37. 1. sjm. r/v V af Garðskagavita ..... 64°04'9 N – 22°43'6 V
38. Malarrif (viti) ..... 64°43'7 N – 23°48'2 V
39. Dritvíkurtangi ..... 64°45'0 N – 23°55'3 V
40. Skálasnagi ..... 64°51'3 N – 24°02'5 V
41. Öndverðarnes (viti) ..... 64°53'1 N – 24°02'7 V
42. Skor (viti) ..... 65°24'9 N – 23°57'2 V
43. Bjargtangar (grp. 33) ..... 65°30'2 N – 24°32'1 V
44. Kópanes (grp. 34) ..... 65°48'4 N – 24°06'0 V
45. Barði (grp. 35) ..... 66°03'7 N – 23°47'4 V
46. Straumnes (grp. 36) ..... 66°25'7 N – 23°08'4 V
47. Kögur (grp. 37) ..... 66°28'3 N – 22°55'5 V
48. Horn (grp. 38) ..... 66°27'9 N – 22°28'2 V

Heimildir fiskiskipa til veiða með botnvörpu, flotvörpu og dragnót innan fiskveiðilandhelgi Íslands miðast við stærðir skipa og aflvísa þeirra. Er skipum skipt niður í þrjá flokka miðað við stærðir þeirra og aflvísa þannig:

1. flokkur: Fiskiskip 42 metrar og lengri. Enn fremur öll fiskiskip með aflvísa 2.500 eða hærri.
2. flokkur: Fiskiskip lengri en 29 metrar en styttri en 42 metrar með aflvísa lægri en 2.500. Enn fremur fiskiskip styttri en 29 metrar en með aflvísa 1.600 og hærri. Í þennan flokk falla einnig fiskiskip 39 metrar og styttri sem togveiðiheimildir höfðu eftir þeirri viðmiðun skv. 3. gr. laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, enda verði ekki um aukningu á aflvísum þeirra að ræða eftir 1. júní 1997.
3. flokkur: Fiskiskip styttri en 29 metrar, enda séu þau með lægri aflvísa en 1.600. Enn fremur fiskiskip 26 metrar og styttri sem togveiðiheimildir höfðu eftir þeirri viðmiðun skv. 3. gr. laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, enda verði ekki um aukningu á aflvísum þeirra að ræða eftir 1. júní 1997.

Þar sem í lögum þessum er rætt um aflvísi skips er miðað við reiknaðan aflvísi þess. Sé skip búið skrúfuhring er aflvísir þess reiknaður þannig: HÖ x ÞS. Sé skip ekki búið skrúfuhring er aflvísir þess reiknaður þannig: 0,60 x HÖ x ÞS. HÖ merkir hér skráð afl aðalvélar skipsins í hestöflum, ÞS merkir þvermál skrúfu í metrum.

Siglingastofnun Íslands skal halda skrá yfir aflvísa þeirra skipa sem stunda veiðar með botnvörpu, flotvörpu og dragnót og skal sú skrá lögð til grundvallar við ákvörðun veiðiheimilda samkvæmt þessari grein.

Þar sem í lögum þessum er rætt um lengd skipa er miðað við mestu lengd þeirra samkvæmt mælingum Siglingastofnunar Íslands.

Botnvarpa og flotvarpa samkvæmt þessari grein merkir fiskivörpur sem notaðar eru til veiða á helstu botnfisktegundum hér við land og tekur ekki til varpna sem notaðar eru til veiða á humri, rækju eða uppsjávarfiskum. Setja skal nánari ákvæði í reglugerð um gerð og útbúnað fiskivarpna og dragnótar.

Stundi tvö eða fleiri skip veiðar með sömu botnvörpu, flotvörpu eða dragnót skulu heimildir þeirra samkvæmt þessari grein miðast við samanlagða lengd þeirra og samanlagða aflvísa þeirra.

Hér á eftir eru tilgreind þau svæði og tímar þar sem einstökum flokkum fiskiskipa, sbr. 2. mgr. þessarar greinar, er heimilt að stunda veiðar með botnvörpu, flotvörpu og dragnót:

A. Norðurland.

Allir flokkar:

A.1. Allt árið frá línu réttvísandi norður frá Horni (vms. 1) að línu réttvísandi norðaustur frá Langanesi (vms. 10), utan línu sem dregin er 12 sjómílur utan við viðmiðunarlínu.

A.2. Allt árið utan línu sem dregin er í 12 sjómílna fjarlægð frá fjörumarki Grímseyjar.

A.3. Allt árið utan línu sem dregin er í 12 sjómílna fjarlægð frá fjörumarki Kolbeinseyjar (67°08'80 N – 18°40'60 V).

B. Austurland.

Allir flokkar:

B.1. Allt árið frá línu réttvísandi norðaustur frá Langanesi (vms. 10) að línu réttvísandi austur frá Hvítingum (vms. 19), utan línu sem dregin er 12 sjómílur utan viðmiðunarlínu.

B.2. Allt árið utan línu sem dregin er í 5 sjómílna fjarlægð frá fjörumarki Hvalbaks (64°35'80 N – 13°16'60 V).

Flokkar 2 og 3:

B.3. Allt árið utan línu sem dregin er 6 sjómílur utan viðmiðunarlínu milli lína réttvísandi norðaustur frá Langanesi (vms. 10) og réttvísandi austur frá Glettinganesi (vms. 13).

C. Suðausturland.

Allir flokkar:

C.1. Allt árið frá línu réttvísandi austur frá Hvítingum (vms. 19) að línu réttvísandi suður frá Lundadrangi (vms. 28), utan línu sem dregin er 12 sjómílur utan viðmiðunarlínu.

C.2. Tímabilið 1. maí – 31. desember frá línu réttvísandi austur frá Hvítingum (vms. 19) að línu réttvísandi suður frá Hvalnesi (64°24'10 N – 14°32'50 V), utan línu sem dregin er 4 sjómílur utan viðmiðunarlínu.

C.3. Tímabilið 1. maí – 31. janúar á svæði milli lína réttvísandi austur frá Hvítingum (vms. 19) og réttvísandi suður frá Ingólfshöfða (vms. 22), utan línu sem dregin er 9 sjómílur utan viðmiðunarlínu.

C.4. Tímabilið 15. september – 31. janúar á svæði milli lína réttvísandi suður frá Ingólfshöfða (vms. 22) og réttvísandi suður frá Lundadrangi (vms. 28), utan línu sem dregin er 4 sjómílur utan viðmiðunarlínu.

Flokkar 2 og 3:

C.5. Allt árið utan línu sem dregin er í 4 sjómílna fjarlægð frá fjörumarki meginlandsins frá línu austur frá Hvítingum (vms. 19) að 18°00'00 V.

Á svæði milli línu sem dregin er réttvísandi austur frá Hvítingum (vms. 19) og að 15°45'00 V er þó ekki heimilt að stunda veiðar innan 6 sjómílna frá landi tímabilið 1. maí – 30. september.

C.6. Allt árið utan línu sem dregin er 4 sjómílur utan viðmiðunarlínu frá 18°00'00 V að línu réttvísandi suður frá Lundadrangi (vms. 28).

Flokkur 3:

C.7. Allt árið utan línu sem dregin er í 3 sjómílna fjarlægð frá fjörumarki meginlandsins frá línu réttvísandi austur frá Hvítingum (vms. 19) að 18°00'00 V.

C.8. Allt árið utan línu sem dregin er í 3 sjómílna fjarlægð frá fjörumarki meginlandsins frá 18°00'00 V að línu réttvísandi suður af Lundadrangi (vms. 28).

D. Suðurland.

Allir flokkar:

D.1. Allt árið utan línu sem dregin er úr punkti í 12 sjómílna fjarlægð réttvísandi suður frá Lundadrangi (vms. 28) í punkt 63°08'00 N – 19°57'00 V og þaðan í 4 sjómílna fjarlægð réttvísandi suður frá Surtsey (63°17'60 N – 20°36'30 V).

D.2. Allt árið utan línu sem dregin er úr punkti í 4 sjómílna fjarlægð réttvísandi suður frá Surtsey í punkt í 5 sjómílna fjarlægð réttvísandi suður frá Geirfugladrangi.

D.3. Tímabilið 1. ágúst – 31. desember utan línu sem dregin er úr punkti í 4 sjómílna fjarlægð réttvísandi suður frá Lundadrangi (vms. 28) í punkt í 4 sjómílna fjarlægð réttvísandi suður frá Surtsey.

Flokkar 2 og 3:

D.4. Allt árið utan línu sem dregin er úr punkti í 4 sjómílna fjarlægð réttvísandi suður frá Lundadrangi (vms. 28) í punkt í 4 sjómílna fjarlægð réttvísandi suður frá Surtsey.

D.5. Tímabilið 16. maí – 31. desember utan línu sem dregin er 4 sjómílur utan viðmiðunarlínu frá línu réttvísandi suður úr Lundadrangi (vms. 28) að línu réttvísandi suður frá Reykjanesaukavita (vms. 34).

Flokkur 3:

D.6. Allt árið utan línu sem dregin er í 3 sjómílna fjarlægð frá fjörumarki meginlandsins frá línu réttvísandi suður frá Lundadrangi (vms. 28) að línu réttvísandi suðvestur frá Reykjanesaukavita.

Á svæði, þar sem vatnsleiðsla og rafstrengur liggur milli Vestmannaeyja og meginlandsins, eru fiskveiðar með öllum veiðarfærum bannaðar allt árið. Svæði þetta takmarkast að austan af línu sem dregin er þannig að Bjarnarey að vestan beri í Elliðaey að austan og að vestan takmarkast það af línu sem dregin er þannig að austurkant Ystakletts og Faxaskersvita beri saman.

E. Reykjanes- og Faxaflóasvæði.

Allir flokkar:

E.1. Allt árið utan línu sem dregin er 5 sjómílur utan við Geirfugladrang í punkt í 5 sjómílna fjarlægð réttvísandi suður frá Geirfugladrangi í punkt 64°43'70 N – 24°12'00 V.

E.2. Tímabilið 1. nóvember – 31. desember utan línu sem dregin er í 12 sjómílna fjarlægð frá viðmiðunarlínu á svæði sem að sunnan markast af línu dreginni réttvísandi suður frá Reykjanesaukavita (vms. 34) og að vestan af línu sem dregin er réttvísandi vestur frá Reykjanesaukavita.

Flokkar 2 og 3:

E.3. Allt árið utan línu sem dregin er 4 sjómílur utan viðmiðunarlínu frá línu réttvísandi suðvestur frá Reykjanesaukavita (vms. 34) að línu réttvísandi vestur frá Malarrifi (vms. 38).

F. Breiðafjörður.

Allir flokkar:

F.1. Allt árið utan línu sem dregin er frá punkti 64°43'70 N – 24°12'00 V í punkt 64°43'70 N – 24°26'00 V og þaðan í punkt í 12 sjómílna fjarlægð réttvísandi vestur frá Bjargtöngum (vms. 43).

Flokkar 2 og 3:

F.2. Tímabilið 1. júní – 31. desember utan línu sem dregin er 4 sjómílur utan viðmiðunarlínu frá línu réttvísandi vestur frá Malarrifi (vms. 38) að línu réttvísandi vestur frá Skálasnaga (vms. 40) og þaðan í punkt í 4 sjómílna fjarlægð réttvísandi vestur frá Bjargtöngum (vms. 43).

Flokkur 3:

F.3. Tímabilið 1. janúar – 31. maí utan línu sem dregin er 4 sjómílur utan viðmiðunarlínu frá línu réttvísandi frá Malarrifi (vms. 38) að línu réttvísandi vestur frá Skálasnaga (vms. 40) og þaðan í punkt í 4 sjómílna fjarlægð réttvísandi vestur frá Bjargtöngum (vms. 43).

F.4. Tímabilið 1. september – 31. desember utan línu sem dregin er 4 sjómílur utan við viðmiðunarlínu á Snæfellsnesi, norðan við línu réttvísandi vestur frá Malarrifi (vms. 38) og utan við viðmiðunarlínu milli Öndverðarnesvita (vms. 41) og Skorarvita (vms. 42). Að norðan markast svæði þetta af 65°16'00 N.

G. Vestfirðir.

Allir flokkar:

Allt árið frá línu réttvísandi vestur frá Bjargtöngum (vms. 43) að línu réttvísandi norður frá Horni (vms. 48), utan línu sem dregin er 12 sjómílur utan viðmiðunarlínu.

6. gr.

Þrátt fyrir 5. gr. er heimilt að leyfa veiðar með dragnót nær landi en um ræðir í 5. gr. samkvæmt sérstökum leyfum Fiskistofu. Aðeins er heimilt að veita leyfi skipum styttri en 42 metrar, enda séu þau með aflvísi lægri en 2.500, en ráðherra skal með reglugerð kveða nánar á um skilyrði fyrir veitingu leyfa samkvæmt þessari málsgrein. Getur ráðherra sett almennar og svæðisbundnar reglur í því skyni að stuðla að hagkvæmri nýtingu fiskstofna, að teknu tilliti til veiða með öðrum veiðarfærum sem stundaðar eru á viðkomandi svæðum. Getur ráðherra m.a. ákveðið að leyfin séu bundin við ákveðið svæði og að aðeins hljóti leyfi til veiða á tilteknu svæði tiltekinn fjöldi skipa, skip sem skráð eru á því svæði, skip af ákveðinni stærð eða gerð eða skip sem áður hafa stundað dragnótaveiðar. Þá getur ráðherra, að fenginni umsögn Hafrannsóknastofnunarinnar, ákveðið að dragnótaveiðar á ákveðnu svæði miðist við nýtingu ákveðinnar fisktegundar.

Sé talin þörf á að takmarka notkun tiltekins veiðarfæris til að tryggja skynsamlega nýtingu þess stofns sem veiðarnar beinast að eða vegna þeirrar skaðsemi sem notkun þess kann að hafa í för með sér fyrir nýtingu annarra stofna getur ráðherra með reglugerð ákveðið að veiðar með því veiðarfæri séu háðar sérstöku leyfi Fiskistofu. Um skilyrði fyrir veitingu slíkra leyfa skal kveðið á í reglugerð og gilda ákvæði 1. mgr. um þau eftir því sem við á.

7. gr.

Grásleppuveiðar skulu háðar sérstöku leyfi Fiskistofu og eiga þeir bátar einir kost á slíku leyfi sem rétt áttu til leyfis á grásleppuvertíðinni 1997 samkvæmt reglum þar um. Ráðherra skal í reglugerð kveða nánar á um skipulag grásleppuveiða og veiðitíma samkvæmt þessari málsgrein. Getur ráðherra m.a. ákveðið að leyfin séu bundin við ákveðið svæði og að aðeins hljóti leyfi til veiða á tilteknu svæði skip sem skráð eru á því svæði. Þá getur ráðherra sett reglur um heimildir til flutnings leyfa til grásleppuveiða milli báta.

Sé talin þörf á að koma í veg fyrir staðbundna ofnýtingu á tilteknum stofni, óeðlilegan meðafla af öðrum tegundum en veiði beinist að eða önnur óæskileg áhrif veiða getur ráðherra ákveðið að veiðar úr tilteknum nytjastofni eða á tilteknu svæði séu háðar leyfi Fiskistofu. Sama á við ef þörf er á að skipuleggja veiðar úr stofnum sem ekki er stjórnað með skiptingu heildarafla milli einstakra skipa, sbr. 7. gr. laga nr. 38 15. maí 1990, með síðari breytingum, t.d. vegna óvissu um veiðiþol viðkomandi stofns. Ráðherra skal í reglugerð kveða nánar á um skilyrði fyrir veitingu leyfa samkvæmt þessari málsgrein. Getur ráðherra sett almennar og svæðisbundnar reglur og m.a. ákveðið að leyfin séu bundin við ákveðið svæði og að aðeins hljóti leyfi til veiða á tilteknu svæði tiltekinn fjöldi skipa, skip sem skráð eru á því svæði, skip af ákveðinni stærð eða gerð eða skip sem áður hafa stundað tilteknar veiðar.

8. gr.

Ráðherra er heimilt með reglugerð að skipta veiðisvæðum milli veiðarfæra með því að banna notkun ákveðinna veiðarfæra á ákveðnum svæðum í tiltekinn tíma. Áður en ákvarðanir um slíka skiptingu veiðisvæða eru teknar skal leita álits samtaka þeirra útgerðar- og sjómanna sem ætla má að slík skipting veiðisvæða varði mestu hverju sinni.

Þá er ráðherra heimilt að banna notkun allra eða tiltekinna gerða veiðarfæra á svæðum þar sem veiðarfæri geta valdið skemmdum á neðansjávarstrengjum og vatnslögnum.

9. gr.

Ráðherra skal gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að sporna við því að stundaðar séu veiðar sem skaðlegar geta talist með tilliti til hagkvæmrar nýtingar nytjastofna. Getur ráðherra með reglugerð m.a. ákveðið sérstök friðunarsvæði þar sem veiðar með tilteknum veiðarfærum eru bannaðar. Ráðherra ákveður hvort reglugerðir um friðunarsvæði gildi um ákveðinn tíma eða séu ótímabundnar. Áður en ákvarðanir eru teknar samkvæmt þessari grein skal að jafnaði leita umsagnar Hafrannsóknastofnunarinnar.

Heimilt er að banna tímabundið allar veiðar eða notkun tiltekinna veiðarfæra á ákveðnu svæði sé þess talin þörf vegna tilrauna eða vísindalegra rannsókna Hafrannsóknastofnunarinnar.

10. gr.

Veiðieftirlitsmönnum Fiskistofu er heimilt að fara í veiðiferðir með fiskiskipum og er skipstjórum þeirra skylt að veita þeim alla aðstoð og aðstöðu um borð í skipum sínum til þess að þeir geti sinnt eftirliti með veiðum. Í erindisbréfum til eftirlitsmanna, sem útgefin

eru af ráðuneytinu, skal nánar kveðið á um starfsskyldur veiðieftirlitsmanna um borð í veiðiskipum.

Verði veiðieftirlitsmenn Fiskistofu, leiðangursstjórar skipa, sem eru á vegum Hafrannsóknastofnunarinnar, eða starfsmenn Landhelgisgæslunnar varir við að stundaðar séu skaðlegar veiðar skv. 3. mgr. skulu þeir þegar tilkynna það til Hafrannsóknastofnunarinnar eða þeirra aðila sem stofnunin tilnefnir í því skyni.

Skaðlegar veiðar skv. 2. mgr. teljast veiðar þegar smáfiskur í afla fer yfir þau viðmiðunarmörk sem ráðherra hefur ákveðið að fengnum tillögum Hafrannsóknastofnunarinnar. Sama gildir um veiðar á smáhumri, smárækju eða öðrum tegundum nytjastofna, enda hafi verið sett viðmiðunarmörk varðandi nýtingu hlutaðeigandi stofns. Þá teljast það enn fremur skaðlegar veiðar í þessu sambandi ef telja verður að veiðarnar séu ekki í samræmi við aðrar ákvarðanir sem teknar hafa verið um hagkvæma nýtingu viðkomandi nytjastofna.

Að fengnum upplýsingum skv. 2. mgr. getur Hafrannsóknastofnunin bannað tilteknar veiðar á ákveðnum svæðum í allt að 14 sólarhringa með tilkynningu til strandstöðva og í útvarpi. Jafnframt skal veiðieftirliti Fiskistofu og stjórnstöð Landhelgisgæslunnar tilkynnt um skyndilokanir. Ráðherra skal setja nánari reglur um framkvæmd slíkra skyndilokana.

Sjávarútvegsráðuneytið skal, í samráði við Hafrannsóknastofnunina, áður en skyndilokun fellur úr gildi, ákveða til hvaða ráðstafana skuli grípa ef ástæða er talin til frekari friðunar á viðkomandi svæði. Hafrannsóknastofnuninni er þó heimilt að grípa til skyndilokunar svæðis aftur í allt að sjö daga sé þess talin þörf þar sem ekki liggja fyrir nægar upplýsingar um ástand svæðisins eða ef talið er að skyndilokun svæðisins aftur tryggi að ekki verði um að ræða frekari skaðlegar veiðar á því svæði. Ákvörðun um til hvaða ráðstafana verði gripið í framhaldi af lokun skv. 4. mgr. skal tilkynnt a.m.k. einum sólarhring áður en fyrri skyndilokun fellur úr gildi.

Heimilt er ráðuneytinu að leyfa einstökum fiskiskipum að stunda tilraunaveiðar á svæðum sem lokað hefur verið tímabundið skv. 4. mgr. Slíkt skal þó jafnan gert undir eftirliti Fiskistofu, Hafrannsóknastofnunarinnar eða Landhelgisgæslunnar og skal skipstjórnarmönnum skylt að fara að fyrirmælum eftirlitsaðila varðandi tilraunaveiðarnar.

11. gr.

Heimilt er að grípa til skyndilokana veiðisvæða skv. 10. gr. vegna upplýsinga sem komnar eru frá skipstjórum um að skaðlegar veiðar fari fram á ákveðnu svæði. Skilyrði þess eru eftirfarandi:

1. Að upplýsingar berist frá a.m.k. þremur skipstjórum sem telji að skaðlegar veiðar séu stundaðar á tilteknu svæði.
2. Upplýsingarnar séu studdar nýjum mælingum á aflasamsetningu hjá viðkomandi skipum, sbr. 1. tölul., enda séu mælingarnar framkvæmdar á fullnægjandi hátt að mati Hafrannsóknastofnunarinnar og fyrir liggi ákveðnar tillögur frá skipstjórunum um mörk þess svæðis sem lagt er til að lokað verði.
3. Ekki verði viðkomið að staðreyna upplýsingarnar án tafar með mælingum frá eftirlitsaðilum skv. 10. gr.

Skyndilokanir samkvæmt þessari grein gilda í allt að viku. Að öðru leyti gilda ákvæði 10. gr. um skyndilokanir þessar eftir því sem við á.

12. gr.

Sé veiðieftirlitsmaður Fiskistofu um borð í veiðiskipi getur hann óskað eftir því að skipstjóri láti kasta eða leggi veiðarfæri á tilteknu svæði í tilraunaskyni, enda hafi hann rök-

studda ástæðu til að ætla að önnur skip stundi skaðlegar veiðar á því svæði. Slíka tilraun skal gera með þeim hætti að hún tefji veiðar skipsins óverulega og valdi útgerðinni ekki teljandi óhagræði. Skal framkvæmd tilraunarinnar ákveðin í samráði við skipstjóra skipsins.

13. gr.

Ráðherra getur, að fengnu áliti Hafrannsóknastofnunarinnar, veitt tímabundnar heimildir til veiðitilrauna og annarra vísindalegra rannsókna í fiskveiðilandhelgi Íslands og þurfa þær heimildir ekki að vera bundnar við íslenska aðila. Slíkar tilraunir eða rannsóknir skulu að jafnaði fara fram undir eftirliti Hafrannsóknastofnunarinnar, Landhelgisgæslunnar eða Fiskistofu. Verði því ekki viðkomið að hafa sérstakan eftirlitsmann um borð í skipi því er heimild fær samkvæmt þessari grein skal heimildin veitt með því skilyrði að Hafrannsóknastofnunin fái nákvæmar upplýsingar um niðurstöður þessara tilrauna eða rannsókna. Heimilt er að ákveða að leyfishafi skuli greiða allan kostnað sem leiðir af veru eftirlitsmanns um borð í skipi samkvæmt þessari grein.

14. gr.

Ráðherra setur reglur um framkvæmd laga þessara. Getur hann m.a. sett allar reglur um útbúnað, gerð og frágang veiðarfæra og takmarkað notkun þeirra. Þá getur ráðherra sett reglur um lágmarksstærðir sjávardýra sem heimilt er að veiða og leyfilegan veiðitíma.

15. gr.

Brot gegn ákvæðum laga þessara og reglum settum samkvæmt þeim varða viðurlögum skv. 16.–17. gr. laga þessara, hvort sem þau eru framin af ásetningi eða gáleysi. Sé um stórfelld eða ítrekuð ásetningsbrot að ræða skulu þau þar að auki varða varðhaldi eða fangelsi allt að sex árum.

Beita skal ákvæðum laga um sérstakt gjald vegna ólögmæts sjávarafla vegna brota á lögum þessum eftir því sem við á.

16. gr.

Við brotum gegn 3.–5. gr. laga þessara skal sekt ekki nema lægri fjárhæð en 600.000 kr. og ekki hærri fjárhæð en 6.000.000 kr., eftir eðli og umfangi brots. Sama gildir sé skip staðið að veiðum á svæðum þar sem veiðar hafa verið bannaðar með stoð í 1. mgr. 8. gr. og 9.–11. gr. laga þessara.

Brot samkvæmt framansögðu skulu, auk refsingar, varða upptöku á þeim veiðarfærum skipsins sem notuð hafa verið við hinar ólögmætu veiðar, þar með töldum dragstrengjum, svo og afla þess, enda sé sennilegt að aflinn hafi fengist með ólögmætum hætti. Upptöku má framkvæma án tillits til þess hvort jafnframt er krafist refsingar.

Í stað þess að gera afla og veiðarfæri upptæk skv. 2. mgr. er heimilt að gera upptæka fjárhæð sem svarar til andvirðis afla og veiðarfæra samkvæmt mati dómkvaddra kunnáttumanna.

17. gr.

Brot gegn öðrum ákvæðum laga þessara, reglum settum samkvæmt lögum þessum eða ákvæðum leyfisbréfa varða sektum sem eigi skulu nema lægri fjárhæð en 400.000 kr. og ekki hærri fjárhæð en 4.000.000 kr., eftir eðli og umfangi brots.

18. gr.

Sektir má jafnt gera lögaðila sem einstaklingi. Þrátt fyrir ákvæði 15. gr. má ákvarða lögaðila sekt þótt sök verði ekki sönnuð á fyrirsvarsmenn, starfsmenn hans eða aðra þá einstak-

linga er í þágu hans starfa enda hafi brotið orðið eða getað orðið til hagsbóta fyrir lögaðilann. Með sama skilorði má einnig gera lögaðila sekt ef fyrirsvarsmenn eða starfsmenn hans eða aðrir einstaklingar sem í þágu hans starfa hafa gerst sekir um brot.

Tilraun og hlutdeild í brotum samkvæmt lögum þessum er refsiverð eftir því sem segir í almennum hegningarlögum.

19. gr.

Heimilt er að leggja löghald á skip sem fært er til hafnar vegna brota á lögum þessum. Sé slíkt gert er dómara heimilt að láta það laust ef sett er bankatrygging eða önnur jafngild trygging, að hans mati, fyrir greiðslu sektar, sakarkostnaðar og upptöku skv. 3. mgr. 16. gr.

Til tryggingar greiðslu sektar, sakarkostnaðar og upptöku skal vera lögveð í skipinu.

Mál út af brotum gegn lögum þessum skulu sæta meðferð opinberra mála.

Sektarfé samkvæmt lögum þessum, svo og andvirði upptæks afla og veiðarfæra skal renna í Landhelgissjóð Íslands.

20. gr.

Ólögleg veiðarfæri skulu gerð upptæk. Ólögleg eru þau veiðarfæri, eða hluti veiðarfæra, sem ekki eru í samræmi við þær reglur sem settar eru um veiðarfæri með stoð í lögum þessum.

21. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda 1. janúar 1998. Þann 1. janúar 1998 falla úr gildi lög nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, með síðari breytingum. Jafnframt eru frá sama tíma felld úr gildi ákvæði 2. mgr. 4. gr., 21. gr. og 22. gr. laga nr. 38 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum. Reglugerðir, sem settar hafa verið með stoð í framangreindum lögum, halda gildi sínu.

Gjört á Bessastöðum, 26. maí 1997.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Þorsteinn Pálsson.

26. maí 1997 Nr. 80

LÖG

um breytingar á lögum nr. 24 7. maí 1986, um skiptaverðmæti og greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 5. gr. laganna:

a. Í stað „15%“ í 1., 2. og 3. mgr. kemur: 8%.
b. Við 1. mgr. bætist nýr málsliður er orðast svo: Sambærileg skylda hvílir á þeim sem taka fiskafurðir í umboðssölu.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 6. gr. laganna:

a. Á eftir orðinu „fiskkaupendur“ kemur: svo og þeir sem taka sjávarafurðir í umboðssölu.

b. Í stað „10%“ kemur: 8,4%.
c. Í stað orðanna „Stofnfjársjóði fiskiskipa“ kemur: Lífeyrissjóði sjómanna.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 7. gr. laganna:
a. 1. tölul. fellur brott og breytist töluröð annarra liða til samræmis við það.
b. Í stað orðanna „Stofnfjársjóði fiskiskipa“ í 3. tölul., er verði 2. tölul., kemur: Lífeyrissjóði sjómanna.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 8. gr. laganna:
a. Í stað „48%“ í 1. tölul. kemur: 37,5%.
b. Í stað „47%“ í 2. tölul. kemur: 56,5%.
c. Í stað „5%“ í 3. tölul. kemur: 6%.

5. gr.

Í stað 2. mgr. 9. gr. laganna koma þrjár nýjar málsgreinar er orðast svo:

Við skiptingu fjár milli þeirra samtaka sem um er rætt í 2. tölul. 1. mgr. annars vegar og 3. tölul. 1. mgr. hins vegar skal taka mið af fjölda félagsmanna er við fiskveiðar vinna. Skulu aðilar koma sér saman um skiptingu fjár milli hlutaðeigandi samtaka og tilkynna Lífeyrissjóði sjómanna um samkomulagið.

Komi upp ágreiningur um skiptingu fjár skv. 2. mgr. geta þau samtök sem um er rætt í 2. og 3. tölul. 1. mgr. óskað eftir því við sjávarútvegsráðherra að skipaður verði gerðardómur til að leysa úr ágreiningnum. Gerðardómur vegna ágreinings um skiptingu fjár skv. 2. tölul. 1. mgr. skal skipaður fimm mönnum, tveim tilnefndum af Sjómannasambandi Íslands, einum tilnefndum af Alþýðusambandi Austfjarða, einum tilnefndum af Alþýðusambandi Vestfjarða og einum tilnefndum af dómstjóra héraðsdóms Reykjavíkur og er sá jafnframt formaður gerðardómsins. Gerðardómur um skiptingu fjár skv. 3. tölul. 1. mgr. skal skipaður þremur mönnum, einum tilnefndum af Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, einum tilnefndum af Vélstjórafélagi Íslands og einum tilnefndum af dómstjóra héraðsdóms Reykjavíkur og er sá jafnframt formaður gerðardóms. Gerðardómi um skiptingu fjár skv. 3. tölul. 1. mgr. er heimilt að taka mið af fleiri atriðum en um er rætt í 2. mgr. Úrskurður gerðardóms er bindandi. Kostnaður af starfi gerðardóms skal greiddur af aðilum máls.

Sjávarútvegsráðherra getur sett reglur um starfsemi gerðardóms samkvæmt þessari grein.

6. gr.

Í stað orðanna „Stofnfjársjóði fiskiskipa“ í 1. mgr. 11. gr. laganna kemur: Lífeyrissjóði sjómanna.

7. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 16. gr. laganna:
a. Í stað orðanna: „Fiskveiðasjóður Íslands“ kemur: Lífeyrissjóður sjómanna.
b. Orðin „Stofnfjársjóðs fiskiskipa og“ falla brott.
c. Við greinina bætist ný málsgrein er orðast svo:

Aðilar greiðslumiðlunar skv. 8. og 9. gr. skulu koma sér saman um skiptingu kostnaðar sem leiðir af umsýslu Lífeyrissjóðs sjómanna fyrir greiðslumiðlunina. Náist ekki samkomulag um skiptingu kostnaðar skal ráðherra setja reglugerð um slíka skiptingu.

8. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1998.

Ákvæði til bráðabirgða.

Eignum Styrktar- og lánasjóðs fiskiskipa og Framkvæmdasjóðs, sem verið hafa í vörslu Fiskveiðasjóðs, skal varið til rannsókna á kjörhæfni veiðarfæra og áhrifum þeirra á lífríki sjávar. Skal ráðherra semja við fjármálastofnanir um varðveislu og innheimtu veðbréfa sjóðanna.

Gjört á Bessastöðum, 26. maí 1997.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Þorsteinn Pálsson.

LÖG

um Stofnun Vilhjálms Stefánssonar og samvinnunefnd um málefni norðurslóða.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Stofnun Vilhjálms Stefánssonar er sjálfstæð ríkisstofnun undir yfirstjórn umhverfisráðherra.

Stofnunin er samstarfsvettvangur þeirra sem sinna málefnum norðurslóða hér á landi og er ætlað að efla umhverfisrannsóknir á norðurslóðum og stuðla að sjálfbærri þróun og efla þátttöku Íslendinga í alþjóðasamstarfi á því sviði.

Stofnunin hefur aðsetur á Akureyri.

2. gr.

Stofnun Vilhjálms Stefánssonar skal leitast við að ná markmiðum sínum með því að:

a. safna og miðla upplýsingum um málefni norðurslóða,
b. stuðla að því að umhverfisrannsóknir á norðurslóðum séu samræmdar og gera tillögur um forgangsröð þeirra,
c. miðla fræðslu um málefni norðurslóða til skóla og almennings,
d. vera stjórnvöldum til ráðgjafar um málefni norðurslóða, einkum umhverfisvernd og sjálfbæra þróun,
e. annast samstarf við sambærilegar stofnanir erlendis, t.d. um rekstur fjölþjóðlegra verkefna,
f. skapa aðstöðu fyrir fræðimenn sem stunda rannsóknarstörf á fræðasviði stofnunarinnar og
g. sinna öðrum verkefnum samkvæmt ákvörðun ráðherra.

3. gr.

Umhverfisráðherra skipar Stofnun Vilhjálms Stefánssonar þriggja manna stjórn til fjögurra ára í senn.

Formaður samvinnunefndar um málefni norðurslóða, sbr. 5. gr., skal vera formaður stjórnar, en einn skal tilnefndur af samvinnunefndinni og einn án tilnefningar. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti.

Stjórnin fjallar um stefnu og starfsáætlanir stofnunarinnar.

4. gr.

Umhverfisráðherra skipar forstöðumann Stofnunar Vilhjálms Stefánssonar til fimm ára í senn að fengnum tillögum stjórnar. Forstöðumaður skal hafa háskólamenntun og hafa stundað rannsóknir sem tengjast fræðisviði stofnunarinnar.

Forstöðumaður fer með daglega stjórn stofnunarinnar og hefur umsjón með rekstri hennar. Hann skal í samráði við stjórn annast stefnumótun og áætlanagerð og hafa umsjón með fjáröflun.

Forstöðumaður ræður aðra starfsmenn.

5. gr.

Umhverfisráðherra skipar samvinnunefnd um málefni norðurslóða til fjögurra ára í senn. Í nefndinni skulu eiga sæti aðilar tilnefndir af stofnunum og samtökum sem hafa með höndum verkefni er tengjast norðurslóðarannsóknum. Um fjölda nefndarmanna og samsetningu fer samkvæmt reglugerð sem ráðherra setur. Umhverfisráðherra skipar formann nefndarinnar án tilnefningar.

Hlutverk nefndarinnar er að leitast við að treysta og efla samstarf hlutaðeigandi aðila um rannsóknir á norðurslóðum og málefni stofnunar Vilhjálms Stefánssonar.

6. gr.

Umhverfisráðherra getur, að fengnum tillögum samvinnunefndar um málefni norðurslóða, sett reglugerð um nánari framkvæmd laga þessara.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 26. maí 1997.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Guðmundur Bjarnason.

Nr. 82 26. maí 1997

LÖG

um breytingu á lögum nr. 113/1984, um atvinnuréttindi vélfræðinga, vélstjóra og vélavarða á íslenskum skipum, sbr. lög nr. 60/1995.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í stað orðanna „1. september 1996“ í 2. mgr. A-liðar ákvæðis til bráðabirgða í lögunum kemur: 1. maí 1998.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 26. maí 1997.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Halldór Blöndal.

LÖG

um breytingar á sérákvæðum í lögum er varða réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI
FORSÆTISRÁÐUNEYTI

Breyting á lögum nr. 73/1969, um Stjórnarráð Íslands.

1. gr.

1. mgr. 3. gr. laganna orðast svo:
Forsætisráðherra felur starfsmanni forsætisráðuneytis að gegna störfum ritara ráðherrafunda.

2. gr.

7. gr. laganna orðast svo:
Ráðherra kveður á um skiptingu ráðuneytis í skrifstofur og starfsdeildir eftir verkefnum.

3. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 11. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:
Skrifstofu ráðuneytis stýrir skrifstofustjóri og starfsdeild deildarstjóri undir umsjón ráðuneytisstjóra.
b. 2. mgr. fellur brott.
c. 3. mgr. orðast svo:
Nú er starfsmaður ráðuneytis ráðinn deildarstjóri og þarf þá eigi að auglýsa stöðuna sem hann er fluttur í.

4. gr.

Við 12. gr. laganna bætist nýr málsliður er orðast svo: Heimilt er þó ráðherra að ráða starfsmenn í ráðuneyti undir öðrum starfsheitum.

5. gr.

13. gr. laganna orðast svo:
Ráðherra skipar ráðuneytisstjóra og skrifstofustjóra til fimm ára í senn.
Aðrir starfsmenn ráðuneytis eru ráðnir.

6. gr.

Í stað orðsins „deildarstjóri“ í 14. gr. laganna kemur: skrifstofustjóri.

Breyting á lögum nr. 54/1974, um Þjóðhagsstofnun.

7. gr.

2. mgr. 1. gr. laganna orðast svo:
Stofnunin nefnist Þjóðhagsstofnun og heyrir undir forsætisráðherra. Ráðherra skipar forstjóra hennar til fimm ára í senn.

Breyting á lögum nr. 64/1985, um Byggðastofnun.

8. gr.

1. tölul. 5. gr. laganna fellur brott og breytist röð annarra liða í samræmi við það.

9. gr.

6. gr. laganna orðast svo:

Forsætisráðherra skipar forstjóra til fimm ára í senn til að annast daglega stjórn stofnunarinnar.

10. gr.

2. málsl. 6. tölul. 7. gr. laganna fellur brott.

11. gr.

Breyting á lögum nr. 83/1994, um umboðsmann barna.

1. málsl. 1. mgr. 2. gr. laganna orðast svo: Ráðherra skipar umboðsmann barna til fimm ára í senn.

II. KAFLI
DÓMS- OG KIRKJUMÁLARÁÐUNEYTI

Breyting á lögum nr. 94/1962, um almannavarnir, með síðari breytingu.

12. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 4. mgr. 6. gr. laganna eins og henni var breytt með 3. gr. laga nr. 85/1985:

a. 1. málsl. orðast svo: Ráðherra skipar framkvæmdastjóra almannavarnaráðs til fimm ára í senn að fengnum tillögum ráðsins.
b. 2. málsl. orðast svo: Framkvæmdastjóri ræður annað starfslið.
c. Í stað orðsins „skipaður“ í 4. málsl. kemur: ráðinn.

13. gr.

Í stað orðsins „skipar“ í 1. málsl. 4. mgr. 8. gr. laganna, eins og henni var breytt með 5. gr. laga nr. 85/1985, kemur: ræður.

Breyting á lögum nr. 25/1967, um Landhelgisgæslu Íslands.

14. gr.

3. gr. laganna orðast svo:

Ráðherra skipar forstjóra til fimm ára í senn til þess að stjórna Landhelgisgæslunni, svo og til að vera ráðherra til aðstoðar um allt er lýtur að málefnum hennar.

15. gr.

Í stað orðanna „lög nr. 56/1963 og lög nr. 82/1961, V. kafli“ í 1. mgr. 5. gr. laganna kemur: lög um lögreglumenn og lög um meðferð opinberra mála.

Breyting á lögum nr. 56/1972, um lögreglumenn.

16. gr.

Við 1. málsl. 2. mgr. 3. gr. laganna bætist: til fimm ára í senn.

Breyting á lögum nr. 75/1973, um Hæstarétt Íslands, með síðari breytingu.

17. gr.

2. málsl. 1. mgr. 2. gr. laganna, eins og henni var breytt með 1. gr. laga nr. 39/1994, orðast svo: Forseti Íslands skipar hæstaréttardómara ótímabundið.

18. gr.

1. mgr. 8. gr. laganna, eins og henni var breytt með 5. gr. laga nr. 67/1982, orðast svo: Forseti Hæstaréttar skipar dóminum ritara til fimm ára í senn og ræður sérfróða aðstoðarmenn og annað starfslið.

Breyting á lögum nr. 18/1975, um trúfélög.

19. gr.

2. málsl. 1. mgr. 17. gr. laganna orðast svo: Hann skal hafa almenn hæfisskilyrði til opinberra starfa, sbr. lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Breyting á lögum nr. 108/1976, um rannsóknarlögreglu ríkisins, með síðari breytingu.

20. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 2. gr. laganna eins og henni var breytt með 2. gr. laga nr. 5/1978:

a. 1. mgr. orðast svo:
   Ráðherra skipar yfirmann rannsóknarlögreglu ríkisins til fimm ára í senn og nefnist hann rannsóknarlögreglustjóri ríkisins.
b. 1. málsl. 3. mgr. orðast svo: Ráðherra skipar jafnframt vararannsóknarlögreglustjóra ríkisins til fimm ára í senn.
c. 4. mgr. orðast svo:
   Ráðherra skipar lögreglumenn rannsóknarlögreglunnar til fimm ára í senn. Rannsóknarlögreglustjóri ræður annað starfslið, þar á meðal löglærða deildarstjóra og/eða fulltrúa.

Breyting á umferðarlögum, nr. 50/1987, með síðari breytingu.

21. gr.

3. mgr. 114. gr. laganna, eins og henni var breytt með 3. gr. laga nr. 12/1992, orðast svo: Ráðherra skipar framkvæmdastjóra Umferðarráðs til fimm ára í senn að fengnum tillögum stjórnar þess.

Breyting á lögum nr. 48/1988, um fangelsi og fangavist.

22. gr.

1. málsl. 4. gr. laganna orðast svo: Ráðherra skipar forstjóra fangelsismálastofnunar til fimm ára í senn.

23. gr.

1. málsl. 1. mgr. 5. gr. laganna orðast svo: Ráðherra skipar forstöðumann fangelsis til fimm ára í senn.

24. gr.

2. málsl. 1. mgr. 6. gr. laganna orðast svo: Ráðherra skipar fangaverði til fimm ára í senn, en forstöðumaður stofnunar ræður aðra starfsmenn.

Breyting á lögum nr. 92/1989, um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði, með síðari breytingu.

25. gr.

1. málsl. 5. gr. laganna orðast svo: Ráðherra skipar héraðsdómara ótímabundið.

26. gr.

Á eftir orðinu „héraðsdómstól“ í 1. málsl. 1. mgr. 6. gr. laganna, eins og henni var breytt með 1. gr. laga nr. 80/1995, kemur: til fimm ára í senn.

27. gr.

1. málsl. 14. gr. laganna orðast svo: Ráðherra skipar sýslumenn til fimm ára í senn.

28. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 15. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „skipa“ í 2. málsl. 2. mgr. kemur: ráða.
b. Í stað orðsins „dómsmálaráðherra“ í 1. málsl. 3. mgr. kemur: sýslumaður.

Breyting á lögum nr. 19/1991, um meðferð opinberra mála.

29. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 25. gr. laganna:

a. 2. málsl. 1. mgr. orðast svo: Hann skal skipaður af ráðherra ótímabundið og fullnægja lagaskilyrðum til skipunar í dómaraembætti við Hæstarétt.
b. 2. málsl. 2. mgr. orðast svo: Honum til aðstoðar eru vararíkissaksóknari og saksóknarar sem ráðherra skipar til fimm ára í senn.
c. Í stað orðanna „dómsmálaráðherra eftir tillögu ríkissaksóknara“ í 4. málsl. 2. mgr. kemur: ríkissaksóknari.

Breyting á lögum nr. 84/1996, um breyting á lögum um meðferð opinberra mála, nr. 19 26. mars 1991, með síðari breytingum.

30. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 1. gr. laganna:

a. 2. málsl. 2. mgr. orðast svo: Hann skal skipaður af ráðherra ótímabundið og fullnægja lagaskilyrðum til skipunar í dómaraembætti við Hæstarétt.
b. Við 2. málsl. 3. mgr. bætist: til fimm ára í senn.

Breyting á lögreglulögum, nr. 90/1996.

31. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 28. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „Forseti Íslands skipar“ í 1. mgr. kemur: Ráðherra skipar til fimm ára í senn.
b. Aftan við orðið „lögreglustarfa“ í 1. málsl. 3. mgr. kemur: til fimm ára í senn.

32. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 37. gr. laganna:

a. 1. málsl. 1. mgr. orðast svo: Ráðherra skipar skólastjóra Lögregluskóla ríkisins til fimm ára í senn.
b. Við 2. mgr. bætist: til fimm ára í senn.

III. KAFLI
FÉLAGSMÁLARÁÐUNEYTI

Breyting á lögum nr. 80/1938, um stéttarfélög og vinnudeilur, með síðari breytingu.

33. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 20. gr. laganna, sbr. a-lið 5. gr. laga nr. 75/1996:

a. 2. mgr. orðast svo:
Ráðherra ræður einnig vararíkissáttasemjara og skal hann fullnægja sömu skilyrðum og ríkissáttasemjari.

b. Í stað orðsins „skipað" í 4. mgr. kemur: tilnefnt.

Breyting á lögum nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

34. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 76. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:
Ráðherra skipar forstjóra Vinnueftirlits ríkisins til fimm ára í senn og setur honum erindisbréf, hvort tveggja að fengnum tillögum stjórnar stofnunarinnar.

b. Orðin „með samþykki stjórnar hennar" í 3. mgr. falla brott.

Breyting á lögum nr. 28/1991, um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla.

35. gr.

Í stað 1. málsl. 2. mgr. 15. gr. laganna koma tveir nýir málsliðir er orðast svo: Jafnréttisráð hefur skrifstofu og skipar ráðherra framkvæmdastjóra þess til fimm ára í senn. Framkvæmdastjóri ræður aðra starfsmenn.

Breyting á lögum nr. 41/1992, um brunavarnir og brunamál.

36. gr.

Í stað orðsins „sex" í 1. málsl. 3. mgr. 3. gr. laganna kemur: fimm.

Breyting á lögum nr. 97/1993, um Húsnæðisstofnun ríkisins.

37. gr.

Í stað orðsins „sex" í 1. mgr. 6. gr. laganna kemur: fimm.

IV. KAFLI
FJÁRMÁLARÁÐUNEYTI

Breyting á lögum nr. 63/1969, um verslun með áfengi og tóbak.

38. gr.

1. mgr. 4. gr. laganna orðast svo:
Ráðherra skipar forstjóra Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins til fimm ára í senn. Forstjóri ræður aðra starfsmenn.

Breyting á lögum nr. 103/1974, um lántökur ríkissjóðs og ríkisfyrirtækja.

39. gr.

Í stað orðanna „III. kafla laga nr. 38/1954" í 6. gr. laganna kemur: lögum.

Breyting á lögum nr. 94/1976, um skráningu og mat fasteigna, með síðari breytingu.

40. gr.

7. gr. laganna, eins og henni var breytt með 2. gr. laga nr. 51/1994, orðast svo:

Fasteignamat ríkisins starfar undir stjórn forstjóra sem ráðherra skipar til fimm ára í senn. Forstjóri ræður starfsfólk og kaupir sérfræðilega aðstoð eftir því sem nauðsyn ber til og heimildir fjárlaga hverju sinni segja til um.

Breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

41. gr.

2. málsl. 1. mgr. 86. gr. laganna orðast svo: Ráðherra skipar skattstjóra til fimm ára í senn.

42. gr.

Í stað orðsins „skipa“ í 1. málsl. 1 mgr. 87. gr. laganna kemur: ráða.

43. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 88. gr. laganna:

a. 1. málsl. 1. mgr. orðast svo: Ráðherra skipar ríkisskattstjóra til fimm ára í senn.
b. 2. mgr., eins og henni var breytt með 13. gr. laga nr. 111/1992, orðast svo:
Þá ræður ráðherra vararíkisskattstjóra sem skal fullnægja sömu skilyrðum og ríkisskattstjóri.

44. gr.

1. málsl. 89. gr. laganna, eins og henni var breytt með 14. gr. laga nr. 111/1992, orðast svo: Ráðherra skipar skattrannsóknarstjóra ríkisins til fimm ára í senn.

Breyting á lögum nr. 51/1985, um ríkislögmann.

45. gr.

1. málsl. 2. mgr. 1. gr. laganna orðast svo: Ráðherra skipar ríkislögmann til fimm ára í senn.

46. gr.

Orðin „allt að þrír“ í 1. mgr. 3. gr. laganna falla brott.

Breyting á lögum nr. 52/1987, um opinber innkaup.

47. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 4. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „fjögurra“ í fyrri málslið kemur: fimm.
b. Síðari málsliður orðast svo: Forstjóri ræður starfslið stofnunarinnar.

Breyting á tollalögum nr. 55/1987, með síðari breytingu.

48. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 31. gr. laganna, eins og henni var breytt með a-lið 17. gr. laga nr. 69/1996:

a. Á eftir orðinu „ríkistollstjóra“ í 1. mgr. kemur: til fimm ára í senn.
b. Í stað fyrri málsliðar 2. mgr. kemur: Ráðherra skipar tollverði til fimm ára í senn. Ríkistollstjóri ræður aðra starfsmenn embættisins og skiptir með þeim verkum.

49. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 36. gr. laganna, eins og henni var breytt með f-lið 17. gr. laga nr. 69/1996:

a. Á eftir orðinu „Reykjavík“ í 2. mgr. kemur: til fimm ára í senn.
b. 4. mgr. orðast svo:

Ráðherra skipar tollverði til fimm ára í senn. Tollstjórar ráða aðra tollstarfsmenn og skipta með þeim störfum og starfa þeir í umboði og á ábyrgð viðkomandi tollyfirvalds.

Breyting á lögum nr. 43/1990, um Lánasýslu ríkisins.

50. gr.

1. málsl. 8. gr. laganna orðast svo: Ráðherra skipar forstjóra Lánasýslu ríkisins til fimm ára í senn.

Breyting á lögum nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

51. gr.

1.–3. tölul. 7. mgr. ákvæðis laganna til bráðabrigða falla brott.

V. KAFLI
HAGSTOFA ÍSLANDS

Breyting á lögum nr. 24/1913, um hagstofu Íslands, með síðari breytingu.

52. gr.

5. gr. laganna, eins og henni var breytt með 8. gr. laga nr. 71/1919, orðast svo:
Hagstofunni stýrir hagstofustjóri skipaður af ráðherra til fimm ára í senn.

VI. KAFLI
HEILBRIGÐIS- OG TRYGGINGAMÁLARÁÐUNEYTI

Breyting á áfengislögum, nr. 82/1969.

53. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 26. gr. laganna:

a. 1. málsl. 1. mgr. orðast svo: Ráðherra skipar áfengisvarnaráðunaut til fimm ára í senn.
b. Í stað orðsins „ríkisstjórnin“ í 1. málsl. 2. mgr. kemur: ráðherra.
c. Í stað orðanna „kjarasamninga opinberra starfsmanna“ í 2. málsl. 2. mgr. kemur: réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Breyting á lögum nr. 35/1980, um Heyrnar- og talmeinastöð Íslands.

54. gr.

2. gr. laganna orðast svo:

Ráðherra skipar framkvæmdastjóra stofnunarinnar til fimm ára að fengnum tillögum stjórnar. Framkvæmdastjóri ræður yfirlækni, að fengnum tillögum stöðunefndar samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu, og aðra starfsmenn stofnunarinnar.

Breyting á lögum nr. 18/1984, um Þjónustu- og endurhæfingarstöð sjónskertra.

55. gr.

2. gr. laganna orðast svo:

Ráðherra skipar yfirlækni til fimm ára í senn að fengnum tillögum stöðunefndar samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu. Yfirlæknir ræður aðra starfsmenn stofnunarinnar.

Breyting á lögum nr. 117/1985, um geislavarnir.

56. gr.

1. málsl. 5. gr. laganna orðast svo: Ráðherra skipar forstöðumann stofnunarinnar til fimm ára í senn að fengnum tillögum stjórnar.

57. gr.

3. málsl. 6. gr. laganna orðast svo: Forstöðumaður ræður starfsfólk stofnunarinnar.

Breyting á lögum nr. 97/1990, um heilbrigðisþjónustu, með síðari breytingu.

58. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 3. mgr. 3. gr. laganna:

a. 1. málsl. orðast svo: Ráðherra skipar landlækni til fimm ára í senn.
b. 2. málsl. orðast svo: Hann skal vera embættislæknir eða hafa aðra sérfræðimenntun ásamt víðtækri reynslu á sviði stjórnunar.
c. Í stað orðsins „skipar" í 3. málsl. kemur: ræður.

59. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 6. gr. laganna, eins og henni var breytt með 7. gr. laga nr. 148/1994:

a. Í stað orðsins „fjögurra" í 1., 2. og 4. málsl. 2. mgr. kemur: fimm.
b. 3. málsl. 2. mgr. orðast svo: Skulu héraðslæknar vera embættislæknar eða hafa aðra sérfræðimenntun ásamt víðtækri reynslu á sviði stjórnunar.
c. Í stað orðsins „fjögurra" í 3. mgr. kemur: fimm.

60. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 21. gr. laganna:

a. 5., 6. og 8. málsl. 3. mgr. falla brott.
b. Við bætist ný málsgrein sem orðast svo:

Ráðherra skipar þá framkvæmdastjóra heilsugæslustöðva sem gegna fullu starfi til fimm ára í senn að fengnum tillögum stjórna stöðvanna og hafa þeir sömu skyldur og framkvæmdastjórar sjúkrahúsa skv. 29. gr., sbr. og 8. mgr. 30. gr. Fer um mat á hæfni þeirra skv. 30. gr.

61. gr.

22. gr. laganna orðast svo:

Þar sem ekki er skipaður framkvæmdastjóri í fullt starf ráða stjórnir heilsugæslustöðva starfslið stöðvanna og fer um laun þeirra samkvæmt kjarasamningum við opinbera starfsmenn.

62. gr.

Í 6. mgr. 29. gr. laganna falla brott orðin „yfirlæknum, hjúkrunarforstjórum og".

63. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 30. gr. laganna:

a. Í stað 4. málsl. 1. mgr. koma tveir nýir málsliðir er orðast svo: Við ríkisspítalana skal starfa einn forstjóri skipaður af ráðherra til fimm ára í senn að fengnum tillögum stjórnarnefndar. Ráðherra ræður meðlimi framkvæmdastjórnar ríkisspítalanna samkvæmt stjórnskipulagi ríkisspítala.
b. Í stað orðsins „ráða" í 4. málsl. 6. mgr. kemur: skipa.

c. Við 6. mgr. bætist nýr málsliður er orðast svo: Framkvæmdastjórar sjúkrahúsa ríkisins eru skipaðir af ráðherra til fimm ára í senn að fengnum tillögum stjórna sjúkrahúsanna.
d. Við 7. mgr. bætist nýr málsliður er orðast svo: Ráðherra staðfestir stjórnskipulag ríkisspítala að fengnum tillögum stjórnarnefndar og forstjóra.
e. 8. mgr. orðast svo:
Forstjóri ríkisspítala skv. 1. mgr. og framkvæmdastjórar sjúkrahúsa skv. 3. mgr. ráða annað starfslið sjúkrahúsa ríkisins. Um ákvörðun launa fer samkvæmt lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

64. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 31. gr. laganna:
a. Í stað orðanna „skipaðir af ráðherra“ í 1. málsl. 2. mgr. kemur: ráðnir af forstjóra skv. 1. mgr. 30. gr. eða framkvæmdastjóra skv. 5. mgr. 29. gr. eftir því sem við á.
b. Í stað orðanna „skipaðir af ráðherra“ í 1. málsl. 4. mgr. kemur: ráðnir af forstjóra skv. 1. mgr. 30. gr. eða framkvæmdastjóra skv. 5. mgr. 29. gr. eftir því sem við á.
c. Í stað orðsins „Skipa“ í 5. mgr. kemur: Ráða.

Breyting á lögum nr. 117/1993, um almannatryggingar.

65. gr.

Í stað 1. og 2. mgr. 3. gr. laganna kemur ný málsgrein, svohljóðandi:
Ráðherra skipar forstjóra Tryggingastofnunar ríkisins til fimm ára í senn og ræður tryggingayfirlækni, hvorn um sig að fengnum tillögum tryggingaráðs. Forstjóri ræður aðra starfsmenn.

66. gr.

2. málsl. 1. mgr. 4. gr. laganna fellur brott.

VII. KAFLI
IÐNAÐARRÁÐUNEYTI

Breyting á lögum nr. 64/1965, um rannsóknir í þágu atvinnuveganna, með síðari breytingu.

67. gr.

50. gr. laganna, sbr. 1. gr. laga nr. 107/1974, orðast svo:
Ráðherra skipar forstjóra stofnunarinnar til fimm ára í senn. Forstjóri skal hafa lokið háskólaprófi. Forstjóri ræður annað starfslið stofnunarinnar.

68. gr.

2. mgr. 55. gr. laganna, sbr. 1. gr. laga nr. 107/1974, orðast svo:
Ráðherra ákveður deildaskiptingu í rannsóknastofnunum. Forstjóri ræður deildarstjóra viðkomandi stofnunar. Deildarstjórar og sérfræðingar skulu hafa lokið meistaraprófi eða öðrum hliðstæðum háskólaprófum í fræðigrein sinni. Þó skal forstjóra heimilt að víkja frá þessu ákvæði hafi umsækjandi á annan hátt sannað vísindalega hæfni sína.

Breyting á orkulögum, nr. 58/1967, með síðari breytingu.

69. gr.

1. málsl. 3. gr. laganna orðast svo: Ráðherra skipar framkvæmdastjóra Orkustofnunar til fimm ára í senn.

70. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 5. gr. laganna:

a. 1. málsl. orðast svo: Orkumálastjóri ræður fasta starfsmenn Orkustofnunar.
b. Í 2. málsl. falla brott orðin „nr. 55/1962".

71. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 60. gr. laganna, sbr. 2. gr. laga nr. 53/1985:

a. 1. málsl. 1. mgr. orðast svo: Ráðherra skipar forstjóra Rafmagnsveitna ríkisins til fimm ára í senn.
b. 1. málsl. 2. mgr. orðast svo: Rafmagnsveitustjóri ríkisins ræður fasta starfsmenn.
c. Í 2. málsl. 2. mgr. falla brott orðin „nr. 55/1962".

Breyting á lögum nr. 41/1978, um Iðntæknistofnun Íslands.

72. gr.

Í stað orðsins „4ra" í 2. málsl. 1. mgr. 6. gr. laganna kemur: fimm.

73. gr.

1. mgr. 7. gr. laganna orðast svo:
Forstjóri ræður framkvæmdastjóra aðaldeilda.

74. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 10. gr. laganna:

a. Orðin „í umboði stjórnar og" í 1. mgr. falla brott.
b. 2. mgr. orðast svo:
Starfslið stofnunarinnar skal ýmist ráðið ótímabundið með gagnkvæmum uppsagnarfresti eða til ákveðins tíma, t.d. til ákveðinna verkefna.

VIII. KAFLI
LANDBÚNAÐARRÁÐUNEYTI

Breyting á lögum nr. 91/1936, um garðyrkjuskóla ríkisins.

75. gr.

1. málsl. 6. gr. laganna orðast svo: Ráðherra skipar skólastjóra garðyrkjuskóla ríkisins til fimm ára í senn og ræður hann kennara og annað starfslið skólans.

Breyting á lögum nr. 3/1955, um skógrækt.

76. gr.

2. málsl. 2. gr. laganna orðast svo: Ráðherra skipar skógræktarstjóra til fimm ára er annast framkvæmd þessara mála.

77. gr.

1. málsl. 3. gr. laganna orðast svo: Skógræktarstjóri ræður skógarverði.

Breyting á lögum nr. 17/1965, um landgræðslu, með síðari breytingum.

78. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 3. gr. laganna, eins og henni var breytt með 2. gr. laga nr. 54/1975 og 8. gr. laga nr. 73/1996:

a. Við 1. mgr. bætist: til fimm ára í senn.
b. 1. málsl. 3. mgr. orðast svo: Landgræðslustjóri ræður fulltrúa landgræðslustjóra og skulu þeir fullnægja hliðstæðum menntunarskilyrðum.

79. gr.

4. gr. laganna orðast svo:

Landgræðslustjóra er heimilt að ráða landgræðsluverði sér til aðstoðar.

Breyting á lögum nr. 64/1965, um rannsóknir í þágu atvinnuveganna, með síðari breytingu.

80. gr.

1. og 2. málsl. 32. gr. laganna orðast svo: Ráðherra skipar forstjóra til fimm ára í senn. Forstjóri skal hafa lokið háskólaprófi.

Breyting á lögum nr. 76/1970, um lax- og silungsveiði, með síðari breytingu.

81. gr.

1. málsl. 1. mgr. 86. gr. laganna, eins og henni var breytt með 6. gr. laga nr. 63/1994, orðast svo: Ráðherra skipar veiðimálastjóra til fimm ára í senn.

Breyting á lögum nr. 55/1978, um búnaðarfræðslu.

82. gr.

7. gr. laganna orðast svo:

Ráðherra skipar skólastjóra til fimm ára í senn og hafa þeir á hendi stjórn skóla, skólabús, rannsókna og annarrar starfsemi skólans.

83. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 9. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:

Skólastjóri ræður fasta kennara og stundakennara.

b. 3. mgr. orðast svo:

Ráða má bústjóra við skólabúin með sömu kjörum og kennara, enda hafi þeir sambærilega menntun.

84. gr.

1. og 2. mgr. 21. gr. laganna orðast svo:

Skólastjóri ræður fasta kennara sem fullnægja skulu sömu kröfum og gerðar eru til háskólakennara og njóta sömu kjara.

Skólastjóri ræður kennara og annað starfslið.

Breyting á lögum nr. 77/1981, um dýralækna, með síðari breytingu.

85. gr.

1. mgr. 5. gr. laganna, eins og henni var breytt með 3. gr. laga nr. 54/1989, orðast svo:

Ráðherra skipar yfirdýralækni, héraðsdýralækna og dýralækni fisksjúkdóma til fimm ára í senn.

86. gr.

Í stað orðsins „launalögum“ í 3. málsl. 16. gr. laganna, eins og henni var breytt með 41. gr. laga nr. 108/1988, kemur: ákvörðun kjaranefndar.

Breyting á lögum nr. 63/1989, um Hagþjónustu landbúnaðarins.

87. gr.

Við 3. gr. laganna bætist ný málsgrein, 3. mgr., er orðast svo:
Ráðherra skipar forstöðumann til fimm ára í senn.

88. gr.

1. tölul. 4. gr. laganna fellur brott og breytist röð annarra töluliða í samræmi við það.

Breyting á lögum nr. 22/1994, um eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru.

89. gr.

Í stað 2. málsl. 1. mgr. 3. gr. laganna koma tveir málsliðir sem orðast svo: Skal það nefnast aðfangaeftirlit og skipar ráðherra forstöðumann þess til fimm ára í senn. Forstöðumaður hefur á hendi umsjón með framkvæmd laga þessara og reglugerða sem settar verða samkvæmt þeim.

IX. KAFLI
MENNTAMÁLARÁÐUNEYTI

Breyting á íþróttalögum, nr. 49/1956.

90. gr.

3. málsl. 1. mgr. 3. gr. laganna fellur brott.

Breyting á lögum nr. 38/1965, um Myndlista- og handíðaskóla Íslands.

91. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 9. gr. laganna:

a. 3. mgr. orðast svo:
Skólastjóri skal skipaður af ráðherra til fimm ára í senn að fengnum tillögum skólastjórnar. Skólastjóri ræður kennara og annað starfslið skólans.

b. 4. mgr. fellur brott.

92. gr.

1. mgr. 10. gr. laganna fellur brott.

93. gr.

11. gr. laganna fellur brott.

Breyting á lögum nr. 24/1970, um æskulýðsmál.

94. gr.

4. gr. laganna fellur brott.

Breyting á lögum nr. 65/1972, um Íþróttakennaraskóla Íslands.

95. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 9. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:
Skólastjóri skal skipaður af ráðherra til fimm ára í senn. Kennarar og aðrir starfsmenn skólans skulu ráðnir af skólastjóra.

b. Í stað orðsins „skipaður“ í 2. mgr. kemur: ráðinn.

96. gr.

2. mgr. 10. gr. laganna fellur brott.

97. gr.

1. mgr. 11. gr. laganna orðast svo:

Launakjör skjólastjóra skulu ákveðin samkvæmt lögum um kjaranefnd. Launakjör kennara og annarra fastra starfsmanna skulu ákveðin samkvæmt lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Breyting á lögum nr. 66/1972, um Tækniskóla Íslands.

98. gr.

2. gr. laganna orðast svo:

Ráðherra fer með yfirstjórn skólans og skipar skólanefnd. Ráðherra skipar rektor til fimm ára í senn.

99. gr.

3. málsl. 1. mgr. 3. gr. laganna orðast svo:

Enn fremur ræður hann kennara og annað starfsfólk skólans.

100. gr.

Í stað orðsins „skipa“ í 2. mgr. 6. gr. laganna kemur: ráða.

Breyting á lögum nr. 70/1972, um Stofnun Árna Magnússonar.

101. gr.

2. málsl. 5. gr. laganna orðast svo: Þeir skulu ráðnir af forstöðumanni.

Breyting á lögum nr. 10/1973, um Fósturskóla Íslands.

102. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 17. gr. laganna:

a. 2. mgr. orðast svo:

Ráðherra skipar skólastjóra til fimm ára í senn. Skólastjóri ræður kennara og aðra starfsmenn.

b. 3. mgr. fellur brott.

Breyting á lögum nr. 37/1975, um Leiklistarskóla Íslands.

103. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 3. gr. laganna:

a. 1. málsl. orðast svo: Við skólann starfar skólastjóri sem skipaður skal af ráðherra til fimm ára í senn.

b. 4. málsl. orðast svo: Skólastjóri ræður kennara og annað starfslið skólans.

Breyting á lögum um almenningsbókasöfn, nr. 50/1976.

104. gr.

2. og 3. málsl. 10. gr. laganna falla brott.

Breyting á lögum nr. 58/1978, um Þjóðleikhús.

105. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 6. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „ræður þjóðleikhússtjóra til fjögurra ára í senn“ í 1. mgr. kemur: skipar þjóðleikhússtjóra til fimm ára í senn.

b. 2. mgr. orðast svo:

Skipaður skal maður með staðgóða þekkingu á starfi leikhúsa. Starfið skal auglýsa samkvæmt lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Endurnýja má skipun þjóðleikhússtjóra einu sinni til næstu fimm ára, ef meiri hluti þjóðleikhúsráðs mælir með því. Ella skal skipa annan þjóðleikhússtjóra, eftir að starfið hefur verið auglýst að nýju og að fenginni umsögn þjóðleikhúsráðs.

106. gr.

Í stað orðanna „menntamálaráðuneytið skipar“ í 1. mgr. 7. gr. laganna kemur: þjóðleikhússtjóri ræður.

107. gr.

Í stað orðsins „ráðinn“ í 2. málsl. 10. gr. laganna kemur: skipaður.

108. gr.

Í stað orðsins „ráðinn“ í 1. málsl. 2. mgr. 13. gr. laganna kemur: skipaður.

Breyting á lögum nr. 35/1982, um Blindrabókasafn Íslands.

109 gr.

3. málsl. 4. gr. laganna orðast svo: Forstöðumaður Blindrabókasafns ræður starfslið stofnunarinnar.

110. gr.

Í stað orðsins „þriggja“ í 3. málsl. 6. gr. laganna kemur: fimm.

Breyting á lögum nr. 94/1984, um kvikmyndamál.

111. gr.

4. gr. laganna orðast svo:

Ráðherra skipar framkvæmdastjóra sjóðsins til fimm ára í senn, að fengnum tillögum sjóðstjórnar. Framkvæmdastjóri ræður annað starfsfólk.

Breyting á lögum nr. 40/1985, um Þroskaþjálfaskóla Íslands.

112. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 4. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „fastráðna kennara“ í 1. málsl. 1. mgr. kemur: til fimm ára í senn að fenginni umsögn skólastjórnar.

b. 3. mgr. orðast svo:

Skólastjóri ræður kennara og annað starfslið skólans.

Breyting á lögum nr. 66/1985, um Þjóðskjalasafn Íslands.

113. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 1. gr. laganna:

a. 4. mgr. orðast svo:

Ráðherra skipar þjóðskjalavörð til fimm ára í senn að fenginni umsögn stjórnarnefndar safnsins. Þjóðskjalavörður annast daglegan rekstur og stjórn safnsins og kemur fram fyrir hönd þess út á við.

b. 5. mgr. orðast svo:

Þjóðskjalavörður ræður skjalaverði og aðra fasta starfsmenn. Við safnið starfi skjalfræðingur eða sagnfræðingur með skjalfræðimenntun.

Breyting á útvarpslögum, nr. 68/1985.

114. gr.

1. mgr. 18. gr. laganna orðast svo:

Ráðherra skipar útvarpsstjóra til fimm ára í senn. Útvarpsstjóri annast rekstur Ríkisútvarpsins, sér um fjárreiður þess og semur ár hvert fjárhagsáætlun þess.

115. gr.

Í stað orðsins „skipaðir" í 2. málsl. 6. mgr. 21. gr. laganna kemur: ráðnir.

Breyting á lögum nr. 75/1985, um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla, með síðari breytingu.

116. gr.

2. málsl. 1. mgr. 12. gr. laganna, eins og henni var breytt með 71. gr. laga nr. 87/1989, fellur brott.

117. gr.

Í stað orðanna „námsstjóri tónmennta í grunnskólum, skipaður án tilnefningar, námsstjóri tónlistarfræðslunnar, skipaður án tilnefningar, og er hann jafnframt formaður nefndarinnar" í 2. mgr. 13. gr. laganna kemur: tveir fulltrúar án tilnefningar og er annar þeirra formaður nefndarinnar.

Breyting á lögum nr. 50/1986, um Rannsóknadeild fisksjúkdóma.

118. gr.

1. mgr. 3. gr. laganna orðast svo:

Forstöðumaður Tilraunastöðvar Háskóla Íslands í meinafræði ræður deildarstjóra Rannsóknadeildar fisksjúkdóma, sbr. lög nr. 67/1990.

Breyting á lögum nr. 58/1988, um Listasafn Íslands.

119. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 4. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „ræður" í 1. málsl. 1. mgr. kemur: skipar.
b. Í stað orðsins „Ráðinn" í 2. málsl. 1. mgr. kemur: Skipaður.
c. Í stað orðsins „ráðningu" í 4. málsl. 1. mgr. kemur: skipun.
d. Í stað orðsins „ráðningar" í 3. málsl. 3. mgr. kemur: skipunar.

120. gr.

5. gr. laganna orðast svo:

Forstöðumaður ræður nauðsynlegt starfslið.

Breyting á lögum nr. 2/1990, um Íslenska málnefnd.

121. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 4. gr. laganna:

a. 2. mgr. orðast svo:

Forstöðumaður ræður annað starfsfólk. Hann stjórnar daglegum rekstri málstöðvarinnar, gefur árlega skýrslu um starfsemi stöðvarinnar og leysir af hendi önnur þau verkefni sem málnefndin felur honum.

b. 3. mgr. fellur brott.

Breyting á lögum nr. 58/1990, um launasjóð stórmeistara í skák.

122. gr.

Orðin „nr. 38/1954“ í 5. gr. laganna falla brott.

Breyting á lögum nr. 67/1990, um Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum.

123. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 1. mgr. 5. gr. laganna:

a. 3. málsl. fellur brott.

b. 4. málsl. orðast svo: Um ráðningu hans fer eins og segir í háskólalögum um prófessora.

124. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 6. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „Menntamálaráðherra skipar“ í 1. málsl. 1. mgr. kemur: Forstöðumaður ræður.

b. Orðin „forstöðumanns og“ í 1. málsl. 1. mgr. falla brott.

c. Í stað orðsins „þriggja“ í 2. málsl. 2. mgr. kemur: tveggja.

Breyting á lögum nr. 129/1990, um Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra.

125. gr.

5. gr. laganna orðast svo:

Forstöðumaður ræður annað starfsfólk.

Breyting á lögum nr. 131/1990, um Háskóla Íslands.

126. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „skipaðir prófessorar í starfi“ í 1. málsl. 1. mgr. kemur: prófessorar sem ráðnir eru ótímabundið í fullt starf.

b. Í stað orðanna „fastráðnir eru eða settir til fulls starfs“ í 2. málsl. 1. mgr. kemur: ráðnir eru í fullt starf.

c. 3. málsl. 1. mgr. orðast svo: Nú er háskólakennari í orlofi og annar maður er ráðinn til að gegna starfi hans tímabundið og fer hann þá með atkvæðisrétt þess sem í orlofi er.

d. Í stað orðsins „kennaraembætti“ í 3. málsl. 6. mgr. kemur: kennarastarf.

127. gr.

Í stað orðsins „kennaraembætti“ í 2. málsl. 2. mgr. 4. gr. laganna kemur: kennarastarfi.

128. gr.

1. mgr. 12. gr. laganna orðast svo:

Ríkisaðilum í A- og B-hluta er heimilt að eiga viðskipti án staðgreiðslu, enda séu þau innan marka fjárheimilda, og skal jafnan um það samið hvenær greiða skuli fyrir þau viðskipti. Fjármálaráðherra setur reglur um láns- og reikningsviðskipti.

Ófyrirséð greiðsluskylda A-hluta.

33. gr.

Valdi ófyrirséð atvik því að greiða þarf úr ríkissjóði án heimildar í fjárlögum er fjármálaráðherra að höfðu samráði við hlutaðeigandi ráðherra heimilt að inna greiðsluna af hendi enda þoli hún ekki bið. Fjármálaráðherra er skylt að gera fjárlaganefnd Alþingis grein fyrir slíkum ófyrirséðum greiðslum strax og ákvörðun hefur verið tekin um þær og leita heimilda til þeirra með frumvarpi til fjáraukalaga.

34. gr.

Séu gerðir kjarasamningar sem kveða á um frekari launaútgjöld ríkisins en fjárlög gerðu ráð fyrir skal svo fljótt sem kostur er leita heimilda Alþingis til slíkra útgjalda með frumvarpi til fjáraukalaga. Launagreiðslum skal þó haga í samræmi við hina nýju kjarasamninga.

Ráðstöfun lausafjár A-hluta.

35. gr.

Ríkisaðilum í A-hluta er heimilt án sérstakrar lagaheimildar að selja lausafé sem þeir hafa notað við starfsemi sína, svo sem ökutæki, vélar, áhöld og annan búnað. Söluandvirði skal skilað í ríkissjóð nema fjármálaráðherra heimili ríkisstofnun að ráðstafa því til endurnýjunar á búnaði.

Gjafir til A-hluta.

36. gr.

Ákveði ríkisaðili í A-hluta að þiggja gjöf sem gefin er með kvöðum eða skilyrðum sem óhjákvæmilega hafa í för með sér útgjöld fyrir ríkissjóð ber að taka við gjöfinni með fyrirvara um samþykki Alþingis, enda hafi ekki verið gert ráð fyrir útgjöldum þessum í fjárlögum. Á sama hátt er ríkisaðila í A-hluta óheimilt að gefa eða afhenda án endurgjalds eignir nema fyrir fram sé aflað heimilda í fjárlögum.

Yfirfærsla umframgjalda og ónýttra fjárveitinga A-hluta.

37. gr.

Heimilt er að flytja fjárheimildir milli einstakra rekstrarverkefna hvers ríkisaðila í A-hluta, enda séu verkefnin tilgreind í fjárlögum.

Að fengnu samþykki hlutaðeigandi ráðherra og fjármálaráðherra er heimilt að geyma ónýttar fjárveitingar í lok reikningsárs. Með sama hætti er heimilt að draga skuldir frá fyrra ári frá fjárveitingum ársins.

Yfirfærsla lántökuheimilda.

38. gr.

Heimilt er að geyma ónýttar lántökuheimildir yfir áramót. Lántökuheimildir skulu þó falla niður ef þær hafa eigi verið nýttar fyrir 1. apríl á næsta ári á eftir fjárlagaári því þegar þær voru veittar.

Fjárvarsla A-hluta.

39. gr.

Ríkisaðilum í A-hluta er heimilt að fengnu samþykki fjármálaráðherra og með þeim skilyrðum sem hann setur að halda eigin bankareikninga.

Mánaðar- og árshlutauppgjör A-hluta.

40. gr.

Gera skal mánaðarlega greiðsluuppgjör fyrir ríkissjóð. Jafnframt skal fjármálaráðuneytið einu sinni innan reikningsársins gera grein fyrir sérstökum fjárskuldbindingum og kröfum ríkissjóðs sem áfallnar eru á árinu og ekki hafa komið til greiðslu. Að minnsta kosti einu sinni innan reikningsársins skal fjármálaráðherra gera grein fyrir horfum í ríkisfjármálum og lánsfjármálum á árinu og helstu frávik frá fjárlögum í afkomu aðila í A-hluta.

Fjárskuldbindingar B- og C-hluta.

41. gr.

Ríkisaðilum í B- og C-hluta er heimilt að fengnu samþykki fjármálaráðherra ásamt samþykki hlutaðeigandi ráðherra að stofna til frekari fjárskuldbindinga en fjárlög gera ráð fyrir, enda sé það nauðsynlegt til að tryggja eðlilegan rekstur fyrirtækisins.

Ráðstöfun rekstrarhagnaðar B-, C- og D-hluta.

42. gr.

Ríkisaðilar í B-, C- og D-hluta skulu skila eðlilegum hluta af rekstrarhagnaði sínum sem arði í ríkissjóð eftir nánari reglum er fjármálaráðherra setur með reglugerð að höfðu samráði við hlutaðeigandi ráðherra, enda mæli lög ekki fyrir um annað.

V. KAFLI
Frumvarp til fjáraukalaga.

Almennt um frumvarp til fjáraukalaga.

43. gr.

Ef þörf krefur skal í frumvarpi til fjáraukalaga leitað eftir heimildum til frekari fjárráðstafana en fjárlög ársins gera ráð fyrir.

Frumvarp til fjáraukalaga innan fjárhagsárs.

44. gr.

Valdi ófyrirséð atvik, kjarasamningar eða ný löggjöf því að grípa þarf til sérstakra fjárráðstafana sem ekki var gert ráð fyrir í fjárlögum ársins skal leitað heimilda fyrir þeim í frumvarpi til fjáraukalaga. Heimilda fyrir fjárráðstöfunum af þessu tagi, sem grípa þarf til eftir samþykkt fjáraukalaga, skal leitað í lokafjárlögum, sbr. 45. gr.

Öðrum óskum um breyttar heimildir til fjárráðstafana en getur í 1. mgr. skal jafnan vísað til ákvörðunar Alþingis í tengslum við afgreiðslu fjárlaga fyrir næsta ár.

Frumvarp til lokafjárlaga til staðfestingar á ríkisreikningi.

45. gr.

Með ríkisreikningi sem lagður er fram á Alþingi, sbr. 7. gr., skal fylgja frumvarp til lokafjárlaga honum til staðfestingar. Þar skal leitað heimilda til uppgjörs á skuldum eða ónotuðum fjárveitingum sem ekki eru fluttar milli ára. Jafnframt skal leggja fram sérstaka skrá ásamt skýringum yfir geymdar fjárheimildir og um þá aðila sem hafa farið fram úr fjárheimildum ársins. Heimilt er að greiða slíka umframgreiðslu af fjárveitingu næsta árs. Einnig skal gerð grein fyrir ónýttum lántökuheimildum liðins árs.

VI. KAFLI
Ýmis ákvæði.

Ríkisreikningsnefnd.

46. gr.

Fjármálaráðherra skipar ríkisreikningsnefnd er skal vera honum til ráðuneytis um framsetningu fjárlaga og ríkisreiknings og annars er þýðingu hefur fyrir það reikningslega kerfi er lögum þessum er ætlað að tryggja.

Ef vafi leikur á um túlkun laga þessara eða framkvæmd þeirra að öðru leyti skal leitað álits ríkisreikningsnefndar áður en ákvörðun er tekin eða reglur settar.

Skipun ríkisreikningsnefndar.

47. gr.

Ríkisreikningsnefnd skal skipuð sex mönnum. Í henni skulu sitja ráðuneytisstjóri fjármálaráðuneytis, ríkisbókari, ríkisendurskoðandi og hagstofustjóri, auk tveggja fulltrúa sem fjármálaráðherra skipar eftir tilnefningu Seðlabanka Íslands og Þjóðhagsstofnunar. Ráðherra skipar formann nefndarinnar úr hópi nefndarmanna.

Ríkisbókhald.

48. gr.

Ríkisbókhald er sérstök stofnun sem heyrir undir fjármálaráðherra. Ríkisbókari veitir ríkisbókhaldi forstöðu og er skipaður af fjármálaráðherra til fimm ára í senn.

Ríkisbókhald hefur yfirumsjón með bókhaldi og ársreikningum ríkisaðila í A-, B- og C-hluta ríkisreiknings. Það skal gæta þess að samræmi sé við færslu bókhalds og gerð reikningsskila hjá þeim.

Ríkisbókhald skal veita ríkisaðilum aðstoð og ráðgjöf um bókhald og reikningsskil og setja ríkisaðilum í A-, B- og C-hluta ríkisreiknings framkvæmdar- og verklagsreglur ásamt leiðbeiningum sem þýðingu geta haft við færslu bókhalds og gerð ársreikninga.

Ríkisbókhald skal annast gerð ríkisreiknings.

Ábyrgð á fjárreiðum.

49. gr.

Forstöðumenn og stjórnir ríkisaðila bera ábyrgð á því að fjárhagsráðstafanir þeirra séu í samræmi við heimildir. Þessir aðilar bera jafnframt ábyrgð á því að ársreikningar séu gerðir í samræmi við lög þessi og staðið sé við skilaskyldu á þeim til ríkisbókhalds.

Brot á ákvæðum laga þessara varða skyldur opinberra starfsmanna samkvæmt lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

50. gr.

Að öðru leyti en mælt er fyrir um í lögum þessum gilda þau um fjárreiður Alþingis eftir því sem við á. Forsætisnefnd skal, að höfðu samráði við fjármálaráðherra, taka ákvarðanir skv. 2. mgr. 29. gr., 32. gr., 2. mgr. 37. gr. og 39. gr.

VII. KAFLI

Reglugerðir og gildistaka.

Reglugerðarheimildir.

51. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt með reglugerð að kveða nánar á um framkvæmd laga þessara.

Gildistaka.

52. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við gerð frumvarps til fjárlaga fyrir árið 1998 og uppgjör ríkisreiknings fyrir það ár. Við gildistöku laga þessara falla úr gildi lög nr. 52/1966, um ríkisbókhald, gerð ríkisreiknings og fjárlaga, með síðari breytingum, og lög nr. 103/1974, um lántökur ríkissjóðs og ríkisfyrirtækja. Uppgjör ríkisreiknings fyrir árið 1997 skal þó fara eftir lögum nr. 52/1966.

Ákvæði til bráðabirgða.

Fyrir 1. september 1997 skal endurskoða samninga um rekstrarverkefni til lengri tíma en eins árs sem ríkissjóður greiðir og ekki fullnægja skilyrðum 30. gr. laga þessara.

Gjört á Bessastöðum, 27. maí 1997.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Björn Bjarnason.

26. maí 1997 Nr. 89

LÖG

um breytingu á lögum nr. 93 20. nóvember 1992, um meðferð sjávarafurða og eftirlit með framleiðslu þeirra.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 6. gr. laganna:

a. Í stað 1. og 2. málsl. 1. mgr. kemur nýr málsliður er orðast svo: Við útflutning sjávarafurða sem fluttar hafa verið inn til landsins til vinnslu eða umpökkunar skal upprunalands hráefnis getið í fylgiskjölum.
b. 2. mgr. fellur brott.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 10. gr. laganna:

a. 2. málsl. orðast svo: Á umbúðum skal koma fram leyfisnúmer vinnslustöðva þannig að unnt sé að rekja uppruna afurðanna til framleiðandans.

b. Á eftir 2. málsl. kemur nýr málsliður er orðast svo: Sé afurðin send ópökkuð skulu sömu upplýsingar koma fram í fylgiskjölum.

3. gr.

Á eftir III. kafla laganna koma tveir nýir kaflar, IV. kafli, **Innflutningur sjávarafurða**, með fjórum nýjum greinum, 19.–22. gr., og V. kafli, **Landamærastöðvar**, með fimm nýjum greinum, 23.–27. gr., og breytist töluröð annarra kafla og greina samkvæmt því. Þessar nýju greinar orðast svo:

A. (IV. kafli.)

a. (19. gr.)

Innflutningur frá ríkjum innan Evrópska efnahagssvæðisins.

Innflytjandi sjávarafurða, sem fluttar eru til Íslands frá ríkjum innan Evrópska efnahagssvæðisins, skal tilkynna Fiskistofu um komu sendinga með hæfilegum fyrirvara.

Vinnsluleyfishafi, sbr. 12. gr., eða annar viðtakandi þessara sjávarafurða skal halda dagbók yfir mótteknar sendingar og ganga úr skugga um að samræmi sé milli þeirra og meðfylgjandi skjala. Varðveita skal vottorð og önnur skilríki þeim viðkomandi í eitt ár svo að unnt sé að framvísa þeim að kröfu eftirlitsaðila.

Fiskistofu er heimil skyndiskoðun á þessum sjávarafurðum og sýnataka til rannsókna.

Fiskistofa skal tilkynna viðkomandi ef hún óskar eftir að skoða vöruna eða taka sýni af henni til rannsókna. Berist viðtakanda ekki slík tilkynning áður en losun hefst er honum heimilt að ráðstafa sendingunni til vinnslu eða umpökkunar hjá viðurkenndum vinnsluleyfishafa. Afla fiskiskipa frá ríkjum innan Evrópska efnahagssvæðisins, sem landað er hér á landi, skal skoða á sama hátt og afla íslenskra skipa.

Fiskistofa skal leggja áætlun um fjölda skyndiskoðana og nánari tilhögun þeirra fyrir Eftirlitsstofnun EFTA.

b. (20. gr.)

Innflutningur frá ríkjum utan Evrópska efnahagssvæðisins.

Allur innflutningur lifandi fisks og fiskafurða, að meðtöldu fiskmjöli frá ríkjum utan Evrópska efnahagssvæðisins, skal fara um landamærastöðvar eða hafnir sem heimild hafa fyrir innflutningi, sbr. V. kafla þessara laga. Heimilt er að landa afla fiskiskipa utan landamærastöðva og skal skoða hann á sama hátt og afla íslenskra skipa.

Sjávarútvegsráðuneytið getur veitt undanþágu frá 1. mgr. ef sérstakar ástæður réttlæta slíkt eða ef fram kemur rökstudd beiðni þar að lútandi frá yfirvöldum í ríkjum innan EES.

Innflutningur á sjávarafurðum frá ríkjum utan Evrópska efnahagssvæðisins er aðeins heimill frá þeim framleiðendum, verksmiðjuskipum og frystiskipum sem hlotið hafa viðurkenningu þess efnis að framleiðsla og eftirlit með sjávarafurðum uppfylli kröfur Evrópska efnahagssvæðisins.

c. (21. gr.)

Sjávarútvegsráðuneytið heldur skrá yfir þá aðila sem hlotið hafa viðurkenningu, sbr. 3. mgr. 20. gr. Birta skal þessa skrá í Stjórnartíðindum. Einnig skal birta mánaðarlega þær breytingar sem verða á henni.

d. (22. gr.)

Öryggisákvæði.

Í þeim tilfellum þegar sjúkdómur eða annað, sem kann að stofna heilbrigði almennings eða heilbrigði dýra í alvarlega hættu, kemur upp eða breiðist út á yfirráðasvæði annars ríkis eða ef einhver önnur alvarleg ástæða er varðar heilbrigði manna og dýra réttlætir slíkt getur ráðuneytið án fyrirvara stöðvað innflutning frá viðkomandi ríki eða sett sérstök skilyrði fyrir innflutningi.

B. (V. kafli.)

a. (23. gr.)

Eftirlitsmenn Fiskistofu eða aðrir þar til bærir eftirlitsaðilar annast eftirlit með innflutningi sjávarafurða frá ríkjum utan Evrópska efnahagssvæðisins. Í því skyni skal setja á fót landamærastöðvar þar sem starfi eftirlitsmenn sem eru sérþjálfaðir til þessara starfa og séu ábyrgir fyrir nauðsynlegum skoðunum á sjávarafurðum sem um stöðvarnar fara. Tilkynna skal Fiskistofu fyrir fram um slíkan innflutning þar sem getið er um magn, tegund, áfangastað og hvenær áætlað er að sending berist.

b. (24. gr.)

Á landamærastöðvum eða í þeim höfnum sem heimild hafa fengið fyrir innflutningi skal fara fram athugun á skjölum og samanburður á þeim og sendingu til að sannreyna uppruna hennar og ákvörðunarstað og að sendingin sé frá vinnslustöð, vinnsluskipi eða frystiskipi sem er á skrá ráðuneytisins yfir viðurkennda aðila, sbr. 21. gr. þessara laga.

Eftirlitsmaður skal kanna ástand afurðanna og taka sýni til rannsókna á rannsóknastofu. Skal hann í þeim efnum fylgja gildandi reglum um tíðni skoðana og um sýnatökur. Komi í ljós við skynmat eða rannsókn að þær séu óhæfar til manneldis skal eyða þeim. Heimilt er þó að endursenda afurðina að fengnu leyfi yfirvalda í framleiðslulandi eða að nýta hana í fiskmjöl enda sé hún laus við eiturefni. Innflytjandi er ábyrgur fyrir þeim kostnaði sem getur fallið til við að endursenda vöru, geyma hana, taka til annarra nota eða eyða henni.

Í tollvörugeymslu skal aðeins fara fram athugun á skjölum og samanburður á þeim og sendingu.

c. (25. gr.)

Innflytjandi eða annar viðtakandi sjávarafurða sem koma frá ríkjum utan Evrópska efnahagssvæðisins skal tilkynna Fiskistofu með hæfilegum fyrirvara hvert afurðirnar verða sendar og tilgreina magn, tegund og hvenær áætlað er að þær berist.

d. (26. gr.)

Um gjaldtöku fyrir landamæraeftirlit.

Fiskistofa skal innheimta gjald til að bera uppi kostnað af eftirliti með sjávarafurðum frá viðurkenndum framleiðendum, verksmiðjuskipum og frystiskipum utan Evrópska efnahagssvæðisins.

Fyrir hvert tonn af fyrstu 100 tonnum af innfluttum sjávarafurðum úr sömu sendingu skal greiða 405 kr. Fyrir hvert tonn þar umfram skal lækka gjaldið í 202 kr. Þó skal gjald af heilfrystum fiski sem aðeins hefur verið slægður lækka í 121 kr. fyrir hvert tonn. Fyrir hverja sendingu skal þó aldrei greiða minna en 2.460 kr.

Heimilt er að breyta framangreindum gjöldum með tilliti til breytinga á meðalgengi Evrópumyntar (ECU). Grunngjaldið er miðað við gengi Evrópumyntar í mars 1997 eða 81 kr.

Gjaldið greiðist af innflytjanda afurðanna og greiðist þar sem eftirlitið fer fram eða á landamærastöð.

Sjávarútvegsráðherra er heimilt að hækka gjöld skv. 2. mgr. ef í ljós kemur að kostnaður Fiskistofu af eftirliti með innfluttum sjávarafurðum er meiri en sem nemur þessum gjöldum. Gjaldið skal þó aldrei vera hærra en sem nemur raunverulegum kostnaði við eftirlitið.

Innflytjanda sjávarafurða eða öðrum aðila sem óskar eftir aðgangi að tollvörugeymslu ber að greiða fyrir eftirlit þar. Heimilt er að innheimta gjaldið áður en afurðir eru fluttar í tollvörugeymslu.

e. (27. gr.)

Sjávarútvegsráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um fjölda landamærastöðva, staðsetningu þeirra, rekstur, búnað, útgáfu vottorða, tíðni skoðana, sýnatökur og rannsóknir. Með reglugerð skal einnig kveðið á um hvaða sendingar séu undanþegnar skoðunum og um nánara fyrirkomulag við gjaldtöku, þar á meðal um lækkunarheimildir og innheimtu.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. nóvember 1997.

Gjört á Bessastöðum, 26. maí 1997.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Þorsteinn Pálsson.

Nr. 90 26. maí 1997

LÖG

um breyting á lögum nr. 34/1995, um vörugjald af olíu, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í stað ártalsins „1998“ í 21. gr. laganna kemur: 1999.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 26. maí 1997.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Friðrik Sophusson.

LÖG

um breyting á lögum um biskupskosningu, nr. 96 31. desember 1980 (kosningarréttur við biskupskjör).

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr. laganna:

a. 1. tölul. orðast svo:
   1. Biskup Íslands, þjónandi vígslubiskupar, sóknarprestar og prófastar, svo og aðstoðarprestar og sérþjónustuprestar ráðnir af ráðherra, kennarar guðfræðideildar Háskóla Íslands sem eru í föstum embættum eða störfum (prófessorar, dósentar, lektorar) og rektor Skálholtsskóla, enda séu þeir guðfræðikandídatar, svo og biskupsritari og aðrir starfsmenn biskupsstofu í föstu starfi með sama skilorði, aðstoðarprestar ráðnir af sóknarnefndum og prestar sem ráðnir eru af stjórn sjúkrastofnana eða sveitarfélögum til prestþjónustu þar og lúta yfirstjórn kirkjulegra stjórnvalda í kirkjulegum efnum, enda gegni þeir því starfi sem aðalstarfi, og prestvígðir menn sem ráðnir eru til sérstakra starfa innan þjóðkirkjunnar á vegum biskups og kirkjuráðs, eftir því sem nánar segir í reglugerð, sbr. 7. gr.

b. 3. tölul. orðast svo:
   3. Enn fremur einn leikmaður fyrir hvert prófastsdæmi, kjörinn af leikmönnum, sem sæti eiga á héraðsfundi, til fjögurra ára í senn, og skulu varamenn einnig kjörnir á sama hátt.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 22. maí 1997.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Þorsteinn Pálsson.

28. maí 1997 Nr. 92

LÖG

um breytingu á lögum nr. 118/1993, um félagslega aðstoð, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

4. gr. laganna verður svohljóðandi:

Tryggingastofnun er heimilt að inna af hendi umönnunargreiðslur til framfærenda fatlaðra og langveikra barna, sem dveljast í heimahúsi eða á sjúkrahúsi, allt að 53.840 kr. á mánuði og/eða taka aukinn þátt í greiðslu sjúkrakostnaðar ef andleg eða líkamleg hömlun barns hefur í för með sér tilfinnanleg útgjöld og sérstaka umönnun eða gæslu. Heimilt er

að inna af hendi umönnunargreiðslur til framfærenda barna með alvarleg þroskafrávik, sem jafna má við fötlun, og barna með alvarleg hegðunarvandamál sem jafna má við geðræna sjúkdóma. Tryggingaráði er heimilt að hækka umönnunargreiðslur um allt að 25% mæli sérstakar ástæður með því.

Almenn leikskóla- og skólaþjónusta skerðir ekki umönnunargreiðslur. Önnur dagleg, sértæk þjónusta og vistun utan heimilis, þar með talin umtalsverð skammtímavistun, skerðir umönnunargreiðslur. Tryggingalæknar meta þörf samkvæmt ákvæði þessu.

Um framkvæmd ákvæðis þessa fer eftir reglugerð sem heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra setur að fengnum tillögum tryggingaráðs.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. september 1997.

Gjört á Bessastöðum, 28. maí 1997.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Ingibjörg Pálmadóttir.

Nr. 93 26. maí 1997

LÖG

um Suðurlandsskóga.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.
Tilgangur.

Tilgangur laga þessara er að stuðla að ræktun fjölnytjaskóga og skjólbelta á Suðurlandi, þ.e. Árnessýslu, Rangárvallasýslu og Vestur-Skaftafellssýslu, og umhirðu þess skóglendis sem þar er fyrir og treysta með því byggð og fjárfesta í nýrri auðlind sem efla mun atvinnulíf í framtíðinni.

Suðurlandsskógar eru samkvæmt lögum þessum sjálfstæður aðili sem sinnir verkefnum skv. 1. mgr., þ.e. ræktun og umhirðu skóga og skjólbelta á jörðum á Suðurlandi samkvæmt sérstakri áætlun.

2. gr.
Skilgreiningar.

Í lögum þessum er greint milli tveggja greina fjölnytjaskógræktar, annars vegar ræktunar timburskóga, sem hefur að markmiði að framleiða viðarafurðir til iðnaðarnota, og hins vegar ræktunar landbótaskóga, en þá er fyrst og fremst lögð áhersla á verndar- og landbótamátt skógarins, fegurð hans og útivistargildi.

Skjólbelti eru í lögum þessum greind í tvo flokka, annars vegar belti sem ræktuð eru í því skyni að auka hvers kyns uppskeru og skýla búfénaði og mannvirkjum tengdum landbúnaði, hins vegar belti sem hugsuð eru sem undanfari skógræktar á bersvæði.

3. gr.
Áætlun, tímabil og umfang.

Gera skal sérstaka áætlun, Suðurlandsskógaáætlun, um nýtingu þess lands sem er fallið til skógræktar. Áætlunin skal vera til 40 ára og skiptast í fjögur tíu ára tímabil og taka til

a.m.k. 15.000 ha lands til timburskógræktar, 10.000 km af skjólbeltum, miðað við einfalda plönturöð, og 20.000 ha lands til landbótaskógræktar.

Gera skal samninga sem landbúnaðarráðherra staðfestir við hvern og einn þátttakanda í Suðurlandsskógum og þinglýsa þeim sem kvöð á viðkomandi jörðum. Samningar skulu taka til afmarkaðs lands sem tekið er til ræktunar í hverju tilviki og kveða á um kostnaðarþátttöku ríkisins, hlutdeild ríkissjóðs í væntanlegum afrakstri skógræktarinnar og annað sem þurfa þykir.

4. gr.

Kostnaður.

Kostnaður við starfsemi Suðurlandsskóga greiðist úr ríkissjóði með sérstakri fjárveitingu sem færð er undir landbúnaðarráðuneytið.

Suðurlandsskógar greiða undirbúnings- og rekstrarkostnað verkefnisins og laun stjórnar og fastra starfsmanna. Enn fremur greiða Suðurlandsskógar ákveðinn hluta af samþykktum kostnaði við skógrækt og skjólbeltarækt á lögbýlum, óháð búsetu, með kvöðum um endurgreiðslu til ríkissjóðs, sbr. 5. gr., samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð er landbúnaðarráðherra setur að fengnum tillögum stjórnar Suðurlandsskóga.

Landbúnaðarráðuneytið samþykkir skógræktar- og skjólbeltakostnað að fengnum tillögum Skógræktar ríkisins og Samtaka skógarbænda.

5. gr.

Skipting og binding tekna af verkefninu.

Af heildarframleiðsluverðmæti trjáviðar úr skógunum skulu 5% lögð á endurnýjunarreikning í vörslu Suðurlandsskóga. Þeim fjármunum skal innan fimm ára frá lokum skógarhöggs varið til endurnýjunar skóglendis á viðkomandi jörð. Sé nýliðun skógar fullnægjandi má nýta fjármuni endurnýjunarreiknings til að hirða um nýliðunina án tímatakmarka. Til ríkissjóðs skal greiða 15% af söluverðmæti hvers rúmmetra timburs á rót og skal því fé varið til ræktunar nýrra skóga.

Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um álagningu og innheimtu gjalda skv. 1. mgr.

Undanþegin ákvæði 1. mgr. er fyrsta grisjun, enda sé hún skóginum nauðsynleg að mati Skógræktar ríkisins, og hagnaður af henni skal renna óskiptur á endurnýjunarreikning jarðarinnar.

6. gr.

Forgangur að vinnu.

Skógarbændur, sem hafa til umráða jarðir sem teknar eru til skógræktar samkvæmt samningi við Suðurlandsskóga, skulu hafa forgang að vinnu á vegum verkefnisins á jörðum þeim sem þeir nýta. Að þeim frágengnum hafa aðrir skógarbændur, sem aðild eiga að Suðurlandsskógum, forgang að vinnu við verkefnið.

7. gr.

Stjórn og rekstur.

Landbúnaðarráðherra skipar þriggja manna stjórn Suðurlandsskóga til tveggja ára í senn. Skal einn stjórnarmanna tilnefndur af Félagi skógarbænda á Suðurlandi, annar af Skógrækt ríkisins og sá þriðji skipaður án tilnefningar. Stjórnin hefur á hendi yfirstjórn Suðurlandsskóga og samþykkir starfs- og fjárhagsáætlanir verkefnisins. Hún ræður framkvæmdastjóra sem annast daglegan rekstur.

Skógrækt ríkisins veitir Suðurlandsskógum aðstoð og faglegar leiðbeiningar samkvæmt samstarfssamningi er viðkomandi aðilar gera þar um.

8. gr.

Ársskýrslur og ársreikningar.

Ársskýrslur og ársreikningar Suðurlandsskóga skulu samþykkt af stjórn og staðfest af landbúnaðarráðherra. Þar komi m.a. fram staða framkvæmda á hverjum tíma og yfirlit yfir ráðstöfun fjármuna.

Reikninga Suðurlandsskóga skal birta í Stjórnartíðindum, endurskoðaða af Ríkisendurskoðun.

9. gr.

Reglugerð og almenn lagaákvæði.

Að öðru leyti en greinir í lögum þessum fer um ræktun og meðferð Suðurlandsskóga eftir því sem við á eftir ákvæðum skógræktarlaga, nr. 3/1955, með síðari breytingum.

Landbúnaðarráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga.

10. gr.

Gildistaka.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 26. maí 1997.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Guðmundur Bjarnason.

Nr. 94 26. maí 1997

LÖG

um breyting á þjóðminjalögum, nr. 88/1989, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. gr. laganna orðast svo:

Tilgangur þessara laga er að tryggja sem best varðveislu menningarsögulegra minja þjóðarinnar. Lögin kveða á um starfsemi Þjóðminjasafns Íslands og byggðasafna, fjalla um fornminjar, kirkjugripi og minningarmörk, auk friðunar húsa og annarra mannvirkja.

2. gr.

Í stað orðanna „safnstjóri Þjóðminjasafns“ í 4. málsl. 2. mgr. 2. gr. laganna kemur: staðgengill hans.

3. gr.

5. gr. laganna orðast svo:

Þjóðminjasafn Íslands er eign íslenska ríkisins. Það er miðstöð þjóðminjavörslu í landinu.

Um skipulag safnsins skal mælt fyrir í reglugerð að fengnum tillögum þjóðminjaráðs. Sérsöfn geta haft stöðu deilda í Þjóðminjasafni.

Þjóðminjavörður ræður starfsmenn Þjóðminjasafns. Skulu yfirmenn stjórnunareininga safnsins og aðrir sérfræðingar hafa sérfræðimenntun á starfssviði sínu.

4. gr.
Síðasti málsliður 22. gr. laganna fellur brott.

5. gr.
Í stað ártalsins „1900“ í 2. mgr. 36. gr. laganna kemur ártalið: 1918.

6. gr.
5. mgr. 46. gr. laganna orðast svo:
Varsla og reikningshald sjóðsins skal falið bankastofnun nema húsafriðunarnefnd ákveði aðra tilhögun að fengnu samþykki menntamálaráðuneytis.

7. gr.
Ákvæði til bráðabirgða í lögunum orðast svo:
Ráðið skal í allar stöður minjavarða, sbr. 4. gr., fyrir árslok 2000.

8. gr.
Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 26. maí 1997.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Björn Bjarnason.

26. maí 1997 Nr. 95

LÖG

um landmælingar og kortagerð.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI
Tilgangur og skipulag.

1. gr.
Lögum þessum er ætlað að tryggja að ávallt séu til nauðsynlegar staðfræðilegar og landfræðilegar upplýsingar um landið og að unnið sé að söfnun og úrvinnslu upplýsinga er hafa gildi fyrir landmælingar og kortagerð á Íslandi.

2. gr.
Landmælingar Íslands eru ríkisstofnun sem heyrir undir umhverfisráðuneytið. Hlutverk stofnunarinnar er að vinna að verkefnum á sviði landmælinga og kortagerðar samkvæmt lögum þessum.

3. gr.
Ráðherra skipar stofnuninni þriggja manna stjórn eftir hverjar alþingiskosningar. Jafnmargir varamenn skulu skipaðir með sama hætti.
Stjórn Landmælinga Íslands mótar stefnu stofnunarinnar og hefur eftirlit með því að hún gegni hlutverki sínu í samræmi við markmið laga þessara.

4. gr.

Ráðherra skipar forstjóra Landmælinga Íslands til fimm ára í senn að fengnum tillögum stjórnar. Hann skal hafa sérmenntun á starfssviði stofnunarinnar og reynslu af stjórnun.

Forstjóri fer með daglega stjórn og rekstur stofnunarinnar og ræður annað starfsfólk. Hann ber ábyrgð gagnvart ráðherra.

II. KAFLI
Verkefni.

5. gr.

Verkefni Landmælinga Íslands samkvæmt lögum þessum eru:

1. Gerð leiðbeininga um landmælingar og kortagerð og notkun staðla á því sviði.
2. Landfræðilegar og staðfræðilegar mælingar. Í því felst m.a. að leggja út hnitakerfi fyrir landið allt og tryggja viðhald og nákvæmni mælipunkta.
3. Viðhald nauðsynlegra grunnupplýsinga um hnitakerfið, svo sem hvaða mælingar séu til, hver hafi framkvæmt þær, áreiðanleiki þeirra og aðgengi.
4. Öflun gagna og úrvinnsla á sviði loft- og gervitunglamynda af landinu.
5. Útgáfa og endurnýjun korta af landinu í prentuðu og stafrænu formi.
6. Kortlagning örnefna.
7. Að gæta hagsmuna stjórnvalda í erlendu samstarfi á sviði landmælinga og kortagerðar að því marki sem umhverfisráðherra ákveður.
8. Annað það er ráðherra kann að ákveða.

6. gr.

Forstjóri getur falið aðilum utan stofnunarinnar að annast framkvæmd ákveðinna verkþátta skv. 5. gr.

7. gr.

Aðilar, sem stunda landmælingar og kortagerð, skulu gæta samræmis í vinnslu og vistun gagna og tilkynna Landmælingum Íslands um fyrirhuguð verkefni við mælingar og grunnkortagerð.

III. KAFLI
Höfunda- og afnotaréttur.

8. gr.

Ríkið er eigandi að öllum réttindum sem Landmælingar Íslands hafa öðlast.

Stofnunin gætir hagsmuna ríkisins á sviði höfunda- og afnotaréttar á öllu því efni sem hún hefur eignast, unnið eða gefið út í sambandi við mælingar, kort eða myndir af Íslandi. Um höfundarétt gilda að öðru leyti höfundalög, nr. 73/1972, með síðari breytingum.

9. gr.

Landmælingar Íslands miðla upplýsingum og veita aðgang að gögnum í vörslu stofnunarinnar. Ef um er að ræða frumgögn sem eiga uppruna utan stofnunar skal samið um frekari dreifingu við upprunaaðila.

Heimilt er að veita afnotarétt af öllum upplýsingum á sviði landmælinga og kortagerðar sem eru í vörslu Landmælinga Íslands að því tilskildu að uppruna sé getið og áreiðanleika upplýsinga sé ekki stefnt í tvísýnu.

IV. KAFLI
Fjármögnun.
10. gr.

Landmælingar Íslands afla sér tekna á eftirfarandi hátt:
1. Með sölu á sérhæfðri þjónustu og upplýsingum.
2. Með þjónustugjöldum vegna afgreiðslu gagna.

Gjaldtaka skal ákvörðuð í gjaldskrá sem ráðherra staðfestir.

Kostnaður við starfrækslu Landmælinga Íslands skal að öðru leyti greiðast af framlögum sem ákvörðuð eru í fjárlögum.

V. KAFLI
Ýmis ákvæði.
11. gr.

Skylt er að heimila þá för um landareign og uppsetningu mælingapunkta sem nauðsynleg getur talist við framkvæmd laga þessara. Ber að sýna landeiganda tillitssemi og valda ekki ónæði að þarflausu.

12. gr.

Ráðherra setur nánari reglur um framkvæmd laga þessara.

13. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1997. Jafnframt falla þá úr gildi lög nr. 31/1985.

Gjört á Bessastöðum, 26. maí 1997.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Guðmundur Bjarnason.

27. maí 1997 Nr. 96

LÖG

um eldi og heilbrigði sláturdýra, slátrun, vinnslu, heilbrigðisskoðun og gæðamat á sláturafurðum.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI
Tilgangur, gildissvið o.fl.
1. gr.

Tilgangur laga þessara er að tryggja svo sem kostur er gæði, heilnæmi og hollustu sláturafurða, að þær séu ómengaðar og framleiddar við fullnægjandi hreinlætisaðstæður, að þær séu metnar og flokkaðar eftir tegundum og gæðum og að merkingar og upplýsingar séu réttar.

2. gr.

Lög þessi ná yfir:
a. eldi og heilbrigði sláturdýra,
b. slátrun, hlutun, úrbeiningu og vinnslu sláturafurða í sláturhúsum,

c. framleiðslu á kjötvörum í sláturhúsum og vinnslustöðvum sem vinna sláturafurðir á erlendan markað,
d. geymslu og flutning sláturafurða og aðstöðu og meðferð þeirra á útflutningsstað,
e. heilbrigðisskoðun og rannsóknir á sláturdýrum og sláturafurðum,
f. gæðamat, flokkun og merkingu á kjöti,
g. heimaslátraðar afurðir,
h. villibráð sem fer til frekari vinnslu í kjötvinnslustöðvum.

3. gr.

Merking orða er í lögum þessum sem hér segir:

Kjötmatsmaður: Hver sá kjötmatsmaður sem hefur fengið viðurkenningu landbúnaðarráðuneytisins.

Kjötskoðunarlæknir: Héraðsdýralæknir, eða annar dýralæknir samkvæmt ákvörðun yfirdýralæknis, sem annast kjötskoðun og heilbrigðiseftirlit í sláturhúsum og kjötvinnslustöðvum.

Kjötvinnslustöð: Hver sú aðstaða, tengd sláturhúsi, sem hefur verið löggilt til vinnslu sláturafurða eða til útflutnings afurða á erlendan markað.

Slátrari: Hver sá aðili sem hefur hlotið viðurkenningu landbúnaðarráðuneytisins til að starfa sem slátrari.

Sláturafurðir: Kjöt og slátur af öllum sláturdýrum.

Sláturdýr: Sauðfé, nautgripir, hross, svín, geitfé, hreindýr, alifuglar og önnur dýr sem slátrað er til manneldis.

Sláturleyfishafi: Hver sá sem fengið hefur löggildingu á sláturhúsi.

Sláturúrgangur: Afurðir sem falla til við slátrun sláturdýra og ekki eru nýttar til manneldis.

Villibráð: Villt dýr sem ætluð eru til manneldis.

4. gr.

Landbúnaðarráðherra hefur yfirstjórn þeirra mála sem lög þessi taka til. Yfirdýralæknir og kjötmatsformaður skulu vera landbúnaðarráðherra til aðstoðar og ráðuneytis, hvor á sínu sviði, um allt er lýtur að framkvæmd laganna.

II. KAFLI
Útbúnaður sláturhúsa og kjötvinnslustöðva.

5. gr.

Sláturdýrum, sem slátra á til að flytja afurðirnar á erlendan markað eða til dreifingar og neyslu innan lands, skal slátra í löggiltum sláturhúsum. Kæling og frysting afurðanna skal fara fram í viðurkenndum kælum og frystum og geymsla þeirra í viðurkenndum kæligeymslum og frystigeymslum.

Landbúnaðarráðherra löggildir sláturhús, kjötgeymslur og kjötvinnslustöðvar, að fengnum meðmælum yfirdýralæknis, ef húsin eru svo fullkomin að gerð og öllum útbúnaði að hægt sé þess vegna að fullnægja öllum kröfum um gæði, heilnæmi og hollustu afurðanna. Í löggildingu sláturhúss skal tilgreina hámarksdagsslátrun. Í sláturhúsum og kjötvinnslustöðvum skulu vera löggiltar vogir.

Landbúnaðarráðherra setur reglugerð um gerð og búnað sláturhúsa og kjötvinnslustöðva, lágmarkskröfur varðandi fyrirkomulag, hreinlæti og útbúnað þeirra, rekstur rannsóknastofa, reglur um notkun hreinsi- og sótthreinsiefna og eftirlit með heilsufari starfsfólks.

Eigendum lögbýla er heimilt að slátra búfé sínu á sjálfu býlinu til eigin neyslu. Landbúnaðarráðherra getur sett reglur um töku og sendingu sýna til rannsókna úr þessum sláturdýrum og afurðum samkvæmt tillögum yfirdýralæknis.

6. gr.

Hver sá sem hyggst slátra dýrum sem lög þessi taka til í þeim tilgangi að dreifa afurðum skal senda landbúnaðarráðuneyti umsókn um löggildingu aðstöðu til slátrunar, kælingar, frystingar, vinnslu og geymslu sláturafurða. Hver sá sem hyggst byggja hús til slátrunar, úrvinnslu eða geymslu sláturafurða eða gera meiri háttar breytingar og endurbætur á slíkum húsum skal senda landbúnaðarráðuneytinu teikningar af húsunum og fá samþykki þess á þeim áður en framkvæmdir hefjast. Leita skal umsagnar yfirdýralæknis um teikningarnar og fyrirhugaðar breytingar og endurbætur. Eftir löggildingu skulu kjötskoðunarlæknar annast árlega skoðun á sláturhúsum, kjötgeymslum og kjötvinnslustöðvum undir stjórn yfirdýralæknis og samkvæmt reglum sem hann setur.

Ráðherra setur með reglugerð ákvæði um þekkingu og verkkunnáttu verkstjóra og slátrara, en í hverju sláturhúsi skal að öðru jöfnu starfa maður með slátraramenntun.

7. gr.

Nú fullnægir sláturhús, kjötgeymsla eða kjötvinnslustöð eigi lengur skilyrðum fyrir löggildingu, og ber þá kjötskoðunarlækni sem eftirlitið hefur annast að skýra þeim sem sláturleyfi hefur og yfirdýralækni samstundis frá því. Yfirdýralæknir setur umráðamönnum hússins hæfilegan frest til að lagfæra það sem ábótavant er. Löggildingin fellur niður um stundarsakir ef eigi er bætt úr göllum innan frestsins. Yfirdýralæknir tilkynnir þá jafnframt ráðherra að slátrun á þeim stað skuli þá þegar stöðvuð uns úr hefur verið bætt.

8. gr.

Landbúnaðarráðherra setur með reglugerð ákvæði um flutning sláturafurða á markað, útbúnað flutningatækja og meðferð afurðanna í flutningi.

9. gr.

Slösuðum dýrum má slátra utan sláturhúsa í samræmi við nánari reglur sem landbúnaðarráðherra setur að fengnum tillögum yfirdýralæknis og í samráði við umhverfisráðherra.

Ekki má koma með sýnilega sjúk dýr í sláturhús til förgunar, nema sérstakur klefi sé til þeirra nota einna í sláturhúsinu.

Sjálfdauðar skepnur eða afurðir af þeim má aldrei flytja í sláturhús, kjötgeymslur eða kjötvinnslustöðvar.

Sláturdýr, sem komin eru í sláturhúsrétt, má eigi flytja þaðan til lífs heldur skal þeim slátrað, nema til komi leyfi yfirdýralæknis.

III. KAFLI
Eftirlit.

10. gr.

Sláturdýr mega ekki vera haldin sjúkdómi né bera leifar lyfja eða annarra aðskotaefna sem geta verið hættuleg heilsu neytenda.

Landbúnaðarráðherra setur með reglugerð ákvæði um:

a. rannsóknir og eftirlit sláturdýra til að tryggja heilbrigði og heilnæmi afurðanna,
b. söfnun gagna og nauðsynlega sýnatöku úr sláturdýrum heima á lögbýlum til að kanna útbreiðslu sjúkdóma, smitefna og aðskotaefna, þar með talin vaxtaraukandi efni,

c. hvernig hátta skal sýnatöku úr sláturafurðum varðandi gerlamengun, lyfjaleifar, aðskotaefni og vaxtaraukandi efni,
d. heilbrigðisskoðun og merkingar á sláturdýrum og sláturafurðum og um meðferð afurðanna,
e. geymslu, meðferð og ráðstöfun á sýktum sláturafurðum og sláturúrgangi,
f. lágmarksreglur varðandi innra eftirlit sláturhúsa.

11. gr.

Heilbrigðisskoðun skal fara fram á öllum sláturdýrum áður en slátrun fer fram og mega ekki líða meira en 12 klukkustundir frá þeirri skoðun og til slátrunar. Þó þarf slík skoðun ekki að fara fram ef upplýsingar um eldi, heilbrigði og lyfjagjöf fylgja sláturgrip í sláturhús samkvæmt reglum sem yfirdýralæknir setur. Þá skal heilbrigðisskoðun á öllum sláturafurðum fara fram í sláturhúsinu áður en frekari vinnsla fer fram eða þær eru afhentar til dreifingar. Að skoðun lokinni skal kjötskoðunarlæknir merkja sláturafurðirnar samkvæmt reglugerð er landbúnaðarráðherra setur um heilbrigðisskoðun og merkingu á sláturafurðum að fengnum tillögum yfirdýralæknis.

Til að standa straum af kostnaði við heilbrigðiseftirlit kjötskoðunarlækna með sláturafurðum skal landbúnaðarráðherra innheimta gjald af sláturleyfishöfum af öllu innvegnu kjöti í sláturhúsi sem rennur í sérstakan sjóð í vörslu landbúnaðarráðuneytisins. Eftirlitsgjald þetta miðast við raunkostnað og skal vera allt að 2,50 kr. á hvert kíló kjöts.

Ráðherra setur nánari ákvæði um framkvæmd eftirlits og innheimtu eftirlitsgjalds samkvæmt þessari grein.

12. gr.

Kjötskoðunarlæknir annast heilbrigðisskoðun og sér um að fram fari merking á kjöti og öðrum sláturafurðum. Ef nauðsyn krefur má fela heilbrigðisskoðun þessa öðrum sem í því skyni hafa nægа þekkingu og þjálfun að mati yfirdýralæknis, enda starfi þeir eingöngu undir stjórn kjötskoðunarlæknis.

Kjötskoðunarlæknir skal hafa eftirlit með því að fyllsta hreinlætis sé gætt í sláturhúsi, umgengni sé þrifaleg og afurðirnar óhreinkist ekki eða sóttmengist. Hann skal hafa eftirlit með þrifum og sótthreinsun á byggingum og búnaði í sláturhúsum og í kjötvinnslustöðvum sem lög þessi ná til. Þá skal hann hafa eftirlit með meðferð afurða, svo sem kælingu, frystingu, hlutun, brytjun, pökkun, merkingu og hleðslu flutningatækja.

Kjötskoðunarlæknir skal fylgjast reglulega með innra eftirliti sláturhúsa og kjötvinnslustöðva.

13. gr.

Yfirdýralæknir getur fyrirskipað sérstaka heilbrigðisskoðun á kjöti og slátri, enda þótt það hafi áður hlotið lögboðna heilbrigðisskoðun og merkingu.

IV. KAFLI
Meðhöndlun og heilbrigði sláturafurða.

14. gr.

Sláturafurðir og unnar kjötvörur má ekki framleiða, selja eða afhenda ef afurðirnar eru óhreinar, mengaðar, skemmdar eða með annarlegri lykt eða útliti og hætta er á sýkingum eða eitrunum við venjulega neyslu þeirra.

Sláturafurðum, sem reynast spilltar eða sýktar svo að hætta getur stafað af til manneldis eða fóðurgerðar samkvæmt ákvörðun kjötskoðunarlæknis, skal þegar í stað eytt samkvæmt reglum sem landbúnaðarráðherra setur.

Landbúnaðarráðherra getur fyrirskipað dreifingarbann, upptöku og eyðingu á vörum sem ekki uppfylla þær kröfur sem gerðar eru í lögunum eða reglum, settum samkvæmt þeim.

Landbúnaðarráðherra setur reglugerð um slátrun, kælingu, frystingu, hlutun, brytjun, pökkun, flutning og aðra meðferð sláturafurða.

V. KAFLI
Gæðamat sláturafurða.

15. gr.

Kjötmatsmenn skulu meta allar sláturafurðir sem fluttar eru á erlendan markað eða til sölu innan lands og flokka og merkja eftir tegundum og gæðum. Þá gæta kjötmatsmenn þess, í samvinnu við kjötskoðunarlækni, að reglum um slátrun og sláturhús sé fylgt, einkum að því er varðar hreinlega og góða meðferð sláturafurða. Um störf og skyldur kjötmatsmanna skal ákveðið með reglugerð sem landbúnaðarráðherra setur. Sláturleyfishafar greiða allan kostnað af starfi kjötmatsmanna.

Heimilt er að óska eftir yfirmati á sláturafurðum og skal rökstudd beiðni þar um send kjötmatsformanni.

Landbúnaðarráðherra setur reglugerð um gæðamat, flokkun og merkingu á sláturafurðum að fengnum tillögum kjötmatsformanns er hafi samráð við helstu hagsmunaaðila.

16. gr.

Landbúnaðarráðherra skipar kjötmatsformann til fimm ára í senn. Kjötmatsformaður samræmir mat og flokkun á sláturafurðum samkvæmt reglugerðum sem settar eru um þau efni. Einnig skal hann, eftir því sem hann metur þörf á, gera athugun á sláturafurðum sem ætlaðar eru til dreifingar innan lands eða á erlendan markað.

Til að standa straum af kostnaði við yfirmat samkvæmt lögum þessum skal innheimta sérstakt gjald. Gjald þetta, sem sláturleyfishafar greiða, skal vera 0,55 kr. á hvert kíló kjöts sem innvegið er í sláturhúsi. Landbúnaðarráðherra er heimilt að kveða nánar á um innheimtu gjaldsins með reglugerð.

VI. KAFLI
Ýmis ákvæði.

17. gr.

Ráðherra setur, að fengnum tillögum yfirdýralæknis, gjaldskrá þar sem kveðið er á um leyfisgjöld fyrir kjötvinnslustöðvar og uppruna- og heilbrigðisvottorð fyrir sláturafurðir sem seldar eru innan lands eða fluttar á erlendan markað. Við ákvörðun gjalda skal miða við að tekjur standi undir nauðsynlegum kostnaði við úttekt á kjötvinnslustöð og útgáfu heilbrigðisvottorða.

18. gr.

Yfirdýralækni og kjötskoðunarlæknum skal hvenær sem er vera heimill aðgangur að húsnæði og fyrirtækjum þar sem sláturdýr eða afurðir þeirra eru geymd og skulu þeim veittar allar nauðsynlegar upplýsingar vegna eftirlits og rannsókna sem óskað er á grundvelli laga þessara.

19. gr.

Óheimilt er að flytja úr landi sláturafurðir sem ekki uppfylla kröfur innflutningslandsins um heilbrigði, gæði, umbúðir og merkingar.

20. gr.

Ráðherra er heimilt að afturkalla löggildingu ef sláturleyfishafi brýtur gegn ákvæðum laga þessara eða reglugerða, settra samkvæmt þeim, m.a. ef sláturleyfishafi stendur ekki skil á gjöldum skv. 11., 16. og 17. gr.

VII. KAFLI
Refsiákvæði og gildistaka.

21. gr.

Brot gegn lögum þessum, reglugerðum og fyrirmælum, settum samkvæmt þeim, varða sektum eða fangelsi ef sakir eru miklar.

Með mál vegna brota skal farið að hætti opinberra mála.

22. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1997. Frá sama tíma falla úr gildi lög nr. 30/1966, um meðferð, skoðun og mat á sláturafurðum, ásamt síðari breytingum.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Reglugerðir, auglýsingar og önnur fyrirmæli sett samkvæmt lögum nr. 30/1966, með síðari breytingum, skulu halda gildi sínu að svo miklu leyti sem þau stangast ekki á við lög þessi þar til nýjar reglugerðir, auglýsingar eða önnur fyrirmæli hafa öðlast gildi.

II.

Heimilt er að ráða allt að fjóra yfirkjötmatsmenn til aðstoðar kjötmatsformanni fram til ársloka 1997 vegna kynningar á nýjum reglum um gæðamat á kindakjöti til samræmis við reglur Evrópusambandsins.

Gjört á Bessastöðum, 27. maí 1997.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Guðmundur Bjarnason.

FJÁRAUKALÖG

fyrir árið 1996, sbr. lög nr. 165/1996.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Samkvæmt niðurstöðum greiðsluuppgjörs ríkissjóðs 1996 verða eftirtaldar breytingar á greiðsluyfirliti A-hluta ríkissjóðs 1996 frá 1. gr. fjárlaga fyrir árið 1996, sbr. lög nr. 165/1996:

Greiðsluyfirlit ríkissjóðs

	Þús. kr.	Þús. kr.
Rekstrarreikningur		
Tekjur		**545.000**
Tekjuskattar	144.000	
Tryggingagjöld, launaskattar	52.000	
Eignarskattar	133.000	
Skattar á vörur og þjónustu	366.000	
Vaxtatekjur	-483.000	
Aðrar tekjur	333.000	
Gjöld		**-1.441.500**
Samneysla	227.500	
Rekstrargjöld	202.800	
Viðhald	74.700	
Neyslu- og rekstrartilfærslur	-683.000	
Vaxtagjöld	-68.000	
Fjárfesting	-968.000	
Gjöld umfram tekjur		**-1.986.500**
Lánahreyfingar		
Veitt lán, nettó		-1.661.000
Hluta- og stofnfjárframlög		-92.000
Viðskiptareikningar		46.000
Hrein lánsfjárþörf A-hluta ríkissjóðs		**-3.693.500**
Afborganir af teknum lánum		-10.000
Heildarlánsfjárþörf A-hluta ríkissjóðs		**-3.703.500**
Lántökur		-3.705.000
Greiðslujöfnuður, sjóðsbreyting		**-1.500**

2. gr.

Leitað er eftir heimild til greiðslu gjalda til viðbótar ákvæðum 2. gr. fjárlaga fyrir árið 1996, sbr. 2. gr. laga nr. 165/1996:

		Þús. kr.	Þús. kr.
00	Æðsta stjórn ríkisins	7.592	
01	Forsætisráðuneyti	42.750	
02	Menntamálaráðuneyti	680.272	
03	Utanríkisráðuneyti	72.343	
04	Landbúnaðarráðuneyti	268.499	
05	Sjávarútvegsráðuneyti	26.638	
06	Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	161.744	
07	Félagsmálaráðuneyti	103.401	
08	Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti	498.999	
09	Fjármálaráðuneyti	263.483	
10	Samgönguráðuneyti	40.606	
11	Iðnaðarráðuneyti	47.801	
12	Viðskiptaráðuneyti	10.572	
13	Hagstofa Íslands	7.811	
14	Umhverfisráðuneyti	56.232	
	Samtals		2.288.743

3. gr.

Sundurliðun gjalda skv. 2. gr. á stofnanir og viðfangsefni er þessi:

		Þús. kr.	Þús. kr.
00	**Æðsta stjórn ríkisins**		
101-1	Embætti forseta Íslands	2.376	
201-1	Alþingi	315	
211-1	Lýðveldissjóður	1	
520-1	Opinberar heimsóknir	4.087	
620-6	Ríkisendurskoðun	813	
	Samtals æðsta stjórn ríkisins		7.592
01	**Forsætisráðuneyti**		
190-115	Útboðs- og einkavæðingarverkefni	242	
190-195	Safnahús við Hverfisgötu	840	
241-1	Umboðsmaður barna	572	
901-1	Húsameistari ríkisins	39.383	
902-1	Þjóðgarðurinn á Þingvöllum	995	
902-6	Þjóðgarðurinn á Þingvöllum	718	
	Samtals ráðuneyti		42.750

02 Menntamálaráðuneyti

201-1	Háskóli Íslands	47.770
203-1	Raunvísindastofnun Háskólans	5.657
211-1	Tækniskóli Íslands	15.955
223-1	Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála	571
231-1	Rannsóknarráð Íslands	182
236-6	Vísindasjóður	302
237-6	Tæknisjóður	220
302-1	Menntaskólinn á Akureyri	9.600
303-1	Menntaskólinn á Laugarvatni	10.759
304-1	Menntaskólinn við Hamrahlíð	23.019
305-1	Menntaskólinn við Sund	5.022
307-1	Menntaskólinn á Egilsstöðum	4.495
308-1	Menntaskólinn í Kópavogi	10.263
309-1	Kvennaskólinn í Reykjavík	2.211
318-1	Framhaldsskólar, viðhald og stofnkostnaður	10.351
318-5	Framhaldsskólar, viðhald og stofnkostnaður	61.732
319-113	Forfallakennsla	4.003
319-115	Prófkostnaður	25.254
319-119	Kennslueftirlit	428
319-140	Framhaldsskólar, óskipt	12.480
351-1	Fjölbrautaskólinn Ármúla	3.762
352-1	Flensborgarskóli	10.621
356-1	Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra	1.594
359-1	Verkmenntaskólinn á Akureyri	11.407
360-1	Fjölbrautaskólinn í Garðabæ	4.082
363-1	Framhaldsskólinn á Laugum	1.088
365-1	Borgarholtsskóli	6.493
430-1	Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra	5.363
506-1	Vélskóli Íslands	1.885
507-1	Stýrimannaskólinn í Reykjavík	4.839
514-6	Iðnskólinn í Reykjavík	32.300
517-1	Hótel- og veitingaskóli Íslands	1.075
523-1	Fósturskóli Íslands	3.710
551-1	Hússtjórnarskólinn Hallormsstað	2.313
562-1	Leiklistarskóli Íslands	2.688
564-1	Listdansskólinn	8.842
571-1	Sjómannaskólahúsið	849
700-1	Grunnskólar, Reykjavík	6.613
701-1	Grunnskólar, Reykjanesi	146.488
703-1	Grunnskólar, Vesturlandi	11.651
706-1	Grunnskólar, Norðurlandi eystra	24.410
707-1	Grunnskólar, Austurlandi	7.251
718-1	Fræðsluskrifstofa Suðurlandsumdæmis	273
720-170	Höfundagreiðslur samkvæmt gerðardómi	730
730-1	Skólabúðir að Reykjum	42

750-5	Skólar fyrir fatlaða	4.172
750-6	Skólar fyrir fatlaða	588
872-1	Lánasjóður íslenskra námsmanna	1.506
884-1	Jöfnun á námskostnaði	21.400
903-1	Þjóðskjalasafn Íslands	8.829
903-1	Þjóðskjalasafn Íslands	400
904-1	Safnahúsið við Hverfisgötu	6.385
905-1	Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn	2.606
906-1	Listasafn Einars Jónssonar	614
907-1	Listasafn Íslands	7.701
909-1	Blindrabókasafn Íslands	630
972-1	Íslenski dansflokkurinn	1.168
973-1	Þjóðleikhús	287
974-1	Sinfóníuhljómsveit Íslands	30
976-1	Menningarsjóður	9.080
981-1	Kvikmyndasjóður	41.824
983-110	Fræðistörf	12.478
983-123	Hið íslenska bókmenntafélag	200
999-143	Skriðuklaustur	4.813
999-190	Ýmis framlög	4.918
	Samtals ráðuneyti	680.272

03 Utanríkisráðuneyti

101-1	Utanríkisráðuneyti, aðalskrifstofa	36.959
201-1	Sýslumaðurinn á Keflavíkurflugvelli	9.562
201-6	Sýslumaðurinn á Keflavíkurflugvelli	3.400
301-1	Sendiráð Íslands í Bonn	617
303-1	Sendiráð Íslands í London	436
304-1	Sendiráð Íslands í Moskvu	527
305-1	Sendiráð Íslands í Ósló	308
306-1	Sendiráð Íslands í París og fastanefnd hjá Evrópuráðinu, OECD og UNESCO	2.602
307-1	Sendiráð Íslands í Stokkhólmi	867
308-1	Sendiráð Íslands í Washington	2.003
309-1	Fastanefnd Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum og aðalræðismaður Íslands í New York	948
312-1	Fastanefnd Íslands hjá alþjóðastofnunum og EFTA í Genf	1.055
390-1	Þróunarsamvinnustofnun Íslands	1.021
401-110	Sameinuðu þjóðirnar, UN	3.644
401-113	Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna, UNESCO	439
401-115	Alþjóðakjarnorkumálastofnunin, IAEA	632
401-139	Evrópuráðið	688

401-163	Friðargæsla Sameinuðu þjóðanna í Angóla, UNAVEM-II	4.080	
401-168	Friðargæsla Sameinuðu þjóðanna í Líberíu, UNIMIL	26	
401-170	Fríverslunarsamtök Evrópu, EFTA	2.027	
401-173	Þróunarsjóður EFTA	202	
401-175	Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu, ÖSE	300	
	Samtals ráðuneyti		72.343

04 Landbúnaðarráðuneyti

101-1	Landbúnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa	4.924	
190-112	Mat á búvörum	4.424	
190-115	Verðlagsnefnd landbúnaðarafurða	236	
190-151	Norður-Atlantshafslaxveiðinefndin, NASCO	231	
211-1	Rannsóknastofnun landbúnaðarins	1.355	
221-1	Veiðimálastofnun	4.537	
233-1	Yfirdýralæknir	8.178	
261-1	Bændaskólinn á Hvanneyri	10.595	
271-5	Bændaskólinn á Hólum	15.600	
271-6	Bændaskólinn á Hólum	9.700	
283-6	Garðyrkjuskóli ríkisins	14.100	
293-1	Hagþjónusta landbúnaðarins	105	
311-6	Landgræðsla ríkisins	4.100	
321-1	Skógrækt ríkisins	13.423	
331-1	Héraðsskógar	11.900	
805-110	Vaxta- og geymslukostnaður	1.723	
805-132	Afsetning birgða	163.364	
831-6	Jarðasjóður og Jarðeignir ríkisins	4	
	Samtals ráðuneyti		268.499

05 Sjávarútvegsráðuneyti

101-1	Sjávarútvegsráðuneyti, aðalskrifstofa	802	
190-142	Verktakasamningur um upplýsingaöflun	3.800	
190-151	Norður-Atlantshafssjávarspendýraráðið, NAMMCO	1.426	
190-190	Ýmislegt	2.540	
8365 Vaglavegur: Af Vaglaskógarvegi að vegamótum að skógarvarðarhúsi.
420 Birkimelsvegur: Af Hringvegi að Birkimel.
8440 Granastaðavegur: Af Útkinnarvegi að Granastöðum.
8460 Lundarbrekkubýli: Af Lundarbrekkuvegi að Lundarbrekku.
8480 Bjarnarstaðavegur: Af Lundarbrekkuvegi að Bjarnarstöðum.

8505 Skriðuvegur: Af Norðausturvegi að vegamótum að Rauðuskriðu.
8510 Hraunkotsvegur: Af Sandsvegi að Hraunkoti.
8515 Árbótarvegur: Af Norðausturvegi að vegamótum að Núpum.
8520 Nesvegur: Af Aðaldalsvegi að vegamótum að Árnesi.
8525 Hafralækjarskólavegur: Af Aðaldalsvegi að skóla.
8530 Hafralækjarvegur: Af Aðaldalsvegi að vegamótum að Hraungerði.
8535 Grundargilsvegur: Af Aðaldalsvegi að Glaumbæ.
8545 Hjallavegur: Af Austurhlíðarvegi að Breiðanesi.
8560 Hrísateigsvegur: Af Kísilvegi að Hrísateigi.
8565 Hveravallavegur: Af Kísilvegi að Hveravöllum.
8570 Klambraselsvegur: Af Kísilvegi að Brúnahlíð.
8605 Héðinshöfðavegur: Af Norðausturvegi að Héðinshöfða.
8610 Hallbjarnarstaðavegur: Af Norðausturvegi að Hallbjarnarstöðum.
8705 Hraunborgarvegur: Af Hringvegi að Hraunborg.
8710 Gautlandavegur: Af Baldursheimsvegi að Gautlöndum.
8715 Grænavatnsvegur: Af Hringvegi að Grænavatni.
8720 Vogavegur: Af Hringvegi að Vogum.
8730 Grímsstaðavegur: Af Mývatnsvegi að Grímsstöðum IIb.
8735 Neslandavegur: Af Mývatnsvegi að Ytri-Neslöndum
8755 Vestursandsvegur: Af Norðausturvegi að Keldunesi.
8760 Nýhafnarvegur: Af Norðausturvegi að Reistarnesi.
8765 Gunnarsstaðavegur: Af Norðausturvegi að Gunnarsstöðum.
8770 Tunguselsvegur: Af Norðausturvegi að Hallgilsstöðum.
8984 Hvammsvegur: Af Norðausturvegi að Hvammi.

Austurlandskjördæmi.

1 Hringvegur: Frá sýslumörkum á Biskupshálsi, um Möðrudal, Jökuldalsheiði, Jökuldal, yfir Jökulsárbrú hjá Sellandi, um Hróarstungu yfir Lagarfljótsbrú hjá Egilsstöðum, um Velli, Skriðdal, Breiðdalsheiði, Breiðdal, Berufjörð, Geithellnahrepp, Hvalnesskriður, Lón, Almannaskarð, yfir Hornafjarðarfljótsbrú, hjá Gildraskeri, um Mýrar, Suðursveit, Breiðamerkursand, Öræfi og Skeiðarársand að sýslumörkum Vestur-Skaftafellssýslu.
85 Norðausturvegur: Frá sýslumörkum á Brekknaheiði, um Bakkafjörð, Sandvíkurheiði, Vopnafjörð, Hofsárdal og Langadal á Hringveg hjá Möðrudal.
91 Hafnarvegur í Bakkafirði: Af Norðausturvegi hjá Bakkaá að bryggju í Hafnarkauptúni.
92 Norðfjarðarvegur: Af Hringvegi hjá Egilsstöðum um Fagradal, Búðareyri við Reyðarfjörð, Hólmaháls, Eskifjörð, Oddsskarð að Skólavegi á Neskaupstað.
93 Seyðisfjarðarvegur: Af Norðfjarðarvegi hjá Egilsstöðum, um Fjarðarheiði að ferjubryggju á Seyðisfirði.
94 Borgarfjarðarvegur: Af Seyðisfjarðarvegi við Eyvindará, um Eiðaþinghá, Hjaltastaðarþinghá, yfir Selfljótsbrú hjá Heyskálum, Vatnsskarð og Njarðvík að Bakkagerði.
96 Suðurfjarðavegur: Af Norðfjarðarvegi í Reyðarfirði um suðurströnd Reyðarfjarðar fyrir Vattarnes, um Fáskrúðsfjörð, Gvendarnes, Stöðvarfjörð, Kambanes og á Hringveg við Breiðdalsvík.
97 Breiðdalsvíkurvegur: Af Hringvegi nálægt flugvelli um Breiðdalsvík á Suðurfjarðaveg hjá Þverhamri.
98 Djúpavogsvegur: Af Hringvegi að höfn á Djúpavogi.
99 Hafnarvegur: Af Hringvegi um Höfn að bryggju í Álaugarey.

913 Strandhafnarvegur: Af Norðausturvegi við Borgarlæk að Hámundarstöðum I.
914 Skógavegur: Af Hringvegi hjá Ytri-Nýp, um Skóga og brú á Vesturá á Vesturárdalsveg innan Skógalóns.
915 Vesturárdalsvegur: Af Norðausturvegi við Vopnafjarðarkauptún að Búastöðum.
916 Flugvallarvegur Vopnafirði: Af Hlíðarvegi norðan Hofsár að flugvelli.
917 Hlíðarvegur: Af Hringvegi við Jökulsárbrú, um Jökulsárhlíð, yfir Hellisheiði á Norðausturveg hjá Vatnsdalsgerði.
918 Hafnarvegur Vopnafirði: Af Norðausturvegi í Vopnafjarðarkauptúni að höfn.
919 Sunnudalsvegur: Af Hlíðarvegi austan við Hofsá, um brú á Sunnudalsá norðan Sunnudals og á Norðausturveg nálægt Teigi.
923 Jökuldalsvegur: Af Hringvegi við Gilsá um Hákonarstaði að Aðalbóli.
924 Jökuldalsvegur eystri: Af Hringvegi hjá Hjarðarhaga yfir Jökulsá og út Jökuldal austan Jökulsár á Hringveg í Dimmadal.
925 Hróarstunguvegur: Af Hringvegi við Jökulsárbrú, um Litlabakka og Kirkjubæ, yfir Rangá á Hringveg hjá Urriðavatni.
926 Húseyjarvegur: Af Hróarstunguvegi hjá Litlabakka að Galtastöðum ytri.
927 Brekkubæjavegur: Af Hróarstunguvegi hjá Þórisvatni um Brekku á Hróarstunguveg hjá Litla-Steinsvaði.
929 Hafrafellsvegur: Af Hringvegi hjá Urriðavatni að Hafrafelli.
931 Upphéraðsvegur: Af Hringvegi norðan Lagarfljótsbrúar um Fell, Fljótsdal, yfir Jökulsá í Fljótsdal, um Skóga og á Hringveg hjá Úlfsstöðum á Völlum.
932 Egilsstaðavegur: Af Hringvegi í kaupstaðnum að býlunum.
934 Múlavegur í Fljótsdal: Af Upphéraðsvegi austan Jökulsár um brú á Kelduá um Langhús að Glúmsstöðum.
935 Suðurdalsvegur í Fljótsdal: Af Upphéraðsvegi austan brúar á Kelduárkvísl að Klúku.
937 Skriðdalsvegur: Af Upphéraðsvegi vestan Grímsár inn Skriðdal um brýr á Geitdalsá og Múlaá á Hringveg sunnan Jóku.
938 Múlavegur syðri: Af Skriðdalsvegi við Múlabrú að Birkihlíð.
939 Axarvegur: Af Hringvegi í Víðigróf í Skriðdal um Öxi og á Hringveg í Berufjarðarbotni.
941 Flugvallarvegur Egilsstöðum: Af Hringvegi austan Lagarfljótsbrúar að flugvelli.
943 Hjaltastaðarvegur: Af Borgarfjarðarvegi sunnan við Bóndastaði um Hjaltastað að Hjarðarhvoli.
944 Lagarfossvegur: Af Borgarfjarðarvegi nálægt Ásgrímsstöðum um Ekru, yfir Lagarfljót hjá Fossi á Hróarstunguveg.
946 Hólalandsvegur: Af Borgarfjarðarvegi í Bakkagerði, að Gilsárvöllum.
947 Desjarmýrarvegur: Af Borgarfjarðarvegi í Bakkagerði um brú á Fjarðará að heimreið að Sólbakka norðan við Hrafnárbrú.
948 Gilsárteigsvegur: Af Borgarfjarðarvegi hjá Eiðum að mótum vegar að Ormsstöðum.
949 Þrándarstaðavegur: Af Borgarfjarðarvegi hjá Mýnesi að Þrándarstöðum.
951 Vestdalseyrarvegur: Af Seyðisfjarðarvegi á Fjarðaröldu um Vestdalseyri að Sunnuholti.
952 Hánefsstaðavegur: Af Seyðisfjarðarvegi á Fjarðaröldu, um Búðareyri að Flísarhúsalæk.
953 Mjóafjarðarvegur: Af Norðfjarðarvegi nálægt Köldukvíslarbrú um Mjóafjarðarheiði og norðurströnd Mjóafjarðar að Brekku.
954 Helgustaðavegur: Af Norðfjarðarvegi í Eskifjarðarkaupstað að Stóru-Breiðuvík.
955 Flugvallarvegur Norðfirði: Af Norðfjarðarvegi hjá Þrastarlundi að flugvelli.
956 Dalavegur: Af Suðurfjarðavegi norðan Dalsár að Hólagerði.
957 Hafnarvegur Reyðarfirði: Af Norðfjarðarvegi á Búðareyri í Reyðarfirði að höfn.

960 Hafnarvegur Breiðdalsvík: Af Breiðdalsvíkurvegi um Hafnarbraut að höfn.
961 Flugvallarvegur Breiðdal: Af Hringvegi að flugvelli vestan kauptúns.
962 Norðurdalsvegur í Breiðdal: Af Hringvegi í Breiðdal um Norðurdal að vegamótum við brú á Norðurdalsá.
964 Breiðdalsvegur: Af Hringvegi innan Ásunnarstaða, yfir Breiðdalsá hjá Flögu, um Randversstaði á Hringveg hjá Ósi.
982 Flugvallarvegur Hornafirði: Af Hringvegi hjá Laxá að flugvelli.
983 Miðfellsvegur: Af Hoffellsvegi að Miðfelli.
984 Hoffellsvegur: Af Hringvegi vestan Hoffellsárbrúar, að vegamótum við Birkifell.
986 Rauðabergsvegur: Af Hringvegi austan Djúpár, að vegamótum að Rauðabergi II.
9120 Torfastaðavegur: Af Skógavegi nálægt Torfastöðum að Torfastöðum II.
9130 Ytrihlíðarvegur: Af Vesturárdalsvegi að Ytrihlíð I.
9160 Refstaðarvegur: Af Sunnudalsvegi að Refstað I.
9165 Svínabakkavegur: Af Sunnudalsvegi að Akri.
9225 Hnefilsdalsvegur: Af Jökuldalsvegi eystri að Mælivöllum II.
9275 Hallfreðarstaðavegur: Af Hróarstunguvegi að Hallfreðarstöðum II.
9350 Geitdalsvegur: Af Skriðdalsvegi að Þorvaldsstöðum.
9430 Finnsstaðavegur: Af Borgarfjarðarvegi að Finnsstöðum II.
9460 Njarðvíkurvegur: Af Borgarfjarðarvegi að Borg.
9727 Þinganesvegur: Af Hringvegi að Sauðanesvegi.
9739 Dilksnesvegur: Af Hafnarvegi að vegamótum að Framnesi.
9743 Hafnarnesvegur: Af Hafnarvegi að Hafnarnesi.
9746 Ártúnsvegur: Af Hringvegi að vegamótum að Hólum II.
9775 Bjarnanesvegur: Af Hringvegi að vegamótum að Miðskeri.
9787 Lindarbakkavegur: Af Hringvegi að vegamótum að Stórulág.
9842 Borgarhafnarvegur: Af Hringvegi að Lækjarhúsum I.
9853 Kálfafellsstaðarvegur: Af Hringvegi að vegamótum við Jaðar.
9860 Halavegur: Af Hringvegi að Hala II.
9870 Hnappavallavegur: Af Hringvegi að Hnappavöllum I.
9882 Hofsvegur: Af Hringvegi að Hofi I.
9887 Hofskotsvegur: Af Hofsvegi að Hofi II.
9892 Svínafellsvegur: Af Hringvegi að Suðurbæ.

3.2. Flokkun stofn- og tengivega skv. 3.1. í undirflokka.

3.2.1. Stofnvegir.

1 Hringvegur.
22 Dalavegur.
205 Klausturvegur.
240 Stórhöfðavegur.
30 Skeiða- og Hrunamannavegur.
31 Skálholtsvegur.
33 Gaulverjabæjarvegur:
Baldurshagi á Stokkseyri – Eyrarbakkavegur.
34 Eyrarbakkavegur.
35 Biskupstungnabraut:
Hringvegur – Bræðratunguvegur og
Laugarvatnsvegur – Hrunamannavegur.
36 Þingvallavegur.
37 Laugarvatnsvegur.
38 Þorlákshafnarvegur.
39 Þrengslavegur.
343 Álfsstétt.
359 Bræðratunguvegur.
365 Gjábakkavegur.
376 Breiðamörk:
Hringvegur – Skólamörk.
379 Hafnarvegur Þorlákshöfn.
40 Hafnarfjarðarvegur.
41 Reykjanesbraut.

42 Krýsuvíkurvegur:
Reykjanesbraut – Vatnsskarð og Ísólfsskálavegur – Þorlákshafnarvegur.
43 Grindavíkurvegur.
44 Hafnavegur:
Reykjanesbraut – Keflavíkurflugvöllur.
45 Garðskagavegur:
Reykjanesbraut – Sandgerði.
46 Víknavegur.
47 Hvalfjarðarvegur.
49 Nesbraut.
409 Fossvogsbraut.
410 Elliðavatnsvegur.
411 Arnarnesvegur.
412 Vífilsstaðavegur.
413 Breiðholtsbraut.
414 Flugvallarvegur Reykjavík.
415 Álftanesvegur:
Reykjanesbraut – Túngata.
418 Bústaðavegur.
419 Höfðabakki.
421 Vogavegur.
423 Miðnesheiðarvegur
424 Keflavíkurvegur.
427 Ísólfsskálavegur.
429 Sandgerðisvegur.
431 Hafravatnsvegur:
Úlfarsárvegur – Hringvegur.
432 Hallsvegur.
450 Sundabraut.
45 Faxagata.
45 Sundagarðar.
45 Holtagarðar.
470 Fjarðarbraut.
50 Borgarfjarðarbraut:
Uxahryggjavegur – Hringvegur.
51 Akrafjallsvegur.
52 Uxahryggjavegur:
Hvítárvallavegur – Borgarfjarðarbraut.
53 Hvítárvallavegur:
Hringvegur – Uxahryggjavegur.
54 Ólafsvíkurvegur.
55 Heydalsvegur.
56 Kerlingarskarðsvegur.
57 Snæfellsnesvegur.
58 Stykkishólmsvegur.
503 Innnesvegur:
Leynir við Akranes – Akranesvegur.
509 Akranesvegur.
531 Borgarbraut.
574 Útnesvegur:
Hellissandur – Ólafsvík.
60 Vestfjarðavegur.
61 Djúpvegur.
62 Barðastrandarvegur.
63 Bíldudalsvegur.
64 Flateyrarvegur.
65 Súgandafjarðarvegur.
67 Hólmavíkurvegur.
617 Tálknafjarðarvegur:
Bíldudalsvegur – Lækjargata á Sveinseyri.
619 Ketildalavegur:
Bíldudalsvegur – Hafnarteigur.
622 Svalvogavegur:
Vestfjarðavegur – Hafnargata á Þingeyri.
636 Hafnarvegur Ísafirði.
72 Hvammstangavegur.
74 Skagastrandarvegur.
75 Sauðárkróksbraut.
76 Siglufjarðarvegur.
77 Hofsósbraut.
744 Þverárfjallsvegur.
745 Skagavegur:
Þverárfjallsvegur – Sauðárkróksbraut.
82 Ólafsfjarðarvegur.
85 Norðausturvegur.
87 Kísilvegur.
808 Árskógssandsvegur.
819 Hafnarvegur Akureyri.
820 Flugvallarvegur Akureyri.
821 Eyjafjarðarbraut vestri:
Hringvegur – Miðbraut.
823 Miðbraut.
829 Eyjafjarðarbraut eystri:
Hringvegur – Miðbraut.
837 Hlíðarfjallsvegur.
845 Aðaldalsvegur.
859 Hafnarvegur Húsavík.
867 Öxarfjarðarheiðarvegur.
92 Norðfjarðarvegur.
93 Seyðisfjarðarvegur.
96 Suðurfjarðavegur.
97 Breiðdalsvíkurvegur.
98 Djúpavogsvegur.
99 Hafnarvegur.
917 Hlíðarvegur.

952 Hánefsstaðavegur:
Seyðisfjarðarvegur – ytri vegamót Austurvegar.
954 Helgustaðavegur:
Norðfjarðarvegur – ytri vegamót Lambeyrarbrautar.

3.2.2. Tengivegir.

Aðrir vegir skv. 3.1 eru tengivegir.

3.3. Ferjuleiðir.

1. **Vestmannaeyjar – Þorlákshöfn.**
Á milli Þorlákshafnar og Vestmannaeyja eru fluttir farþegar og bílar í reglulegum áætlunarferðum.
2. **Reykjavík – Akranes.**
Á milli Reykjavíkur og Akraness eru fluttir farþegar og bílar í reglulegum áætlunarferðum. (Gildir uns Hvalfjarðargöng verða tekin í notkun.)
3. **Stykkishólmur – Flatey – Brjánslækur.**
Á milli Stykkishólms og Brjánslækjar eru fluttir farþegar og bílar í reglulegum áætlunarferðum með viðkomu í Flatey fyrir farþega og frakt.
4. **Ísafjörður – Æðey – Vigur.**
Til Æðeyjar og Vigur eru fluttir farþegar og frakt í reglulegum áætlunarferðum.
5. **Árskógsströnd – Hrísey.**
Á milli Árskógsstrandar og Hríseyjar eru fluttir farþegar og frakt í reglubundnum áætlunarferðum.
6. **Akureyri – Hrísey – Dalvík – Grímsey.**
Á milli Akureyrar, Hríseyjar, Dalvíkur og Grímseyjar eru fluttir farþegar og frakt í reglubundnum áætlunarferðum.
7. **Neskaupstaður – Mjóifjörður.**
Á milli Neskaupstaðar og Mjóafjarðar eru fluttir farþegar og frakt í reglubundnum áætlunarferðum.

Samgönguráðuneytinu, 23. júní 1997.

Halldór Blöndal.

Jón Birgir Jónsson.

23. júní 1997 Nr. 107

AUGLÝSING

um breytingu á flugmálaáætlun árin 1996–1999 vegna ársins 1997.

Alþingi ályktar að á árinu 1997 skuli framkvæmdum í flugmálum hagað samkvæmt eftirfarandi flugmálaáætlun.

I. ÁÆTLUN UM FJÁRÖFLUN
(Fjárhæðir í millj. kr.)

	1997
1.1 Markaðar tekjur:	
1. Flugvallagjald	497
2. Eldsneytisgjald*	51
3. Lendingargjöld	52
4. Loftferðareftirlitsgjöld	14
5. Leigugjöld	18
6. Þjónustugjöld	74
7. Aðrar tekjur	52
	758
1.2 Önnur framlög:	
1. ICAO — tekjur	411
2. Framlag úr ríkissjóði	411
3. Umframtekjur frá 1996	42
Samtals	**1.622**

II. SKIPTING ÚTGJALDA
(Fjárhæðir í millj. kr.)

	1997
2.1 Rekstur:	
1. Allar deildir	775
2. Alþjóðaflugþjónustan	447
	1.222
2.2 Áætlunarflugvellir I:	
1. Flugbrautir og stæði	15
2. Bundið slitlag	91
3. Byggingar	50
4. Slökkvi- og björgunarbúnaður	0
5. Snjóhreinsibúnaður	6
6. Aðflugs- og ljósabúnaður	12
7. Veðurmælibúnaður	10
8. Varaafl	2
9. Til rannsókna- og þróunarverkefna	10
10. Ýmis búnaður	2
	198

* Tekjur sem bundnar eru til framkvæmda í flugmálum samkvæmt lögum nr. 31/1987, um flugmálaáætlun og fjáröflun til framkvæmda í flugmálum.

2.3 Áætlunarflugvellir II:	
1. Flugbrautir og stæði	0
2. Bundið slitlag	30
3. Byggingar	13
4. Slökkvi- og björgunarbúnaður	0
5. Snjóhreinsibúnaður	8
6. Aðflugs- og ljósabúnaður	0
7. Veðurmælibúnaður	0
8. Varaafl	0
9. Ýmis búnaður	1
	52
2.4 Áætlunarflugvellir III:	
1. Flugbrautir og stæði	0
2. Bundið slitlag	0
3. Byggingar	0
4. Slökkvi- og björgunarbúnaður	0
5. Snjóhreinsibúnaður	0
6. Aðflugs- og ljósabúnaður	0
7. Veðurmælibúnaður	0
8. Varaafl	0
9. Ýmis búnaður	0
	0
2.5 Aðrir flugvellir og lendingarstaðir:	
Óskipt	**12**
2.6 Flugumferðar- og flugleiðsöguþjónusta:	
1. Flugstjórnarmiðstöð o.fl.	20
2. GPS-leiðréttingarstöðvar og athugunarstöðvar	20
3. Annað	10
	50
2.7 Til leiðréttingar og brýnna verkefna:	
Óskipt	**18**
2.8 Yfirstjórn:	
Stjórnunarkostnaður	**10**
2.9 Flugstöð Leifs Eiríkssonar	**60**
Samtals	**1.622**

III. FLOKKUN FLUGVALLA

3.1 Áætlunarflugvellir I.
Reykjavík, Akureyri, Vestmannaeyjar, Egilsstaðir, Ísafjörður, Hornafjörður, Húsavík og Sauðárkrókur.

3.2 Áætlunarflugvellir II.
Patreksfjörður, Bíldudalur, Siglufjörður, Vopnafjörður, Grímsey, Norðfjörður, Flateyri og Þingeyri.

3.3 Áætlunarflugvellir III.
Mývatn, Hólmavík, Raufarhöfn, Gjögur, Kópasker, Borgarfjörður eystri og Þórshöfn.

3.4 Aðrir flugvellir og lendingarstaðir.

A. **Þjónustuflugvellir:** Bakkafjörður, Bakki, Blönduós, Borgarnes, Breiðdalsvík, Ólafsfjörður, Reykhólar, Reykjanes, Rif, Selfoss, Stykkishólmur og Vík.

B. **Aðrir flugvellir:** Álftaver, Fagurhólsmýri, Fáskrúðsfjörður, Geysir, Grímsstaðir, Herðubreiðarlindir, Hrafnseyri, Húsafell, Hveravellir, Kerlingarfjöll, Kirkjubæjarklaustur, Nýidalur, Skálavatn, Sprengisandur og Þórsmörk.

C. **Sportflugvellir:** Flúðir, Hella, Melgerðismelar og Sandskeið.

D. **Lendingarstaðir:** Arngerðareyri, Búðardalur, Bæir, Dagverðará, Djúpivogur, Einholtsmelar, Grundarfjörður, Hrísey, Hvammstangi, Ingjaldssandur, Kaldármelar, Króksfjarðarnes, Melanes, Sandármelar, Skógarsandur, Steinasandur, Stórholt, Stóri-Kroppur, Tálknafjörður og Þórisdalur.

E. **Lendingarstaðir í eigu og í umsjá annarra aðila en Flugmálastjórnar:** Auðkúluheiði, Forsæti, Freysnes, Gunnarsholt, Hvolsvöllur, Múlakot og Þórisós.

IV. SUNDURLIÐUN FRAMKVÆMDA
(Fjárhæðir í millj. kr.)

Staður/verkefni	1997
4.1 Reykjavík	
1. Endurnýjun slitlags	27
2. Til rannsókna og þróunarverkefna	10
	37
4.2 Akureyri	
1. Endurbætur eldri flugstöðvar	10
2. Nýtt slitlagsyfirlag	44
3. Bílastæði og lóð	10
4. Stækkun flugvélahlaðs	5
5. Leiðarljós	2
	71

Staður/verkefni	1997
4.3 Vestmannaeyjar	
1. Varaafl	2
2. Veðurmælibúnaður	5
	7
4.4 Egilsstaðir	
1. Flugstöð	5
2. Ýmis búnaður	1
	6
4.5 Ísafjörður	
1. Veðurmælibúnaður	5
2. Flugstöð	25
3. Ýmis búnaður	1
	31
4.6 Hornafjörður	
1. Breikkun bundins slitlags	20
2. Ljósabúnaður	10
	30
4.7 Húsavík	
Tækjageymsla	10
	10
4.8 Sauðárkrókur	
Vörubifreið/snjótönn	6
	6
4.9 Patreksfjörður	
Tækjageymsla	6
	6
4.10 Bíldudalur	
Snjósópur	8
	8
4.11 Grímsey	
Ýmis búnaður	1
	1

Staður/verkefni	1997
4.12 Þórshöfn	
Farþegaskýli	7
	7
4.13 Vopnafjörður	
Bundið slitlag	30
	30
4.14 Aðrir flugvellir og lendingarstaðir	
Óskipt	12
	12
4.15 Flugumferðar- og flugleiðsögubúnaður	
1. Flugstjórnarmiðstöð o.fl.	20
2. GPS-leiðréttingarstöðvar og athugunarstöðvar	20
3. Upplýsingakerfi	9
4. Flugprófunartæki	1
	50
4.16 Til leiðréttinga og brýnna verkefna	
Óskipt	18
	18
4.17 Yfirstjórn	
Stjórnunarkostnaður	10
	10
4.18 Flugstöð Leifs Eiríkssonar	
Flugstöð	60
	60
Samtals	**400**
Til reksturs flugvalla	**190**

Samgönguráðuneytinu, 23. júní 1997.

Halldór Blöndal.

Halldór S. Kristjánsson.

Stjórnartíðindi A 13, nr. 105–107. Útgáfudagur 2. júlí 1997.

STJÓRNARTÍÐINDI A 14 – 1997

11. júlí 1997 385 Nr. 108

AUGLÝSING

um breyting á viðauka I við tollalög nr. 55/1987, með síðari breytingum.

1. gr.

Eftirfarandi breyting er gerð á 85. kafla:

Tollskrárnúmerið 8506.8000 skiptist upp í tvö tollskrárnúmer, 8506.8001 og 8506.8009. Tollskrárnúmer og tolltaxtar orðast svo:

		A %	E %
	--- Annað:		
8506.8001	--- --- Alkalískar hnapparafhlöður	0	
8506.8009	--- --- Annað	0	

2. gr.

Auglýsing þessi er sett samkvæmt heimild í 143. gr. tollalaga nr. 55/1987, með síðari breytingum, til þess að öðlast gildi 1. ágúst 1997 og tekur til allra vara sem eru ótollafgreiddar við gildistöku hennar.

Fjármálaráðuneytinu, 11. júlí 1997.

F. h. r.
Bergþór Magnússon.

Hermann Jónasson.

Stjórnartíðindi A 14, nr. 108. Útgáfudagur 15. júlí 1997.

A 26
Gutenberg

STJÓRNARTÍÐINDI A 15 – 1997

Nr. 109 386 12. september 1997

FORSETABRÉF

um að Alþingi skuli koma saman miðvikudaginn 1. október 1997.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt: Ég hefi ákveðið, samkvæmt tillögu forsætisráðherra, að Alþingi skuli koma saman miðvikudaginn 1. október 1997.

Um leið og ég birti þetta, er öllum sem setu eiga á Alþingi, boðið að koma nefndan dag til Reykjavíkur, og verður þá Alþingi sett, að lokinni guðsþjónustu í Dómkirkjunni, sem hefst kl. 13.30.

Gjört á Bessastöðum, 12. september 1997.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Davíð Oddsson.

Nr. 110 20. júlí 1997

AUGLÝSING

um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands.

Forseti Íslands, herra Ólafur Ragnar Grímsson, fór til útlanda í dag.

Í fjarveru hans fara forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar með vald forseta Íslands, samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar.

Forsætisráðuneytinu, 20. júlí 1997.

F. h. r.
Guðmundur Árnason.

AUGLÝSING

um að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum.

Forseti Íslands, herra Ólafur Ragnar Grímsson, er kominn úr för sinni til útlanda og hefur á ný tekið við stjórnarstörfum.

Forsætisráðuneytinu, 12. ágúst 1997.

F. h. r.
Guðmundur Árnason.

25. ágúst 1997 Nr. 112

AUGLÝSING

um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands.

Forseti Íslands, herra Ólafur Ragnar Grímsson, fór til útlanda í dag.
Í fjarveru hans fara forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar með vald forseta Íslands, samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar.

Forsætisráðuneytinu, 25. ágúst 1997.

F. h. r.
Ólafur Davíðsson.

29. ágúst 1997 Nr. 113

AUGLÝSING

um að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum.

Forseti Íslands, herra Ólafur Ragnar Grímsson, er kominn úr för sinni til útlanda og hefur á ný tekið við stjórnarstörfum.

Forsætisráðuneytinu, 29. ágúst 1997.

Davíð Oddsson.

Ólafur Davíðsson.

STJÓRNARTÍÐINDI A 16 – 1997

Nr. 114 388 29. október 1997

LÖG

**um breytingu á lögum nr. 89 26. maí 1997,
um breytingu á lögum nr. 93 20. nóvember 1992,
um meðferð sjávarafurða og eftirlit með framleiðslu þeirra.**

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í stað ártalsins „1997“ í 4. gr. laganna kemur: 1998.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 29. október 1997.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Þorsteinn Pálsson.

Stjórnartíðindi A 16, nr. 114. Útgáfudagur 29. október 1997.

Gutenberg

STJÓRNARTÍÐINDI A 17 – 1997

16. desember 1997 389 Nr. 115

LÖG

um breyting á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr. 12. gr. laganna:

a. 10. tölul. orðast svo: Sala á þjónustu til aðila sem hvorki hafa búsetu né starfsstöð hér á landi, enda sé þjónustan nýtt að öllu leyti erlendis. Skattskyld þjónusta, sem veitt er í tengslum við menningarstarfsemi, listastarfsemi, íþróttastarfsemi, kennslustarfsemi og aðra hliðstæða starfsemi sem fram fer hér á landi og er undanþegin skattskyldu skv. 3. mgr. 2. gr. laganna, telst ávallt nýtt hér. Jafnframt er sala á þjónustu til aðila sem hvorki hafa búsetu né starfsstöð hér á landi undanþegin skattskyldri veltu þó að þjónustan sé ekki nýtt að öllu leyti erlendis ef kaupandi gæti, væri starfsemi hans skráningarskyld hér á landi, talið virðisaukaskatt vegna kaupa þjónustunnar til innskatts, sbr. 15. og 16. gr. Eftirtalin þjónusta fellur undir þennan tölulið:
   a. framsal á höfundarrétti, rétti til einkaleyfis, vörumerkis og hönnunar, svo og framsal annarra sambærilegra réttinda,
   b. auglýsingaþjónusta,
   c. ráðgjafarþjónusta, verkfræðiþjónusta, lögfræðiþjónusta, þjónusta endurskoðenda og önnur sambærileg sérfræðiþjónusta, þó ekki vinna við eða þjónusta sem varðar lausafjármuni eða fasteignir hér á landi,
   d. tölvuþjónusta, önnur gagnavinnsla og upplýsingamiðlun,
   e. kvaðir og skyldur varðandi atvinnu- eða framleiðslustarfsemi eða hagnýtingu réttinda sem kveðið er á um í þessum tölulið,
   f. atvinnumiðlun,
   g. leiga lausafjármuna, þó ekki neins konar flutningatækja,
   h. þjónusta milligöngumanna sem fram koma í nafni annars og fyrir reikning annars að því er varðar sölu eða afhendingu þjónustu sem um ræðir í þessum tölulið,
   i. fjarskiptaþjónusta.

b. 11. tölul. orðast svo: Þjónusta sem felst í endurgreiðslu á virðisaukaskatti til aðila búsettra erlendis.

Gutenberg

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 35. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „skattskylda þjónustu“ í 1. málsl. 1. mgr. kemur: þjónustu sem talin er upp í 10. tölul. 1. mgr. 12. gr.

b. Við bætist ný málsgrein er orðast svo:

Aðili, sem skylt er að greiða virðisaukaskatt skv. 1. mgr., skal ótilkvaddur gera grein fyrir kaupum á þjónustu í sérstakri skýrslu í því formi sem ríkisskattstjóri ákveður. Gjalddagi er fimmti dagur annars mánaðar frá lokum þess almenna uppgjörstímabils sem viðskiptin falla undir. Greiðslu ásamt skýrslu skal skila til innheimtumanns ríkissjóðs eigi síðar en á gjalddaga.

3. gr.

Í stað orðanna „erlendir ferðamenn“ í 1. mgr. 43. gr. laganna kemur: aðilar búsettir erlendis.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Þó skulu ákvæði fyrri efnisliðar 1. gr. um sölu á þjónustu til erlendra aðila gilda frá og með 1. júlí 1997.

Gjört í Reykjavík, 16. desember 1997.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Friðrik Sophusson.

Nr. 116 16. desember 1997

LÖG

um breytingu á lögum nr. 138/1994, um einkahlutafélög, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

4. tölul. 95. gr. laganna orðast svo: frá hvaða tímamarki hlutirnir, sem hugsanlega eru látnir í té sem greiðsla, veita rétt til arðs og sérstök skilyrði varðandi þann rétt.

2. gr.

2. málsl. 1. mgr. 96. gr. laganna orðast svo: Í greinargerðinni skal fjalla um efnahagslegar og lagalegar ástæður til grundvallar samrunaáætluninni, svo og ákvörðun endurgjalds fyrir hlutina, þar á meðal sérstök vandkvæði er tengjast ákvörðuninni.

3. gr.

2. málsl. 3. mgr. 97. gr. laganna orðast svo: Yfirlýsingin á að lýsa þeirri eða þeim aðferðum sem notaðar voru við ákvörðun endurgjaldsins og skal þar lagt mat á hvort aðferðin eða aðferðirnar séu fullnægjandi í þessu tilviki.

4. gr.

Við 101. gr. laganna bætist ný málsgrein sem orðast svo:

Eigendum verðbréfa, sem sérstök réttindi fylgja, skulu í yfirtökufélaginu eigi veitt minni réttindi en þeir höfðu í hinu yfirtekna félagi nema fundur eigenda bréfanna, ef kveðið er á um slíkan fund í lögum, hafi samþykkt breytingar á réttindum, eigendur þeirra hafi samþykkt breytingarnar hver um sig eða eigendur eigi rétt til þess að yfirtökufélagið innleysi bréf þeirra.

5. gr.

1. mgr. 115. gr. laganna orðast svo:

Tilkynna skal hlutafélagaskrá stofnun útibús erlends einkahlutafélags. Ákvæði XVII. kafla um skráningu einkahlutafélaga varðandi tilkynningar um stofnun félaganna skulu gilda eftir því sem við á. Í tilkynningu um stofnun útibús skal tekið fram berum orðum eftir hvaða landslögum erlenda einkahlutafélagið starfar. Þá skal geta skrárinnar, þar sem erlenda hlutafélagið er skráð, ásamt skráningarnúmeri félagsins í þeirri skrá, svo og forms félagsins. Í tilkynningu um útibú erlends einkahlutafélags eða félags í samsvarandi lagalegu formi, sem á lögheimili og varnarþing í ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins, skal geta lagalegs forms félagsins, aðalstarfsstöðvar og tilgangs þess og minnst einu sinni á ári fjárhæðar hlutafjár ef þessar upplýsingar koma ekki fram í stofnsamningi og samþykktum eða skjölum með breytingu þar á. Séu útibú hins erlenda einkahlutafélags fleiri en eitt nægir að senda stofnsamning, samþykktir og tilkynningar um breytingar þar á, svo og ársreikninga félagsins, einu sinni en vísa með glöggum hætti í skráningu fyrra útibús, m.a. skráningarnúmer (kennitölu) útibúsins, sbr. 116. gr.

6. gr.

116. gr. laganna orðast svo:

Útibússtjóra ber að tilkynna hlutafélagaskrá allar breytingar á því sem skráð er, sbr. 123. gr. og 1. mgr. 115. gr.

Útibússtjóri skal senda hlutafélagaskrá ársreikninga aðalfélags og útibús innan sex mánaða frá lokum reikningsárs, sbr. 1. mgr. 115. gr.

7. gr.

117. gr. laganna orðast svo:

Ef hið erlenda félag er tekið til gjaldþrotaskipta eða félagsslitameðferðar skal útibússtjóri tafarlaust tilkynna hlutafélagaskrá það, svo og hverjir sjái um gjaldþrotaskiptin eða félagsslitameðferðina, hver völd þeirra séu og hvenær skiptunum eða meðferðinni ljúki. Sambærilegar upplýsingar skal gefa um greiðslustöðvun, nauðasamninga og samsvarandi gerðir. Gæta skal ákvæða 4. mgr. 1. gr.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 16. desember 1997.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Finnur Ingólfsson.

LÖG

um breytingu á lögum nr. 2/1995, um hlutafélög, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við 2. mgr. 27. gr. laganna bætist nýr málsliður sem orðast svo: Hlutabréf er heimilt samkvæmt ákvörðun stjórnar félagsins að gefa út með rafrænum hætti í verðbréfamiðstöð í samræmi við lög um rafræna skráningu verðbréfa.

2. gr.

4. tölul. 120. gr. laganna orðast svo: Frá hvaða tímamarki hlutirnir, sem hugsanlega eru látnir í té sem greiðsla, veiti rétt til arðs og sérstök skilyrði varðandi þann rétt.

3. gr.

2. málsl. 1. mgr. 121. gr. laganna orðast svo: Í greinargerðinni skal fjalla um efnahagslegar og lagalegar ástæður til grundvallar samrunaáætluninni, svo og ákvörðun endurgjalds fyrir hlutina, þar á meðal sérstök vandkvæði er tengjast ákvörðuninni.

4. gr.

2. málsl. 3. mgr. 122. gr. laganna orðast svo: Yfirlýsingin á að lýsa þeirri eða þeim aðferðum sem notaðar voru við ákvörðun endurgjaldsins og skal þar lagt mat á hvort aðferðin eða aðferðirnar séu fullnægjandi í þessu tilviki.

5. gr.

Við 126. gr. laganna bætist ný málsgrein sem orðast svo:

Eigendum annarra verðbréfa en hlutabréfa, sem sérstök réttindi fylgja, skulu í yfirtökufélaginu eigi veitt minni réttindi en þeir höfðu í hinu yfirtekna félagi nema fundur eigenda bréfanna, ef kveðið er á um slíkan fund í lögum, hafi samþykkt breytingar á réttindum, eigendur þeirra hafi samþykkt breytingarnar hver um sig eða eigendurnir eigi rétt til þess að yfirtökufélagið innleysi bréf þeirra.

6. gr.

2. og 3. mgr. 133. gr. laganna orðast svo:

Ákvæði 6.–8. gr., 1. mgr. 37. gr. og 119.–128. gr. gilda um skiptingu eftir því sem við á. Í skiptingaráætlun, sbr. 120. gr., skal vera nákvæm lýsing á þeim eignum og skuldum sem yfirfæra skal og úthlutað er til hvers viðtökufélags. Greina skal frá aðferðum sem lagðar eru til grundvallar við ákvörðun úthlutunar til hluthafa félagsins, sem skipt er, á hlutum í viðtökufélögum endurgjaldsins. Enn fremur skal í greinargerð félagsstjórna, sbr. 1. mgr. 121. gr., lýsa þeirri eða þeim aðferðum sem liggja til grundvallar úthlutun á hlutum. Þar skal greina sérstaklega frá samningu sérfræðiskýrslu á grundvelli 6.–8. gr. vegna greiðslu í öðru en reiðufé til hluthafa félagsins sem skipt er, svo og að skýrslan verði send hlutafélagaskrá. Stjórn eða framkvæmdastjórar félagsins, sem skipt er, skulu skýra hluthafafundi þess félags frá öllum umtalsverðum breytingum sem átt hafa sér stað á eignum og skuldum félagsins frá því að skiptingaráætlun var samin og þar til haldinn verður sá hluthafafundur félagsins sem taka skal ákvörðun um áætlunina, og auk þess stjórn eða framkvæmdastjórum viðtökufélaga svo að vitneskjunni verði komið til hluthafafunda viðtökufélaganna.

Ef kröfuhafi í félaginu, sem tekið hefur þátt í skiptingunni, fær ekki fullnustu kröfu sinnar í því félagi sem kröfuna skal greiða ber hvert hinna þátttökufélaganna óskipta ábyrgð á skuldbindingum sem stofnast höfðu þegar upplýsingar um skipingaráætlunina voru birtar. Ábyrgð hinna viðtökufélaganna takmarkast þó við nettóverðmæti þess sem við bættist í hverju einstöku viðtökufélagi þegar áætlunin var birt en ábyrgð félagsins, sem skipt er og heldur áfram starfsemi, takmarkast við nettóverðmæti þess sem var eftir í félaginu á sama tíma.

7. gr.

1. mgr. 141. gr. laganna orðast svo:

Tilkynna skal hlutafélagaskrá stofnun útibús erlends hlutafélags. Ákvæði XVII. kafla um skráningu hlutafélaga varðandi tilkynningar um stofnun félaganna skulu gilda eftir því sem við á. Í tilkynningu um stofnun útibús skal tekið fram berum orðum eftir hvaða landslögum erlenda hlutafélagið starfar. Þá skal geta skrárinnar, þar sem erlenda hlutafélagið er skráð, ásamt skráningarnúmeri félagsins í þeirri skrá, svo og forms félagsins. Í tilkynningu um útibú erlends hlutafélags eða félags í samsvarandi lagalegu formi, sem á lögheimili og varnarþing í ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins, skal geta lagalegs forms félagsins, aðalstarfsstöðvar og tilgangs þess og minnst einu sinni á ári fjárhæðar hlutafjár ef þessar upplýsingar koma ekki fram í stofnsamningi og samþykktum eða skjölum með breytingu þar á. Séu útibú hins erlenda hlutafélags fleiri en eitt nægir að senda stofnsamning, samþykktir og tilkynningar um breytingar þar á, svo og ársreikninga félagsins, einu sinni en vísa með glöggum hætti í skráningu fyrra útibús, m.a. skráningarnúmer (kennitölu) útibúsins, sbr. 142. gr.

8. gr.

142. gr. laganna orðast svo:

Útibússtjóra ber að tilkynna hlutafélagaskrá allar breytingar á því sem skráð er, sbr. 1. mgr. 141. gr. og 149. gr.

Útibússtjóri skal senda hlutafélagaskrá ársreikninga aðalfélags og útibús innan sex mánaða frá lokun reikningsárs, sbr. 1. mgr. 141. gr.

9. gr.

143. gr. laganna orðast svo:

Ef hið erlenda félag er tekið til gjaldþrotaskipta eða félagsslitameðferðar skal útibússtjóri tafarlaust tilkynna hlutafélagaskrá það, svo og hverjir sjái um gjaldþrotaskiptin eða félagsslitameðferðina, hver völd þeirra séu og hvenær skiptunum eða meðferðinni ljúki. Sambærilegar upplýsingar skal gefa um greiðslustöðvun, nauðasamninga og samsvarandi gerðir. Gæta skal ákvæða 5. mgr. 1. gr.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 16. desember 1997.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Finnur Ingólfsson.

STJÓRNARTÍÐINDI A 18 – 1997

Nr. 118 394 22. desember 1997

LÖG

um breyting á lögum um tekjuskatt og eignarskatt, nr. 75/1981, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Á eftir 4. mgr. 14. gr. laganna koma tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Hagnaður af sölu þeirra réttinda sem um ræðir í 50. gr. A telst að fullu til tekna á söluári og skiptir ekki máli hve lengi skattaðili hefur átt hin seldu réttindi. Hagnaður af sölu telst mismunur á söluverði annars vegar og kaupverði, eftir að frá því hafa verið dregnar fengnar fyrningar og niðurfærsla skv. 6. mgr., og að teknu tilliti til verðbreytinga samkvæmt ákvæðum 26. gr. hins vegar. Þegar ákveða skal hagnað af sölu aflahlutdeildar eða sambærilegra réttinda í sjávarútvegi skal á hverjum tíma litið svo á að fyrst sé seldur sá hluti aflahlutdeildar í sömu fisktegund sem skattaðili keypti fyrst en úthlutaðri aflahlutdeild sé ráðstafað eftir að öll keypt aflahlutdeild í tegundinni hefur verið seld.

Á því ári sem skattskyldur hagnaður af sölu aflahlutdeildar eða sambærilegra réttinda í sjávarútvegi skv. 5. mgr. færist til tekna er skattaðila heimilt að færa niður stofnverð aflahlutdeildar, sem keypt hefur verið á tekjuárinu eða á síðustu 12 mánuðum áður en salan fór fram, um fjárhæð sem nemur hinum skattskylda söluhagnaði. Þá getur skattaðili farið fram á frestun skattlagningar söluhagnaðarins um tvenn áramót, enda kaupi hann aflahlutdeild í sjávarútvegi innan þess tíma og færi hana niður um fjárhæð sem nemur hinum skattskylda söluhagnaði. Ef aflahlutdeild er ekki keypt innan tilskilins tíma samkvæmt þessari málsgrein telst söluhagnaðurinn með skattskyldum tekjum á öðru ári frá því er hann myndaðist, framreiknaður samkvæmt ákvæðum 26. gr. til þess árs þegar hann er tekjufærður, að viðbættu 10% álagi. Niðurfærsla eða frestun tekjufærslu samkvæmt þessari málsgrein er því aðeins heimil að yfirfæranleg rekstrartöp hafi verið jöfnuð.

2. gr.

Á eftir 50. gr. laganna kemur ný grein, 50. gr. A, svohljóðandi:

a. Stofnkostnað við kaup á réttindum sem ekki rýrna vegna notkunar er eigi heimilt að fyrna. Til stofnkostnaðar samkvæmt þessari málsgrein telst m.a. keyptur réttur til nýtingar á náttúruauðæfum, svo sem kaup á varanlegri aflahlutdeild og sambærilegum réttindum.

Gutenberg

Keypt leyfi til veiða í atvinnuskyni skv. 5. gr. laga nr. 38/1990 skal þó heimilt að telja til stofnkostnaðar með því skipi sem það er tengt og fer þá um fyrningar þess skv. 1. tölul. 32. gr., sbr. 1. tölul. 38. gr.

Um hagnað vegna sölu á ófyrnanlegum réttindum skv. 1. mgr. fer skv. 5. og 6. mgr. 14. gr. Verðmæti keyptra réttinda sem ekki er heimilt að fyrna er eigi heimilt að færa til frádráttar skattskyldum tekjum. Þó skal heimilt að telja til rekstrarkostnaðar skv. 31. gr. verðmæti þessara réttinda ef þau falla niður eða hlutfallslega ef þau eru skert verulega lögum samkvæmt.

b. Fyrirsögn á undan greininni orðast svo: *Ófyrnanleg réttindi.*

3. gr.

Við 74. gr. laganna bætist nýr töluliður sem orðast svo: Ófyrnanleg réttindi skv. 50. gr. A skal telja til eignar á stofnverði, sbr. 2. mgr. 10. gr., að frádregnum fengnum fyrningum og að frádreginni niðurfærslu skv. 6. mgr. 14. gr., eftir að stofnverð, fyrningar og niðurfærslur hafa verið hækkaðar eða lækkaðar í samræmi við ákvæði 26. gr.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Þó er rekstraraðilum, sem hafa keypt aflahlutdeild í sjávarútvegi fyrir gildistöku laga þessara, heimilt að fyrna þessi réttindi um allt að 20% á framtali vegna tekjuársins 1998, um allt að 15% á framtali vegna tekjuársins 1999 og um allt að 10% á framtali vegna tekjuársins 2000 og færa stofnverð keyptra aflahlutdeilda niður um þær fyrningar og fyrri fyrningar. Þó er ekki heimilt að fyrna þessi réttindi lengur en í fimm ár frá og með kaupári.

Þeim sem selt hafa aflahlutdeild fyrir gildistöku laga þessara og frestað skattlagningu söluhagnaðarins er heimilt að fara með söluhagnaðinn samkvæmt ákvæðum 13. gr.

Gjört í Reykjavík, 22. desember 1997.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Friðrik Sophusson.

STJÓRNARTÍÐINDI A 19 – 1997

Nr. 119 396 18. desember 1997

LÖG

um breytingu á lögum um lögskráningu sjómanna, nr. 43/1987, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 7. gr. laganna:

a. 7. tölul. 1. mgr. orðast svo: Yfirlýsingu um að skipverji hafi hlotið öryggisfræðslu í Slysavarnaskóla sjómanna eða á annan hátt. Veita má skipverja sem skráður er í fyrsta sinn sex mánaða frest til að fullnægja ákvæðinu.

b. Við bætist ný málsgrein sem orðast svo:
Samgönguráðherra er heimilt með reglugerð að setja það skilyrði fyrir lögskráningu að skipverjar sæki öryggisfræðslunámskeið skv. 7. tölul. 1. mgr. þessarar greinar eigi sjaldnar en á fimm ára fresti.

2. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða sem orðast svo:

Skipstjórnarmenn og aðrir skipverjar sem hafa skráð sig á námskeið hjá Slysavarnaskóla sjómanna fyrir 1. janúar 1998 fá frest til 1. apríl 1999 til að fullnægja skilyrðum 7. tölul. 1. mgr. 7. gr. laganna.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 18. desember 1997.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Halldór Blöndal.

Gutenberg

FJÁRAUKALÖG

fyrir árið 1997.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 1. gr. fjárlaga fyrir árið 1997:

	m.kr.
Tekjur	
Tekjuskattar	1.408,0
Tryggingagjöld, launaskattar	610,0
Eignarskattar	244,0
Skattar á vörur og þjónustu	2.599,0
Aðrar tekjur	696,0
Tekjur samtals	**5.557,0**
Gjöld	
Æðsta stjórn ríkisins	56,9
Forsætisráðuneyti	92,0
Menntamálaráðuneyti	161,7
Utanríkisráðuneyti	492,6
Landbúnaðarráðuneyti	229,8
Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	50,6
Félagsmálaráðuneyti	255,1
Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti	1.981,5
Fjármálaráðuneyti	3.565,6
Samgönguráðuneyti	384,3
Iðnaðarráðuneyti	107,2
Viðskiptaráðuneyti	52,8
Hagstofa Íslands	4,2
Umhverfisráðuneyti	95,2
Gjöld samtals	**7.529,5**
Áætluð yfirfærsla heimilda til næsta árs	-1.134,0
Tekjur umfram gjöld	**-838,5**
Lánahreyfingar	
Veitt lán, nettó	3.495,0
Hrein lánsfjárþörf A-hluta ríkissjóðs	**4.333,5**
Afborganir af teknum lánum	4.589,0
Heildarlánsfjárþörf A-hluta ríkissjóðs	**8.922,5**
Lántökur	8.900,0
Greiðslujöfnuður, sjóðsbreyting	**-22,5**

2. gr.

m.kr.

Sundurliðun gjalda skv. 1. gr. á liði og viðfangsefni er þessi:

00 Æðsta stjórn ríkisins

00-101 Embætti forseta Íslands

Stofnkostnaður:	
6.11 Bifreiðar	2,1

00-201 Alþingi

Almennur rekstur:	
1.01 Alþingiskostnaður	15,8
1.03 Þingmálaskrifstofa	3,9
1.04 Rekstrarskrifstofa	2,8
1.05 Alþjóðasamstarf þingmanna	2,5
Almennur rekstur samtals	25,0
Viðhaldsverkefni:	
5.20 Fasteignir	11,5
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	4,0
6.21 Fasteignir	3,0
Stofnkostnaður samtals	7,0
Gjöld samtals	**43,5**

00-520 Opinberar heimsóknir

Almennur rekstur:	
1.01 Opinberar heimsóknir	8,8

00-999 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:	
1.11 Undirbúningur að 1000 ára afmæli kristnitöku	2,5

00 Æðsta stjórn ríkisins, gjöld umfram tekjur	**56,9**
Greitt úr ríkissjóði	**56,9**

m.kr.

01 Forsætisráðuneyti

01-101 Forsætisráðuneyti, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:
1.01 Yfirstjórn 7,0

01-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:
1.91 Heimssýning í Lissabon 20,0

01-201 Fasteignir forsætisráðuneytis

Viðhaldsverkefni:
5.20 Stjórnarráðshús 60,0

01-902 Þjóðgarðurinn á Þingvöllum

Stofnkostnaður:
6.01 Nýframkvæmdir 5,0

01 Forsætisráðuneyti, gjöld umfram tekjur **92,0**
Greitt úr ríkissjóði **92,0**

m.kr.

02 Menntamálaráðuneyti

02-239 Rannsóknarnámssjóður

Almennur rekstur:
1.01 Rannsóknarnámssjóður 8,0

02-299 Háskóla- og rannsóknastarfsemi

Almennur rekstur:
1.61 Norræna eldfjallastöðin 4,0

02-318 Framhaldsskólar, viðhald og stofnkostnaður

Viðhaldsverkefni:
5.90 Viðhald 4,5

Stofnkostnaður:
6.90 Byggingarframkvæmdir 60,0

Gjöld samtals **64,5**

02-319 Framhaldsskólar, almennt

Almennur rekstur:
1.40 Framhaldsskólar, óskipt 50,0

02-720 Grunnskólar, almennt

Almennur rekstur:
1.31 Sérstök fræðsluverkefni 36,7

02-905 Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn

Almennur rekstur:
1.01 Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn 7,0

02-969 Menningarstofnanir, viðhald og stofnkostnaður

Stofnkostnaður:
6.21 Stofnkostnaður 33,0

m.kr.

02-972 Íslenski dansflokkurinn

Almennur rekstur:
1.01 Íslenski dansflokkurinn 8,2

02-982 Listir, framlög

Almennur rekstur:
1.90 Listir 8,3

02-985 Alþjóðleg samskipti

Almennur rekstur:
1.91 Aðildargjöld ESB ..... -60,0

02-989 Ýmis íþróttamál

Almennur rekstur:
1.90 Ýmis íþróttamál 2,0

02 Menntamálaráðuneyti, gjöld umfram tekjur **161,7**
Greitt úr ríkissjóði **161,7**

m.kr.

03 Utanríkisráðuneyti

03-101 Utanríkisráðuneyti, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	27,2
1.02 Varnarmálaskrifstofa	13,2
Almennur rekstur samtals	40,4
Gjöld samtals	**40,4**

03-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:	
1.90 Ýmis verkefni	17,4

03-306 Sendiráð Íslands í París og fastanefnd hjá Evrópuráðinu, OECD og UNESCO

Almennur rekstur:	
1.01 Sendiráð Íslands í París og fastanefnd hjá Evrópuráðinu, OECD og UNESCO	7,4

03-308 Sendiráð Íslands í Washington

Almennur rekstur:	
1.01 Sendiráð Íslands í Washington	5,0

03-317 Sendiráð Íslands í Helsinki

Almennur rekstur:	
1.01 Sendiráð Íslands í Helsinki	7,5

03-318 Fastanefnd Íslands hjá Evrópuráðinu

Almennur rekstur:	
1.01 Fastanefnd Íslands hjá Evrópuráðinu	14,7

m.kr.

03-320 Sendiráð, almennt

Stofnkostnaður:
6.22 Sendiráð Íslands í Washington 95,0
6.23 Sendiráð Íslands í London 290,0
6.90 Tæki og búnaður 6,0
Stofnkostnaður samtals 391,0

Gjöld samtals **391,0**

03-390 Þróunarsamvinnustofnun Íslands

Almennur rekstur:
1.01 Þróunarsamvinnustofnun Íslands 3,0

03-391 Þróunarmál og alþjóðleg hjálparstarfsemi

Almennur rekstur:
1.22 Aðstoð Íslands við endurreisnarstarf í Bosníu-Herzegóvínu 1,4

03-401 Alþjóðastofnanir

Almennur rekstur:
1.90 Alþjóðastofnanir, óskipt 4,8

03 Utanríkisráðuneyti, gjöld umfram tekjur **492,6**
Greitt úr ríkissjóði **492,6**

m.kr.

04 Landbúnaðarráðuneyti

04-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:
1.90 Ýmis verkefni 10,5

04-233 Yfirdýralæknir

Almennur rekstur:
1.01 Yfirdýralæknir 8,0

Stofnkostnaður:
6.21 Krufningastofa á Keldum 7,0

Gjöld samtals **15,0**

04-801 Greiðslur vegna mjólkurframleiðslu

Almennur rekstur:
1.01 Beinar greiðslur til bænda 64,0
1.02 Lífeyrissjóður bænda 1,5
Almennur rekstur samtals 65,5

Gjöld samtals **65,5**

04-805 Greiðslur vegna sauðfjárframleiðslu

Almennur rekstur:
1.05 Niðurgreiðslur á ull og gærum 38,8

04-831 Jarðasjóður og Jarðeignir ríkisins

Stofnkostnaður:
6.20 Jarðasjóður og Jarðeignir ríkisins 100,0

04 Landbúnaðarráðuneyti, gjöld umfram tekjur **229,8**
Greitt úr ríkissjóði **229,8**

m.kr.

06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti

06-321 Almannavarnir ríkisins

Almennur rekstur:
1.01 Almannavarnir ríkisins 2,0

06-390 Ýmis löggæslukostnaður

Almennur rekstur:
1.10 Ýmis löggæslukostnaður 4,5
1.13 Undirbúningur að smíði varðskips 6,0
Almennur rekstur samtals 10,5

Gjöld samtals **10,5**

06-395 Landhelgisgæsla Íslands

Almennur rekstur:
1.90 Landhelgisgæsla Íslands 20,0

06-426 Sýslumaðurinn á Seyðisfirði

Almennur rekstur:
1.40 Tollgæsla 1,0

06-490 Ýmis rekstrarkostnaður sýslumannsembætta

Almennur rekstur:
1.10 Ýmis sameiginlegur kostnaður 9,5

06-491 Húsnæði og búnaður sýslumanna

Stofnkostnaður:
6.60 Upplýsingakerfi sýslumanna 4,8

06-701 Biskup Íslands

Almennur rekstur:
1.21 Prestar og prófastar 2,8

06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti, gjöld umfram tekjur **50,6**
Greitt úr ríkissjóði **50,6**

m.kr.

07 Félagsmálaráðuneyti

07-302 Ríkissáttasemjari

Almennur rekstur:

1.01 Ríkissáttasemjari	5,0

07-331 Vinnueftirlit ríkisins

Almennur rekstur:

1.01 Vinnueftirlit ríkisins	40,0

07-701 Málefni fatlaðra, Reykjavík

Almennur rekstur:

1.20 Sambýli	8,8
1.26 Sambýli Stigahlíð 71	1,2
Almennur rekstur samtals	10,0
Gjöld samtals	**10,0**

07-705 Málefni fatlaðra, Norðurlandi vestra

Almennur rekstur:

1.20 Sambýli	3,0

07-707 Málefni fatlaðra, Austurlandi

Almennur rekstur:

1.01 Svæðisskrifstofa	1,6
1.20 Sambýli Egilsstöðum	1,3
Almennur rekstur samtals	2,9
Gjöld samtals	**2,9**

07-708 Málefni fatlaðra, Suðurlandi

Almennur rekstur:

1.20 Sambýli Selfossi	8,2

m.kr.

07-710 Meðferðarheimili og sambýli einhverfra

Almennur rekstur:
1.70 Heimili einhverfra 0,7

07-711 Styrktarfélag vangefinna

Almennur rekstur:
1.20 Sambýli 8,0

07-750 Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins

Almennur rekstur:
1.01 Yfirstjórn 2,5

07-801 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga

Almennur rekstur:
1.10 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga 84,0

07-980 Vinnumálaskrifstofa

Almennur rekstur:
1.01 Yfirstjórn 80,0

07-999 Félagsmál, ýmis starfsemi

Almennur rekstur:
1.90 Ýmis framlög 10,8

07 Félagsmálaráðuneyti, gjöld umfram tekjur **255,1**
Greitt úr ríkissjóði **255,1**

m.kr.

08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti

08-201 Tryggingastofnun ríkisins

Almennur rekstur:
1.01 Tryggingastofnun ríkisins 37,0

08-203 Bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð

Almennur rekstur:
1.10 Bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð 150,0

08-204 Lífeyristryggingar

Almennur rekstur:
1.10 Lífeyristryggingar 660,0

08-206 Sjúkratryggingar

Almennur rekstur:
1.10 Sjúkratryggingar 458,1

08-368 Sólvangur, Hafnarfirði

Almennur rekstur:
1.01 Sólvangur, Hafnarfirði 20,0

08-371 Ríkisspítalar

Almennur rekstur:
1.01 Ríkisspítalar 154,0

08-375 Sjúkrahús Reykjavíkur

Almennur rekstur:
1.01 Sjúkrahús Reykjavíkur 166,0

08-379 Sjúkrahús, óskipt

Almennur rekstur:
1.01 Óskipt framlag til reksturs sjúkrahúsa 200,0

m.kr.

08-381 Sjúkrahús og læknisbústaðir

Stofnkostnaður:
6.90 Bygging sjúkrahúsa, heilsugæslustöðva og læknisbústaða 4,0

08-435 Hlein, heimili fyrir heilaskaddaða

Almennur rekstur:
1.01 Hlein, heimili fyrir heilaskaddaða 15,5

08-490 Vistun ósakhæfra afbrotamanna

Almennur rekstur:
1.01 Vistun ósakhæfra afbrotamanna 2,6

08-500 Heilsugæslustöðvar, almennt

Almennur rekstur:
1.10 Heilsugæslustöðvar, almennt 36,4

08-511 Heilsugæsla í Reykjavík, Austurbæjarumdæmi nyrðra

Almennur rekstur:
1.10 Heilsugæslustöðin Árbæ 1,2
1.20 Heilsugæslustöðin Grafarvogi 1,2
Almennur rekstur samtals 2,4

Gjöld samtals **2,4**

08-512 Heilsugæsla í Reykjavík, Austurbæjarumdæmi syðra

Almennur rekstur:
1.10 Heilsugæslustöðin Efra-Breiðholti 1,3
1.20 Heilsugæslustöðin Mjódd 1,2
Almennur rekstur samtals 2,5

Gjöld samtals **2,5**

08-513 Heilsugæsla í Reykjavík, Miðbæjarumdæmi

Almennur rekstur:
1.10 Heilsugæslustöðin Fossvogi 1,3

m.kr.

08-514 Heilsugæsla í Reykjavík, Vesturbæjarumdæmi

Almennur rekstur:	
1.10 Heilsugæslustöðin Hlíðum	1,3
1.20 Heilsugæslustöðin Miðbæ	1,3
Almennur rekstur samtals	2,6
Gjöld samtals	**2,6**

08-522 Heilsugæslustöðin Borgarnesi

Almennur rekstur:	
1.01 Heilsugæslustöðin Borgarnesi	0,5

08-524 Heilsugæslustöðin Ólafsvík

Almennur rekstur:	
1.01 Heilsugæslustöðin Ólafsvík	4,4

08-526 Heilsugæslustöðin Búðardal

Almennur rekstur:	
1.01 Heilsugæslustöðin Búðardal	1,4

08-541 Heilsugæslustöðin Hvammstanga

Almennur rekstur:	
1.01 Heilsugæslustöðin Hvammstanga	1,4

08-542 Heilsugæslustöðin Blönduósi

Almennur rekstur:	
1.01 Heilsugæslustöðin Blönduósi	1,4

08-543 Heilsugæslustöðin Sauðárkróki

Almennur rekstur:	
1.01 Heilsugæslustöðin Sauðárkróki	1,4

m.kr.

08-544 Heilsugæslustöðin Siglufirði

Almennur rekstur:
1.01 Heilsugæslustöðin Siglufirði 1,4

08-553 Heilsugæslustöðin Akureyri

Almennur rekstur:
1.01 Heilsugæslustöðin Akureyri 7,4

08-572 Heilsugæslustöðin Vík í Mýrdal

Almennur rekstur:
1.01 Heilsugæslustöðin Vík í Mýrdal 1,0

08-573 Heilsugæslustöðin Vestmannaeyjum

Almennur rekstur:
1.01 Heilsugæslustöðin Vestmannaeyjum 0,8

08-576 Heilsugæslustöðin Laugarási

Almennur rekstur:
1.01 Heilsugæslustöðin Laugarási 5,0

08-582 Heilsugæslustöðin Hafnarfirði

Almennur rekstur:
1.01 Heilsugæslustöðin Hafnarfirði 8,2

08-584 Heilsugæslustöðin Kópavogi

Almennur rekstur:
1.01 Heilsugæslustöðin Kópavogi 1,4

08-585 Heilsugæslustöðin Seltjarnarnesi

Almennur rekstur:
1.01 Heilsugæslustöðin Seltjarnarnesi 1,4

m.kr.

08-950 Rekstrarhagræðing

Almennur rekstur:

1.90 Rekstrarhagræðing 32,0

08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, gjöld umfram tekjur 1.981,5

Greitt úr ríkissjóði 1.981,5

m.kr.

09 Fjármálaráðuneyti

09-381 Uppbætur á lífeyri

Almennur rekstur:

1.01 Uppbætur á lífeyri	-50,0

09-481 Útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum

Stofnkostnaður:

6.01 Útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum	60,0

09-801 Ýmis lán ríkissjóðs, vextir

Almennur rekstur:

1.10 Ýmis lán ríkissjóðs, vextir	3.020,0

09-989 Launa- og verðlagsmál

Almennur rekstur:

1.90 Launa- og verðlagsmál	-560,0
1.95 Yfirfærðar rekstrar- og tilfærsluheimildir frá fyrra ári	324,0
Almennur rekstur samtals	-236,0

Viðhaldsverkefni:

5.95 Yfirfærðar viðhaldsheimildir frá fyrra ári	-77,6

Stofnkostnaður:

6.95 Yfirfærðar stofnkostnaðarheimildir frá fyrra ári	792,8
Gjöld samtals	**479,2**

Þjónustutekjur:

Þjónustutekjur	34,4
Gjöld umfram tekjur	**513,6**

09-995 Skýrsluvélakostnaður

Almennur rekstur:

1.03 Skattvinnslukerfi	17,0
1.04 Bókhalds- og áætlanakerfi ríkisins	5,0
Almennur rekstur samtals	22,0
Gjöld samtals	**22,0**

09 Fjármálaráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**3.565,6**
Greitt úr ríkissjóði	**3.565,6**

m.kr.

10 Samgönguráðuneyti

10-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:	
1.14 Tækniþróunarverkefni á sviði flugmála í Namibíu	8,0
1.20 Rannsóknanefnd sjóslysa	7,5
1.70 Útsending bandarísks morgunþáttar frá Íslandi	2,3
1.90 Ýmislegt	9,5
Almennur rekstur samtals	27,3
Gjöld samtals	**27,3**

10-211 Vegagerðin

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	10,0
1.11 Styrkir til sérleyfishafa	16,0
Almennur rekstur samtals	26,0
Viðhaldsverkefni:	
5.10 Viðhald	20,0
Stofnkostnaður:	
6.10 Nýframkvæmdir	215,0
6.55 Ferjur og flóabátar	70,0
Stofnkostnaður samtals	285,0
Gjöld samtals	**331,0**

10-335 Siglingastofnun Íslands

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	30,5

10-472 Flugvellir

Stofnkostnaður:	
6.80 Flugvellir, framkvæmdir	-4,5

10 Samgönguráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**384,3**
Greitt úr ríkissjóði	**384,3**

m.kr.

11 Iðnaðarráðuneyti

11-101 Iðnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:

1.01 Yfirstjórn	10,0

11-240 Iðnaðarrannsóknir og stóriðja

Almennur rekstur:

1.41 Vegalagning vegna álvers á Grundartanga	34,0

11-301 Orkustofnun

Almennur rekstur:

1.03 Orkurannsóknir	9,6

11-399 Ýmis orkumál

Almennur rekstur:

1.14 Aðstoð við litlar hitaveitur	3,6
1.15 Niðurgreiðsla á rafhitun	50,0
Almennur rekstur samtals	53,6
Gjöld samtals	**53,6**

11 Iðnaðarráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**107,2**
Greitt úr ríkissjóði	**107,2**

m.kr.

12 Viðskiptaráðuneyti

12-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:
1.90 Ýmis viðskipta- og bankamál 5,3

Þjónustutekjur:
Þjónustutekjur 2,0

Gjöld umfram tekjur **7,3**

12-301 Löggildingarstofan

Almennur rekstur:
1.01 Löggildingarstofan 45,5

12 Viðskiptaráðuneyti, gjöld umfram tekjur **52,8**
Greitt úr ríkissjóði **52,8**

13 Hagstofa Íslands

m.kr.

13-101 Hagstofa Íslands, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:

1.01 Yfirstjórn 4,2

13 Hagstofa Íslands, gjöld umfram tekjur **4,2**

Greitt úr ríkissjóði **4,2**

m.kr.

14 Umhverfisráðuneyti

14-101 Umhverfisráðuneyti, aðalskrifstofa

Viðhaldsverkefni:
5.21 Fasteignir 6,0

14-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:
1.39 Mengunarslys 3,0

14-205 Náttúruvernd ríkisins

Almennur rekstur:
1.01 Yfirstjórn 3,5

14-210 Veiðistjóri

Almennur rekstur:
1.01 Veiðistjóri 1,5

14-221 Hollustuvernd ríkisins

Almennur rekstur:
1.01 Hollustuvernd ríkisins 11,4

14-285 Spilliefnasjóður

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur 14,4
1.10 Eyðing spilliefna 38,6
Almennur rekstur samtals 53,0

Gjöld samtals **53,0**

14-401 Náttúrufræðistofnun Íslands

Almennur rekstur:
1.02 Setur í Reykjavík 1,5

	m.kr.
14-410 Veðurstofa Íslands	
Almennur rekstur:	
1.01 Almenn starfsemi	15,3
14 Umhverfisráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**95,2**
Greitt úr ríkissjóði	**95,2**

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 18. desember 1997.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Friðrik Sophusson.

22. desember 1997 Nr. 121

LÖG

um ríkisábyrgðir.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkissjóður má aldrei takast á hendur ábyrgðarskuldbindingar, nema heimild sé veitt til þess í lögum. Ríkissjóður má ekki ganga í sjálfskuldarábyrgð, nema sérstaklega sé kveðið á um það í lögum þeim sem ábyrgð heimila. Um veitingu ríkisábyrgða fer að öðru leyti eftir ákvæðum laga þessara.

Ákvæði laga þessara gilda einnig um endurlán ríkissjóðs eftir því sem við á. Endurlán verða þó ekki veitt aðilum utan B- og C-hluta ríkissjóðs, nema sérstaklega sé kveðið á um það í lögum sem ábyrgð heimila.

2. gr.

Í frumvarpi sem fjármálaráðherra leggur fram um veitingu ríkisábyrgða skal liggja fyrir umsögn Ríkisábyrgðasjóðs samkvæmt lögum nr. 43/1990, um Lánasýslu ríkisins, á eftirtöldum þáttum:

1. Mat á greiðsluhæfi skuldara.
2. Mat á afskriftaþörf vegna áhættu af ábyrgðum.
3. Mat á tryggingum sem lagðar verða fram vegna ábyrgðarinnar. Fjármálaráðherra er heimilt í reglugerð að ákveða hámark veðsetningarhlutfalls.
4. Mat á áhrifum ríkisábyrgða á samkeppni á viðkomandi sviði.

3. gr.

Ríkissjóði er óheimilt að takast á hendur ríkisábyrgð nema að fullnægðum eftirfarandi skilyrðum:

1. Kveðið sé á um heimild til ríkisábyrgðar í lögum þeim sem ábyrgð heimila.
2. Ef lánsfjárþörfina er ekki hægt að uppfylla á almennum lánamarkaði og sýnt þykir að starfsemin sé hagkvæm.
3. Ábyrgðarþegi leggi fram a.m.k. 20% af heildarfjárþörf verkefnisins.
4. Ábyrgðarþegi leggi fram viðeigandi tryggingar að mati Ríkisábyrgðasjóðs.

Ábyrgð ríkissjóðs skal ekki nema hærra hlutfalli en 75% af lánsfjárþörf verkefnis sem veitt er ríkisábyrgð.

Ríkissjóði er óheimilt að takast á hendur ábyrgð fyrir aðila sem er í vanskilum við ríkissjóð eða Ríkisábyrgðasjóð.

4. gr.

Hver sá sem ríkissjóður gengur í ábyrgð fyrir, ábyrgðarþegi, skal greiða við ábyrgðarveitingu í ríkissjóð áhættugjald er nemi 0,25–4,00% af höfuðstól ábyrgðarskuldbindingar fyrir hvert ár lánstímans. Áhættugjaldið skal greiða í upphafi lánstíma og rennur það í ríkissjóð. Áhættugjald skal ákveðið af Ríkisábyrgðasjóði og taka mið af þeirri áhættu sem talin er vera af ábyrgðinni og hvort um einfalda ábyrgð eða sjálfskuldarábyrgð er að ræða.

Ábyrgðarþegi skal greiða afgreiðslugjald samkvæmt gjaldskrá sem fjármálaráðherra setur. Skal það taka mið af kostnaði við afgreiðslu og mat á viðkomandi ábyrgð. Afgreiðslugjaldið skal renna til Ríkisábyrgðasjóðs.

Lánveitandi annast innheimtu áhættu- og afgreiðslugjalda hjá ábyrgðarþega.

5. gr.

Ríkisábyrgðasjóður skal halda afskriftareikning vegna veittra ábyrgða. Afskriftareikningur sjóðsins skal á hverjum tíma gefa raunhæfa mynd af áætluðum afskriftum allra ábyrgða sjóðsins. Jafnharðan og ákvarðanir eru teknar um ábyrgðir, sbr. 3. gr., leggur sjóðurinn við afskriftareikning fjárhæð sem nemur áætlaðri afskriftaþörf.

Eigi sjaldnar en árlega skal endurmeta áhættu og afskriftaþörf Ríkisábyrgðasjóðs vegna ábyrgða og endurlána og á grundvelli þess endurákvarða framlag á afskriftareikning. Leiði sú endurskoðun í ljós að varasjóður Ríkisábyrgðasjóðs nægi ekki til að mæta þannig metnum skuldbindingum skal fjármálaráðherra gera Alþingi viðvart og gera tillögu um aðgerðir til að koma jafnvægi á fjárhag sjóðsins.

Ríkisábyrgðasjóður skal fylgjast með rekstri þeirra aðila er ríkissjóður hefur gengið í ábyrgð fyrir eða veitt lán. Ábyrgðarþegum er skylt að láta Ríkisábyrgðasjóði í té ársreikninga og hverjar þær skýrslur og gögn er nauðsynleg teljast til þess að hann geti rækt þetta eftirlit. Verði dráttur á afhendingu umbeðinna upplýsinga er ráðherra heimilt að beita dagsektum uns gögnin eru komin fram. Um fjárhæð dagsekta skal nánar kveðið á í gjaldskrá er fjármálaráðherra setur. Dagsektir þessar skal ákveða með ábyrgðarbréfi, og má innheimta þær með aðför.

6. gr.

Bankar, lánasjóðir, lánastofnanir, fyrirtæki og aðrir þeir aðilar sem lögum samkvæmt njóta, eða hafa notið, ábyrgðar ríkissjóðs, hvort sem hún er tilkomin vegna eignaraðildar ríkissjóðs eða annars, skulu greiða ábyrgðargjald af þeim skuldbindingum sínum sem ríkisábyrgð er á. Almennar viðskiptaskuldir og eftirlauna- og lífeyrisskuldbindingar skulu þó undanþegnar gjaldinu.

Ábyrgðargjald skv. 1. mgr. nemur 0,0625% á ársfjórðungi af höfuðstól gjaldskyldra erlendra skuldbindinga og 0,0375% á ársfjórðungi af höfuðstól gjaldskyldra innlendra skuldbindinga eins og hann er að meðaltali á hverju gjaldtímabili, sbr. 8. gr. Gjaldið rennur í ríkissjóð.

7. gr.

Lán sem áhættugjald skv. 4. gr. hefur verið greitt af, húsbréf útgefin af húsbréfadeild Byggingarsjóðs ríkisins, skuldbindingar vegna innstæðna á innlánsreikningum í innlánsstofnunum og útflutningsábyrgða með ríkisábyrgð og Seðlabanki Íslands eru undanþegin greiðslu ábyrgðargjalds skv. 6. gr.

Ábyrgðargjald vegna skuldbindinga fyrirtækja, sem eru að hluta í eigu ríkissjóðs, skal reikna í sama hlutfalli og eignaraðild ríkissjóðs nemur. Eignaraðild ríkissjóðs í félögum og fyrirtækjum þar sem ábyrgð eigenda takmarkast við framlag þeirra, t.d. í hlutafélögum, veldur ekki gjaldskyldu.

8. gr.

Ríkisábyrgðasjóður annast útreikning, álagningu og innheimtu áhættugjalds skv. 4. gr. og ábyrgðargjalds skv. 6. gr. Ábyrgðarþegi skal veita Ríkisábyrgðasjóði allar þær upplýsingar sem hann telur nauðsynlegar í því sambandi.

Gjaldskyldir aðilar skv. 6. gr. skulu skila skýrslu í því formi sem Ríkisábyrgðasjóður ákveður þar sem fram komi brúttófjárhæð allra gjaldskyldra skuldbindinga eins og höfuðstóll þeirra er hinn 10., 20. og síðasta dag hvers mánaðar á hverju gjaldtímabili. Gjaldstofn ábyrgðargjalds er einfalt meðaltal fyrrgreindra fjárhæða.

Ábyrgðargjaldi skv. 6. og 7. gr. skal skila, ásamt skýrslu skv. 2. mgr., ársfjórðungslega eftir á. Gjalddagi vegna hvers ársfjórðungs er 15. dagur næsta mánaðar eftir að gjaldtímabili lýkur. Sé ábyrgðargjald ekki greitt á gjalddaga skal greiða ríkissjóði dráttarvexti af því sem gjaldfallið er skv. 10. gr. laga nr. 25/1987, með síðari breytingum.

9. gr.

Fjármálaráðherra skal með reglugerð setja nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

10. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1998. Falla þá úr gildi lög nr. 37/1961, um ríkisábyrgðir, með síðari breytingum.

Ákvæði til bráðabirgða.

Eftir gildistöku laga þessara skal fara fram athugun á fjárhagsstöðu Ríkisábyrgðasjóðs með það að markmiði að leiða í ljós áhættu sjóðsins og meta hvort ríkissjóður þarf að leggja sjóðnum til fjármagn til að eignir sjóðsins standist á við skuldbindingar hans. Uppgjör þetta skal miðast við gildistöku laga þessara.

Gjört á Bessastöðum, 22. desember 1997.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Friðrik Sophusson.

LÖG

um breytingu á lögum nr. 50/1984, um lífeyrissjóð bænda, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. mgr. 2. gr. laganna orðast svo:

Sjóðfélagar skulu vera allir bændur og makar þeirra. Ef maki bónda er ekki aðili að búrekstri og á sjálfsagða fulla aðild að öðrum lífeyrissjóði er sjóðstjórn heimilt að veita undanþágu frá sjóðsaðild að Lífeyrissjóði bænda. Bóndi í þessu sambandi, þar með talinn aðili að félagsbúi, einkahlutafélagi eða öðru lögformlegu búrekstrarformi, telst sá er stundar búskap á lögbýli þar sem hann á lögheimili, og búrekstur fellur undir atvinnugreinanúmer 01 og 02 í atvinnugreinaflokkun Hagstofu Íslands, sbr. ÍSAT 95, þó ekki starfsemi í undirflokkum 01.4, 01.5 og 02.02, enda hafi hann náð 16 ára aldri á næsta almanaksári á undan. Búi bóndi í óvígðri sambúð skulu bæði vera sjóðfélagar ef þau eiga sameiginlegt lögheimili og sambúðin hefur skriflega verið tilkynnt Hagstofu Íslands eða sjóðstjórn, sbr. 2. málsl.

2. gr.

Á 5. gr. laganna verða eftirtaldar breytingar:

a. 2. mgr. orðast svo:
Heimilt er sjóðstjórn að veita lán til sjóðfélaga gegn veði í fasteign.

b. 4. mgr. fellur brott.

3. gr.

2. mgr. 6. gr. laganna fellur brott.

4. gr.

7. gr. laganna orðast svo:

Iðgjaldsstofn vegna bænda og maka þeirra, sem starfa að búrekstri, skal vera reiknuð laun þeirra í landbúnaði samkvæmt ákvæðum laga um tekjuskatt og eignarskatt. Með búrekstri í þessu sambandi er átt við búrekstur samkvæmt atvinnugreinanúmerum 01 og 02 í atvinnugreinaflokkun Hagstofu Íslands, sbr. ÍSAT 95, þó ekki starfsemi í undirflokkum 01.4, 01.5 og 02.02. Iðgjald þeirra bænda og maka þeirra sem reikna sér ekki laun heldur þiggja laun frá einkahlutafélagi eða öðrum lögaðila sem rekur bú, sbr. 1. mgr. 2. gr., skal reiknað af heildarfjárhæð greiddra launa.

Iðgjald sjóðfélaga skv. 1. mgr. 2. gr. skal vera 4% af iðgjaldsstofni skv. 1. mgr. þessarar greinar. Á móti iðgjaldi sjóðfélaga skal greitt mótframlag sem skal vera 50% hærra en iðgjald skv. 1. málsl. Mótframlag skal greitt af sjóðfélaga sé ekki samið um greiðslu þess úr ríkissjóði í búvörusamningi eða með öðrum sambærilegum hætti.

Á greiðsludögum beingreiðslna samkvæmt búvörulögum skal halda eftir af þeim hjá sjóðfélögum, sem beingreiðslna njóta, iðgjaldi þessara sjóðfélaga fyrir það tímabil og skila því til sjóðsins. Nú nýtur bóndi ekki beingreiðslna og skal þá iðgjald innheimt samtímis og með búnaðargjaldi. Stofn til greiðslu upp í iðgjald skal vera reiknuð laun eða heildarlaun á næstliðnu tekjuári, enda liggi ekki fyrir upplýsingar um reiknuð laun eða laun yfirstandandi árs.

Iðgjöldum, sem innheimt eru skv. 1. og 2. málsl., skal skilað til sjóðsins eigi síðar en 30 dögum eftir að þau eru greidd og skulu þau sundurliðuð eftir sjóðfélögum.

Greiðsla upp í iðgjald skv. 2. málsl. 3. mgr. skal fara fram með fimm jöfnum mánaðarlegum greiðslum, mánuðina ágúst til desember á tekjuárinu. Gjalddagar iðgjaldagreiðslu skulu vera fyrsti dagur mánaðanna ágúst til og með desember.

Heimilt er sjóðfélaga að sækja um breytingu á iðgjaldagreiðslu vegna breytinga á reiknuðum launum eða greiddum launum sem eiga sér stað á árinu. Slíka umsókn skal senda sjóðnum sem úrskurðar um breytingu greiðsluskyldunnar. Skal að jafnaði ekki taka til greina umsókn nema fyrirsjáanlegt sé að iðgjald breytist sem nemur 25%, þó að lágmarki 10.000 kr., á milli ára.

Frá greiðsluskyldu iðgjaldi skv. 2. mgr. skal draga þá fjárhæð sem greidd hefur verið upp í iðgjald skv. 3., sbr. 4. mgr. Ef iðgjald er hærra en greiðsla upp í iðgjald skal því sem á vantar haldið eftir af beingreiðslu eða innheimt samhliða búnaðargjaldi, eftir því sem við á, á næsta gjalddaga eftir álagningu. Sé iðgjaldið lægra en greitt hefur verið upp í iðgjald skulu vextir reiknaðir á endurgreiðslu samkvæmt vaxtalögum.

Nú hefur sjóðfélagi sem greiðir iðgjald skv. 1. mgr. atvinnutekjur af öðru en búrekstri og þessi störf veita ekki sjálfsagða aðild að öðrum lífeyrissjóði og er honum þá heimilt að greiða iðgjöld af slíkum tekjum til þessa sjóðs. Iðgjöld skulu vera 10% af tryggðum tekjum og teljast 4% vera iðgjöld sjóðfélaga en 6% framlag vinnuveitanda.

Iðgjöld launþega sem eru sjóðfélagar skv. 2. mgr. 2. gr. skulu vera 10% af launum. Teljast 4% vera iðgjald sjóðfélaga en 6% framlag vinnuveitanda. Reki lögaðili búskap skal þó iðgjald skv. 2. mgr., meðan til hrekkur, teljast mótframlag vegna forstöðumanns búsins og maka hans, sambúðarkonu eða sambúðarmanns.

Gjalddagi iðgjalda og framlaga hvers mánaðar skv. 7. og 8. mgr. er tíundi dagur næsta mánaðar. Sé um að ræða sumarfólk, sem einungis starfar á tímabilinu maí–september, er þó heimilt að gera skil í einu lagi fyrir sumarið, með gjalddaga 10. október.

Greiði sjóðfélagi ekki greiðslu upp í iðgjald innan 30 daga frá gjalddaga skv. 4. mgr. eða sé hún vangreidd skulu reiknast hæstu leyfilegu dráttarvextir samkvæmt auglýsingu Seðlabanka Íslands á þá fjárhæð sem vangoldin er frá gjalddaga, sbr. 4. mgr. Verði vanskil á greiðslu iðgjalda og framlaga skv. 7. og 8. mgr. lengur en 30 daga fram yfir gjalddaga skulu reiknast hæstu leyfilegu dráttarvextir samkvæmt auglýsingu Seðlabanka Íslands á þá fjárhæð sem vangoldin er frá gjalddaga, sbr. 9. mgr.

Enginn greiðir iðgjöld til sjóðsins lengur en til loka þess almanaksárs er hann nær 69 ára aldri eða eftir að taka ellilífeyris hefst, sbr. 6. mgr. 8. gr.

Sjóðfélagar bera eigi ábyrgð á skuldbindingum sjóðsins með öðru en iðgjöldum sínum.

Fjármálaráðherra er heimilt að setja í reglugerð nánari reglur um iðgjaldagreiðslur, innheimtu, innheimtuþóknun, dráttarvexti og annað er varðar framkvæmd þessarar greinar.

5. gr.

2. málsl. 2. mgr. 8. gr. laganna fellur brott.

6. gr.

Lög þessi taka gildi 1. janúar 1998.

Gjört á Bessastöðum, 22. desember 1997.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Friðrik Sophusson.

LÖG

um breyting á lögum um fangelsi og fangavist, nr. 48 19. maí 1988 (heilbrigðisþjónusta, vistun gæsluvarðhaldsfanga og samfélagsþjónusta).

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr. laganna:

a. 5. tölul. orðast svo: Að sjá um að í fangelsum sé veitt sérhæfð þjónusta.

b. Við greinina bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Í fangelsum skulu fangar njóta sambærilegrar heilbrigðisþjónustu og almennt gildir, auk þeirrar sérstöku heilbrigðisþjónustu sem lög og reglur um fanga segja til um. Að höfðu samráði við fangelsismálastofnun sér heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið um og ber ábyrgð á heilbrigðisþjónustu við fanga í fangelsum.

2. gr.

4. mgr. 3. gr. laganna orðast svo:

Í afplánunarfangelsum má starfrækja gæsluvarðhaldsdeildir. Gæsluvarðhaldsfanga má vista meðal afplánunarfanga ef einangrun telst ekki nauðsynleg.

3. gr.

7. gr. laganna orðast svo:

Ákvæði í þessum kafla eiga við um afplánunarfanga.

4. gr.

Á eftir 21. gr. laganna kemur nýr kafli, IV. kafli, **Samfélagsþjónusta**, með fimm nýjum greinum, 22.–26. gr., og breytist kafla- og greinatala samkvæmt því. Greinarnar orðast svo:

a. (22. gr.)

Hafi maður verið dæmdur í allt að sex mánaða óskilorðsbundna refsivist er heimilt, ef almannahagsmunir mæla ekki gegn því, að fullnusta refsinguna með ólaunaðri samfélagsþjónustu, minnst 40 klukkustundir og mest 240 klukkustundir.

Þegar um refsivist er að ræða samkvæmt fleiri en einum dómi má samanlögð refsing eigi vera lengri en sex mánuðir.

Þegar hluti refsivistar er skilorðsbundinn má heildarrefsivist samkvæmt dóminum eigi vera lengri en sex mánuðir.

b. (23. gr.)

Skilyrði þess að samfélagsþjónusta komi til álita eru:

1. Að dómþoli hafi óskað eftir því skriflega við fangelsismálastofnun eigi síðar en hálfum mánuði áður en hann átti upphaflega að hefja afplánun refsivistar.
2. Að dómþoli eigi ekki mál til meðferðar hjá lögreglu, ákæruvaldi eða dómstólum, þar sem hann er kærður fyrir refsiverðan verknað.
3. Að dómþoli teljist hæfur til samfélagsþjónustu.

Áður en metið er hvort dómþoli teljist hæfur til samfélagsþjónustu og þar með talið hvort líklegt er að hann geti innt hana af hendi skal fara fram athugun á persónulegum högum hans.

Þegar refsivist er fullnustuð með samfélagsþjónustu jafngildir 40 klukkustunda samfélagsþjónusta eins mánaðar refsivist. Hafi gæsluvarðhald komið til frádráttar refsivist skal taka tillit til þess við útreikning á fjölda klukkustunda.

c. (24. gr.)

Fangelsismálastofnun ákveður hvort refsivistardómur verði fullnustaður með samfélagsþjónustu og hvaða samfélagsþjónustu dómþoli sinni í hverju tilviki. Sama gildir um á hve löngum tíma samfélagsþjónusta skuli innt af hendi, en sá tími skal þó aldrei vera skemmri en tveir mánuðir.

Þegar skal hafna umsókn um samfélagsþjónustu ef umsækjandi uppfyllir ekki skilyrði skv. 1. eða 2. tölul. 1. mgr. 23. gr. Ef sérstakar ástæður mæla með er þó heimilt að víkja frá tímafresti í 1. tölul. 1. mgr. 23. gr.

Þegar umsókn er tekin til efnislegrar meðferðar skal fresta fullnustu refsivistar þar til ákvörðun um afgreiðslu hennar liggur fyrir, enda fremji dómþoli ekki refsiverðan verknað á þeim tíma.

d. (25. gr.)

Samfélagsþjónusta skal bundin eftirfarandi skilyrðum:

1. Að dómþoli gerist ekki sekur um refsiverðan verknað á þeim tíma sem samfélagsþjónusta er innt af hendi.
2. Að dómþoli sæti á þeim tíma, sem samfélagsþjónusta er innt af hendi, umsjón og eftirliti einstakra manna, félags eða stofnunar.

Enn fremur má binda samfélagsþjónustu þeim skilyrðum, nokkrum eða öllum, sem greinir í 2.–6. tölul. 3. mgr. 57. gr. almennra hegningarlaga.

Áður en fullnusta á refsivist með samfélagsþjónustu hefst skal kynna dómþola ítarlega þær reglur sem gilda um samfélagsþjónustu og staðfesting hans fengin á því að hann vilji hlíta þeim. Sama gildir um viðbrögð við brotum á þessum reglum.

e. (26. gr.)

Nú rýfur dómþoli skilyrði samfélagsþjónustu eða sinnir henni ekki með fullnægjandi hætti og ákveður þá fangelsismálastofnun hvort skilyrðum hennar skuli breytt, tími sem samfélagsþjónusta er innt af hendi skuli lengdur eða hvort refsivist skuli afplánuð.

Nú er dómþoli kærður fyrir að hafa framið refsiverðan verknað eftir að ákveðið er að fullnusta refsivist með samfélagsþjónustu og getur fangelsismálastofnun þá ákveðið að ákvörðun um fullnustu refsivistar með samfélagsþjónustu verði afturkölluð og að dómþoli afpláni refsivistina.

Þegar rof á skilyrðum samfélagsþjónustu eða meint afbrot er ekki alvarlegt eða ítrekað skal veita áminningu áður en ákveðið er að refsivist skuli afplánuð.

Þegar ákveðið er, skv. 1. eða 2. mgr., að refsivist skuli afplánuð skal reikna tímalengd eftirstöðva út með hliðsjón af þeirri samfélagsþjónustu sem þegar hefur verið innt af hendi.

Þegar eftirstöðvar refsivistar, sem að hluta hefur verið fullnustuð með samfélagsþjónustu, eru afplánaðar er heimilt að veita reynslulausn af eftirstöðvunum þannig að tími í samfélagsþjónustu teljist ekki með við útreikning á hlutfalli afplánunar.

5. gr.

Á eftir 26. gr. laganna (sem verður 31. gr.) kemur nýr kafli, VI. kafli, **Náðunarnefnd**, með einni grein, 32. gr., og breytist kafla- og greinatala samkvæmt því. Greinin orðast svo:

Dómsmálaráðherra skipar þriggja manna nefnd, náðunarnefnd, svo og þrjá varamenn, til tveggja ára í senn. Formaður nefndarinnar og varaformaður skulu uppfylla skilyrði laga til að hljóta skipun í embætti héraðsdómara.

Nefndin skal láta ráðherra í té rökstudda tillögu um afgreiðslu á erindum sem til hans er skotið vegna ákvörðunar fangelsismálastofnunar um samfélagsþjónustu og reynslulausn, svo og um afgreiðslu náðunarbeiðna.

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1998. Þá falla úr gildi lög um samfélagsþjónustu, nr. 55 29. apríl 1994.

Jafnframt bætist nýr málsliður við 1. mgr. 51. gr. laga um almannatryggingar, nr. 117/1993, svohljóðandi: Fangar skulu njóta sjúkratrygginga, annarra en sjúkradagpeninga, samkvæmt almennum reglum sem um þær gilda.

Ákvæði til bráðbirgða.

Til að heimilt verði að fullnusta dóma með samfélagsþjónustu þar sem dæmd refsivist er meira en þrír mánuðir eða hluti refsivistar skilorðsbundinn þarf dómurinn að vera kveðinn upp eftir gildistöku laga þessara.

Gjört á Bessastöðum, 22. desember 1997.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Þorsteinn Pálsson.

Nr. 124 22. desember 1997

LÖG

um breyting á lögum um sóknargjöld o.fl., lögum um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu og lögum um kirkjusóknir, safnaðarfundi, sóknarnefndir, héraðsfundi o.fl.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI

Breyting á lögum um sóknargjöld o.fl., nr. 91 29. desember 1987.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr. 2. gr. laganna:

a. 1. tölul. orðast svo: Á árinu 1997 skal gjaldið vera 400,24 kr. á einstakling á mánuði.
b. 2. tölul. fellur brott.
c. Í stað ártalsins „1990“ í 3. tölul. kemur: 1998.

II. KAFLI

Breyting á lögum um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu, nr. 36 4. maí 1993.

2. gr.

2. mgr. 37. gr. laganna orðast svo:

Kirkjugarðsstjórnir skulu senda Ríkisendurskoðun ársreikninga kirkjugarða fyrir næstliðið ár fyrir 1. júní ár hvert. Um heimildir Ríkisendurskoðunar til að kalla eftir upplýsingum og til að kanna gögn fer eftir lögum um Ríkisendurskoðun.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr. 39. gr. laganna:

a. 1. tölul. orðast svo: Á árinu 1997 skal gjaldið vera 164,13 kr. á einstakling á mánuði.
b. Í stað ártalsins „1995“ í 2. tölul. kemur: 1998.

4. gr.

Við lögin bætist ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Kirkjugarðar Reykjavíkurprófastsdæma eru undanþegnir greiðslu framlags til Kirkjugarðasjóðs árin 1998 og 1999.

III. KAFLI

Breyting á lögum um kirkjusóknir, safnaðarfundi, sóknarnefndir, héraðsfundi o.fl., nr. 25 3. júní 1985.

5. gr.

Við 23. gr. laganna bætist ný málsgrein sem orðast svo:

Sóknarnefndir skulu senda Ríkisendurskoðun ársreikninga sóknarnefnda fyrir næstliðið ár fyrir 1. júní ár hvert. Um heimildir Ríkisendurskoðunar til að kalla eftir upplýsingum og til að kanna gögn fer eftir lögum um Ríkisendurskoðun.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 22. desember 1997.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Þorsteinn Pálsson.

22. desember 1997 Nr. 125

LÖG

um veitingu ríkisborgararéttar.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Arason, Beata Dorota, húsmóðir í Reykjavík, f. 14. febrúar 1971 í Póllandi.
2. Atanasov, Ioulian Ognianov, verkamaður í Reykjavík, f. 11. október 1952 í Búlgaríu.
3. Atli Jakob Hlöðversson, barn í Kópavogi, f. 24. apríl 1996 í Kasakstan.
4. Ágústsson, Lesley Patricia, húsmóðir í Reykjavík, f. 21. apríl 1961 í Bretlandi.

5. Barriga, Rosemarie Peñas, húsmóðir í Kópavogi, f. 17. október 1972 á Filippseyjum.
6. Beccard, Denise Rosemary, fiskvinnslukona á Tálknafirði, f. 16. desember 1965 á Nýja-Sjálandi.
7. Binatero, Ursulina Lorejas, skrifstofumaður í Reykjavík, f. 7. apríl 1959 á Filippseyjum.
8. de Bont, Robert, húsasmiður í Kópavogi, f. 13. maí 1950 í Hollandi.
9. Brainard, Charles Jón, garðyrkjumaður í Noregi, f. 24. febrúar 1958 í Hafnahreppi.
10. Buenaventura, Cristina Bernardino, verkakona í Reykjavík, f. 1. nóvember 1959 á Filippseyjum.
11. Burrell, Carl Ólafur, verkamaður í Reykjavík, f. 31. desember 1970 í Bandaríkjunum.
12. Calderon, Yearly Soon, verkakona á Flateyri, f. 19. nóvember 1970 á Filippseyjum.
13. Calvi Lozano, Alvaro Miguel, sölumaður í Reykjavík, f. 5. maí 1970 í Bólivíu.
14. Charyton, Bogdan, sjúkraþjálfari í Reykjavík, f. 23. janúar 1942 í Póllandi.
15. Crosbie, Kristín, nemi í Reykjavík, f. 28. september 1973 í Reykjavík.
16. Donaire, Maria Luz Gorgonio, verkakona á Akureyri, f. 7. janúar 1968 á Filippseyjum.
17. Dumas, Geneviève Marie Paule Blanche, húsmóðir í Reykjavík, f. 9. júní 1947 í Frakklandi.
18. Egan, Brad Alexander, stýrimaður á Flateyri, f. 16. september 1968 í Suður-Afríku.
19. Egill Anton Hlöðversson, barn í Kópavogi, f. 19. janúar 1993 í Kasakstan.
20. El-Bouazzati, Saida, verkakona í Reykjavík, f. 18. apríl 1972 í Marokkó.
21. Elísson, Elzbieta-Krystyna, húsmóðir í Grundarfirði, f. 1. janúar 1955 í Póllandi.
22. Elstun, Christopher James, verslunarmaður í Hafnarfirði, f. 5. desember 1968 í Bandaríkjunum.
23. Engels, Anne Margarete, verkakona á Blönduósi, f. 12. desember 1960 í Þýskalandi.
24. Everett, Melanie Rose, verkakona í Hafnarfirði, f. 2. september 1979 í Bretlandi.
25. Golden, Thomas Patrick, matreiðslumaður í Neskaupstað, f. 8. apríl 1934 í Bretlandi.
26. Guðmundsdóttir Khorchai, Ragnhildur, barn í Reykjavík, f. 26. janúar 1995 í Reykjavík.
27. Hansen, Grete Tove, skrifstofumaður á Akureyri, f. 1. mars 1969 á Akureyri.
28. Harris, Valerie Jacqueline, iðjuþjálfi í Reykjavík, f. 16. janúar 1968 í Bretlandi.
29. Hua, Au Nhi, húsmóðir í Kópavogi, f. 25. febrúar 1960 í Víetnam.
30. Juliussen, Anna Karin, félagsráðgjafi í Reykjavík, f. 1. maí 1946 í Reykjavík.
31. Kajioka, Rosmary, tónlistarkennari í Reykjavík, f. 29. mars 1965 í Bandaríkjunum.
32. Kentta, Margaret Elizabeth, rithöfundur í Reykjavík, f. 10. júlí 1952 í Bandaríkjunum.
33. Khongjamroen, Sirivan, húsmóðir í Hafnarfirði, f. 30. september 1955 í Tælandi.
34. Larsen, Finnur Heimir, múrari í Reykjavík, f. 6. nóvember 1970 í Reykjavík.
35. Latinović, Tatjana, nemi í Reykjavík, f. 14. maí 1967 í Júgóslavíu.
36. Li, Tong, starfsmaður á matsölustað í Reykjavík, f. 15. mars 1970 í Kína.
37. Long, Janine Elizabeth, fiskvinnslukona á Flateyri, f. 5. desember 1968 í Zimbabwe.
38. Louzir, Ali, veitingamaður í Reykjavík, f. 10. febrúar 1957 í Alsír.
39. Lumpa, Yupin, húsmóðir í Reykjavík, f. 21. október 1959 í Tælandi.
40. Marina Mia Alexandra Loftsdóttir, nemi í Reykjavík, f. 10. september 1979 í Frakklandi.
41. Marković, Dušan, nemi í Reykjavík, f. 29. ágúst 1978 í Júgóslavíu.
42. Marković, Svetlana, nemi í Reykjavík, f. 26. júlí 1974 í Júgóslavíu.
43. Moukhliss, Brahim, verkamaður í Sandgerði, f. 24. mars 1968 í Marokkó.
44. Moutagarov, Valeri, íþróttaþjálfari á Seltjarnarnesi, f. 26. maí 1945 í Sovétríkjunum.
45. Moutagarova, Lioudmila, verkakona á Seltjarnarnesi, f. 15. maí 1948 í Sovétríkjunum.
46. Moutagarova, Svetlana, nemi á Seltjarnarnesi, f. 17. október 1977 í Sovétríkjunum.
47. Muñoz, Maria Ivy G., hjúkrunarstarfsmaður í Mosfellsbæ, f. 11. ágúst 1972 á Filippseyjum.

48. Möller, Berglind, barn í Mosfellsbæ, f. 8. september 1996 í Reykjavík.
49. Möller, Katrín, barn í Mosfellsbæ, f. 26. nóvember 1989 í Reykjavík.
50. Möller, Marteinn, barn í Mosfellsbæ, f. 2. nóvember 1993 í Reykjavík.
51. Nikolov, Svetozar Nikolov, nemi í Reykjavík, f. 16. september 1979 í Búlgaríu.
52. Olgeirsson, Celene Marie, nemi í Reykjavík, f. 11. febrúar 1966 í Bandaríkjunum.
53. Ould Bouya, Ali, verkamaður í Reykjavík, f. 25. febrúar 1972 í Marokkó.
54. Pardo Pardo, Juan Carlos, verkamaður í Reykjavík, f. 21. apríl 1957 í Chile.
55. Passaro, Leonardo, verslunarmaður á Siglufirði, f. 4. apríl 1950 á Ítalíu.
56. Poulsen, Sonja Hafdís, verslunarmaður í Kópavogi, f. 17. maí 1972 í Reykjavík.
57. Reisenhus, Hans Viggó, verkamaður á Akureyri, f. 22. október 1971 á Akureyri.
58. Remigis, Sandra Marie, sjúkraþjálfari í Reykjavík, f. 25. maí 1955 í Kanada.
59. Saithong, Wilaiwan, fiskvinnslukona í Vestmannaeyjum, f. 30. maí 1964 í Tælandi.
60. Schjetne, María, verslunarmaður í Kópavogi, f. 5. desember 1951 í Reykjavík.
61. Sheppard, Clyde Nicholas, sjómaður á Flateyri, f. 4. október 1968 í Suður-Afríku.
62. Smirnov, Stanislav, þýðandi í Reykjavík, f. 23. apríl 1966 í Sovétríkjunum.
63. Soleminio, Janeth Libumfacil, verkakona í Njarðvík, f. 28. mars 1968 á Filippseyjum.
64. Stephenson, Rudolph Robert, fiskverkamaður á Ísafirði, f. 11. febrúar 1964 á Jamaíka.
65. Suasoongnoen, Somkhuan, verkakona í Reykjavík, f. 8. maí 1953 í Tælandi.
66. Sveinsson, Irina, handknattleiksþjálfari í Kópavogi, f. 21. apríl 1962 í Sovétríkjunum.
67. Symons, Michael William, sjómaður á Tálknafirði, f. 6. júní 1964 á Nýja-Sjálandi.
68. Sörensen, Valgarð Þórarinn, sölumaður á Selfossi, f. 11. desember 1973 á Selfossi.
69. Ta, Thanh Dong, nemi í Reykjavík, f. 19. apríl 1983 í Víetnam.
70. Te Maiharoa, Rebekka Lea, nemi á Selfossi, f. 14. júní 1982 á Nýja-Sjálandi.
71. Te Maiharoa, Tania Sif, nemi á Selfossi, 30. janúar 1981 á Nýja-Sjálandi.
72. Thirapongsuchart, Kanjanapron, verkakona á Ísafirði, f. 29. ágúst 1966 í Tælandi.
73. Velasco, Calcilita D., verkakona í Hafnarfirði, f. 27. maí 1960 á Filippseyjum.
74. Wheeley, Sara Ósk, nemi í Kópavogi, f. 1. ágúst 1979 í Bandaríkjunum.
75. Wilkins, Helena, verkakona í Reykjavík, f. 2. október 1975 í Bandaríkjunum.
76. Wilkins, Laurie Ann, blaðberi í Reykjavík, f. 30. október 1980 í Bandaríkjunum.
77. Xuesong, Yan, starfsmaður í sendiráði Íslands í Peking, f. 18. febrúar 1969 í Kína.
78. Yecyec, Cristina Silod, fiskvinnslukona á Skagaströnd, f. 14. apríl 1971 á Filippseyjum.
79. Yuangthong, Somchai, verkamaður í Reykjavík, f. 7. júlí 1971 í Tælandi.
80. Zahniser, Davíð Páll, nemi í Reykjavík, f. 22. maí 1974 í Reykjavík.
81. Živortnik, Anica, starfsmaður í veitingahúsi í Reykjavík, f. 12. apríl 1967 í Júgóslavíu.
82. Zogaj, Mehdi, verkamaður í Reykjavík, f. 1. maí 1969 í Júgóslavíu.
83. Zyk, Halina, verkakona í Reykjavík, f. 20. júlí 1947 í Póllandi.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1998.

Gjört á Bessastöðum, 22. desember 1997.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Þorsteinn Pálsson.

LÖG

um breytingu á lögum um Bjargráðasjóð, nr. 146/1995.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

B-liður 5. gr. laganna orðast svo: Tekjur af búnaðargjaldi skv. 6. gr. laga um búnaðargjald, nr. 84/1997, og viðauka með þeim lögum.

2. gr.

3. mgr. 7. gr. laganna orðast svo:
Fjármálaráðherra stendur skil á hlut Bjargráðasjóðs í búnaðargjaldi í samræmi við 6. gr. laga nr. 84/1997.

3. gr.

2. mgr. 10. gr. laganna orðast svo:
Forsenda styrkveitinga úr búnaðardeild sjóðsins er að skil hafi verið gerð á búnaðargjaldi í samræmi við ákvæði laga nr. 84/1997.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1998.

Gjört á Bessastöðum, 22. desember 1997.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Páll Pétursson.

Nr. 127 22. desember 1997

LÖG

um breytingu á lögum nr. 79 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Á 5. gr. laganna verða eftirgreindar breytingar:

1. Fjórði töluliður 1. mgr. orðast svo: Siglunes (grp. 3) 66°11'9 N–18°49'9 V.
2. Í stað orðanna „austur frá Hvítingum (vms. 19)“ í síðari málsgrein liðar C.5 kemur: suður frá Stokksnesi (vms. 20).
3. Á eftir orðinu „Geirfugladrangi“ í lið D.2 kemur: (63°40'7 N–23°17'1 V).
4. Í stað orðanna „réttvísandi suður frá Reykjanesaukavita (vms. 34)“ í lið D.5 kemur: réttvísandi suðvestur frá Reykjanesaukavita (vms. 34).
5. Síðari málsgrein liðar D.6 fellur brott.

6. Liður E.1 orðast svo: Allt árið úr punkti í 5 sjómílna fjarlægð réttvísandi suður frá Geirfugladrangi og utan línu í 5 sjómílna fjarlægð frá Geirfugladrangi í punkt 64°43'70 N–24°12'00 V.
7. Í stað orðanna „réttvísandi frá Malarrifi“ í lið F.3 kemur: réttvísandi vestur frá Malarrifi.
8. Á undan orðunum „Allt árið“ í lið G. Vestfirðir kemur: G.1.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda 1. janúar 1998.

Gjört á Bessastöðum, 22. desember 1997.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Þorsteinn Pálsson.

23. desember 1997 Nr. 128

LÖG

um breytingu á lögum um fjáröflun til vegagerðar, nr. 3/1987, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í stað orðanna „Af bifreiðum, sem ekið er gegn gjaldi samkvæmt löggiltum mælum, skal árgjaldið vera 30% hærra en að framan greinir“ í A-lið 4. gr. laganna kemur: Af bifreiðum sem ekið er gegn gjaldi samkvæmt löggiltum mælum og sendi- og hópbifreiðum, sem nýttar eru í atvinnurekstri, skal árgjaldið vera 25% hærra en að framan greinir. Ákvæðið tekur þó aðeins til þeirra sendibifreiða sem notið hafa innskattsfrádráttar á virðisaukaskatti.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1998.

Gjört á Bessastöðum, 23. desember 1997.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Friðrik Sophusson.

LÖG

um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI
Skyldutrygging, iðgjald og tryggingavernd.

1. gr.

Lög þessi gilda um alla lífeyrissjóði og samninga um tryggingavernd eins og nánar er kveðið á um í lögum þessum.

Með lífeyrissjóði er átt við félag eða stofnun sem veitir viðtöku iðgjaldi til greiðslu lífeyris vegna elli til æviloka, örorku eða andláts samkvæmt nánari ákvæðum í þessum kafla, II. og III. kafla.

Skyldutrygging lífeyrisréttinda felur í sér skyldu til aðildar að lífeyrissjóði og til greiðslu iðgjalds til lífeyrissjóðs og eftir atvikum til annarra aðila samkvæmt samningi um viðbótartryggingavernd.

Öllum launamönnum og þeim sem stunda atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi er rétt og skylt að tryggja sér lífeyrisréttindi með aðild að lífeyrissjóði frá og með 16 ára til 70 ára aldurs.

2. gr.

Iðgjald til öflunar lífeyrisréttinda skal ákveðið í sérlögum, kjarasamningi, ráðningarsamningi eða með öðrum sambærilegum hætti. Lágmarksiðgjald til lífeyrissjóðs skal vera a.m.k. 10% af iðgjaldsstofni.

Um aðild að lífeyrissjóði, greiðslu lífeyrisiðgjalds og skiptingu iðgjaldsins milli launamanns og launagreiðanda fer eftir þeim kjarasamningi sem ákvarðar lágmarkskjör í hlutaðeigandi starfsgrein, eða sérlögum ef við á. Taki kjarasamningur ekki til viðkomandi starfssviðs eða séu ráðningarbundin starfskjör ekki byggð á kjarasamningi velur viðkomandi sér lífeyrissjóð eftir því sem reglur einstakra sjóða leyfa. Aðild að lífeyrissjóði skal tiltaka í skriflegum ráðningarsamningi.

Sjóðfélagi er sá sem greitt er fyrir, greiðir eða hefur greitt iðgjald til lífeyrissjóðs og á hjá honum réttindi eins og nánar er fyrir mælt í lögum þessum. Óheimilt er að neita manni um aðild að lífeyrissjóði á grundvelli heilsufars, aldurs, hjúskaparstöðu, fjölskyldustærðar eða kyns.

3. gr.

Lágmarksiðgjald til lífeyrissjóðs skv. 2. gr. skal reiknað af heildarfjárhæð greiddra launa og endurgjalds fyrir hvers konar vinnu, starf og þjónustu. Stofn til iðgjalds skal vera allar tegundir launa eða þóknana fyrir störf sem skattskyld eru skv. 1. mgr. 1. tölul. A-liðar 7. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt. Til gjaldstofns skal þó ekki telja hlunnindi sem greidd eru í fríðu, svo sem fatnað, fæði og húsnæði, eða greiðslur sem ætlaðar eru til endurgreiðslu á útlögðum kostnaði, t.d. ökutækjastyrki, dagpeninga og fæðispeninga. Enn fremur skal ekki telja til gjaldstofns eftirlaun og lífeyri sem Tryggingastofnun ríkisins eða lífeyrissjóður greiðir, bætur greiddar af Tryggingastofnun ríkisins, slysa- og sjúkradagpeninga úr sjúkrasjóðum stéttarfélaga og bætur tryggingafélaga vegna atvinnutjóns af völdum slysa. Þá skal telja til iðgjaldsstofns atvinnuleysisbætur samkvæmt lögum um atvinnuleysis-

tryggingar. Iðgjaldsstofn manns vegna vinnu hans við eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi skal vera jafnhár fjárhæð skv. 2. mgr. 1. tölul. A-liðar 7. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. 59. gr. þeirra laga.

Lífeyrisiðgjaldi skal ráðstafa til lágmarkstryggingaverndar, sbr. 4. gr., og eftir atvikum til viðbótartryggingaverndar, sbr. 8.–10. gr.

4. gr.

Lágmarkstryggingavernd sem lífeyrissjóður veitir miðað við 40 ára inngreiðslutíma iðgjalds skal fela í sér 56% af þeim mánaðarlaunum sem greitt er af í mánaðarlegan ellilífeyri ævilangt frá þeim tíma sem taka hans hefst, þó ekki síðar en frá 70 ára aldri, sbr. 14. gr., og 56% af þeim mánaðarlaunum sem greitt er af í örorkulífeyri á mánuði miðað við full réttindi til framreiknings, sbr. 15. gr. Enn fremur skal lágmarkstryggingavernd fela í sér að jafnað sé milli sjóðfélaga kostnaði vegna makalífeyris skv. 16. gr. og kostnaði vegna barnalífeyris skv. 17. gr.

Lífeyrissjóður skal, í samræmi við 24. gr. þessara laga, tilgreina það iðgjald sem þarf til að standa undir þeirri lágmarkstryggingavernd sem hann veitir.

Lífeyrissjóði er heimilt, í samræmi við tryggingafræðilega athugun, að ákveða lágmark tryggingaverndar þannig að iðgjaldi sé varið að hluta til öflunar lífeyrisréttinda í séreign skv. II. kafla og að hluta til öflunar lífeyrisréttinda í sameign skv. III. kafla.

5. gr.

Sjóðfélagi getur ákveðið að ráðstafa til annars aðila en þess lífeyrissjóðs sem tekur við iðgjaldi vegna hans þeim hluta iðgjalds sem renna skal til séreignar skv. 3. mgr. 4. gr. og þeim hluta iðgjalds sem renna skal til viðbótartryggingaverndar.

Viðkomandi launagreiðanda eða lífeyrissjóði ber að færa greiðslu samkvæmt ákvörðun sjóðfélaga skv. 1. mgr. til annars aðila án sérstaks kostnaðarauka fyrir sjóðfélagann.

Tilkynni sjóðfélagi ekki launagreiðanda eða lífeyrissjóði með hæfilegum fyrirvara hvert iðgjald það sem hann getur ráðstafað skv. 1. mgr. skuli renna skal það greiðslufært samkvæmt samþykktum viðkomandi lífeyrissjóðs.

Lífeyrissjóður sem ákveður lágmarkstryggingavernd á grundvelli 3. mgr. 4. gr. eða aðili sem móttekur iðgjald til séreignarsparnaðar eða viðbótartryggingaverndar skal tryggja að sá hluti rekstrarins sem lýtur að varðveislu og ávöxtun iðgjalds er rétthafar hafa beinan ráðstöfunarrétt yfir skv. 1. mgr. sé fjárhagslega aðskilinn og ekki niðurgreiddur af annarri starfsemi.

6. gr.

Ríkisskattstjóri skal hafa með höndum eftirlit með því að lífeyrisiðgjald sé greitt vegna hvers manns sem skyldutrygging lífeyrisréttinda nær til.

Lífeyrissjóðum er skylt að tekjuári liðnu að gera ríkisskattstjóra grein fyrir því iðgjaldi sem greitt hefur verið til sjóðsins fyrir hvern sjóðfélaga á því ári.

Launagreiðendur og þeir sem stunda atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi, svo og aðrir þeir sem inna af hendi iðgjaldsskyldar greiðslur, skulu að tekjuári liðnu tilgreina á launamiðum eða á annan hátt er ríkisskattstjóri ákveður þá fjárhæð sem iðgjöld hvers manns miðuðust við ásamt heildariðgjaldi sem skilað hefur verið til lífeyrissjóðs.

Hver sá sem er skylt að eiga aðild að lífeyrissjóði samkvæmt lögum þessum og er framtalsskyldur skv. 91. gr. laga nr. 75/1981 skal í framtali sínu tilgreina þau iðgjöld til lífeyrissjóða sem hann hefur greitt á árinu og þá lífeyrissjóði sem hann hefur greitt til.

Að tekjuári liðnu skal ríkisskattstjóri senda hverjum og einum lífeyrissjóði yfirlit vegna hvers manns sem er aðili að sjóðnum samkvæmt þeim upplýsingum sem embættið hefur feng-

ið samkvæmt þessari grein. Á yfirlitinu skulu koma fram iðgjaldsstofn og greitt iðgjald hvers manns og mótframlag launagreiðanda. Sé enginn lífeyrissjóður tilgreindur á framtölum eða skilagreinum launagreiðanda og lífeyrissjóða skal senda yfirlitið til Söfnunarsjóðs lífeyrisréttinda sem skal þá innheimta iðgjaldið.

Ráðherra skal með reglugerð kveða nánar á um framkvæmd þessarar greinar.

7. gr.

Lífeyrisiðgjald, til lágmarkstryggingaverndar og viðbótartryggingaverndar, skal greitt reglulega í hverjum mánuði, sbr. 2.–4. mgr.

Iðgjaldagreiðslutímabil skal eigi vera lengra en mánuður og skal gjalddagi vera tíunda næsta mánaðar. Eindagi skal vera síðasti dagur sama mánaðar og iðgjald fellur í gjalddaga. Að öðru leyti fer um iðgjaldagreiðslur samkvæmt þeim reglum sem settar eru í samþykktir viðkomandi lífeyrissjóðs eða samkvæmt samningum þeirra aðila sem tilgreindir eru í 8. gr. Réttindi vegna aukaframlaga í lífeyrissjóði umfram reglubundin framlög skulu reiknuð miðað við greiðsludag.

Launagreiðanda er skylt að halda eftir af launum iðgjaldshluta launþega og standa viðkomandi lífeyrissjóði skil á honum, ásamt iðgjaldshluta sínum. Sams konar skylda hvílir á launagreiðanda að því er varðar innheimtu og skil á iðgjaldi til þeirra aðila sem tilgreindir eru í 8. gr.

Launagreiðendum og sjálfstæðum atvinnurekendum ber að tilkynna hlutaðeigandi lífeyrissjóðum og aðilum skv. 8. gr. ef þeim ber ekki lengur að standa skil á lífeyrisiðgjaldi þar sem þeir hafa hætt starfsemi eða launþegar þeirra hafa látið af störfum.

8. gr.

Launamönnum og þeim sem stunda atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi er heimilt að gera samning við þá aðila sem tilgreindir eru í 3. mgr. um tryggingavernd á grundvelli iðgjalda sem þeir hafa beinan ráðstöfunarrétt yfir skv. 1. mgr. 5. gr. Iðgjaldi eða iðgjaldshluta samkvæmt þeim samningi skal verja til öflunar lífeyrisréttinda í séreign skv. II. kafla eða í sameign skv. III. kafla.

Rétthafa skv. 1. mgr. er óheimilt að framselja, veðsetja eða á annan hátt ráðstafa innstæðu eða réttindum samkvæmt samningi um viðbótartryggingavernd eða lífeyrisréttindi í séreign nema með samkomulagi skv. 1.–3. tölul. 3. mgr. 14. gr. Ekki verður gerð aðför í réttindum samkvæmt slíkum samningi og enginn skuldheimtumaður í dánarbúi eða þrotabúi hefur rétt til að skerða réttindin á nokkurn hátt.

Eftirtaldir aðilar hafa heimild til að stunda starfsemi skv. II. kafla og taka við iðgjaldi með samningi um viðbótartryggingavernd samkvæmt lögum þessum:

1. Viðskiptabankar og sparisjóðir sem hafa starfsstöð hér á landi, sbr. lög um viðskiptabanka og sparisjóði.
2. Líftryggingafélög sem hafa starfsstöð hér á landi, sbr. lög um vátryggingastarfsemi.
3. Verðbréfafyrirtæki sem starfa skv. 8. gr. laga um verðbréfaviðskipti og hafa starfsstöð hér á landi.
4. Lífeyrissjóðir, enda uppfylli þeir skilyrði 4.–5. gr.

9. gr.

Í samningi um viðbótartryggingavernd og séreignarsparnað skal koma fram nafn og kennitala greiðanda, mánaðarlegt innlegg og hvaða reglur gilda um útborgun og réttindi að öðru leyti. Allir skilmálar varðandi viðbótartryggingaverndina skulu koma fram í samningnum. Greiðslur samkvæmt samningi skulu hefjast eigi síðar en tveimur mánuðum eftir að

samningur er gerður. Heimilt er að segja upp samningi með sex mánaða fyrirvara. Uppsögnin tekur þó ekki gildi fyrr en sá sem segir samningi upp hefur sannanlega tilkynnt hana til þess lífeyrissjóðs sem ráðstafar iðgjaldi hans til lágmarkstryggingaverndar. Uppsögn veitir ekki rétt til útborgunar innstæðu eða réttinda, en í reglum um tryggingaverndina er heimilt að kveða svo á um að flytja megi innstæðu eða réttindi á milli þeirra aðila sem tilgreindir eru í 8. gr.

Á sama hátt og öðrum aðilum sem tilgreindir eru í 1.–3. tölul. 3. mgr. 8. gr. er lífeyrissjóði sem uppfyllir skilyrði 4.–5. gr. heimilt að taka einungis við iðgjaldi frá tilteknum sjóðfélaga samkvæmt samningi um viðbótartryggingavernd. Sjóðurinn skal þó áður fá staðfesta aðild viðkomandi launamanns að þeim lífeyrissjóði sem veitir móttöku iðgjaldi til lágmarkstryggingaverndar.

10. gr.

Viðskiptabankar, sparisjóðir, líftryggingafélög, verðbréfafyrirtæki og lífeyrissjóðir, sem óska eftir því að bjóða upp á samninga um viðbótartryggingavernd og séreignarsparnað í samræmi við ákvæði laga þessara, skulu fyrir fram leita eftir staðfestingu fjármálaráðherra á því að reglur sem um tryggingaverndina gilda séu í samræmi við ákvæði laga þessara. Allar breytingar á reglunum skal einnig tilkynna fjármálaráðherra og öðlast þær ekki gildi fyrr en ráðherra hefur staðfest þær að fenginni umsögn opinbers eftirlitsaðila. Taka skal afstöðu til reglnanna og breytinga á þeim skriflega eigi síðar en þremur mánuðum eftir að fullbúið erindi berst ráðherra. Fjármálaráðherra er heimilt að setja í reglugerð nánari formskilyrði fyrir samningum um viðbótartryggingavernd og séreignarsparnað.

II. KAFLI
Lífeyrissparnaður.

11. gr.

Hefja má úttekt á innstæðu eða gera sérstakan útborgunarsamning tveimur árum eftir fyrstu greiðslu iðgjalds til öflunar lífeyrisréttinda í séreign, þó aldrei fyrr en rétthafi hefur fullnægt sérstökum viðbótarskilyrðum skv. 2.–4. mgr. þessarar greinar.

Þegar rétthafi er orðinn 60 ára er heimilt að hefja útborgun lífeyrissparnaðar og vaxta með jöfnum árlegum greiðslum á ekki skemmri tíma en sjö árum eða á þeim tíma sem rétthafa vantar upp á 67 ára aldur.

Verði rétthafi öryrki og orkutapið sem hann verður fyrir er 100% á hann rétt á að fá lífeyrissparnað og vexti greidda út með jöfnum árlegum greiðslum á sjö árum. Nú er örorkuprósentan lægri en 100% og lækkar þá árleg útborgun í hlutfalli við lækkun örorkuprósentunnar og úttektartíminn lengist samsvarandi.

Deyi rétthafi áður en innstæða er að fullu greidd út fellur hún til erfingja hans og skiptist milli þeirra eftir reglum erfðalaga. Hlut barns undir 13 ára aldri ber að skipta með jöfnum greiðslum á þau ár sem vantar á að barnið nái 18 ára aldri. Hafi barn náð 13 ára aldri við andlát rétthafa skal hlutur þess greiddur út á fimm árum. Hlut eftirlifandi maka ber að skipta með jöfnum greiðslum á sjö ár eða á þann tíma sem makann vantar á 67 ára aldur við andlát rétthafa. Láti rétthafi ekki eftir sig maka eða barn rennur innstæðan til dánarbúsins og gildir þá ekki takmörkunin í 2. málsl. 2. mgr. 8. gr.

Í reglugerð skal kveðið á um styttri útborgunartíma ef um lágar upphæðir er að ræða.

12. gr.

Með jöfnum greiðslum skv. 11. gr. er átt við jafnar greiðslur að tiltölu við fjölda greiðsluára þannig að rétthafi fái á hverju ári þann hluta af innstæðunni að meðtöldum vöxtum sem samsvarar tölu þeirra ára er eftir standa af endurgreiðslutímanum.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er heimilt að gera sérstakan samning um mánaðarlega útborgun tiltekinnar krónutölu. Útborgunin skal þá breytast í samræmi við vísitölu neysluverðs. Samningur þessi getur að hluta til eða öllu leyti verið til ákveðins tíma, sbr. skilyrði 11. gr. um lágmarkstíma, eða til æviloka rétthafa.

III. KAFLI
Lífeyrisréttindi í lífeyrissjóðum.

13. gr.

Með iðgjaldagreiðslum til öflunar lífeyrisréttinda í sameign ávinnur sjóðfélagi sér og maka sínum og börnum eftir því sem við á rétt til ellilífeyris, örorkulífeyris og maka- og barnalífeyris sem er ekki lakari en sá réttur sem kveðið er á um í þessum kafla. Í samþykktum lífeyrissjóðs skal kveðið nánar á um ávinnslu réttinda en hún getur verið mismunandi eftir því hvort iðgjald er til lágmarks- eða viðbótartryggingaverndar og eftir atvikum háð eða óháð aldri.

Samruni verðbréfamiðstöðvar við annað félag er óheimill nema með fengnu samþykki ráðherra að fenginni umsögn bankaeftirlits Seðlabankans. Hið sama gildir um skiptingu hennar í tvö eða fleiri félög.

8. gr.

Stjórn, framkvæmdastjóra og öðrum starfsmönnum verðbréfamiðstöðvarinnar, svo og endurskoðendum, er óheimilt að skýra frá nokkru því sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu eða stöðu sinni samkvæmt um hagi reikningseiganda, verðbréfamiðstöðvarinnar og viðskiptamanna hennar án undangengins dómsúrskurðar. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi.

Ákvæði 1. mgr. hindrar þó ekki að verðbréfamiðstöðin geri samstarfssamning við annað félag sem stundar hliðstæða starfsemi og veiti þeim aðila upplýsingar, enda gildi sambærileg ákvæði um þagnarskyldu hans.

9. gr.

Endurskoðaður ársreikningur, staðfestur af stjórn verðbréfamiðstöðvarinnar, ásamt ársskýrslu skal sendur bankaeftirliti Seðlabankans innan þriggja mánaða frá lokum reikningsárs.

Verði endurskoðandi var við slíka ágalla í rekstri verðbréfamiðstöðvar að reikningar verði ekki áritaðir án fyrirvara eða athugasemdir við þá gerðar, ágalla á innra eftirliti eða önnur atriði sem veikt geta fjárhagsstöðu fyrirtækisins til áframhaldandi reksturs, svo og ef endurskoðandi hefur ástæðu til að ætla að lög og reglugerðir eða reglur sem gilda um félagið hafi verið brotnar, skal endurskoðandi þegar gera stjórn verðbréfamiðstöðvar og bankaeftirliti viðvart. Þetta á einnig við um sambærileg atriði sem endurskoðandi verðbréfamiðstöðvar fær vitneskju um og varða fyrirtæki í nánum tengslum við hana. Ákvæði þessarar greinar brjóta ekki í bága við þagnarskyldu endurskoðenda samkvæmt ákvæðum þessara eða annarra laga.

II. KAFLI
Aðild að eignarskráningu.

10. gr.

Rétt til þess að hafa milligöngu um eignarskráningar í verðbréfamiðstöð hafa:

1. Seðlabanki Íslands,
2. Lánasýsla ríkisins,
3. viðskiptabankar og sparisjóðir,
4. fyrirtæki í verðbréfaþjónustu,
5. lánastofnanir aðrar en viðskiptabankar og sparisjóðir.

11. gr.

Þeir aðilar, sem nefndir eru í 10. gr. og 1.–3. tölul. 2. mgr. 12. gr., skulu gera aðildarsamning við verðbréfamiðstöð og er það skilyrði þess að þeir hafi heimild til milligöngu um eignarskráningu eða aðgang að verðbréfamiðstöðinni.

Stjórn verðbréfamiðstöðvar er heimilt að gera aðildarsamning við útgefendur markaðsverðbréfa um heimild þeirra til að hafa milligöngu um eignarskráningu í verðbréfamiðstöð á útgáfu og fyrsta framsali rafbréfa útgefinna af viðkomandi aðila í samræmi við starfsheimildir þeirra á fjármagnsmarkaði.

Stjórn verðbréfamiðstöðvar er einnig heimilt að veita hlutafélögum aðgang að upplýsingum í verðbréfamiðstöð um skráða eigendur hlutabréfa í viðkomandi hlutafélagi. Hið sama gildir um aðgang verðbréfasjóða að upplýsingum um eigendur hlutdeildarskírteina í viðkomandi verðbréfasjóði.

12. gr.

Í reglugerð, sem ráðherra setur, er heimilt að ákveða:

1. nánari reglur um grundvöll og framkvæmd eignarskráningar, svo og með hvaða hætti einstaklingar, sem eru starfsmenn verðbréfamiðstöðvar eða reikningsstofnunar, skuli framkvæma þau verkefni sem tengjast skráningu réttinda í verðbréfamiðstöðinni,
2. nánari reglur um skráningu takmarkaðra eignarréttinda að rafbréfum,
3. heimildir verðbréfamiðstöðvar til að ákvarða fyrirkomulag gjaldtöku fyrir umsýslu með rafbréf og skráningu í tengslum við þau.

Í reglugerð, sem ráðherra setur að fengnum tillögum stjórna verðbréfamiðstöðva sem starfa á grundvelli þessara laga, er heimilt að ákveða:

1. að erlendum verðbréfamiðstöðvum og erlendum viðskiptabönkum, sparisjóðum, fyrirtækjum í verðbréfaþjónustu og öðrum lánastofnunum en viðskiptabönkum og sparisjóðum með heimild til fjárvörslu, sem hafa heimild til að starfa hér á landi og eru undir opinberu eftirliti, sé heimilt að hafa milligöngu um eignarskráningar í verðbréfamiðstöð með þeim réttaráhrifum sem getið er um í IV. kafla að fengnu samþykki bankaeftirlits Seðlabankans,
2. að verðbréfamiðstöð sé heimilt, að fengnu samþykki bankaeftirlits Seðlabankans, að annast milligöngu um eignarskráningu í erlendum og innlendum verðbréfamiðstöðvum,
3. að veita megi aðilum, öðrum en reikningsstofnunum, rétt til að sækja upplýsingar varðandi eigin reikning beint til verðbréfamiðstöðvar á grundvelli aðildarsamnings sem hluthafeigandi aðilar gera við verðbréfamiðstöðina.

III. KAFLI
Skráningarstarfsemi.

13. gr.

Stjórn verðbréfamiðstöðvar ber ábyrgð á því að fyllsta öryggis sé gætt í starfsemi hennar og reksturinn fari fram á hagkvæman hátt. Stjórn verðbréfamiðstöðvar setur nánari reglur um hvaða verðbréf er unnt að taka til skráningar sem rafbréf. Reglur þessar skulu tryggja jafnræði allra hlutaðeigandi og skulu birtar opinberlega. Rafbréf í sama verðbréfaflokki verða aðeins skráð í einni verðbréfamiðstöð.

14. gr.

Verðbréfamiðstöð er óheimilt að veita upplýsingar um skráð réttindi, sbr. þó ákvæði laga þessara.

Verðbréfamiðstöð er heimilt að veita upplýsingar í hagtöluskyni að fenginni heimild tölvunefndar.

15. gr.

Seðlabanki Íslands tekur við innlánum frá reikningsstofnunum sem aðild eiga að verðbréfamiðstöð og annast efndalok viðskipta þeirra með rafbréf. Seðlabankinn setur nánari reglur um viðskipti sín samkvæmt þessari grein.

Skipa skal samráðsnefnd verðbréfamiðstöðva, Verðbréfaþings Íslands og Seðlabanka Íslands. Seðlabanki Íslands skipar einn fulltrúa í nefndina, verðbréfamiðstöðvar sem hlotið hafa starfsleyfi samkvæmt lögum þessum einn fulltrúa og Verðbréfaþing Íslands einn fulltrúa. Seðlabanki Íslands fer með formennsku í nefndinni. Hlutverk samráðsnefndar er að fjalla um samskipti verðbréfamiðstöðva, Verðbréfaþings Íslands og Seðlabankans í tengslum við frágang viðskipta.

Seðlabankinn getur beitt reikningsstofnanir viðurlögum skv. 41. gr. laga nr. 36/1986, um Seðlabanka Íslands, sé ákvörðunum bankans í þessum efnum ekki hlítt.

IV. KAFLI
Réttaráhrif skráningar o.fl.

16. gr.

Réttindi að rafbréfum skal skrá í verðbréfamiðstöð ef þau eiga að njóta réttarverndar gegn fullnustugerðum og ráðstöfunum með samningi. Óheimilt er að gefa út viðskiptabréf fyrir skráðum réttindum samkvæmt rafbréfi eða framselja þau og eru slík viðskipti ógild.

Eignarskráning rafbréfs í verðbréfamiðstöð, að undangenginni lokafærslu verðbréfamiðstöðvar, veitir skráðum eiganda hennar lögformlega heimild fyrir þeim réttindum sem hann er skáður eigandi að og skal gagnvart útgefanda jafngilda skilríki um eignarrétt að rafbréfinu.

Forgangsröð ósamrýmanlegra réttinda ræðst af því hvenær beiðni reikningsstofnunar um skráningu þeirra berst verðbréfamiðstöð.

Réttaráhrif eignarskráningarinnar teljast vera frá þeirri stundu sem lokafærsla hefur átt sér stað hjá verðbréfamiðstöð.

Reikningsstofnun er skylt án tafar að tilkynna verðbréfamiðstöð um beiðnir um eignarskráningar, enda framvísi viðkomandi aðili viðhlítandi gögnum um grundvöll beiðninnar.

17. gr.

Telji reikningsstofnun að vafi leiki á um staðreyndir eða atriði sem áhrif hafa á lögvarinn rétt samkvæmt skráningunni, eða á rétt þeirra sem skráningin hefur þýðingu fyrir, og að skráning kunni að brjóta rétt á þriðja aðila ber henni að hafa milligöngu um að réttindin verði einungis eignarskráð til bráðabirgða.

Verðbréfamiðstöð tekur endanlega ákvörðun um hvort réttindi sem skráð hafa verið samkvæmt þessari grein skuli færð í eignarskrá hennar.

Heimilt er að setja í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd bráðabirgðaeignarskráningar samkvæmt þessari grein.

18. gr.

Reikningsstofnun, ein eða fleiri eftir því sem við getur átt, skal tilkynna öllum hlutaðeigandi um sérhverja skráningu réttinda sem hún hefur haft milligöngu um. Einnig skal hún tilkynna ef vandkvæði eru á skráningu þeirra. Breytingu og afmáningu réttinda ber reikningsstofnunum að tilkynna hlutaðeigandi aðilum með sama hætti eftir því sem við getur átt.

Rétthafi skráðra réttinda og reikningsstofnanir geta óskað eftir því á grundvelli reglna, sem verðbréfamiðstöð setur að fengnu samþykki bankaeftirlits Seðlabankans, að tilkynningar til þeirra séu sendar með jöfnu millibili, svo og afþakkað að hluta til eða öllu leyti að þeim

verði sendar tilkynningar um breytingar á réttindum. Samkomulag um hvaða háttur skuli hafður á tilkynningum skal skrá á reikning hlutaðeigandi rétthafa.

Reikningsstofnun og stjórn verðbréfamiðstöðvar er heimilt að gera samning um að verðbréfamiðstöð sendi þær tilkynningar sem um ræðir í 1. mgr. Bankaeftirlit Seðlabankans skal staðfesta samninga samkvæmt þessari málsgrein.

19. gr.

Eftir að lokafærsla á sér stað í verðbréfamiðstöð verða réttindi grandlauss framsalshafa ekki vefengd. Við eignarskráningu í verðbréfamiðstöð glatast þó ekki mótbárur sem lúta að meiri háttar nauðung eða fölsun.

20. gr.

Verðbréfamiðstöð setur reglur um millifærslu fjármuna og réttinda í samræmi við ákvæði laga þessara og reglna settra samkvæmt þeim, sbr. og ákvæði 15. gr. þessara laga.

Verðbréfamiðstöð hefur heimild til milligöngu um millifærslu fjármuna og réttinda fyrir hönd útgefanda rafbréfs, að ósk hans, til þess sem hefur rétt til að taka við greiðslu samkvæmt skráningu í miðstöðinni. Hún ber enga ábyrgð þrátt fyrir að viðtakanda skorti rétt til þess að taka við greiðslu eða hann sé ólögráða, enda hafi hún ekki vitað né mátt vita að svo væri háttað aðstæðum viðtakanda. Þetta á þó ekki við ef krafa skráðs rétthafa er byggð á samningi sem er ógildur vegna þess að hann er byggður á meiri háttar nauðung eða fölsun.

Lokafærsla verðbréfamiðstöðvar um greiðslu afborgunar og vaxta inn á reikning til eignarskráðs rétthafa hefur sama gildi gagnvart skuldara og áritun á skuldabréf.

21. gr.

Um stofnun réttinda yfir rafbréfum fer að öðru leyti en greinir í lögum þessum eftir almennum reglum laga.

22. gr.

Hafi reikningsstofnun orðið þess áskynja að mistök hafi orðið í tengslum við skráningu, þá skal hún gera verðbréfamiðstöð viðvart og óska leiðréttingar. Áður en til leiðréttingar kemur er skylt að veita þeim er leiðrétting kann að varða kost á að tjá sig og koma sjónarmiðum sínum á framfæri.

23. gr.

Verðbréfamiðstöð er heimilt að afmá réttindi sem augljóslega eru ekki lengur til staðar.

Telji verðbréfamiðstöð að á reikningi séu skráð réttindi sem telja má að hafi ekki lengur þýðingu eða um er að ræða réttindi sem eru 20 ára gömul eða eldri og sem telja verður að séu sannanlega úr gildi fallin eða sannanlega hefur enginn rétthafi fundist að réttindunum getur hún birt innköllun í Lögbirtingablaðinu til þeirra sem telja sig eiga rétt til hinna skráðu réttinda og skal innköllunarfrestur vera þrír mánuðir. Hafi enginn gefið sig fram áður en innköllunarfrestur er liðinn skal verðbréfamiðstöðin afmá réttindin.

Í reglugerð er heimilt að setja nánari reglur um framkvæmd 2. mgr.

V. KAFLI
Reikningsyfirlit.

24. gr.

Á reikning í verðbréfamiðstöð skal eignarskrá rafbréf reikningseiganda. Á hvern reikning skal skrá reikningsstofnun eða reikningsstofnanir sem hafa heimild til eignarskráningar á reikninginn. Verðbréfamiðstöð skal gefa út reikningsyfirlit um þau réttindi sem þar eru skráð.

Reikningsyfirlit skulu gefin út með jöfnu millibili handa eigendum rafbréfa. Á reikningsyfirliti skal koma fram yfirlit yfir þau rafbréf sem viðkomandi reikningseigandi er skráður eigandi að við dagsetningu yfirlitsins. Samsvarandi yfirlit skulu gefin út til eiganda takmarkaðra eignarréttinda yfir rafbréfi. Reikningsstofnun er heimilt að senda skráðum rétthafa aukareikningsyfirlit, enda hafi hann óskað eftir því.

Í reglugerð, sem ráðherra setur, skal setja nánari reglur um gerð reikninga og útgáfu reikningsyfirlita skv. 1. mgr., svo og hvaða atriði skulu koma fram á yfirlitinu.

VI. KAFLI
Úrskurðarnefnd og kærumeðferð.

25. gr.

Kæra vegna ágreinings sem kann að rísa í tilefni af eignarskráningu í verðbréfamiðstöð eða annarra atriða sem falla undir gildissvið laganna skal send til úrskurðarnefndar verðbréfamiðstöðva. Þetta á þó ekki við um skaðabótakröfur.

Ráðherra skipar þrjá menn í úrskurðarnefnd, þar af einn sem formann og skal hann fullnægja skilyrðum til þess að verða skipaður héraðsdómari. Aðrir nefndarmenn skulu hafa staðgóða þekkingu á rafrænni skráningu eignarréttinda. Nefndin skal skipuð til fjögurra ára í senn. Ráðherra ákveður þóknun nefndarmanna sem greiðist úr ríkissjóði.

Kæra skv. 1. mgr. skal send til úrskurðarnefndar innan 12 vikna frá því að skráning fór fram í verðbréfamiðstöð. Úrskurðarnefnd er heimill aðgangur að öllum gögnum hjá verðbréfamiðstöð og reikningsstofnun og sem tengjast kærumáli.

Úrskurðarnefnd fellir rökstuddan úrskurð í kærumáli og skal hann tilkynntur aðilum málsins.

Úrskurðarnefnd getur í sérstökum tilvikum tekið mál til úrskurðar eftir að kærufrestur skv. 3. mgr. er runninn út.

Ráðherra er heimilt að setja nánari reglur um störf úrskurðarnefndar.

26. gr.

Kæruaðilar skv. 25. gr. geta verið:

1. sérhver aðili sem telja verður að hafi nægilegra lögvarinna hagsmuna að gæta í málinu,
2. reikningsstofnun þegar hún dregur í efa ákvarðanir verðbréfamiðstöðvar skv. 17., 22. og 23. gr., svo og
3. verðbréfamiðstöð þegar hún dregur í efa tilkynningar reikningsstofnunar vegna skráningar í miðstöðinni.

27. gr.

Heimilt er að bera úrskurð úrskurðarnefndar undir dómstóla með venjulegum hætti innan fjögurra vikna frá því að hann er tilkynntur aðilum máls.

Mál, sem skv. 25. og 26. gr. er heimilt að skjóta til úrskurðarnefndar, verða ekki borin undir dómstóla nema að undangenginni kærumeðferð.

VII. KAFLI
Skaðabætur.

28. gr.

Verðbréfamiðstöð ber skaðabótaábyrgð vegna þess tjóns sem rakið verður til starfsemi hennar í tengslum við tilkynningar um skráningu, breytingar eða afmáningu réttinda á reikningi í miðstöðinni þrátt fyrir að saknæmri háttsemi sé ekki til að dreifa. Bótaábyrgð nær þó hvorki til tjóns vegna glataðra viðskiptatækifæra né til tjóns vegna óviðráðanlegra ytri atvika (force majeure).

Hafi tjónþoli af ásetningi eða gáleysi átt þátt í því að tjón varð er heimilt að lækka eða fella niður skaðabætur til hans.

Verðbréfamiðstöð ber skaðabótaábyrgð gagnvart þeim aðilum sem grandlausir verða fyrir tjóni vegna ákvæða 2. málsl. 19. gr. fáist það ekki bætt samkvæmt almennum reglum.

Samanlagðar skaðabætur fyrir tjón vegna sama tjónsatburðar geta ekki orðið hærri en sem nemur helmingi fjárhæðar ábyrgðarsjóðs skv. 30. gr.

29. gr.

Reikningsstofnun ber skaðabótaábyrgð vegna þess tjóns sem rakið verður til starfsemi hennar í tengslum við tilkynningar um skráningu, breytingar eða afmáningu réttinda á reikningi í verðbréfamiðstöðinni, svo og greiðslum út af slíkum reikningi, þrátt fyrir að orsök tjónsins verði rakin til óhappaatvika.

Hafi tjónþoli af ásetningi eða gáleysi átt þátt í því að tjón varð er heimilt að lækka eða fella brott skaðabætur til hans.

30. gr.

Þegar tjón má rekja til starfsemi verðbréfamiðstöðvar eða reikningsstofnunar, sbr. 28. og 29. gr., en ekki liggur ljóst fyrir hvor aðilanna ber ábyrgð á tjóninu, er heimilt að stefna þeim sameiginlega (in solidum) til greiðslu skaðabóta. Um endurkröfu milli stefndu fer samkvæmt almennum reglum.

Samanlagður ábyrgðarsjóður verðbréfamiðstöðvar skal aldrei nema lægri fjárhæð en 650 milljónum króna í formi ábyrgða eða á annan hátt.

Nánari reglur um ábyrgðir verðbréfamiðstöðvar skv. 2. mgr. skal setja í samþykktir hennar.

VIII. KAFLI
Eftirlit.

31. gr.

Bankaeftirlit Seðlabanka Íslands hefur eftirlit með því að starfsemi verðbréfamiðstöðva sé í samræmi við lög þessi og reglur eða reglugerðir settar samkvæmt þeim. Skal bankaeftirliti Seðlabankans þess vegna heimill aðgangur að öllum gögnum og upplýsingum um starfsemi verðbréfamiðstöðva og reikningsstofnana sem það telur nauðsyn á vegna eftirlits samkvæmt lögum þessum. Um eftirlitið gilda, eftir því sem við getur átt, lög um Seðlabanka Íslands og lög um verðbréfaviðskipti.

32. gr.

Telji bankaeftirlit Seðlabankans reikningsstofnun hafa brotið ítrekað eða með alvarlegum hætti gegn ákvæðum laga þessara, laga um verðbréfaviðskipti eða reglum og reglugerðum settum samkvæmt þeim, eða að háttsemi reikningsstofnana sé að öðru leyti óeðlileg, óheilbrigð eða ótraust, er því heimilt að svipta hlutaðeigandi aðila rétti til eignarskráningar í verðbréfamiðstöð.

IX. KAFLI
Viðurlög.

33. gr.

Brot á lögum þessum varða sektum eða fangelsi allt að einu ári nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum. Sé brot framið í þágu lögaðila er heimilt að beita stjórnendur lögaðilans framangreindum viðurlögum og einnig er heimilt að gera lögaðila að sæta sviptingu starfsréttinda.

Tilraun til og hlutdeild í brotum á lögum þessum eru refsiverðar samkvæmt almennum hegningarlögum.

X. KAFLI
Ýmis réttaráhrif, gildistaka o.fl.

34. gr.

Sé rafbréf gefið út og skráð samkvæmt lögum þessum sem víxill skal fylgja þeim lagareglum sem um víxla gilda eftir því sem við getur átt.

35. gr.

Hafi verðbréf verið tekin til rafrænnar eignarskráningar í verðbréfamiðstöð ganga ákvæði laga þessara framar ákvæðum sérlaga um útgáfu og form slíkra verðbréfa.

36. gr.

Lög þessi öðlast gildi hinn 1. janúar 1998.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Þegar verðbréfamiðstöð samkvæmt lögum þessum hefur starfsemi sína skal stefna að því að gefa útgefanda og eiganda kost á því að eignarskrá með rafrænum hætti réttindi yfir öllum eftirtöldum verðbréfum, sem þá verða í fullu gildi eða eru innan lokagjalddaga, fyrir árslok 2000:

1. spariskírteinum ríkissjóðs,
2. ríkisbréfum,
3. ríkisvíxlum,
4. húsbréfum og húsnæðisbréfum,
5. hlutabréfum félaga sem skráð eru á Verðbréfaþingi Íslands,
6. skuldabréfum og víxlum sem útgefnir eru af bönkum, sparisjóðum, sveitarfélögum og öðrum ótilgreindum aðilum og skráð eru á Verðbréfaþingi Íslands,
7. öðrum verðbréfum sem stjórn verðbréfamiðstöðvar samþykkir til eignarskráningar, sbr. ákvæði 13. gr. laga þessara.

II.

Ef eignarréttindi yfir verðbréfi eru eignarskráð í verðbréfamiðstöð skal ógilda hið áþreifanlega verðbréf. Í reglugerð, sem ráðherra setur, skal kveða nánar á um tilhögun innköllunar og eignarskráningu samkvæmt ákvæði þessu og ákvæði I til bráðabirgða.

Gjört á Bessastöðum, 23. desember 1997.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Finnur Ingólfsson.

LÖG

um breytingu á lögum nr. 17/1991, um einkaleyfi, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í stað 2. málsl. 1. mgr. 65. gr. a í lögunum kemur: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1610/96, um útgáfu viðbótarvottorðs um vernd plöntuvarnarefna, sem birt er sem 6. liður a í sama viðauka, fylgir og lögunum og telst hluti þeirra að teknu tilliti til aðlögunarákvæða samkvæmt ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 59/97 frá 31. júlí 1997. Ákvæði reglugerðanna skulu hafa lagagildi hér á landi.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 2. janúar 1998.

Gjört á Bessastöðum, 23. desember 1997.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Finnur Ingólfsson.

Fylgiskjal I.

REGLUGERÐ EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (EB) nr. 1610/96 frá 23. júlí 1996 um útgáfu viðbótarvottorðs um vernd plöntuvarnarefna.

EVRÓPUÞINGIÐ OG
RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 100. gr. a,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar[1],

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndarinnar[2],

í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 189. gr. b í sáttmálanum[3],

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Rannsóknir á plöntuvarnarefnum stuðla að áframhaldandi framförum í framleiðslu og framboði á gnótt góðra matvæla á viðráðanlegu verði.
2) Rannsóknir á plöntuvarnarefnum stuðla að áframhaldandi framförum í ræktun plantna.
3) Haldið verður áfram að þróa plöntuvarnarefni innan bandalagsins og í Evrópu, einkum þau efni sem að baki liggja langvarandi og kostnaðarsamar rannsóknir, ef um þau gilda hagstæðar reglur sem kveða á um nægilega vernd til að hvetja til slíkra rannsókna.
4) Plöntuvarnarefnaiðnaðurinn er þess eðlis að eigi hann að vera samkeppnishæfur krefst það sambærilegrar verndar á nýjungum við þá vernd sem lyfjum er veitt með reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1768/92 frá 18. júní 1992 um útgáfu viðbótarvottorðs um vernd lyfja[4].

---

1 Stjtíð. EB nr. C 390, 31.12.1994, bls. 21 og Stjtíð. EB nr. C 335, 13.12.1995, bls.15.

2 Stjtíð. EB nr. C 155, 21.6.1995, bls. 14.

3 Álit Evrópuþingsins frá 15. júní 1995 (Stjtíð. EB nr. C 166, 3.7.1995, bls. 89), sameiginleg afstaða ráðsins frá 27. nóvember 1995 (Stjtíð. EB nr. C 353, 30.12.1995, bls. 36) og ákvörðun Evrópuþingsins frá 12. mars 1996 (Stjtíð. EB nr. C 96, 1.4.1996, bls. 30).

4 Stjtíð. EB nr. L 182, 2.7.1992, bls. 1.

5) Eins og sakir standa er tíminn sem líður frá því að umsókn um einkaleyfi fyrir nýtt plöntuvarnarefni er lögð fram þar til leyfi til að setja það á markað liggur fyrir svo takmarkaður að tímabilið sem efnið nýtur einkaleyfisverndar nægir ekki til þess að fjárfesting í rannsóknum skili sér til baka eða til þess að skapa það fjármagn sem þarf til að halda áfram rannsóknum á háu stigi.

6) Við þessar aðstæður verður vernd ófullnægjandi og kemur það niður á rannsóknum á plöntuvarnarefnum og samkeppnishæfni iðnaðarins.

7) Eitt helsta markmið viðbótarvottorðsins um vernd er að gera evrópskan iðnað samkeppnishæfan við norður-amerískan og japanskan iðnað.

8) Með ályktun sinni frá 1. febrúar 1993[5] um stefnu- og framkvæmdaáætlun bandalagsins í tengslum við umhverfi og sjálfbæra þróun samþykkti ráðið hina almennu aðferð og skipulagsáætlun sem fram kemur í áætlun framkvæmdastjórnarinnar, þar sem lögð var áhersla á samband hagvaxtar og gæða umhverfisins. Forsenda aukinnar umhverfisverndar er því að fjárhagslegri samkeppnishæfni iðnaðarins sé viðhaldið. Af þessum sökum má líta á útgáfu viðbótarvottorðs um vernd sem jákvæða ráðstöfun sem kemur umhverfisvernd til góða.

9) Finna þarf samræmda lausn á vettvangi bandalagsins til að koma í veg fyrir að landslög þróist á mismunandi vegu og auki enn á ósamræmið sem getur orðið til hindrunar frjálsum flutningi á plöntuvarnarefnum innan bandalagsins og þar með haft bein áhrif á starfsemi innri markaðarins. Þetta er í samræmi við dreifræðisregluna eins og hún er skilgreind í 3. gr. b í sáttmálanum.

10) Því er nauðsynlegt að gefa út viðbótarvottorð um vernd sem er veitt með sömu skilyrðum í öllum aðildarríkjum að beiðni þess sem hefur innlent eða evrópskt einkaleyfi fyrir plöntuvarnarefni og hefur fengið leyfi til að setja það á markað. Reglugerð er því sá lagagerningur sem helst á við í þessu tilviki.

11) Sú vernd sem vottorðið veitir skal vara nógu lengi til að vernda plöntuvarnarefnið á árangursríkan hátt. Til að svo megi verða ber að sjá til þess að sá sem hefur bæði einkaleyfi og vottorð skuli njóta einkaréttar til framleiðslu í fimmtán ár að minnsta kosti frá þeim tíma að plöntuvarnarefnið sem um ræðir fær fyrst markaðsleyfi í bandalaginu.

12) Þó ber að taka tillit til allra sem eiga hagsmuna að gæta í málinu þar eð framleiðsla plöntuvarnarefna er bæði flókin og viðkvæm atvinnugrein. Af þeirri ástæðu er óheimilt að veita vottorð til lengri tíma en fimm ára.

13) Vottorðið veitir sömu réttindi og grunneinkaleyfi. Ef grunneinkaleyfið veitir vernd vegna virks efnis og hinna ýmsu afleiðna þess (salta og estera) veitir vottorðið því þá sömu vernd.

14) Útgáfa vottorðs vegna framleiðsluvöru úr virku efni kemur ekki í veg fyrir útgáfu annarra vottorða vegna afleiðna efnisins (salta og estera), að því tilskildu að sérstök einkaleyfi nái til afleiðnanna.

15) Einnig skal leitast við að ná jafnvægi þegar bráðabirgðafyrirkomulag er ákveðið. Með slíku fyrirkomulagi skal veita plöntuvarnarefnaiðnaðinum í bandalaginu möguleika á að vinna upp að einhverju marki það forskot sem aðalkeppinautar hans hafa haft, en gæta þess jafnframt að fyrirkomulagið torveldi ekki framkvæmd annarra réttmætra markmiða sem stefnt er að í landbúnaðar- og umhverfismálum bæði í aðildarríkjunum sjálfum og á vettvangi bandalagsins.

16) Aðeins er unnt að ná því markmiði að tryggja fullnægjandi vernd fyrir nýjungar á sviði plöntuvarnarefna, án þess að missa sjónar á því að innri markaðurinn starfi eðlilega hvað varðar plöntuvarnarefni, með aðgerðum á vettvangi bandalagsins.

17) Reglurnar sem fram koma í 12., 13. og 14. forsendu og í 3. (2. mgr.), 4., 8. (c-lið 1. mgr.) og 17. (2. mgr.) gr. þessarar reglugerðar gilda að breyttu breytanda einkum um túlkun 9. forsendu og 3., 4., 8. (c-lið 1. mgr.) og 17. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 1768/92.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Skilgreiningar.

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1. „Plöntuvarnarefni“: virk efni og efnablöndur sem innihalda eitt eða fleiri virk efni í því formi sem þau eru afhent neytanda og eru ætluð til að:
   a) verja plöntur eða plöntuafurðir gegn öllum skaðlegum lífverum eða koma í veg fyrir virkni þessara lífvera, að svo miklu leyti sem þessar efnablöndur eða efni eru ekki skilgreind hér á eftir;
   b) hafa áhrif á lífsferil plantna á annan hátt en sem næringarefni (t.d. stýriefni);
   c) verja plöntuafurðir, að svo miklu leyti sem efni þessi eða afurðir falla hvorki undir sérstök ákvæði ráðsins né framkvæmdastjórnarinnar um rotvarnarefni;
   d) eyða óæskilegum plöntum; eða
   e) eyða plöntuhlutum, draga úr eða hindra óæskilegan vöxt plantna.
2. „Efni“: frumefni og sambönd þeirra, náttúrleg eða iðnaðarframleidd, að meðtöldum óhreinindum sem eru óhjákvæmileg afleiðing iðnaðarvinnslu.
3. „Virk efni“: efni eða örverur að meðtöldum veirum sem hafa almenn eða sértæk áhrif á:
   a) skaðlegar lífverur; eða
   b) plöntur, plöntuhluta eða plöntuafurðir.
4. „Efnablöndur“: blöndur eða lausnir, samsettar úr tveimur eða fleiri efnum þar sem er minnst eitt virkt efni, sem eru notaðar sem plöntuvarnarefni.
5. „Plöntur“: lifandi plöntur og lifandi plöntuhlutar, að meðtöldum ferskum ávöxtum og fræjum.
6. „Plöntuafurðir“: plöntuafurðir, óunnar eða unnar með einföldum aðferðum, svo sem mölun, þurrkun eða pressun, að undanskildum plöntunum sjálfum eins og þær eru skilgreindar í 5. tölul.
7. „Skaðlegar lífverur“: lífverur sem skaða plöntur eða plöntuafurðir og teljast til dýra- eða jurtaríkisins og einnig veirur, bakteríur, berfrymingar og aðrir sýklar.
8. „Framleiðsluvara“: virka efnið eins og það er skilgreint í 3. tölul. eða samsetningar virkra efna í plöntuvarnarefni.
9. „Grunneinkaleyfi“: einkaleyfi sem verndar framleiðsluvöru sem slíka, eins og hún er skilgreind í 8. tölul., efnablöndu eins og hún er skilgreind í 4. tölul., aðferð til að vinna framleiðsluvöru eða aðferð við notkun framleiðsluvöru, og sem einkaleyfishafi þarf að tilgreina þegar til þess kemur að gefa út vottorð.
10. „Vottorð“: viðbótarvottorðið um vernd.

[5] Stjtíð. EB nr. C 138, 17.5.1993, bls. 1.

2. gr.
Gildissvið.

Heimilt er að gefa út vottorð, samkvæmt þeim skilmálum og með þeim skilyrðum sem kveðið er á um í þessari reglugerð, fyrir hvaða framleiðsluvöru sem er, ef hún nýtur einkaleyfaverndar á yfirráðasvæði aðildarríkis og er háð opinberu leyfi áður en hún er markaðssett sem plöntuvarnarefni, samkvæmt málsmeðferð sem mælt er fyrir um í 4. gr. tilskipunar ráðsins 91/414/EBE[6], eða samkvæmt jafngildu ákvæði landslaga, ef um ræðir plöntuvarnarefni sem sótt var um leyfi fyrir áður en tilskipun 91/414/EBE kom til framkvæmda í viðkomandi aðildarríki.

3. gr.
Skilyrði fyrir útgáfu vottorðs.

1. Gefa skal út vottorð ef eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt í aðildarríkinu þar sem umsóknin er um geturí 7. gr. er lögð fram á þeim tíma sem sótt er um:

a) framleiðsluvaran nýtur verndar grunneinkaleyfis sem er í gildi;
b) framleiðsluvaran hefur fengið gilt markaðsleyfi sem plöntuvarnarefni í samræmi við 4. gr. tilskipunar 91/414/EBE eða jafngilt ákvæði í landslögum;
c) framleiðsluvaran hefur ekki þegar fengið vottorð;
d) leyfið sem um getur í b-lið er fyrsta leyfið til að setja framleiðsluvöruna á markað sem plöntuvarnarefni.

2. Handhafi sem hefur fleiri en eitt einkaleyfi fyrir sömu framleiðsluvöru getur einungis fengið eitt vottorð vegna þeirrar vöru. Ef tvær eða fleiri umsóknir vegna sömu framleiðsluvöru berast frá tveimur eða fleiri handhöfum mismunandi einkaleyfa er þó heimilt að gefa út vottorð til hvers þeirra um sig.

4. gr.
Efni sem nýtur verndar.

Sú vernd sem vottorð veitir takmarkast af umfangi grunneinkaleyfisins og tekur einungis til þeirrar framleiðsluvöru sem markaðsleyfið fyrir plöntuvarnarefnið gildir um og til þeirra nota framleiðsluvörunnar sem plöntuvarnarefni sem heimiluð hafa verið á gildistíma vottorðsins.

5. gr.
Áhrif vottorðs.

Með fyrirvara um ákvæði 4. gr. skal vottorðið veita sama rétt og grunneinkaleyfið og vera háð sömu takmörkunum og skuldbindingum.

6. gr.
Réttur til vottorðs.

Vottorðið skal veitt handhafa grunneinkaleyfis eða þeim sem síðar kann að yfirtaka þann rétt.

7. gr.
Umsókn um vottorð.

1. Leggja skal inn umsókn um vottorð innan sex mánaða frá þeim degi er leyfið sem um getur í b-lið 1. mgr. 3. gr. var veitt til að markaðssetja framleiðsluvöruna sem plöntuvarnarefni.

2. Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. skal leggja inn umsókn um vottorð innan sex mánaða frá þeim degi er grunneinkaleyfið var veitt, enda hafi markaðsleyfi verið veitt vegna plöntuvarnarefnisins áður en grunneinkaleyfið var veitt.

8. gr.
Innihald umsóknar um vottorð.

1. Umsókn um vottorð skal hafa að geyma:

a) beiðni um útgáfu vottorðs, þar sem einkum kemur fram:
   i) nafn og heimilisfang umsækjanda,
   ii) nafn og heimilisfang fulltrúa hans, ef hann hefur tilnefnt fulltrúa,
   iii) númer grunneinkaleyfisins og heiti uppfinningarinnar,
   iv) númer og dagsetning fyrsta markaðsleyfis eins og um getur í b-lið 1. mgr. 3. gr. og, ef þetta er ekki fyrsta markaðsleyfið innan bandalagsins, númer og dagsetning þess leyfis;
b) afrit af markaðsleyfinu eins og um getur í b-lið 1. mgr. 3. gr., með lýsingu á framleiðsluvörunni, einkum númeri og dagsetningu leyfisins og samantekt um eiginleika framleiðsluvörunnar eins og fram kemur í 1. þætti A-hluta (1.–7. lið) eða í 1. þætti B-hluta (1.–7. lið) í II. viðauka við tilskipun 91/414/EBE eða í jafngildum landslögum aðildarríkisins þar sem umsóknin var lögð fram;
c) ef leyfið sem um getur í b-lið er ekki fyrsta markaðsleyfið sem fengist hefur fyrir plöntuvarnarefnið innan bandalagsins, upplýsingar um framleiðsluvöruna sem leyfi hefur fengist fyrir og lagaákvæði sem farið var eftir við veitingu leyfisins, ásamt afriti af opinberu tilkynningunni um markaðsleyfi, eða, ef slík tilkynning hefur ekki verið gefin út, öðru skjali sem færir sönnur á að leyfið hafi verið veitt, dagsetningu leyfisins og deili á framleiðsluvörunni sem leyfi fékkst fyrir.

2. Aðildarríki geta kveðið á um gjald sem greiða skal þegar sótt er um vottorð.

9. gr.
Umsókn um vottorð lögð fram.

1. Leggja skal inn umsókn um vottorð hjá lögbærri einkaleyfastofu í aðildarríkinu sem gaf út grunneinkaleyfið eða sem ber ábyrgð á veitingu leyfisins og þar sem markaðsleyfið sem um getur í b-lið 1. mgr. 3. gr. fékkst fyrir framleiðsluvöruna, nema það aðildarríki tilnefni annað yfirvald til þess.

2. Yfirvaldið sem um getur í 1. mgr. skal birta tilkynningu um umsókn um vottorð. Í tilkynningunni skulu koma fram að minnsta kosti eftirfarandi upplýsingar:

a) nafn og heimilisfang umsækjanda;
b) númer grunneinkaleyfisins;
c) heiti uppfinningarinnar;
d) númer og dagsetning markaðsleyfisins sem um getur í b-lið 1. mgr. 3. gr. og hvaða framleiðsluvöru leyfið gildir um;
e) þegar við á, númer og dagsetning fyrsta markaðsleyfis sem veitt hefur verið vegna framleiðsluvörunnar innan bandalagsins.

10. gr.
Útgáfa vottorðs eða synjun umsóknar.

1. Ef umsókn um vottorð og framleiðsluvaran sem um er að ræða uppfylla skilyrði sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð skal yfirvaldið sem um getur í 1. mgr. 9. gr. gefa út vottorðið.

2. Yfirvaldið sem um getur í 1. mgr. 9. gr. skal, með fyrirvara um 3. mgr., synja umsókn um vottorð ef umsóknin eða framleiðsluvaran sem um er að ræða uppfylla ekki skilyrðin sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð.

3. Ef umsókn um vottorð uppfyllir ekki skilyrði sem mælt er fyrir um í 8. gr. skal yfirvaldið sem um getur í 1. mgr. 9. gr. veita umsækjanda færi á að ráða bót þar á eða greiða gjaldið innan tilskilins frests.

---

6 Stjtíð. EB nr. L 230, 19.8.1991, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 95/36/EB (Stjtíð. EB nr. L 172, 22.7.1995, bls. 8).

4. Verði ekki ráðin bót á ágöllum eða gjaldið ekki greitt innan tiltekins frests, eins og greint er frá í 3. mgr., skal yfirvaldið synja umsókninni.

5. Aðildarríkjum er heimilt að kveða á um að yfirvaldið sem um getur í 1. mgr. 9. gr. gefi út vottorð án þess að það hafi gengið úr skugga um að skilyrðin sem mælt er fyrir um í c- og d-lið 1. mgr. 3. gr. hafi verið uppfyllt.

11. gr.

Birting.

1. Yfirvaldið sem um getur í 1. mgr. 9. gr. skal birta opinbera tilkynningu þess eðlis að vottorð hafi verið gefið út. Í tilkynningunni skulu að minnsta kosti eftirfarandi upplýsingar koma fram:

a) nafn og heimilisfang þess sem hefur fengið vottorð;
b) númer grunneinkaleyfisins;
c) heiti uppfinningarinnar;
d) númer og dagsetning markaðsleyfisins sem um getur í b-lið 1. mgr. 3. gr. og hvaða framleiðsluvöru leyfið gildir fyrir;
e) þegar við á, númer og dagsetning fyrsta markaðsleyfis sem veitt hefur verið vegna framleiðsluvörunnar innan bandalagsins;
f) gildistími vottorðsins.

2. Yfirvaldið sem um getur í 1. mgr. 9. gr. skal birta opinbera tilkynningu þess eðlis að umsókninni hafi verið synjað. Í tilkynningunni skulu koma fram að minnsta kosti þær upplýsingar sem tilgreindar eru í 2. mgr. 9. gr.

12. gr.

Árgjald.

Aðildarríkjum er heimilt að kveða á um greiðslu árgjalds fyrir vottorðið.

13. gr.

Gildistími vottorðs.

1. Vottorðið tekur gildi þegar lögbundinn gildistími grunneinkaleyfisins rennur út og gildir á tímabili sem er jafnlangt þeim tíma sem hefur liðið frá því umsóknin um grunneinkaleyfi var lögð fram þar til fyrsta markaðsleyfið var veitt fyrir framleiðsluvöruna innan bandalagsins, að frádregnum fimm árum.

2. Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. skal vottorðið ekki gilda lengur en í fimm ár reiknað frá gildistökudeginum.

3. Þegar gildistími vottorðsins er reiknaður skal því aðeins taka tillit til fyrsta bráðabirgðamarkaðsleyfis að beint í kjölfar þess fylgi endanlegt leyfi vegna sömu framleiðsluvöru.

14. gr.

Vottorð fellur úr gildi.

Vottorðið fellur úr gildi:

a) þegar tímabilið sem kveðið er á um í 13. gr. er útrunnið;
b) ef handhafi vottorðs skilar því;
c) hafi árgjald sem kveðið er á um í samræmi við 12. gr. ekki verið greitt á tilsettum tíma;
d) ef og svo lengi sem óheimilt verður að setja framleiðsluvöruna, sem vottorðið gildir um, á markað í kjölfar þess að markaðsleyfi hefur verið afturkallað í samræmi við 4. gr. tilskipunar 91/414/EBE eða jafngild ákvæði í landslögum. Yfirvaldið sem um getur í 1. mgr. 9. gr. getur ákveðið að fella vottorð úr gildi, að eigin frumkvæði eða samkvæmt beiðni þriðja aðila.

15. gr.

Ógilding vottorðs.

1. Vottorðið skal ógilt ef:

a) það hefur verið gefið út á forsendum sem stangast á við ákvæði 3. gr.;
b) grunneinkaleyfið hefur fallið niður áður en gildistími þess er útrunninn;
c) grunneinkaleyfið hefur verið afturkallað eða takmarkað þannig að framleiðsluvaran, sem vottorðið var gefið út fyrir, nýtur ekki lengur verndar grunneinkaleyfisins eða, eftir að grunneinkaleyfið er útrunnið, ástæða er fyrir því að afturkalla það eða takmarka það með þessum hætti.

2. Hver sem er getur sótt um að fá vottorð ógilt, eða hafið mál til þess, hjá þeim aðila sem ber ábyrgð samkvæmt landslögum á endurnýjun á samsvarandi einkaleyfi.

16. gr.

Tilkynning um vottorð sem hafa fallið úr gildi eða verið ógilt.

Yfirvaldið sem um getur í 1. mgr. 9. gr. skal birta opinbera tilkynningu um það ef vottorð fellur úr gildi í samræmi við b-, c- eða d-lið 14. gr. eða er ógilt í samræmi við 15. gr.

17. gr.

Áfrýjun.

1. Unnt skal vera að áfrýja ákvörðunum yfirvaldsins sem um getur í 1. mgr. 9. gr. eða aðilans sem um getur í 2. mgr. 15. gr., sem teknar eru í samræmi við þessa reglugerð, á þann hátt sem kveðið er á um í landslögum um ákvarðanir í einkaleyfamálum í viðkomandi landi.

2. Ef dagsetning fyrsta markaðsleyfis fyrir vöruna innan bandalagsins, sem fram kemur í umsókninni um vottorð sem kveðið er á um í 8. gr., er röng, skal vera unnt að áfrýja ákvörðuninni um veitingu vottorðsins til að leiðrétta gildistíma þess.

18. gr.

Málsmeðferð.

1. Sé ekki kveðið á um sérstaka málsmeðferð í þessari reglugerð skal sú málsmeðferð sem gildir um grunneinkaleyfið samkvæmt landslögum gilda um vottorðið og, ef við á, málsmeðferðarákvæði sem gilda um vottorðin sem um getur í reglugerð (EBE) nr. 1768/92, nema í þeim lögum sé kveðið á um sérstaka málsmeðferð fyrir vottorð sem um getur í þessari reglugerð.

2. Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. skal undanskilja málsmeðferð vegna andmæla við útgáfu vottorðs.

BRÁÐABIRGÐAÁKVÆÐI

19. gr.

1. Heimilt er að gefa út vottorð fyrir allar framleiðsluvörur sem njóta verndar gilds grunneinkaleyfis þegar þessi reglugerð öðlast gildi, að því tilskildu að fyrsta leyfi til að markaðssetja vöruna sem plöntuvarnarefni í bandalaginu hafi verið veitt eftir 1. janúar 1985 skv. 4. gr. tilskipunar 91/414/EBE eða jafngildu ákvæði í landslögum.

2. Umsókn um vottorð, sem er lögð fram á grundvelli 1. mgr., skal koma fram innan sex mánaða frá því að þessi reglugerð öðlast gildi.

20. gr.

Í þeim aðildarríkjum þar sem landslög gerðu ekki ráð fyrir veitingu einkaleyfa vegna plöntuvarnarefna 1. janúar 1990 skulu ákvæði þessarar reglugerðar gilda frá 2. janúar 1998.

Ákvæði 19. gr. gilda ekki í þeim aðildarríkjum.

LOKAÁKVÆÐI

21. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi öðlast gildi sex mánuðum eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna.*

Fylgiskjal II.

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR nr. 59/97 frá 31. júlí 1997 um breytingu á XVII. viðauka (Hugverkaréttindi) við EES-samninginn.

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagaður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

XVII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 59/96 frá 28. október 1996[1].

Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1610 frá 23. júlí 1996 um útgáfu viðbótarvottorðs um vernd plöntuvarnarefna[2] skal felld inn í samninginn.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður komi aftan við 6. lið (reglugerð ráðsins 1768/92) í XVII. viðauka við samninginn:

„6a. 396 R 1610: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1610 frá 23. júlí 1996 um útgáfu viðbótarvottorðs um vernd plöntuvarnarefna (Stjtíð. EB nr. L 193, 8. 8. 1996, bls. 30).

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er þennan samning varðar, aðlöguð sem hér segir:

a) Við b-lið 1. mgr. 3. gr. bætist eftirfarandi:
„; að því er þessa undirgrein varðar og greinar sem vísa til hennar skal fara með leyfi til að markaðssetja vöru í samræmi við landslög EFTA-ríkis á sama hátt og leyfi sem veitt er í samræmi við tilskipun 91/414/EBE eða jafngilt ákvæði í landslögum aðildarríkis EB.“;

b) 20. gr. gildir ekki.

c) Hvað varðar Ísland og Noreg gildir þessi reglugerð frá 2. janúar 1998.

d) Eftirfarandi málsgreinar bætist við 19. gr.:
„3. Ef grunneinkaleyfi í EFTA-ríki rennur út, vegna þess að lögbundinn gildistími þess er liðinn, milli 8. febrúar 1997 og 2. janúar 1998, skal vottorðið eingöngu öðlast gildi fyrir þann tíma sem fer á eftir birtingardegi leyfisumsóknarinnar. Þó skal 13. gr. gilda um útreikning á gildistíma vottorðsins.
4. Ef um 3. mgr. er að ræða skal leggja inn umsókn fyrir vottorði innan tveggja mánaða frá 2. janúar 1998.
5. Vottorð sem sótt er um í samræmi við 3. mgr. skal ekki koma í veg fyrir að þriðji aðili, sem í góðri trú hefur, frá því að grunnleyfið rann út og þar til umsókn um vottorð var gefin út, notað uppfinninguna í viðskiptum eða hefur lagt í mikinn undirbúning í því skyni, haldi áfram að nota hana.“

e) Enn fremur gildir eftirfarandi um Liechtenstein:
Með hliðsjón af einkaleyfissambandi milli Liechtenstein og Sviss skal Liechtenstein ekki gefa út nein viðbótarvottorð um vernd plöntuvarnarefna eins og kveðið er á um í þessari reglugerð. Þó skulu vottorð um vernd plöntuvarnarefna sem Sviss gefur út öðlast gildi í Liechtenstein um leið og löggjöf þar að lútandi tekur gildi í Sviss.“

2. gr.

Fullgiltur texti reglugerðar (EB) nr. 1610/96 á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

---

[1] Stjtíð. EB nr. L 21, 23.1.1997, bls. 11, og EES-viðbætir við Stjtíð. EB nr. 4, 23.1.1997, bls. 55.

[2] Stjtíð. EB nr. L 193, 8.8.1996, bls. 30.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. ágúst 1997, að því tilskildu að allar tilkynningar skv. 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

23. desember 1997 Nr. 133

LÖG

um breytingar á lögum nr. 38 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í stað 2. mgr. 5. gr. laganna koma sex nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Heimilt er að flytja veiðileyfi, skv. 1. mgr., til annars jafnstórs skips, miðað við rúmtölu, enda hafi rétti til endurnýjunar ekki verið afsalað. Þá er og heimilt að sameina veiðileyfi tveggja eða fleiri skipa eða skipta veiðileyfi eins skips til tveggja eða fleiri skipa, enda sé rúmtala þess eða samtala rúmtalna þeirra skipa, sem veiðileyfi fá, ekki hærri en rúmtala þess eða þeirra sem veiðileyfi láta. Aðeins er þó heimilt að flytja veiðileyfi frá báti, sem hefur leyfi til línu- og færaveiða, sbr. 6. gr., til báts sem er helmingi minni að rúmtölu en sá bátur sem veiðileyfi lætur. Hafi bátur verið dæmdur óbætandi vegna sjótjóns má þrátt fyrir 3. málsl. þessarar málsgreinar flytja veiðileyfi þess báts til annars jafnstórs báts miðað við rúmtölu.

Þrátt fyrir 2. mgr. er heimilt að flytja leyfi skips til veiða með aflamarki til annars skips sem er allt að 100 rúmmetrum stærra, að viðbættum 25%, en þó aldrei meira en 60% stærra en það skip sem veiðileyfi lætur. Sé skip stækkað með endurnýjun skv. 1. málsl. þessarar málsgreinar eða því breytt skv. 2. málsl. 4. mgr. verður það ekki stækkað með endurnýjun fyrr en a.m.k. sjö ár eru liðin frá því að endurnýjunin eða breytingin átti sér stað. Heimild til að flytja veiðileyfi á skip, sem er stærra en skip það er veiðileyfi lætur, á aðeins við þegar eitt skip kemur í stað eins eða fleiri skipa og takmarkast við stærsta skipið af þeim sem veiðileyfi láta.

Óheimilt er að gera breytingar á skipi sem hefur leyfi til veiða með aflamarki þannig að rúmtala þess aukist nema flutt sé veiðileyfi af öðru skipi eða skipum sem eru jafnstór að rúmtölu og sem stækkuninni nemur. Þó er heimilt að breyta skipi sem hefur leyfi til veiða með aflamarki þannig að rúmtala þess aukist, hafi slíkar breytingar ekki verið gerðar á síðustu sjö árum eða skipið stækkað með endurnýjun skv. 3. mgr., enda aukist hún ekki um meira en 100 rúmmetra að viðbættum 25% en þó aldrei meira en 60%.

Óheimilt er að gera breytingar á báti sem hefur leyfi til línu- og færaveiða, sbr. 6. gr., nema flutt sé veiðileyfi af öðrum báti sem er helmingi stærri að rúmtölu en sem stækkuninni nemur. Slíkum báti má þó aldrei breyta svo að hann verði stærri en sex brúttótonn.

Rúmmetrar sem ekki nýtast við flutning veiðileyfa milli skipa eða vegna stækkana falla niður.

Ráðherra skal setja nánari reglur um endurnýjun fiskiskipa og skal þar meðal annars kveðið á um hvernig rúmtala skips skuli reiknuð.

2. gr.

Orðin „2. mgr.“ í 1. málsl. 1. mgr. 11. gr. laganna falla brott.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Breytingar á skipum sem stunda veiðar með aflamarki og leyfi fengu til veiða í atvinnuskyni fyrir 1. janúar 1986 skulu heimilar, þrátt fyrir ákvæði 1. gr., hafi samningar þar um verið gerðir fyrir og skilað til Fiskistofu innan fjögurra vikna frá gildistöku laga þessara. Breytingum skal þá lokið í síðasta lagi innan 14 mánaða frá gildistöku laganna. Slíkar breytingar skulu ekki lagðar til grundvallar mati á stærð skips við endurnýjun skipsins síðar.

Gjört á Bessastöðum, 23. desember 1997.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Þorsteinn Pálsson.

Nr. 134 23. desember 1997

LÖG

um breytingu á lögum nr. 56/1996, um spilliefnagjald.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við 1. mgr. 3. gr. laganna bætist nýr málsliður er orðast svo: Ráðherra ákveður þóknun nefndarmanna fyrir setu í nefndinni.

2. gr.

Við 1. mgr. 5. gr. laganna bætist nýr málsliður sem orðast svo: Þá er spilliefnanefnd heimilt að greiða förgun úrgangsefna sem blandast hafa vörum sem greitt hefur verið af skv. 6. gr., enda sé blöndunin hluti af eðlilegri notkun vörunnar.

3. gr.

2. mgr. 6. gr. laganna orðast svo:

Spilliefnagjald skal lagt á neðangreinda vöruflokka:

1. Olíuvörur:
   a. svartolía, allt að 0,1 kr. á hvert kg,
   b. önnur olía en brennsluolía, allt að 20,0 kr. á hvert kg.

2. Lífræn leysiefni, klórbundin efnasambönd o.fl.:
   a. lífræn leysiefni, allt að 3,0 kr. á hvert kg,
   b. halógeneruð efnasambönd, allt að 900 kr. á hvert kg,
   c. ósoneyðandi efni, allt að 900 kr. á hvert kg,
   d. ísósyanöt, allt að 10,0 kr. á hvert kg.
3. Málning og litarefni, allt að 16,0 kr. á hvert kg.
4. Rafhlöður og rafgeymar:
   a. rafhlöður, allt að 200 kr. á hvert kg, eða hámarksstykkjagjald á rafhlöður, allt að 200 kr. á hvert stykki,
   b. rafgeymar, allt að 60 kr. á hvert kg.
5. Ljósmyndavörur: framköllunarvökvar og fixerar, allt að 300 kr. á hvert kg.
6. Vörur sem innihalda kvikasilfur, allt að 900 kr. á hvert kg.
7. Ýmsar aðrar efnavörur (kemískar vörur), allt að 5,0 kr. á hvert kg.

4. gr.

Í stað orðanna „einn mánuður“ í 2. tölul. 7. gr. laganna kemur: þrír mánuðir.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 23. desember 1997.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Guðmundur Bjarnason.

23. desember 1997 Nr. 135

LÖG

um breyting á skipulags- og byggingarlögum, nr. 73/1997.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í stað orðsins „umhverfisvernd“ í 3. mgr. 10. gr. laganna kemur: hverfisvernd.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 12. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „sveitarstjórnar“ í 1. mgr. kemur: sveitarstjórna.
b. Við greinina bætist ný málsgrein er orðast svo:
   Ráðherra getur, að fenginni umsögn Skipulagsstofnunar, frestað staðfestingu á svæðisskipulagi fyrir ákveðið landsvæði ef nauðsyn þykir til að samræma skipulagsáætlanir aðliggjandi sveitarfélaga. Slík svæði skal auðkenna á uppdrætti.

3. gr.

5. mgr. 16. gr. laganna orðast svo:

Þegar að loknum sveitarstjórnarkosningum metur sveitarstjórn hvort ástæða sé til að endurskoða aðalskipulagið. Um málsmeðferð á endurskoðaðri áætlun fer sem um gerð nýs aðalskipulags væri að ræða.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 27. gr. laganna:

a. 1. málsl. 1. mgr. orðast svo: Meiri háttar framkvæmdir, sem áhrif hafa á umhverfið og breyta ásýnd þess, svo sem breyting lands með jarðvegi eða efnistöku, skulu vera í samræmi við skipulagsáætlanir og úrskurð um mat á umhverfisáhrifum þar sem það á við.
b. Við greinina bætast tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Ráðherra skal kveða nánar á um útgáfu framkvæmdaleyfa í reglugerð.

Landgræðslu- og skógræktaráætlanir skulu vera í samræmi við skipulagsáætlanir og úrskurð um mat á umhverfisáhrifum þar sem það á við.

5. gr.

1. málsl. 2. mgr. 36. gr. laganna orðast svo: Undanþegin byggingarleyfi eru götur, holræsi, vegir og brýr, aðrar en göngubrýr í þéttbýli, jarðgöng, flugbrautir, dreifi- og flutningskerfi rafveitna, hitaveitna, vatnsveitna og fjarskipta, svo og hafnir og virkjanir, enda eru þær framkvæmdar á vegum opinberra aðila eða unnar samkvæmt sérlögum.

6. gr.

5. mgr. 39. gr. laganna fellur brott.

7. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 42. gr. laganna:

Lög þessi öðlast þegar gildi. Þó skulu ákvæði um viðbótarfrádrátt skv. 2. gr. ekki koma til framkvæmda fyrr en við staðgreiðslu á árinu 1999 og álagningu á árinu 2000.

Gjört á Bessastöðum, 23. desember 1997.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Friðrik Sophusson.

LÖG

um breyting á lögum nr. 1/1997, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, og lögum nr. 2/1997, um Lífeyrissjóð hjúkrunarfræðinga.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

Breytingar á lögum nr. 1/1997, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins.

1. gr.

1. mgr. 13. gr. laganna orðast svo:

Stofn til iðgjalds til A-deildar sjóðsins skal vera hinn sami og kveðið er á um í lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 33. gr. laganna:

a. Orðin „annarra launagreiðenda en ríkissjóðs" í 1. málsl. 3. mgr. falla brott.
b. Á eftir orðunum „ber ekki frekari ábyrgð á skuldbindingum sjóðsins" í 3. málsl. 3. mgr. kemur: skv. 1. mgr.
c. Við greinina bætast tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Stjórn sjóðsins er heimilt að fengnu samþykki fjármálaráðherra að semja um iðgjaldagreiðslur frá launagreiðendum umfram iðgjald þeirra skv. 23. gr. til þess að mæta framtíðarskuldbindingum, sbr. 1. mgr. Iðgjald hvers launagreiðanda samkvæmt þessu skal miða við að núvirði framtíðariðgjalda hans til B-deildar samsvari framtíðarskuldbindingunum eins og þær eru samkvæmt tryggingafræðilegu mati. Á sama hátt er stjórn sjóðsins heimilt að fengnu samþykki fjármálaráðherra að taka við skuldabréfi til greiðslu á framtíðarskuldbindingum skv. 1. mgr. vegna sjóðfélaga sem eiga aðild að sjóðnum samkvæmt heimild í 2. mgr. 30. gr., enda sé skuldin tryggð með fullnægjandi hætti. Uppgjör þetta skal miða við tryggingafræðilegt mat á framtíðarskuldbindingunum miðað við uppgjörsdag. Launagreiðandi, sem gerir upp framtíðarskuldbindingar sínar samkvæmt þessari málsgrein, ber ekki frekari ábyrgð á skuldbindingum B-deildar sjóðsins skv. 1. mgr. vegna þess tímabils og þeirra starfsmanna sem uppgjörið tekur til.

Sjóðnum er heimilt að taka við sérstöku iðgjaldi sem ríkissjóður og aðrir launagreiðendur, sem greiða til B-deildar sjóðsins, ákveða að greiða sem hluta af endurgreiðslu sinni skv. 1. mgr. Iðgjald þetta skal ákveðið þannig að það ásamt iðgjaldi til deildarinnar skv. 1. og 3. mgr. 23. gr. sé jafnhátt og iðgjald til A-deildar sjóðsins eins og það er ákveðið skv. 4. mgr. 13. gr., sbr. og ákvæði til bráðabirgða II. Tekjur sjóðsins af sérstöku iðgjaldi ár hvert skulu dragast frá endurgreiðslum launagreiðenda vegna hækkana á lífeyri skv. 1. mgr. eða óuppgerðum skuldbindingum þeirra vegna.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 34. gr. laganna:

a. Við 1. mgr. laganna bætist svohljóðandi málsliður: Fjármálaráðherra getur einnig ákveðið að stofnanir sem fá framlög í fjárlögum greiði til B-deildar sjóðsins viðbótariðgjald, 9,5% af iðgjaldsstofni, og skulu tekjur sjóðsins af viðbótariðgjaldinu ár hvert dragast frá endurgreiðslu ríkissjóðs vegna hækkana á lífeyri skv. 1. mgr. 33. gr.

b. Við greinina bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
Stjórn sjóðsins er að fengnu samþykki fjármálaráðherra heimilt að semja um iðgjald frá launagreiðendum til viðbótar við iðgjald þeirra skv. 23. gr. til lúkningar á nýjum skuldbindingum skv. 1. mgr. 33. gr. Launagreiðandi, sem greiðir viðbótariðgjald samkvæmt þessari grein, ber ekki frekari ábyrgð á skuldbindingum B-deildar sjóðsins vegna þess tímabils og þeirra starfsmanna sem viðbótariðgjald er greitt fyrir.

Breytingar á lögum nr. 2/1997, um Lífeyrissjóð hjúkrunarfræðinga.

4. gr.

Við 20. gr. laganna bætast þrjár nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Stjórn sjóðsins er heimilt að fengnu samþykki fjármálaráðherra að taka við skuldabréfi til greiðslu á áföllnum skuldbindingum skv. 1. mgr., enda sé skuldin tryggð með fullnægjandi hætti. Skuldbindingin sem gerð er upp skal byggð á tryggingafræðilegu mati miðað við uppgjörsdag. Launagreiðandi sem gert hefur upp skuldbindingu sína með útgáfu skuldabréfs samkvæmt þessari málsgrein ber ekki frekari ábyrgð á skuldbindingum sjóðsins skv. 1. mgr. vegna þess tímabils og þeirra starfsmanna sem uppgjörið tekur til.

Stjórn sjóðsins er heimilt að fengnu samþykki fjármálaráðherra að semja um iðgjaldagreiðslur frá launagreiðendum umfram iðgjald þeirra skv. 7. gr. til þess að mæta framtíðarskuldbindingum, sbr. 1. mgr. Iðgjald hvers launagreiðanda samkvæmt þessu skal miða við að núvirði framtíðariðgjalda hans til B-deildar samsvari framtíðarskuldbindingunum eins og þær eru samkvæmt tryggingafræðilegu mati. Á sama hátt er stjórn sjóðsins heimilt að fengnu samþykki fjármálaráðherra að taka við skuldabréfi til greiðslu á framtíðarskuldbindingum skv. 1. mgr. vegna sjóðfélaga sem eiga aðild að sjóðnum samkvæmt heimild í 2. mgr. 14. gr., enda sé skuldin tryggð með fullnægjandi hætti. Uppgjör þetta skal miða við tryggingafræðilegt mat á framtíðarskuldbindingunum miðað við uppgjörsdag. Launagreiðandi, sem gerir upp framtíðarskuldbindingar sínar samkvæmt þessari málsgrein, ber ekki frekari ábyrgð á skuldbindingum sjóðsins skv. 1. mgr. vegna þess tímabils og þeirra starfsmanna sem uppgjörið tekur til.

Sjóðnum er heimilt að taka við sérstöku iðgjaldi sem ríkissjóður og aðrir launagreiðendur, sem greiða til sjóðsins, ákveða að greiða sem hluta af endurgreiðslu sinni skv. 1. mgr. Iðgjald þetta skal ákveðið þannig að það ásamt iðgjaldi til sjóðsins skv. 1. og 3. mgr. 7. gr. sé jafnhátt og iðgjald til A-deildar Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins eins og það er ákveðið skv. 4. mgr. 13. gr. laga nr. 1/1997, sbr. og ákvæði til bráðabirgða II í þeim lögum. Tekjur sjóðsins af sérstöku iðgjaldi ár hvert skulu dragast frá endurgreiðslum launagreiðenda vegna hækkana á lífeyri á sama ári skv. 1. mgr. eða óuppgerðum skuldbindingum þeirra vegna.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 23. desember 1997.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Friðrik Sophusson.

LÖG

um breyting á lögum um aukatekjur ríkissjóðs, nr. 88 31. desember 1991, sbr. lög nr. 1/1992, lög nr. 50/1994 og lög nr. 140/1995.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. gr. laganna:

a. Í stað fjárhæðarinnar „1.000 kr.“ í 1. tölul. 1. mgr. kemur: 1.200 kr.
b. Í stað fjárhæðarinnar „3.000 kr.“ í 2. og 3. tölul. 1. mgr. kemur: 3.500 kr.
c. Í stað fjárhæðarinnar „10.000 kr.“ í 1., 2., 3. og 5. tölul. 2. mgr. kemur: 11.500 kr.
d. Í stað fjárhæðarinnar „3.000 kr.“ í 4. tölul. 2. mgr. kemur: 3.500 kr.
e. Í stað fjárhæðarinnar „5.000 kr.“ í 3. mgr. kemur: 5.700 kr.

2. gr.

Í stað fjárhæðarinnar „3.000 kr.“ í 2. mgr. 2. gr. laganna kemur: 3.500 kr.

3. gr.

Í stað fjárhæðarinnar „3.000 kr.“ í 2. mgr. 3. gr. laganna kemur: 3.500 kr.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 4. gr. laganna:

a. Í stað fjárhæðarinnar „3.000 kr.“ í 1. mgr. kemur: 3.500 kr.
b. Í stað fjárhæðarinnar „10.000 kr.“ í 1. mgr. kemur: 11.500 kr.
c. Í stað fjárhæðarinnar „5.000 kr.“ í 3. mgr. kemur: 5.700 kr.

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 5. gr. laganna:

a. Í stað fjárhæðarinnar „9.000 kr.“ í 1. mgr. kemur: 10.300 kr.
b. Í stað fjárhæðarinnar „30.000 kr.“ í 1. mgr. kemur: 35.000 kr.
c. Í stað fjárhæðarinnar „3.000 kr.“ í 1. mgr. kemur: 3.500 kr.
d. Í stað fjárhæðarinnar „10.000 kr.“ í 1. mgr. kemur: 11.500 kr.
e. Í stað fjárhæðarinnar „15.000 kr.“ í 2. mgr. kemur: 17.200 kr.
f. Í stað fjárhæðarinnar „5.000 kr.“ í 2. mgr. kemur: 5.700 kr.

6. gr.

Í stað fjárhæðarinnar „5.000 kr.“ í 6. gr. laganna kemur: 5.700 kr.

7. gr.

Í stað fjárhæðarinnar „1.000 kr.“ í 8. gr. laganna kemur: 1.200 kr.

8. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 9. gr. laganna:

a. Í stað fjárhæðarinnar „1.000 kr.“ í 1. mgr. kemur: 1.200 kr.
b. Í stað fjárhæðarinnar „2.000 kr.“ í 2. mgr. kemur: 2.300 kr.
c. Í stað fjárhæðarinnar „3.000 kr.“ í 3. mgr. kemur: 3.500 kr.

9. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 11. gr. laganna, sbr. lög nr. 140/1995:

a. 6. tölul. orðast svo: Leyfisbréf fyrir verðbréfafyrirtæki, sbr. 8. gr. laga nr. 13/1996 ..... 100.000 kr.
b. 7. tölul. orðast svo: Leyfisbréf fyrir verðbréfafyrirtæki, sbr. 9. gr. laga nr. 13/1996 ..... 50.000 kr.
c. 8. tölul. orðast svo: Leyfisbréf fyrir erlent fyrirtæki í verðbréfaþjónustu með staðfestu í ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins, sbr. 46. gr. laga nr. 13/1996,
   a. sem starfar skv. 8. gr. laganna ..... 100.000 kr.
   b. sem starfar skv. 9. gr. laganna ..... 50.000 kr.
d. Í stað orðanna „10. tölul." í 13. tölul. kemur: 12. tölul., og í stað orðanna „13.–15. tölul." í 18. tölul. kemur: 15.–17. tölul.

10. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 14. gr. laganna:

a. Í stað fjárhæðarinnar „4.000 kr." í 1. og 3. tölul. kemur: 4.600 kr.
b. Í stað fjárhæðarinnar „1.500 kr." í 2. tölul. kemur: 1.700 kr.
c. Í stað fjárhæðarinnar „2.500 kr." í 4. tölul. kemur: 2.800 kr.
d. Í stað fjárhæðarinnar „2.000 kr." í 5. og 6. tölul. kemur: 2.300 kr.
e. Í stað fjárhæðarinnar „1.000 kr." í 7., 8., 9. og 11. tölul. kemur: 1.200 kr.
f. Í stað fjárhæðarinnar „800 kr." í 10. tölul. kemur: 900 kr.
g. Í stað fjárhæðarinnar „300 kr." í 12. tölul. kemur: 500 kr.
h. Við bætast tveir nýir töluliðir, svohljóðandi:
   13. Leyfi til nafnbreytinga, þó ekki nafnbreytinga skv. 2. málsl. 1. mgr. 11. gr. laga nr. 45/1996, um mannanöfn ..... 4.000 kr.
   14. Fyrir vottorð um íslenskan ríkisborgararétt ..... 1.200 kr.

11. gr.

Á eftir X. kafla laganna, sbr. lög nr. 1/1992, kemur nýr kafli, XI. kafli, **Gjöld fyrir staðfestingu skipulagsskráa og birtingu reglugerða lífeyrissjóða**, með einni grein, 17. gr., og breytast tölur kafla og greina í samræmi við það. Hin nýja grein verður svohljóðandi:

Fyrir staðfestingu á skipulagsskrá samkvæmt lögum nr. 19/1988, um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, skal greiða 5.000 kr. Þeir sem fara fram á staðfestingu dómsmálaráðuneytisins á skipulagsskrá skulu endurgreiða ráðuneytinu kostnað við birtingu skipulagsskráar í B-deild Stjórnartíðinda.

Lífeyrissjóðir, sem senda reglugerðir sínar til fjármálaráðuneytis til staðfestingar samkvæmt lögum nr. 55/1980, um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda, skulu endurgreiða ráðuneytinu kostnað af birtingu reglugerða í B-deild Stjórnartíðinda.

12. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1998.

Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu er heimilt að fella meginmál þeirra inn í lög nr. 88 31. desember 1991, um aukatekjur ríkissjóðs, sbr. lög nr. 1/1992, lög nr. 50/1994 og lög nr. 140/1995, og gefa þau út svo breytt.

Gjört á Bessastöðum, 23. desember 1997.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Friðrik Sophusson.

LÖG

um breytingar á lögum nr. 38 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 6. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „skv. 9. mgr. þessarar greinar" í 1. mgr. kemur: samkvæmt þessari grein.
b. 3. mgr. orðast svo:
Heildarþorskaflaviðmiðun fyrir krókabáta skal frá og með fiskveiðiárinu 1997/1998 vera 13,75% af ákvörðuðum heildarþorskafla hvers fiskveiðiárs en þó ekki lægri en 21.180 lestir, miðað við óslægðan fisk.
c. Í stað 1. málsl. 5. mgr. koma tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Heimilt er að framselja varanlega þorskaflahámark krókabáts til annars krókabáts eða báta sem stunda veiðar með þorskaflahámarki. Innan hvers fiskveiðiárs er heimilt að flytja allt að 30% af úthlutuðu þorskaflahámarki krókabáts til annars krókabáts eða báta sem stunda veiðar með þorskaflahámarki.
d. Við 5. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Heimilt er að veita báti, sem leyfi hefur fengið til veiða með tilteknum fjölda sóknardaga, leyfi til að stunda veiðar með þorskaflahámarki skv. 4.–5. mgr. þess í stað, en reiknað þorskaflahámark bátsins verður þá áfram hluti sameiginlegs hámarksþorskafla báta sem stunda veiðar skv. 6.–10. mgr.
e. Í stað 2.–4. málsl. 6. mgr. koma fimm nýir málsliðir, svohljóðandi: Sóknardagur telst vera allt að 24 klukkustundir frá upphafi veiðiferðar. Veiðiferð telst lokið þegar bátur landar afla. Ráðherra skal með reglugerð kveða nánar á um fyrirkomulag sóknardaga og eftirlit með þeim. Utan sóknardaga eru allar veiðar bannaðar. Ráðherra getur þó heimilað að veiðar í sérhæfð veiðarfæri samkvæmt lokamálslið 1. mgr., sem og veiðar með sérhæfðri línu til veiða á háffiskum, séu utan sóknardaga.
f. Í stað orðanna „1997", „meðalafla" og „hámarksafla" í 1. málsl. 8. mgr. kemur: 1998, meðalþorskafla, og: hámarksþorskafla.
g. Í stað orðanna „1997", „meðalafla" og „hámarksafla" í 1. málsl. 10. mgr. kemur: 1998, meðalþorskafla, og: hámarksþorskafla.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur niður ákvæði til bráðabirgða II í lögum nr. 83/1995.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. 6. gr. um tímamörk vegna vals á veiðikerfi skal krókabátum, sem stunda veiðar í tiltekinn fjölda sóknardaga skv. 6.–10. mgr. 6. gr., heimilt að endurskoða val sitt. Eigandi krókabáts skal tilkynna Fiskistofu um val sitt fyrir 1. febrúar 1998. Þorskaflahámark þeirra báta sem þann kost velja og breytingar vegna endurvals á sameiginlegum hámarksþorskafla þeirra báta sem stunda veiðar með handfærum, eða handfærum og línu, skulu miðast við reiknað þorskaflahámark skv. 2. gr. laga nr. 83/1995.

Á fiskveiðiárinu 1997/1998 skulu sóknardagar þeirra báta sem stunda veiðar með handfærum eingöngu, sbr. 9.–10. mgr. 6. gr., vera 40 en fjöldi sóknardaga þeirra báta sem stunda veiðar með handfærum og línu, sbr. 7.–8. mgr. 6. gr., vera 32.

Hafi bátur sem velur þorskaflahámark skv. 1. mgr. þegar nýtt hluta af sóknardögum fiskveiðiársins 1997/1998 fyrir 1. desember 1997 skal reikna hvaða hlutfall fimmtungur af nýttum sóknardögum er af heildarfjölda leyfðra sóknardaga bátsins á fiskveiðiárinu 1997/1998 og skerða þorskaflahámark bátsins á fiskveiðiárinu 1997/1998 í sama hlutfalli. Hafi sóknardagar verið nýttir frá og með 1. desember 1997 skal reikna hvaða hlutfall þeir eru af heildarfjölda leyfðra sóknardaga bátsins á fiskveiðiárinu 1997/1998 og skerða þorskaflahámark bátsins á fiskveiðiárinu 1997/1998 í sama hlutfalli.

II.

Úthluta skal varanlega, samkvæmt reglum í 2. og 3. mgr., 500 lestum af þorski, miðað við óslægðan fisk, sem úthlutað hefur verið árlega af Byggðastofnun fiskveiðiárin 1995/1996 og 1996/1997, sbr. ákvæði til bráðabirgða II í lögum nr. 83/1995.

Til krókabáta á þorskaflahámarki skal úthluta 180 lestum, miðað við óslægðan þorsk, til báta sem 1. september sl. voru gerðir út frá byggðarlögum sem Byggðastofnun úthlutaði til á síðasta fiskveiðiári. Úthlutað skal hlutfallslegri viðbót miðað við aflaheimildir 1. september 1997, þó þannig að enginn bátur fái meira en 8 lestir í sinn hlut miðað við óslægðan þorsk. Ekki skal bætt umfram þau mörk að þorskaflahámark með bótum verði 80 lestir miðað við 1. september 1997.

Til aflamarksbáta undir 10 brúttórúmlestum að stærð skal úthlutað 320 lestum, miðað við óslægðan þorsk, til báta sem lönduðu sem samsvarar 6 lestum eða meira í þorskígildum talið samtals á fiskveiðiárunum 1995/1996 og 1996/1997. Úthluta skal hlutfallslega miðað við úthlutaðar aflaheimildir, í þorskígildum 1. september 1997, þó þannig að enginn bátur fái meira en 1,5 lestir í sinn hlut miðað við slægðan þorsk.

Gjört á Bessastöðum, 23. desember 1997.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Þorsteinn Pálsson.

19. desember 1997 Nr. 145

FORSETABRÉF

um frestun á fundum Alþingis.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt:

Að ég, að tilskildu samþykki Alþingis, veiti forsætisráðherra umboð til þess að fresta fundum Alþingis, 122. löggjafarþings, frá 20. desember 1997 til 27. janúar 1998.

Gjört í Reykjavík, 19. desember 1997.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Davíð Oddsson.

LÖG

um breytingar á lögum nr. 92 24. maí 1994, um Þróunarsjóð sjávarútvegsins, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ákvæði til bráðabirgða III í lögunum orðast svo:

Þrátt fyrir ákvæði 3. gr. skal greiða styrk til úreldingar krókabáta á sóknardögum frá gildistöku bráðabirgðaákvæðis þessa og til 1. apríl 1998. Skal úreldingarstyrkur nema allt að 80% af húftryggingarverðmæti. Gilda ákvæði 7. og 8. gr. laga nr. 92/1994, sem og ákvæði til bráðabirgða II, sbr. lög nr. 89/1995, að öðru leyti um styrkveitingu þessa. Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt á árinu 1998 að taka að láni og endurlána Þróunarsjóði sjávarútvegsins allt að 200 millj. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt samkvæmt gengisskráningu Seðlabanka Íslands á gildistökudegi bráðabirgðaákvæðis þessa.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 23. desember 1997.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Þorsteinn Pálsson.

Nr. 147 29. desember 1997

LÖG

um breytingu lagaákvæða um fæðingarorlof.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI

Breytingar á lögum um fæðingarorlof, nr. 57/1987, með síðari breytingum.

1. gr.

Við 2. gr. laganna bætast tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Auk réttar foreldra skv. 1. mgr. á faðir rétt á tveggja vikna fæðingarorlofi sem taka má hvenær sem er fyrstu átta vikurnar eftir fæðingu eða heimkomu barns, þó skal réttur föður vera fjórar vikur ef um er að ræða alvarlegan sjúkleika barns eða alvarleg veikindi móður. Jafnframt á faðir rétt á fæðingarorlofi í tvær vikur til viðbótar fyrir hvert barn umfram eitt. Notfæri faðir sér ekki rétt samkvæmt þessari málsgrein fellur hann niður.

Réttur föður til fæðingarorlofs er bundinn því skilyrði að hann sé í hjúskap eða skráðri óvígðri sambúð með móður barnsins.

2. gr.

Í stað orðanna „hluta fæðingarorlofs“ í 3. málsl. 4. gr. laganna kemur: fæðingarorlof.

II. KAFLI

Breytingar á lögum um almannatryggingar, nr. 117/1993, með síðari breytingum.

3. gr.

Á eftir 16. gr. laganna kemur ný grein, 16. gr. a, svohljóðandi:

Faðir á rétt á tveggja vikna fæðingarorlofi sem taka má hvenær sem er fyrstu átta vikurnar eftir fæðingu eða heimkomu barns, þó skal réttur föður vera fjórar vikur ef um er að ræða alvarlegan sjúkleika barns eða alvarleg veikindi móður. Jafnframt á faðir rétt á fæðingarorlofi í tvær vikur til viðbótar fyrir hvert barn umfram eitt. Notfæri faðir sér ekki rétt samkvæmt þessari málsgrein fellur hann niður.

Réttur föður til fæðingarorlofs er bundinn því skilyrði að hann sé í hjúskap eða skráðri óvígðri sambúð með móður barnsins.

Faðir í fæðingarorlofi á rétt á greiðslu fæðingarstyrks í hlutfalli við lengd orlofsins. Þá á hann rétt á hlutfallslegri greiðslu fæðingardagpeninga í samræmi við ákvæði d-liðar 16. gr.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1998.

Ákvæði til bráðabirgða.

Ákvæði laga þessara skulu gilda um þá feður sem geta nýtt sér rétt samkvæmt lögunum við gildistöku þeirra.

Gjört á Bessastöðum, 29. desember 1997.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Ingibjörg Pálmadóttir.

29. desember 1997 Nr. 148

LÖG

um breyting á lögum nr. 117/1993, um almannatryggingar, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. mgr. 24. gr. laganna orðast svo:

Slysatryggðir samkvæmt þessum kafla eru:

a. Launþegar sem starfa hér á landi að undanskildum erlendum ríkisborgurum sem gegna embætti fyrir erlend ríki og erlendu starfsliði slíkra embættismanna. Starf um borð í ís-

lensku skipi eða íslensku loftfari, eða skipi eða loftfari sem gert er út eða rekið af íslenskum aðilum, jafngildir starfi hér á landi samkvæmt þessum lið, enda séu laun greidd hér á landi.

b. Nemendur við iðnnám samkvæmt iðnfræðslulögum.
c. Útgerðarmenn sem sjálfir eru skipverjar.
d. Þeir sem vinna að björgun manna úr lífsháska eða vörnum gegn yfirvofandi meiri háttar tjóni á verðmætum.
e. Íþróttafólk sem tekur þátt í íþróttaiðkunum, hvort heldur er æfingum, sýningum eða keppni og orðið er 16 ára. Með reglugerðarákvæði má ákveða nánar gildissvið þessa ákvæðis.
f. Sjúklingar sem eru til meðferðar á sjúkrastofnunum sem starfa samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu og heilsutjónið eða örorkan er vegna læknisaðgerða eða mistaka starfsfólks sem starfar á þessum stofnunum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 29. desember 1997.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Ingibjörg Pálmadóttir.

STJÓRNARTÍÐINDI A 20 – 1997

31. desember 1997 497 Nr. 149

LÖG

um breyting á skaðabótalögum, nr. 50 19. maí 1993.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í stað ártalsins „1997“ í 2. málsl. ákvæðis til bráðabirgða með lögunum, sbr. lög nr. 42 13. maí 1996, kemur: 1998.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 31. desember 1997.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Þorsteinn Pálsson.

FJÁRLÖG

fyrir árið 1998.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

Efnisyfirlit

A-hluti **Fjárreiður ríkissjóðs og ríkisstofnana**
1. gr Rekstraryfirlit ríkissjóðs
2. gr. Sjóðstreymi ríkissjóðs

B-hluti **Fjárreiður ríkisfyrirtækja**
3. gr. Fjárreiður ríkisfyrirtækja

C-hluti **Fjárreiður lánastofnana**
4. gr. Fjárreiður lánastofnana

Ýmis ákvæði
5. gr. Lántökur, endurlán og ríkisábyrgðir
6. gr. Skerðingarákvæði
7. gr. Heimildir

Sundurliðanir
1. Tekjur A-hluta
2. Fjármál ríkisaðila í A-hluta
   – Sundurliðun óskiptra liða í A-hluta
3. Fjármál ríkisfyrirtækja í B-hluta
4. Fjármál lánastofnana í C-hluta

Séryfirlit
1. Málaflokkar gjalda í A-hluta
2. Hagræn skipting gjalda í A-hluta
3. Markaðar tekjur og lögbundin framlög

A-hluti
Rekstraryfirlit ríkissjóðs

1. gr.

Árið 1998 er áætlað að tekjur og gjöld ríkissjóðs verði eins og tilgreint er í þessari grein, sbr. sundurliðun 1 og 2.

m.kr.	Rekstrar-grunnur	Sjóðs-hreyfingar
Skatttekjur	**149.399,0**	**141.981,0**
Skattar á tekjur einstaklinga	30.076,0	27.761,0
Skattar á tekjur lögaðila	6.956,0	6.205,0
Tryggingagjöld	15.190,0	14.825,0
Eignarskattar	8.059,0	7.916,0
Virðisaukaskattur	53.936,0	50.487,0
Aðrir skattar á vörur og þjónustu	33.567,0	33.497,0
Skattar ótaldir annars staðar	1.315,0	1.290,0
Aðrar rekstrartekjur	**12.787,0**	**11.132,0**
Arðgreiðslur	2.098,0	2.098,0
Vaxtatekjur	6.815,0	5.200,0
Rekstrartekjur ótaldar annars staðar	3.874,0	3.834,0
Sala eigna	2.721,0	2.721,0
Fjárframlög	903,0	903,0
Tekjur samtals	**165.810,0**	**156.737,0**
Æðsta stjórn ríkisins	1.430,4	1.430,4
Forsætisráðuneyti	891,1	891,6
Menntamálaráðuneyti	18.107,7	18.107,7
Utanríkisráðuneyti	2.915,8	2.915,8
Landbúnaðarráðuneyti	8.185,6	8.185,6
Sjávarútvegsráðuneyti	2.515,4	2.204,1
Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	9.004,1	9.004,1
Félagsmálaráðuneyti	10.573,4	10.493,4
Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti	60.400,7	60.325,7
Fjármálaráðuneyti	20.067,3	13.857,3
Samgönguráðuneyti	10.336,8	10.558,2
Iðnaðarráðuneyti	1.261,1	1.261,1
Viðskiptaráðuneyti	1.075,6	1.075,6
Hagstofa Íslands	242,5	242,5
Umhverfisráðuneyti	2.469,8	2.419,8
Fjármagnskostnaður	16.200,0	12.300,0
Gjöld samtals	**165.677,3**	**155.272,9**
Tekjujöfnuður	**132,3**	

A-hluti
Sjóðstreymi ríkissjóðs

2. gr.

Árið 1998 er áætlað að sjóðstreymi ríkissjóðs verði eins og tilgreint er í þessari grein.

m.kr.

Rekstrarhreyfingar	
Tekjujöfnuður	132,3
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi	3.300,0
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:	
Viðskiptakröfur, (breyting)	-2.723,0
Viðskiptaskuldir, (breyting)	314,4
Handbært fé frá rekstri	**1.023,7**
Fjármunahreyfingar	
Veitt stutt lán	-400,0
Veitt löng lán	-9.585,0
Afborganir veittra lána	6.620,0
Kaup hlutabréfa og eiginfjárframlög	-550,0
Sala hlutabréfa og eignarhluta	7.700,0
Fjármunahreyfingar samtals	**3.785,0**
Hrein lánsfjárþörf (til lækkunar á skuldum)	**-4.808,7**
Fjármögnun	
Skammtímalán	0
Tekin löng lán	12.650,0
Afborganir lána	-17.452,0
Fjármögnun samtals	**-4.802,0**
Breyting á handbæru fé	**6,7**

B-hluti
Fjárreiður ríkisfyrirtækja

3. gr.

Árið 1998 er ætlast til þess að rekstri, arðgreiðslum, fjárfestingu og lántöku eftirtalinna ríkisfyrirtækja verði hagað eins og tilgreint er í þessari grein, sbr. sundurliðun 3.

m.kr.	Hagnaður tap	Arður til ríkissj.	Fjár-festing	Lán-tökur
Happdrætti Háskóla Íslands	393,0	626,0	8,0	180,0
Lyfjabúð Háskóla Íslands	0	0	0	0
Ríkisútvarpið	36,0	0	530,0	300,0
Þjóðleikhúsið	-32,0	0	0	0
Sinfóníuhljómsveit Íslands	-46,0	0	0	0
Fríhöfn á Keflavíkurflugvelli	472,0	470,0	10,0	0
Flugstöð Leifs Eiríkssonar	222,5	0	533,9	475,0
Ratsjárstofnun	0	0	0	0
Umsýslustofnun varnarmála	10,9	11,9	0	0
Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins	2.824,0	2.908,0	25,0	0
Alþjóðaflugþjónustan	5,0	0	30,0	70,0
Rafmagnsveitur ríkisins	35,0	137,0	785,0	160,0
Samtals	**3.920,4**	**4.152,9**	**1.921,9**	**1.185,0**

C-hluti
Fjárreiður lánastofnana

4. gr.

Árið 1998 er ætlast til þess að rekstri, fjárfestingu og lánahreyfingum eftirtalinna stofnana og sjóða verði hagað eins og tilgreint er í þessari grein, sbr. sundurliðun 4.

m.kr.	Hagnaður tap	Veitt lán	Fjár-festing	Lán-tökur
Byggðastofnun	-10,0	1.600,0	0	1.400,0
Lánasjóður íslenskra námsmanna	-9,0	3.030,0	15,0	3.200,0
Framleiðnisjóður landbúnaðarins	-11,8	0	0	0
Lánasjóður landbúnaðarins	-125,0	1.100,0	0	1.200,0
Þróunarsjóður sjávarútvegsins	-700,0	0	0	1.000,0
Húsbréfadeild	0	16.600,0	0	16.500,0
Byggingarsjóður ríkisins	-478,0	600,0	15,0	4.400,0
Byggingarsjóður verkamanna	-800,0	2.450,0	0	5.280,0
Framkvæmdasjóður Íslands	-33,0	62,0	0	0
Hafnabótasjóður	-25,0	25,0	0	0
Ferðamálasjóður	21,0	130,0	0	100,0
Orkusjóður	7,3	15,0	0	0
Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins	27,0	300,0	20,0	0
Samtals	**-2.136,5**	**25.912,0**	**50,0**	**33,080,0**

Ýmis ákvæði

Lántökur, endurlán og ríkisábyrgðir

5. gr.

Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs, er heimilað að taka lán, endurlána, veita ríkisábyrgðir og fleira eftir því sem kveðið er á um í ákvæðum þessarar greinar:

1. Að taka lán allt að 12.650 m.kr. á árinu 1998 og ráðstafa því í samræmi við ákvæði þessara laga.

2. Að endurlána allt að 9.585 m.kr. af fjárhæð skv. lið 1. til eftirtalinna aðila:
   - 2.1. Lánasjóðs íslenskra námsmanna allt að 3.200 m.kr.
   - 2.2. Þróunarsjóðs sjávarútvegsins allt að 1.000 m.kr.
   - 2.3. Byggingasjóðs ríkisins allt að 4.200 m.kr.
   - 2.4. Alþjóðaflugþjónustunnar allt að 70 m.kr.
   - 2.5. Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar allt að 475 m.kr.
   - 2.6. Happdrættis Háskóla Íslands allt að 180 m.kr.
   - 2.7. Ríkisútvarpsins allt að 300 m.kr.
   - 2.8. Rafmagnsveitna ríkisins allt að 160 m.kr.

3. Að veita eftirtöldum aðilum, sem heimild hafa í sérlögum til lántöku, heimild til að nýta þær á árinu 1998 með þeim takmörkunum sem tilgreindar eru í lið 3.1. til 3.6., sbr. 26. gr. laga nr. 88/1997 um fjárreiður ríkisins:
   - 3.1. Landsvirkjun, allt að 8.300 m.kr., sbr. 14. gr. laga nr. 42/1983, um Landsvirkjun, með áorðnum breytingum.
   - 3.2. Byggingarsjóði verkamanna, allt að 4.900 m.kr., sbr 48. gr. laga nr. 97/1993, um Húsnæðisstofnun ríkisins, með áorðnum breytingum.
   - 3.3. Húsbréfadeild Byggingarsjóðs ríkisins, allt að 16.500 m.kr., sbr 19. gr. laga nr. 97/1993, um Húsnæðisstofnun ríkisins, með áorðnum breytingum.
   - 3.4. Lánasjóði landbúnaðarins, allt að 1.200 m.kr., sbr 2. gr. laga nr. 68/1997, um Lánasjóð landbúnaðarins.
   - 3.5. Byggðastofnun, allt að 1.400 m.kr., sbr 18. gr. laga nr. 64/1985, um Byggðastofnun með áorðnum breytingum.
   - 3.6. Ferðamálasjóði, allt að 100 m.kr., sbr 27. gr. laga nr. 79/1985, um skipulag ferðamála, með áorðnum breytingum.

4. Að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs með sjálfskuldarábyrgð lántöku eftirtalinna aðila:
   - 4.1 Norðuráls hf., allt að 210 m.kr., til að ábyrgjast skaðleysi Hafnarsjóðs Grundartangahafnar vegna lántöku Norðuráls hf. hjá Hafnarsjóði Grundartanga.

5. Að yfirtaka skuldir o.fl.
   - 5.1 Yfirtaka skuldir Baldurs hf. vegna kaupa á ferjunni Baldri og húseignum á Brjánslæk í Barðastrandarsýslu.

6. Ýmis ákvæði.

6.1 Erlendar fjárhæðir skulu miðast við kaupgengi íslensku krónunnar samkvæmt gengisskráningu Seðlabanka Íslands á staðfestingardegi fjárlaga.

6.2 Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að gefa út að nýju viðbót inn í eldri flokka spariskírteina ríkissjóðs, sem ekki eru komnir á gjalddaga, í þeim tilgangi að stækka slíka flokka og gera þá markaðshæfari. Skilmálar og kjör hlutdeildarskírteina (spariskírteina) slíkra viðbóta við eldri flokka skulu vera hin sömu og að breyttu breytanda, þ.e. útgáfudagur, fyrsti vaxtadagur, vextir, verðtryggingarákvæði, gjalddagi og þess háttar.

Ýmis ákvæði

Skerðingarákvæði

6. gr.

Skerðingarákvæði í samræmi við ákvæði annarra greina.

1. Þrátt fyrir ákvæði 1. tölul. 1. mgr. 2. gr., sbr. 3.-6. gr., laga nr. 83/1989, um Þjóðarbókhlöðu og endurbætur menningarbygginga, með síðari breytingum, skulu tekjur af sérstökum eignarskatti umfram 315 m.kr. renna í ríkissjóð á árinu 1998.

2. Þrátt fyrir ákvæði 1. gr. laga nr. 12/1952, um ráðstöfun erfðafjárskatts og erfðafjár ríkissjóðs til vinnuheimila, skulu tekjur af erfðafjárskatti á árinu 1998 umfram 185 m.kr. renna í ríkissjóð.

3. Þrátt fyrir ákvæði 40. gr. laga nr. 59/1992, um málefni fatlaðra, um hlutverk Framkvæmdasjóðs fatlaðra, greiðist á árinu 1998 af ráðstöfunarfé sjóðsins, kostnaður við félagslega hæfingu og endurhæfingu samkvæmt 27. gr. laganna og kostnaður vegna starfsemi stjórnarnefndar skv. 52. gr.

4. Þrátt fyrir ákvæði 2. gr. laga nr. 3/1987, um fjáröflun til vegagerðar, með síðari breytingum, skulu 1.164 m.kr. af innheimtum mörkuðum tekjum samkvæmt lögunum renna í ríkissjóð á árinu 1998.

6. Þrátt fyrir ákvæði 14. gr. laga nr. 31/1987, um flugmálaáætlun og fjáröflun til framkvæmda í flugmálum, skal heimilt að verja tekjum af flugvallagjaldi á árinu 1998 til greiðslu stofnkostnaðar við Flugstöð Leifs Eiríkssonar eftir því sem ákveðið er í fjárlögum.

7. Þrátt fyrir ákvæði 23. gr. laga nr. 41/1992, um brunavarnir og brunamál, skulu tekjur af brunavarnargjaldi umfram 79 m.kr. renna í ríkissjóð á árinu 1998.

Ýmis ákvæði

Heimildir

7. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt:

Eftirgjöf gjalda

1.1 Að fella niður eða endurgreiða virðisaukaskatt af gjöfum til björgunarsveita, gjöfum til mannúðar- og líknarstarfsemi og af rannsóknartækjum sem vísindastofnunum eru gefin eða keypt fyrir styrki.

1.2 Að fella niður eða endurgreiða toll og vörugjald af sjálfvirkum símstöðvum, fjölsímum, radíótækjum, jarðsímum og sæstreng og búnaði vegna Cantat 3 sem flutt eru til landsins á vegum Landsíma Íslands hf. Fjármálaráðuneytið setur nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.

1.3 Að fella niður eða endurgreiða tolla, vörugjald og virðisaukaskatt af byggingarefni, vélum, tækjum og búnaði sem keypt er í tengslum við stækkun og breytingar á Flugstöð Leifs Eiríkssonar, svo og að endurgreiða virðisaukaskatt af vinnu manna í tengslum við framkvæmdirnar. Jafnframt er fjármálaráðherra heimilt að fella niður eða endurgreiða tolla og virðisaukaskatt af vinnuvélum sem notaðar verða við framkvæmdirnar og skal við ákvörðun um endurgreiðslu gjalda af vinnuvélunum höfð hliðsjón af fyrningu vélanna vegna notkunar þeirra við framkvæmdirnar.

1.4 Að endurgreiða Listahátíð í Reykjavík skatta og önnur opinber gjöld, sem lögð eru á Listahátíð og renna í ríkissjóð eða til stofnana á vegum ríkisins.

1.5 Að endurgreiða sveitarfélögum allt að 20 m.kr. vegna kaupa þeirra á slökkvibifreiðum og tækjabúnaði slökkviliða á árinu 1998, í samræmi við yfirlýsingu fjármálaráðherra og félagsmálaráðherra f.h. ríkissjóðs og Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 13. desember 1996.

1.6 Að fella niður stimpilgjöld af skuldaskjölum Spalar ehf. vegna fjármögnunar jarðganga.

1.7 Að fella niður stimpilgjöld vegna kaupa MK Flugfélagsins ehf. á flugvél með væntanlega einkennisstafi TF-MKG.

1.8 Að fella niður stimilgjöld vegna kaupa Eignarfélags Íslandsflugs hf. á fjórum flugvélum sem bera einkennisstafina TF-ELK, TF-ELA, TF-ELF og TF-ELH.

1.9 Að fella niður stimpilgjöld vegna leigu Flugfélags Íslands hf. á tveimur flugvélum sem bera einkennisstafina TF-JME og TF-JML.

1.10 Að fella niður stimpilgjöld vegna leigu Flugfélagsins Atlanta ehf. á sjö flugvélum sem bera einkennisstafina TF-ABM, TF-ABE, TF-ABV, TF-ABH, TF-ABI, TF-ABN og TF-ABU.

1.11 Að fella niður stimpilgjöld vegna leigu Flugleiða hf. á Boeing 757-200 flugvél með einkennisstafina TF-FIH.

1.12 Að fella niður stimpilgjöld vegna veðsetningar Flugfélagsins Atlanta ehf. á Boeing 747-100 flugvél sem ber einkennisstafina TF-ABW.

1.13 Að fella niður stimpilgjöld vegna leigu Íslandsflugs hf. á Boeing 737-200 flugvél sem ber einkennisstafina TF-ELL.

1.14 Að lækka eða fella niður stimpilgjöld vegna kaupa Flugleiða hf. á Boeing-flugvélum.

1.15 Að lækka stimpilgjald vegna kaupa Egilsstaðabæjar á landi ríkisins á Egilsstöðum, sbr. afsal dags. 28. júní 1997, þannig að stimpilgjaldið miðist við kaupverð landsins en ekki fasteignamat.

1.16 Að endurgreiða tekjuskatt af Henrik Steffens verðlaununum sem veitt voru á árinu 1997.

Sala húsnæðis

2.1 Að selja fasteignina Laugaveg 114, Reykjavík, og kaupa eða leigja húsnæði fyrir starfsemi Tryggingastofnunar ríkisins.

2.2 Að selja fasteignina Tryggvagötu 1 (Hafnarbúðir), Reykjavík, og verja hluta af andvirði hennar til uppbyggingar sjúkrahúsanna í Reykjavík samkvæmt samkomulagi þar um.

2.3 Að selja fasteignina Blesugróf 27, Reykjavík, og nota andvirði hennar til að kaupa eða byggja húsnæði fyrir fullorðinsfræðslu fatlaðra.

2.4 Að selja fasteignina Skálholtsstíg 7, Reykjavík, og verja andvirðinu til kaupa á þjónustu- og geymsluhúsnæði fyrir Listasafn Íslands.

2.5 Að selja fasteignina Völvufell 20, Reykjavík.

2.6 Að selja fasteignina Túngötu 7, Reykjavík.

2.7 Að selja íbúðarhúsið Kollafjörð, sem tilheyrir Laxeldisstöð ríkisins í Kollafirði, og verja söluandvirði þess til viðhalds á eignum stöðvarinnar.

2.8 Að selja íbúðarhúsið Arnarhól I, sem tilheyrir Laxeldisstöð ríkisins í Kollafirði, og verja söluandvirði þess til greiðslu á skuldum stöðvarinnar við Framkvæmdasjóð Íslands.

2.9 Að selja íbúðarhús sem tilheyra Bændaskólanum á Hvanneyri og verja söluandvirðinu til skólans.

2.10 Að selja læknisbústað og heilsugæslustöð að Kleppjárnsreykjum í Reykholtsdal, Borgarfirði, og verja andvirði þeirra til að kaupa eða leigja húsnæði fyrir læknamóttöku.

2.11 Að selja skrifstofuhúsnæði embættis sýslumanns við Aðalgötu 7, Stykkishólmi.

2.12 Að selja húseignirnar Sundstræti 28 og Árholt 5, Ísafirði, og eignarhlut ríkissjóðs í fjölbýlishúsinu Miðgarði 4, Egilsstöðum, og verja andvirði þeirra til viðhalds og stofnkostnaðar.

2.13 Að selja prestsbústað við Húnabraut 3, Blönduósi, og kaupa annan.

2.14 Að selja húsnæði lögreglunnar við Vesturgötu 17, Ólafsfirði, og kaupa annað hentugra.

2.15 Að selja aðveitustöðvarhús Rafmagnsveitna ríkisins við Hjalteyri, Arnarneshreppi.

2.16 Að selja fasteignir Ríkisútvarpsins að Ytri-Skjaldarvík, Glæsibæjarhreppi.

2.17 Að selja fasteignina Spítalaveg 11 (Brekkudeild), Akureyri, og verja andvirði sölunnar til nauðsynlegra breytinga á húsnæði og aðstöðu fyrir dagdeild geðdeildar Fjórðungssjúkrahússins.

2.18 Að selja húsnæði lögreglunnar á Þórshöfn og kaupa annað hentugra.

2.19 Að selja prestsbústað við Hlíðartún 18, Höfn í Hornafirði, og kaupa annan.

2.20 Að selja húsnæði Skattstofu Suðurlands að Þrúðvangi 20, Hellu, og kaupa annað hentugra.

2.21 Að selja fasteign Rafmagnsveitna ríkisins að Úthaga 6, Selfossi.

2.22 Að selja vitavarðarbústað við Reykjanesvita í Reykjanesbæ.

2.23 Að selja fasteignina Gauksstaðaveg 4, Gerðahreppi.

2.24 Að selja fasteignir tilraunastöðva Rannsóknastofnunar landbúnaðarins vegna breytinga á rekstri hennar og verja andvirði þeirra til uppbyggingar á starfseminni annars staðar.

2.25 Að selja bústað varamanns sendiherra í New York og kaupa eða leigja annan í staðinn.
2.26 Að selja sendiherrabústað og skrifstofuhúsnæði sendiráðsins í Bonn og kaupa sendiherrabústað í Berlín.
2.27 Að selja bústað varamanns sendiherra í Ósló og kaupa eða leigja annan í staðinn.
2.28 Að selja dýralæknisbústaði og verja hluta af andvirði þeirra til kaupa á húsnæði fyrir dýralæknamiðstöðvar í héruðum þar sem það er talið hagkvæmt.
2.29 Að selja fasteignina Drekavog 16, Reykjavík.
2.30 Að selja fasteignina Sæbraut 2, Seltjarnarnesi.
2.31 Að selja íbúðarhúsið að Austurvegi 8, Hrísey, og verja andvirðinu til viðhalds dýralæknabústaða í eigu ríkisins.

Sala eignarhluta í húsnæði

3.1 Að selja eignarhlut ríkissjóðs í véla- og verkfærageymslu á jörðinni Grímstungu í Öxarfjarðarhreppi, Norður-Þingeyjarsýslu.
3.2 Að selja eignarhlut ríkissjóðs í fasteigninni Laugavegi 24, Reykjavík.
3.3 Að selja eignarhlut ríkissjóðs í húseigninni Álfheimum 74, Reykjavík.
3.4 Að selja eignarhlut Rafmagnsveitna ríkisins í sprengiefnageymslu við Suðurlandsveg, Reykjavík.
3.5 Að selja eignarhlut ríkissjóðs í fasteigninni Lyngás 11, Garðabæ, og verja andvirðinu til viðhalds og stofnkostnaðar.
3.6 Að selja eignarhlut ríkissjóðs í læknisbústað við Hjalla 4, Patreksfirði.
3.7 Að selja eignarhlut ríkissjóðs í fasteigninni Urðarvegi 78, Ísafirði, og ráðstafa andvirðinu til Vestfjarðaganga.
3.8 Að selja eignarhlut ríkissjóðs í fasteigninni Hvammstangabraut 13a, Hvammstanga.
3.9 Að selja eignarhlut ríkissjóðs í fasteigninni Þverbraut 1, Blönduósi, og verja andvirði hennar til kaupa á tækjum og búnaði fyrir Sjúkrahús Austur-Húnvetninga, Blönduósi.
3.10 Að selja eignarhlut ríkissjóðs í fasteigninni Norðurgötu 4b, Siglufirði.
3.11 Að selja eignarhlut ríkissjóðs í fasteigninni Garðarsbraut 41, Húsavík.
3.12 Að selja eignarhlut ríkissjóðs í gamla sjúkrahúsinu á Seyðisfirði eða semja um hugsanlega yfirtöku eignarinnar.
3.13 Að selja eignarhlut ríkissjóðs í læknisbústað við Laufás 4, Egilsstöðum, og kaupa annað hentugra húsnæði í staðinn.
3.14 Að selja eignarhlut ríkissjóðs í læknisbústað að Þrúðvangi 22, Hellu, og verja andvirðinu til kaupa á hentugra húsnæði.
3.15 Að selja eignarhlut ríkissjóðs í fasteigninni Fossheiði 54, Selfossi.
3.16 Að selja húsnæði sjúkrahúsa sem nú er notað fyrir barnaheimili.
3.17 Að selja eignarhlut ríkissjóðs í fasteignum grunnskóla sem ekki eru lengur notaðar til skólahalds og verja andvirðinu til viðhalds skólamannvirkja.
3.18 Að selja eignarhlut ríkissjóðs í félagsheimilum sem ekki eru lengur notuð sem slík og verja andvirðinu til viðhalds skólamannvirkja.
3.19 Að selja eignarhlut ríkisins í fasteignum framhalds- og sérskóla sem ekki eru lengur notaðar sem slíkar og þykja ekki henta til skólahalds og verja andvirðinu til viðhalds skólamannvirkja.
3.20 Að selja eignarhlut ríkissjóðs í Laugalækjarskóla.

3.21 Að selja eignarhlut ríkissjóðs í fasteigninni Víðigrund 2, Sauðárkróki, og verja andvirði sölunnar til uppbyggingar endurhæfingaraðstöðu fyrir Sjúkrahúsið Sauðárkróki.
3.22 Að selja eignarhlut ríkissjóðs í fasteigninni Borgartún 6, Reykjavík.
3.23 Að selja eignarhlut ríkissjóðs í fasteigninni Borgartún 21, Reykjavík.

Sala lóða og jarða

4.1 Að selja hluta úr lóð Kópavogshælis.
4.2 Að selja landspildu úr landi Vestra-Kataness, Hvalfjarðarstrandarhreppi, og Klafastaða í Skilmannahreppi í Borgarfjarðarsýslu.
4.3 Að selja jörðina Svínhól í Dalabyggð, Dalasýslu.
4.4 Að selja jörðina Austmannsdal, Vesturbyggð.
4.5 Að selja hluta af jörðunum Löngumýri, Lauftúni og Krossanesi í Seyluhreppi, Skagafjarðarsýslu.
4.6 Að selja jörðina Hól í Tjörneshreppi, Suður-Þingeyjarsýslu.
4.7 Að selja allt að 36 ha landspildu úr jörðinni Geitafelli í Aðaldælahreppi, Suður-Þingeyjarsýslu.
4.8 Að selja jörðina Halldórsstaði í Reykdælahreppi, Suður-Þingeyjarsýslu.
4.9 Að selja jörðina Saltvík í Reykjahreppi, Suður-Þingeyjarsýslu.
4.10 Að selja jörðina Hól í Fljótsdalshreppi, Norður-Múlasýslu.
4.11 Að selja jörðina Ánastaði í Hjaltastaðarhreppi, Norður-Múlasýslu.
4.12 Að selja jörðina Gvendarnes (Hafnarnes) í Fáskrúðsfjarðarhreppi, Suður-Múlasýslu.
4.13 Að selja jörðina Giljur í Hvolhreppi, Rangárvallasýslu.
4.14 Að selja hluta af jörðinni Stöðlum í Ölfushreppi, Árnessýslu.
4.15 Að selja hluta af jörðinni Króki í Ölfushreppi, Árnessýslu.
4.16 Að semja við eiganda jarðarinnar Ósgerðis í Ölfushreppi um makaskipti á landspildum úr Ósgerði og Nethömrum í Ölfushreppi, Árnessýslu.
4.17 Að selja hluta lóðarinnar Seljavegur 32, Reykjavík.
4.18 Að selja jarðirnar Brúnir og Tjarnir í Vestur-Eyjafjallahreppi, Rangárvallasýslu.

Sala hlutabréfa

5.1 Að selja hlutabréf ríkissjóðs í Barra hf. og verja hluta af andvirðinu í þágu Skógræktar ríkisins og Héraðsskóga.
5.2 Að selja hlutabréf ríkissjóðs í Endurvinnslunni hf.
5.3 Að selja hlutabréf ríkissjóðs í Stofnfiski hf. og verja allt að 9 m.kr. af söluandvirðinu til greiðslu skulda Laxeldisstöðvar ríkisins við Framkvæmdasjóð Íslands og Endurlán ríkisins.
5.4 Að selja allt að 25% af hlut ríkissjóðs í Sementsverksmiðjunni hf.
5.5 Að selja, að höfðu samráði við landbúnaðarráðherra, hlutabréf ríkissjóðs í Hólalaxi hf. og verja söluandvirðinu til Bændaskólans á Hólum.
5.6 Að selja hlutabréf ríkissjóðs í Íslenskum aðalverktökum hf.
5.7 Að selja hlutabréf ríkissjóðs í Skýrr hf.
5.8 Að selja eignarhlut ríkissjóðs í Skráningarstofunni hf. og verja allt að 15 m.kr. af söluandvirðinu til búnaðarkaupa og stofnframkvæmda á vegum dóms- og kirkjumálaráðuneytis.

Ráðstöfun annarra eigna

6.1 Að selja Hríseyjarferjuna Sævar.
6.2 Að afhenda Ísafjarðarbæ skrúðgarðinn Skrúð á Núpi, Dýrafirði.
6.3 Að afhenda safnaðarstjórn Eiðasóknar Eiðakirkju.
6.4 Að selja rekstur Lyfjabúðar Háskóla Íslands.
6.5 Að selja eða afhenda eignir ríkissjóðs að Gufuskálum á Snæfellsnesi og semja um nýtingu mannvirkja og rekstur staðarins.
6.6 Að yfirfæra eignarhluta ríkisins í Laugaskóla í Dalasýslu til Dalabyggðar og Saurbæjarhrepps í samráði við menntamálaráðuneytið.
6.7 Að selja eða afhenda Ms. Akraborg.

Kaup og leiga fasteigna

7.1 Að kaupa fasteignir í nágrenni Arnarhvols í Reykjavík fyrir Stjórnarráðið og taka til þess nauðsynleg lán.
7.2 Að kaupa eða leigja húsnæði fyrir aðalskrifstofur ráðuneyta og taka til þess nauðsynleg lán.
7.3 Að kaupa húsnæði vegna uppbyggingar heilsugæslu á höfuðborgarsvæðinu og taka til þess nauðsynleg lán.
7.4 Að kaupa fasteignir í nágrenni Menntaskólans í Reykjavík og taka til þess nauðsynleg lán.
7.5 Að kaupa húseignir og byggingarreit á háskólalóðinni við Hringbraut í þágu Þjóðminjasafns Íslands og taka til þess nauðsynleg lán.
7.6 Að kaupa íbúðarhúsnæði við Eiríksgötu, Reykjavík, til nota fyrir Ríkisspítala og taka til þess nauðsynleg lán.
7.7 Að kaupa viðbótarhúsnæði fyrir starfsemi ríkisskattstjóra og taka til þess nauðsynleg lán.
7.8 Að kaupa eignarhlut Reykjavíkurborgar í fasteigninni Tryggvagötu 28, Reykjavík, til nota fyrir tollstjórann í Reykjavík og taka til þess nauðsynleg lán.
7.9 Að kaupa geymsluhúsnæði fyrir Landsbókasafn Íslands og fleiri safnastofnanir og taka til þess nauðsynleg lán.
7.10 Að kaupa viðbótarhúsnæði fyrir Fjölbrautaskólann í Breiðholti og taka til þess nauðsynleg lán.
7.11 Að kaupa húsnæði í Ólafsvík fyrir embætti sýslumannsins í Stykkishólmi og taka til þess nauðsynleg lán.
7.12 Að kaupa viðbótarhúsnæði fyrir héraðsdóm Vestfjarða og taka til þess nauðsynleg lán.
7.13 Að kaupa húsnæði fyrir lögregluna á Hólmavík og taka til þess nauðsynleg lán.
7.14 Að kaupa viðbótarhúsnæði fyrir lögregluna á Blönduósi og taka til þess nauðsynleg lán.
7.15 Að kaupa fasteignina Norðurbæ II, Gunnarsholti, Rangárvallahreppi, Rangárvallasýslu, og taka til þess nauðsynleg lán.
7.16 Að kaupa eignarhlut Íþróttasambands Íslands í húseign Íþróttakennaraskóla Íslands á Laugarvatni og taka til þess nauðsynleg lán.
7.17 Að kaupa Hótel Valhöll á Þingvöllum og taka til þess nauðsynleg lán.
7.18 Að kaupa húsnæði fyrir varamann sendiherra í Washington og taka til þess nauðsynleg lán.
7.19 Að kaupa eða leigja sendiherrabústað í París og taka til þess nauðsynleg lán.

7.20 Að kaupa húsnæði fyrir sendiherra í Helsinki og taka til þess nauðsynleg lán.
7.21 Að kaupa nýjan sendiherrabústað í London eða endurnýja lóðarleigusamning um núverandi bústað og taka til þess nauðsynleg lán.
7.22 Að kaupa hverasvæði Geysis í Haukadal og taka til þess nauðsynleg lán.
7.23 Að kaupa jarðir vegna fyrirhugaðs þjóðgarðs á Snæfellsnesi og taka til þess nauðsynleg lán.
7.24 Að kaupa húseign með tilheyrandi lóðarréttindum í nágrenni Fjölbrautaskóla Suðurnesja í Keflavík og taka til þess nauðsynleg lán.
7.25 Að kaupa jörðina Eystra-Katanes í Hvalfjarðarstrandarhreppi og taka til þess nauðsynleg lán.
7.26 Að kaupa húsnæði fyrir Náttúrustofu í Bolungarvík og taka til þess nauðsynleg lán.
7.27 Að kaupa húsnæði fyrir Náttúrustofu í Vestmannaeyjum og taka til þess nauðsynleg lán.
7.28 Að kaupa viðbótarhúsnæði fyrir embætti sýslumannsins í Búðardal og taka til þess nauðsynleg lán.
7.29 Að kaupa eignarhluta Reykhólahrepps í Flatey á Breiðafirði og taka til þess nauðsynleg lán.

Ýmsar heimildir

8.1 Að breyta fjárhæðum tekju- og gjaldahliðar ef lög verða staðfest frá Alþingi 1998 sem hafa í för með sér tekjur eða gjöld fyrir ríkissjóð. Allar fjárveitingar, sem eigi eru ákveðnar í lögum, öðrum en fjárlögum, forsetaúrskurðum eða öðrum gildandi ákvörðunum, gildi aðeins fyrir fjárhagstímabilið.
8.2 Að semja við einstaklinga um bætur, í samræmi við tillögur nefndar um ágreiningsmál skv. 3. gr. laga nr. 97/1990, um heilbrigðisþjónustu, og að höfðu samráði við ríkislögmann, vegna tjóns sem þeir hafa orðið fyrir við læknismeðferð.
8.3 Að greiða bætur þeim sem sýkst hafa af alnæmi við blóðgjafir hér á landi fyrir 1986. Bætur séu ákveðnar af fjármálaráðherra í samráði við heilbrigðisráðherra.
8.4 Að ábyrgjast mögulegar skaðabótaskyldar afleiðingar af töku lyfsins Thalidomide.
8.5 Að fella niður eða fresta greiðslum úr ríkissjóði á árinu 1998, m.a. með því að leggja niður tímabundið eða til lengri tíma starfsemi ríkisstofnana, að fengnu samþykki ríkisstjórnar og fjárlaganefndar Alþingis.
8.6 Að lækka heildargjöld stofnana samgönguráðuneytisins í A- og B-hluta fjárlaga 1998 um allt að 0,4% hjá hverri stofnun, þó að hámarki 20 m.kr. samtals, að fengnum tillögum samgönguráðherra. Upphæðinni er varið til markaðsátaks erlendis o.fl. til þess að lengja ferðamannatímabilið á Íslandi.
8.7 Að ráðstafa allt að 20% arðs af eign ríkissjóðs í Kísiliðjunni hf. til sjóðs sem ætlað er að kosta eflingu atvinnulífs í þeim sveitarfélögum sem eiga verulegra hagsmuna að gæta af starfsemi kísilgúrverksmiðjunnar við Mývatn.
8.8 Að endurgreiða verðjöfnunargjöld við útflutning á unnum vörum sem innihalda landbúnaðarhráefni, í samráði við landbúnaðarráðherra.
8.9 Að lána til fiskeldisfyrirtækja, að fenginni tillögu landbúnaðarráðherra, greiddar afborganir, vexti og verðbætur af sérstökum rekstrarlánum sem veitt voru til fiskeldisfyrirtækja á árunum 1991 og 1992.
8.10 Að taka þátt í stofnun hlutafélags um rekstur verðbréfamiðstöðvar á Íslandi.

8.11 Að semja við eiganda húsnæðis sendiherra í Moskvu um endurbætur gegn fyrirfram greiddri leigu.

8.12 Að semja við Súðavíkurhrepp um mismun söluverðs og kaupverðs sumarhúsa sem keypt voru í kjölfar snjóflóðs sem féll þann 16. janúar 1995.

8.13 Að ráðstafa allt að 30 m.kr. af aukinni sektarinnheimtu lögreglustjórans í Reykjavík til embættisins í samráði við dómsmálaráðherra.

